allt
BRYNDÍS BOLLADÓTTIR
*Hannar nytsama hluti úr þæfðri ull*
tíska • heimili • heilsa
Í MIÐJU BLAÐSINS



GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON
*Óþolinmæðin drap Kvöldþáttinn*
Hefur ýmsa fjöruna sopið
FÓLK 52



OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD
Í SMÁRALIND
Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
17. nóvember 2005 — 311. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

### Ætlaði alltaf að verða kokkur



Guðjón Davíð Karlsson leikari er matgæðingur vikunnar. Hann segist vera mikill kjötmaður og verða hreinlega að fá kjöt reglulega.

MATUR OG VÍN 46

### Smákóngar og sýndarsamvinna

„Með hreinni og klárri valdbeitingu hafa stjórnmálamenn hér með tryggt sér beinan aðgang að öllu því fjármagni sem veitt verður til norrænna verkefna á sviði tónlistar, bókmennta, sviðslista og myndlistar um ókomna tíð," segir Þorvaldur Þorsteinsson.

UMRÆÐAN 30

### Byrgið að Ljósafossi



Á samningi við drottin í baráttu við djöfulinn.

BAKSVIÐ 26

### Valur vann toppslaginn

Valur hafði betur gegn Fram í frábærri viðureign í Laugardal í gær. Pálmar Pétursson var hetja Vals í leiknum en hann varði oft á tíðum stórkostlega.

ÍÞRÓTTIR 58



### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMAN LÓNAR UNDAN STRÖNDINNI** Fer að rigna með ströndum sunnan og vestan til síðdegis eða í kvöld. Bjart með köflum á norðan- og austanverðu landinu lengst af. Hægt hlýnandi veður.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL KVENNA 20-40 ÁRA
Innkaupastjórar heimilanna kjósa Fréttablaðið!




*Lestur á fimmtudegi samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005.

# Samkynhneigð pör fái að ættleiða börn

**Samkvæmt nýju frumvarpi til laga öðlast lesbískur maki móður sem gengist hefur undir tæknifrjóvgun sömu réttindi og hún gagnvart barninu. Þá verður heimild samkynhneigðra til ættleiðinga sú sama og gagnkynhneigðra para.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur samþykkt frumvarp til laga sem eykur rétt samkynhneigðra til jafns við gagnkynhneigðra á mörgum sviðum. Frumvarpið á að leggja fyrir Alþingi á næstu dögum.

„Í frumvarpinu felst að samkynhneigðir geti fengið óvígða sambúð skráða í Þjóðskrá og það verður til þess að þeir njóta sömu réttinda og aðrir bæði um almannatryggingar, skattalega meðferð, lífeyrisréttindi og skiptingu á dánarbúi og fleira. Samkynhneigðum verður heimilt að ættleiða börn og þar með verður sá réttur jafnaður. Í síðasta lagi má nefna að kona í staðfestri samvist með annarri konu hefur rétt til að gangast undir tæknifrjóvgun með gjafasæði líkt og við á um gagnkynhneigð pör," segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og telur mikilvæg skref stigin í jafnréttisátt. „Um þetta er mikil og góð samstaða í ríkisstjórninni."



**SÓLVEIG EIRÍKSDÓTTIR** Segir frumvarpið gjörbylta réttarstöðu samkynhneigðra.

Halldór segir að málefni kirkjunnar standi einungis út af. „Kannski má segja að það sé eina atriðið sem ekki er alveg ljóst og við höfum ekki haft bein afskipti af, en það er spurningin um vígslu í kirkjulegri athöfn," segir hann og bætir við að í nefndaráliti komi fram hvatning til kirkjunnar að taka þar afstöðu.

„Þetta eru frábærar fréttir," segir Sólveig Eiríksdóttir, kennari á Hellissandi, sem er þar í sambúð með Snædísi Hjartardóttur. „Við urðum mjög hissa þegar við komumst að því að við máttum ekki skrá okkur í sambúð. Þarna sýnist mér við jafnvel komin framar en Danir," segir hún. Verði frumvarpið að lögum segir Sólveig það gjörbylta allri réttarstöðu samkynhneigðra, sem loks nálgist að standa jafnfætis gagnkynhneigðum hvað réttindi varðar. „Svo munar um það fyrir lesbísk pör að sleppa við ferðalög til Danmerkur eftir tæknifrjóvgun, enda er það bæði dýrt og tímafrekt."



**FANGAFLUGVÉL** Flugvél í eigu fyrirtækisins Devon Holding and Leasing lenti á Reykjavíkurflugvelli klukkan 13:57 í gær. Talið er að flugvélin sé notuð til þess að flytja fanga á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA. Flugþjónustan á Reykjavíkurflugvelli neitaði að veita upplýsingar um flugvélina og farm hennar.

- saj / sjá síðu 4 / FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL.



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Úrvalsvísitalan hefur aldrei verið hærri.

Úrvalsvísitala Kauphallar:

## Mesta hækkun í rúm fjögur ár

**VIÐSKIPTI** Gengi bréfa í KB banka hækkaði skarpt í viðskiptum gærdagsins í Kauphöll Íslands, um 8,3 prósent. Stærsti hluthafinn, Exista BV, festi kaup á tæplega fimm prósenta hlut og á nú orðið um 21 prósent. Gengi KB banka endaði í 650 krónum á hlut en var 600 krónur í byrjun dags. Þetta þýðir að sá sem átti hlutabréf í KB banka fyrir hálfa milljón króna að markaðsvirði átti um 540 þúsund krónur í lok dags.

Úrvalsvísitalan hækkaði um 3,83 prósent og fór langleiðina upp í fimm þúsund stiga múrinn og stóð í 4.986 stigum í lok dags sem er hæsta gildi hennar frá upphafi. Velta með hlutabréf nam 33 milljörðum króna, þar af yfir tuttugu milljarða með bréf KB banka. - eþa

Harður árekstur í Kópavogi:

## Bílstjóri hlaut brjóstholsáverka

**LÖGREGLA** Kona og karl voru flutt á Landspítalann í Fossvogi eftir harðan árekstur tveggja bíla við Norðurver á Kársnesbraut í Kópavogi. Áreksturinn varð á áttunda tímanum í gærkvöld.

Að sögn lögreglu var maðurinn talinn alvarlega slasaður en stýri bílsins brotnaði á honum.

Læknir á slysadeild sagði manninn með áverka í brjóstholi. Hann var fluttur á Landspítalann við Hringbraut þar sem hann gekkst undir frekari rannsóknir.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa fer með málið. - saj

Tekist er á um það í héraðsdómi hver sé réttur saksóknari í Baugsmálinu:

# Nýr saksóknari í Baugsmáli

**BAUGSMÁL** Embætti ríkislögreglustjóra hefur sagt sig frá saksókn í Baugsmálinu og fer Sigurður T. Magnússon, settur ríkissaksóknari, með ákæruvaldið í málinu sem stendur.

Í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær var tekist á um það hvort Bogi Nilsson ríkissaksóknari eða Sigurður T. Magnússon, settur ríkissaksóknari, væri æðsta ákæruvald yfir þeim átta ákærum Baugsmálsins sem enn eru til meðferðar fyrir dómstólum.

Verjendur sakborninga telja að um ólögmætan formgalla sé að ræða á skipan sérstaks saksóknara til að fara með þann hluta málsins. Nýr saksóknari er á öðru máli.

Þá telja verjendur að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hafi verið vanhæfur til þess að skipa Sigurð sérstakan saksóknara yfir umræddum hluta málsins. Í réttinum voru lögð fram afrit af margvíslegum ummælum Björns, einkum af heimasíðu hans bjorn.is sem verjendur líktu við einelti.

Settur ríkissaksóknari taldi að Björn hefði virt grundvallarsjónarmið í ummælum sínum og ráðherra hefði frelsi til að taka þátt í stjórnmálaumræðu.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur verður kveðinn upp fljótlega í báðum ágreiningsmálunum. - jh

- sjá síðu 6



**NÝR RÍKISSAKSÓKNARI** Sigurður T. Magnússon hefur tekið við Baugsmálinu af Jóni H.B. Snorrasyni. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Opið til 21:00 í kvöld!
Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN



## SPURNING DAGSINS

*Ragnar, á þetta mál eftir að sigla í gegn?*

„Ég á von á því að það geri það hægt og bítandi."

Ragnar Aðalsteinsson ver trillusjómann sem var dæmdur fyrir brot á fiskveiðilöggjöf en hefur skotið máli sínu til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Vika liðin frá hryðjuverkaárásunum á hótelin í Amman:

# Ísraelar voru varaðir við árásunum

**HRYÐJUVERK** Hópi Ísraela sem dvaldi á Radisson SAS hótelinu í Amman, höfuðborg Jórdaníu, virðist hafa verið forðað út af hótelinu skömmu áður en sprengja sprakk þar fyrir viku. Alls létust 57 manns í árásum á þrjú hótel í borginni að kvöldi 9. nóvember.

Þetta kom fram í ísraelska blaðinu Haaretz á dögunum en af einhverjum ástæðum var fréttin dregin til baka nokkru síðar. Samkvæmt fréttinni barst hópnum aðvörun frá jórdönskum leyniþjónustumönnum og var mönnunum fylgt yfir landamærin til Ísraels.

Amos N. Guiora, fyrrverandi yfirmaður hryðjuverkavarna í Ísrael, staðfesti fregn Haaretz í samtali við blaðamann Los Angeles Times. „Þetta þýðir að mjög áreiðanlegar vísbendingar hafa legið fyrir um hvað var í aðsigi. Nú þarf hins vegar að svara þeirri spurningu hvers vegna aðrir sem voru í byggingunni voru ekki aðvaraðir líka."

Adnan Badran, forsætisráðherra Jórdaníu, greindi frá því í gær að kona sem sökuð er um að hafa átt aðild að tilræðunum hafi ekki verið handtekin í Amman heldur í bænum Salt í norðausturhluta landsins en þar hafði hún leitað ásjár ættingja. **- shg**



**VIKU SÍÐAR** Jórdönsk kona veifar þjóðfánanum og mynd af Abdullah konungi í friðargöngu sem haldin var í Amman í gær. Vika er liðin frá tilræðunum mannskæðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**STAÐARHALDARINN Í HLÍÐARFJALLI** Kostnaður við snjóframleiðslukerfið nemur 107 milljónum króna.

Hlíðarfjall við Akureyri:

# Byrjaðir að framleiða snjó

**AKUREYRI** Snjóframleiðsla hófst á skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli ofan við Akureyri í gærmorgun og stóð framleiðsla á skíðasnjó fram á kvöld. Guðmundur Karl Jónsson, staðarhaldari í Hlíðarfjalli, segir búnaðinn hafa reynst mjög vel og aðstæður til snjóframleiðslu hafi verið eins og best verði á kosið; logn og átta gráðu frost.

„Við vorum að bæta við snjó þar sem lítill snjór var fyrir ef ske kynni að hláka brysti á en snjóframleiðslan markar kaflaskil fyrir skíða- og snjóbrettaunnendur á Akureyri," segir Guðmundur Karl. **- kk**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Ósáttir við að fá ekki eingreiðsluna

**Forystumenn iðnaðarmanna eru óánægðir með samkomulag ASÍ og SA. Formaður Rafiðnaðarsambandsins telur að aðeins þriðjungur iðnaðarmanna fái eitthvað af eingreiðslunni. Aðalsteinn Baldursson á Húsavík er „bullandi óánægður".**

**EFNAHAGSMÁL** Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að iðnaðarmönnum finnist óréttlæti felast í samkomulaginu sem verkalýðshreyfingin náði við stjórnvöld og atvinnurekendur innan Forsendunefndarinnar. Samkomulagið byggist á því að leiðrétta laun það sem af er samningstímanum og út næsta ár og er þessu meðal annars safnað saman í eingreiðslu upp á 26 þúsund krónur. Guðmundur bendir á að útborgunin í desember ráðist af því hversu lengi starfsmaðurinn hefur unnið á viðkomandi vinnustað.

„Þetta gerum við athugasemdir við. Margir iðnaðarmenn hafa skipt um vinnustað á þessu ári og margir þeirra fá bara hluta af eingreiðslunni. Við teljum að allt að þrjátíu prósent iðnaðarmanna fái lítið sem ekkert út úr þessu, sérstaklega í byggingageiranum því að margir þeirra hafa flutt sig á milli vinnustaða á árinu. Að öðru leyti erum við sáttir við þetta samkomulag," segir Guðmundur.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélagsins á Húsavík, segist vera ánægður með aðkomu stjórnvalda að málinu, bæði atvinnuleysisbætur og örorkubyrðina, aukið framlag til starfsmenntunar og tímabær lög um starfsmannaleigur. Aðalsteinn segist hins vegar vera „bullandi óánægður" með launahækkun upp á 0,65 prósent í ársbyrjun 2007 og telur framlag atvinnurekenda „til háborinnar skammar". Þegar við sömdum um kostnaðarauka sömdum við um 15,7 prósent en aðrir fóru upp í allt að þrjátíu prósent. 20 til 22 prósent hefði verið sanngjarnt fyrir okkur," segir hann.



**ÁNÆGJA OG ÓÁNÆGJA** Forystumenn iðnaðarmanna hafa lýst yfir óánægju sinni með framlag atvinnurekenda eftir samkomulagið innan Forsendunefndarinnar en eru ánægðir með framlag ríkisins. Hér sjást þeir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, og Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég held að þetta samkomulag sé eitthvað sem allir hljóta að vera glaðir yfir því að það tryggir áframhaldandi frið á vinnumarkaði. Menn geta mótmælt því en það hefur enga efnislega þýðingu. Þetta þýðir aukinn kostnað fyrir fyrirtækin en ég geri ekki ráð fyrir að það breyti miklu. Ef þetta samkomulag hefur einhver áhrif á verðbólguna þá er það til lækkunar. Ég held að það sé ein af þeim forsendum sem þarf til að hér ríki viðunandi stöðugleiki á næstu tveimur árum," segir Björn Rúnar Guðmundsson, hagfræðingur í Greiningardeild Landsbankans.

Forystumenn félaga innan Starfsgreinasambandsins hittust á miðstjórnarfundi í gær og hittast aftur í dag. Búast má við að niðurstaða Forsendunefndarinnar komi til umræðu á þeim fundum.

**ghs@frettabladid.is**

Íslendingur í Finnlandi:

# Dæmdur fyrir fíkniefnasmygl

**FINNLAND** Gísli Ingi Gunnarsson var nú í vikunni dæmdur í tveggja ára og eins mánaðar fangelsi fyrir þjófnað, innflutning og sölu á eiturlyfjum í Finnlandi. Gísli var annar tveggja höfuðpaura sem stóðu í innflutningnum. Þetta kom fram í finnska dagblaðinu Keskisuomalainen.

Gísli var dæmdur fyrir rétti í borginni Jyväskylä í Mið-Finnlandi fyrir að hafa ásamt tveimur félögum sínum flutt hass og önnur fíkniefni til landsins frá Hollandi, samtals rúmlega fimm kíló, frá nóvember 2004 fram í mars 2005 og selt í Finnlandi.

Gísli var jafnframt dæmdur til að greiða fimmtán þúsund evrur eða sem samsvarar ríflega einni milljón króna vegna þjófnaðar á vörum.

Samkvæmt upplýsingum Keskisuomalainen afplánar Gísli nú í fangelsi í Finnlandi. **- ghs**

Evrópusambandið ályktar:

# Svartur listi yfir flugfélög

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Sé öryggi ábótavant í flugvélum sem um Evrópu fljúga í framtíðinni verður viðkomandi flugfélagi bannað að fljúga til eða frá álfunni. Evrópuþingið samþykkti ályktun þess efnis í vikunni.

Í ályktuninni var auk þess kveðið á um að settur yrði saman bannlisti yfir þau flugfélög sem þykja ekki standast allar kröfur um öryggi og öryggisbúnað í vélum sínum. Flugfélögum sem ekki virða þær reglur veri meinað að fljúga í evrópskri lofthelgi og nöfn þeirra gerð opinber.

Aðrar stofnanir ESB þurfa að fjalla um málið og því ekki sjálfgefið að málið nái fram að ganga. ■




Samfylking og Framsóknarflokkur í sameiginlegu framboði í Reykjanesbæ:

# Bjóða óflokksbundnum með

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við ætlum okkur að ná meirihluta og teljum það vera raunhæft markmið," segir Eysteinn Eyjólfsson, formaður Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ. Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn í Reykjanesbæ hafa ákveðið að bjóða sameiginlega fram til bæjarstjórnarkosninga í maí á næsta ári.

Að sögn Eysteins er mikill málefnalegur samhljómur með flokkunum tveimur. „Við höfum ákveðið að bjóða óflokksbundnum að ganga til liðs við þennan lista. Tillagan var samþykkt samhljóða," segir Eysteinn.

Uppstillingarnefnd hefur verið falið að auglýsa eftir fólki á listann. Henni ber að skila niðurstöðu fyrir byrjun febrúar. Listinn þarf svo að hljóta blessun beggja flokkanna áður en hann verður formlega lagður fram.



**LJÓSANÓTT Í REYKJANESBÆ** Framsóknarflokkur og Samfylking í Reykjanesbæ ætla að bjóða sameiginlega fram til sveitarstjórnar í vor.

Meðal helstu stefnumála hins sameinaða lista verður uppbygging atvinnulífs á svæðinu ásamt bættum hag barnafóks og eldri borgara. Einnig stefnir listinn að því að tekinn verði upp, í skrefum, gjaldfrjáls leikskóli í Reykjanesbæ. „Málefnavinnan er hafin nú þegar og hugmyndin er að hún verði sem opnust og þannig sæki óflokksbundnir einnig til okkar," segir Eysteinn. **- saj**



# 3 stk Jólastjörnur

2 stórar ( rauð og hvít ) og 1 minni rauð

**999**

# Jólastjörnur...

## ...ómissandi um jólin



**Gervijólatré**

**Verð-sprengja**

Verðdæmi

120sm 1990

150sm 2490

180sm 3990

210sm 5990



**Alpafjóla 399**

blómaval

*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,88 | 62,18 |
| Sterlingspund | GBP | 106,85 | 107,37 |
| Evra | EUR | 72,31 | 72,71 |
| Dönsk króna | DKK | 9,695 | 9,751 |
| Norsk króna | NOK | 9,248 | 9,302 |
| Sænsk króna | SEK | 7,523 | 7,567 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5178 | 0,5208 |
| SDR | XDR | 87,86 | 88,38 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**102,3065**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meint fangaflugvél lenti í Reykjavík í gær á sama tíma og utanríkisráðherra svaraði fyrirspurn um fangaflug:

# Svör Bandaríkjamanna eru ófullnægjandi

**FANGAFLUG** „Að mínum dómi eru þessi svör alls ekki fullnægjandi enda er þeirri spurningu ósvarað hvort umræddir flutningar hafi átt sér stað eða ekki,“ sagði Geir H. Haarde utanríkisráðherra á Alþingi í gær. Orð Geirs voru í svari hans við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um hvort órnvöld ætluðu sér að koma í veg fyrir flug um íslenska lofthelgi með fanga sem væru pyntaðir við yfirheyrslur.

Helgi Hjörvar gerði athugasemd við svör utanríkisráðherra og sagði þjóðina meðseka í málinu vegna framgöngu og þátttöku stjórnvalda í innrásinni í Írak. „Er ráðherrann svo hræddur við að herinn sé að fara að hann þorir ekki að anda á Bandaríkjamenn? Eða er það kannski af því að við erum meðsek?“ spurði Helgi.

Á svipuðum tíma lenti á Reykjavíkurflugvelli flugvél sem er í eigu Devon Holding and Leasing. Fréttastofa Stöðvar 2 fullyrti í fréttatíma í gærkvöldi að fyrirtæki þetta stundaði flutninga á föngum fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA. Áhöfn vélarinnar vildi ekki tjá sig við fréttamanninn.

Í frétt í þýska dagblaðinu Die Tageszeitung fyrr í vikunni er fullyrt að vitað sé um 67 lendingar meintra CIA-fangaflutningavéla á Íslandi, en íslensk stjórnvöld vilji ekkert við þær kannast. Að sögn blaðsins er Ísland aðalmillilendingarstaður þessara flugvéla. **- saj**



**FANGAFLUGVÉL Í REYKJAVÍK** Hér sést flugvélin sem lenti í Reykjavík í gær. Hún er í eigu fyrirtækisins Devon Holding and Leasing en fullyrt hefur verið að fyrirtækið sjái um fangaflug fyrir bandarísku leyniþjónustuna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**LÖG OG REGLA** Rúmlega tíu þúsund lögreglumenn eru á vakt hverja nótt í „óeirðahverfum“ franskra borga.

Óeirðirnar í Frakklandi:

## Ástandið er nærri eðlilegt

**FRAKKLAND, AP** Ástandið í óeirðahrjáðum hverfum franskra borga er nú að færast í „nærri eðlilegt horf“ að því er talsmenn franskra lögregluyfirvalda greindu frá í gær. Í fyrrinótt voru spellvirki framin í 79 sveitarfélögum en þau voru um 300 þegar óeirðaaldan var í hámarki. Í dag eru liðnar þrjár vikur frá því hún hófst.

Efri deild franska þingsins lagði í gær blessun sína yfir framlengingu á gildistíma neyðarlaga fram í febrúar. Þau sættu einnig gagnrýni. Vinstriblaðið Liberation sagði þau jafngilda gjaldþrotsyfirlýsingu stjórnvalda gagnvart þeim félagslegu vandamálum sem undir lægju. **- aa**

### AUSTFIRÐIR

**Fjarðaál án rafmangs** Rafmagn fór af framkvæmdasvæði Fjarðaáls á Reyðarfirði í um klukkutíma í gærkvöldi. Stöðvaðist vinna á svæðinu á meðan. Rafmagn fór einnig af starfsmannaþorpinu en þar búa í kringum sjö hundruð manns. Rafmagnsleysið má rekja til bilunar í dreifikerfi RARIK.

### SVÍÞJÓÐ

**140 milljónir í veisluhald** Sænska áfengiseinkasalan Systembolaget hélt veislu fyrir starfsmenn sína sem kostaði jafnvirði um 140 milljóna króna. Stjórnmálamenn í stjórnarandstöðu gagnrýna þessa meðferð á skattpeningum og telja kostnaðinn langt fyrir ofan velsæmismörk. Þetta kom fram í vefútgáfu Expressen.

# Krefja CIA um svör

**Stjórnvöld margra Evrópuríkja þrýsta nú á yfirvöld í Washington að upplýsa um meint fangaflug á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA um evrópska flugvelli og lofthelgi. Fátt hefur orðið um svör fram til þessa.**

**FANGAFLUG** Yfirvöld í hinum ýmsu Evrópuríkjum þrýsta nú á Bandaríkjastjórn að svara fyrir meint fangaflug á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA um lofthelgi og flugvelli viðkomandi landa.

Talsmaður norska utanríkisríkisráðuneytisins sagði í gær að bandaríska sendiráðið í Noregi hefði neitað því að einkaþota, sem lenti á Óslóarflugvelli í júlí síðastliðnum, hefði verið í leynilegum erindagjörðum fyrir CIA eða aðra bandaríska stjórnarstofnun. Þotan, með einkennisnúmerið N50B, er á lista sem bandarískir fjölmiðlar hafa birt yfir flugvélar sem sagðar eru oft notaðar af CIA til að flytja fanga sem bandarísk yfirvöld hafa grunaða um aðild að hryðjuverkum eða íslömskum öfgasamtökum. Sama þota, sem er af gerðinni Gulfstream, er einnig sögð hafa átt viðkomu á Keflavíkurflugvelli.

Deilt var um hið meinta fangaflug um sænska lögsögu á sænska þinginu í fyrradag. Lars Ohly, formaður Vinstriflokksins, skoraði á ríkisstjórn Görans Persson að upplýsa allt sem henni er kunnugt um ferðir umræddra flugvéla um sænska flugvelli og lofthelgi. Talsmaður stjórnarinnar, Lars Danielsson, sagði hins vegar að stjórnin vissi ekkert um flug á vegum CIA í Svíþjóð. Sænska TT-fréttastofan hafði áður greint frá því að a.m.k. tvær flugvélar sem talið væri að hefðu verið notaðar til fangaflugs fyrir CIA hefðu lent á sænskum flugvöllum á síðustu þremur árum.

Yfirvöld á Spáni hafa hafið formlega rannsókn á því hvað hæft er í fullyrðingum um að flugvélar í slíkum leynilegum fangaflutningum á vegum CIA hafi ítrekað lent á spænskum flugvöllum. José Antonio Alonso, innanríkisráðherra Spánar, tilkynnti þetta á þriðjudag. Hann sagði í sjónvarpsviðtali að reyndust þessar frásagnir réttar myndi það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samskiptin við Bandaríkin. Að sögn spænskra fjölmiðla hefur CIA einkum notað flugvöllinn á Mallorca til millilendinga. Slíkar lendingar hafi verið að minnsta kosti tíu á tímabilinu frá janúar 2004 til janúar síðastliðins.

Þingmenn tveggja flokka á þinginu í Portúgal kröfðu í gær ríkisstjórnina svara vegna frétta um að tvær meintar CIA-fangaflutningavélar hefðu sést á flugvöllunum í Porto og Tires við Lissabon.

Getgátur um að CIA reki leynileg fangelsi í Austur-Evrópu og flytji fanga með leynd fram og aftur um evrópska lofthelgi voru líka ræddar á Evrópuþinginu í vikunni. Skorað var á framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að rannsaka ásakanirnar. Franco Frattini, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórninni, tjáði þinginu að það væri komið undir ríkisstjórnum hvers aðildarríkis fyrir sig að rannsaka málið.

**audunn@frettabladid.is**



**Á PALMA-FLUGVELLI** Yfirvöld á Spáni hafa fyrirskipað rannsókn á lendingum meintra fangaflutningavéla CIA á flugvellinum á Mallorca. MYND/AP



**ÞÓRA ÁKADÓTTIR** Þóra skipaði annað sæti á lista sjálfstæðismanna í síðustu kosningum og hefur verið forseti bæjarstjórnar Akureyrar frá árinu 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Sjálfstæðismenn á Akureyri:

## Forseti bæjarstjórnar hættir

**AKUREYRI** Þóra Ákadóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og forseti bæjarstjórnar Akureyrar, hefur ákveðið að taka ekki sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins vegna bæjarstjórnarkosninganna á næsta ári.

„Vissulega kom til álita að halda áfram þessu stjórnmálastarfi, enda er það bæði gefandi og skemmtilegt. Niðurstaðan var hins vegar sú að láta gott heita þegar yfirstandandi kjörtímabili lyki og gefa þar með öðrum færi á að spreyta sig á vettvangi bæjarmálanna, segir Þóra. **- kk**

Starfsmenn Garðabæjar:

## Höfnuðu nýjum kjarasamningi

**KJARASAMNINGAR** Félagar í Starfsmannafélagi Garðabæjar felldu kjarasamning við bæinn nú nýlega.

177 greiddu atkvæði og var það 88 prósenta þátttaka. Nei sögðu 93, já sögðu 64. Auðir seðlar voru 20. Þetta þýðir að samningurinn er felldur og munu samningsaðilar því endurmeta stöðuna og hittast fljótlega aftur. **- ghs**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HITINN ER AÐ MJAKAST UPP**

En allt gerist þetta mjög hægt. Fer þó líklega í fjórar til fimm gráður sunnan til en áfram frost nyrðra. Það er úrkomusvæði undan sunnan- og vestanverðu landinu sem tekur líklega ekki land fyrr en seint í dag. Það ætti að verða milt fram á sunnudag en svo kólnar á ný með snjó og tilheyrandi kuldum.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Ákveðin suðaustanátt. Skýjað að mestu en úrkomulítið. Hiti 3-5 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C hálfskýjað | París | 8°C hálfskýjað | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Osló | 4°C hálfskýjað | Berlín | 5°C léttskýjað | Mílano | 12°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C heiðskírt | Frankfurt | 7°C hálfskýjað | New York | 8°C léttskýjað |
| Helsinki | 0°C hálfskýjað | Madríd | 14°C hálfskýjað | San Francisco | 24°C heiðskírt |
| London | 8°C heiðskírt | Barcelona | 16°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 22°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


30-80% afsláttur
af völdum skrifstofuvörum
að Höfðabakka 3
VERTU HANDVISS
UM GÓÐAN AFSLÁTT
Rýmum fyrir nýjum
skrifstofuvörum í dag,
föstudag og laugardag.
ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
Verslun Odda • Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opið virka daga 8-18 og laugardaga 11-16



## KJÖRKASSINN

*Er fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar góð?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga íslensk stjórnvöld að banna lendingar fangaflugvéla CIA hér á landi?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Forsætisráðherra telur að hömlum verði létt af fólki í atvinnuleit:

# Takmarkanir felldar úr gildi

**VINNUMARKAÐUR** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra telur allar líkur á því að lögbundnar takmarkanir á flæði fólks í atvinnuleit frá nýjum ríkjum innan Evrópusambandsins verði ekki endurnýjaðar næsta vor.

Mörg Evrópuríki tóku upp slíkar takmarkanir til aðlögunar þegar ríkjum Austur-Evrópu fjölgaði í Evrópusambandinu.

Nýleg skýrsla Norrænu ráðherranefndarinnar bendir meðal annars til þess að takmarkanirnar hafi stuðlað að flutningi á vinnuafli milli landa í skjóli starfsmannaleiga.

„Ég hef skilið aðila vinnumarkaðarins þannig að það þjóni ekki tilgangi við þessar aðstæður að framlengja þessar reglur sem settar voru á sínum tíma. Ætlunin er að taka á þessum málum með sambærilegum hætti hvort sem um er að ræða eldri ríki Evrópusambandsins eða nýrri aðildarlönd eins og Pólland og Eystrasaltslöndin. Það eru allar líkur á því að þetta verði fellt úr gildi en við gerum það ekki nema í samráði við aðila vinnumarkaðarins,“ segir forsætisráðherra. - jh



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Fólk frá öllu Evrópusambandinu verður með sömu réttindi.

Jón Ólafsson biðst afsökunar:

# Ölvun kemur málinu ekki við

**UMMÆLI** Jón Ólafsson athafnamaður hefur beðið Skúla Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóra velvirðingar á ummælum sínum.

Jón sagði skattrannsóknarstjóra hafa verið ölvaðan þegar hann sagði frá því í gleðskap að embættinu hefðu verið boðnar tvær tuttugu milljóna króna fjárveitingar sérstaklega ætlaðar til þess að rannsaka starfsemi Jóns Ólafssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Í yfirlýsingu segir Jón að ölvun komi málinu ekkert við og biður hlutaðeigandi velvirðingar. - saj




Listmálaralitir í úrvali

OPINBERA.IS

WINSOR & NEWTON
The World's Finest Artists' Materials

Penninn
Penninn Hallarmúla 2, sími 540 2000
penninn@penninn.is, www.penninn.is


# Ríkislögreglustjóri hættur í Baugsmáli

**Jón H.B.Snorrason, saksóknari hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, hefur sagt sig frá þeim hluta Baugsmálsins sem enn er fyrir dómi. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðar um hæfi dómsmálaráðherra á næstu dögum.**

**BAUGSMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hefur sagt sig frá öllum ákæruliðum Baugsmálsins og er það sem stendur allt í höndum Sigurðar T. Magnússonar, setts ríkissaksóknara.

Álitamál um æðsta ákæruvald yfir þeim átta ákærum sem ekki hefur verið vísað frá dómi voru reifuð í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í stað Jóns H.B. Snorrasonar, saksóknara hjá embætti ríkislögreglustjóra, sótti Sigurður málið í fyrsta sinn.

Sigurður taldi ekkert hafa gerst sem spillti hæfi hans sjálfs til að fara með málið.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, mótmælti því að Bogi Nilsson ríkissaksóknari hefði í raun sagt sig formlega frá þeim átta ákærum sem enn væru fyrir dómstólum. Bogi hefði einvörðungu tekið til athugunar ákærurnar 32 sem vísað var frá dómi. Leiddi Gestur líkur að því að umboð og valdheimildir Sigurðar næðu ekki til ákæranna átta og skipan hans stangaðist á við lög.

Verjendur gerðu ekki kröfu um frávísun en bíða úrskurðar dómsins líkt og saksóknari.

Að þessu loknu krafðist Gestur þess að dómurinn úrskurðaði að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefði verið vanhæfur til þess að setja sérstakan saksóknara yfir ákærunum átta. Því til áréttingar lagði hann fram ummæli ráðherrans, einkum af heimasíðu hans, „bjorn.is“. Taldi hann ummæli Björns afar andsnúin Baugi. „Hann er bullandi, bullandi vanhæfur,“ sagði Gestur. Hann líkti háttsemi ráðherrans einnig við einelti og vísaði meðal annars til ummæla Björns um að réttarkerfið „hefði ekki sagt sitt síðasta orð“, eftir að Hæstiréttur vísaði frá dómi 32 ákærum í málinu.

Sigurður T. Magnússon sagði að sem stjórnmálamaður hefði Björn tjáningarfrelsi út fyrir dómsmálaráðuneytið og væri raunar fyrirferðamikill í stjórnmálaumræðu. Hann virti engu að síður þrígreiningu valdsins. Þess utan taldi Sigurður ekki augljóst að hann væri sjálfur vanhæfur til að fara með málið þótt ráðherrann hefði hugsanlega verið það við skipun saksóknara.

johannh@frettabladid.is



**SAKSÓKNARI OG VERJANDI** Sigurður T. Magnússon, settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu, ræðir við Gest Jónsson, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, í dómssalnum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


FK
FJARÐARKAUP




20% AFSLÁTTUR

af Sanpellegrino saumlausum undirfatnaði og toppum í Fjarðarkaupum.


Skýrsla Rannsókna og greiningar um fíkniefnaneyslu ungmenna:

# Foreldrar hafa úrslitaáhrif

**VÍMUEFNI** Neysla hvers kyns vímuefna eykst umtalsvert um tvítugsaldur samkvæmt nýrri úttekt sem Rannsóknir og greining hafa unnið fyrir Lýðheilsustofnun og birt var í vikunni.

Sýnir hún að ungmenni eru viðkvæmust fyrir á tímabilinu eftir grunnskóla og fyrir framhaldsskóla og aukið aðhald á þeim tímapunkti frá foreldrum og vinum getur haft úrslitaáhrif.

Í skýrslunni, sem var mjög ítarleg og náði til rúmlega ellefu þúsund ungmenna í framhaldsskólum landsins, kemur fram að þrátt fyrir mikinn áróður stjórnvalda og stofnana gegn reykingum ungmenna síðastliðin ár hefur orðið lítil breyting á reykingum síðustu árin. Frá síðasta ári grunnskóla og að fyrsta ári í framhaldsskóla aukast reykingar sama aldurshóps um rúmlega þrjú prósent og um tvítugt reykja yfir þrjátíu prósent allra framhaldsskólanemenda sígarettur daglega.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, doktor í félagsfræði og einn aðstandenda skýrslunnar, segir upp úr standa hversu viðkvæmt skeið tímabilið milli grunn- og framhaldsskóla sé. Það geti haft úrslitaáhrif á hvort ungmenni leiðist út í vímuefnanotkun eður ei. - aöe

**MIÐBÆRINN Á LAUGARDAGSKVÖLDI** Fimmtán prósent ungmenna undir sextán ára aldri reykir að staðaldri. Fjórum árum síðar er hlutfallið komið yfir þrjátíu prósent.





# Til hamingju!

ÍSLANDSBANKI

Guðrún Helgadóttir var í gær sæmd **Verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar 2005**. Við óskum Guðrúnu til hamingju enda er hún verðugur verðlaunahafi á degi íslenskrar tungu fyrir starf sitt við að auðga líf, menningu og tungutak íslenskra barna.

Í rökstuðningi nefndarinnar segir meðal annars: *Guðrún skrifar til barna á þann hátt að þau finna að þau eiga sér málsvara enda nýtur sjónarhorn barnsins sín einkar vel í bókum hennar. Hún hefur einkar gott vald á íslenskri tungu og að þessu leyti gegna verk hennar mikilvægu uppeldishlutverki þegar kemur að því að efla málþroska barna, auðga orðaforða þeirra og gera þau meðvituð um mikilvægi ritaðs máls.*

**Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar eru nú veitt í tíunda sinn og hefur Menningarsjóður Íslandsbanka lagt þau til frá upphafi.**

## Við óskum Guðrúnu innilega til hamingju með verðlaunin!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4765



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir forsætisráðherra Íraks?

2 Hverjir keyptu 34 prósenta hlut í Árvakri?

3 Við hvaða lið er David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, orðaður?

SVÖR Á SÍÐU 62

Nýja fréttastöðin, NFS, hefur útsendingar í dag:

# Sjónvarpsstöð fyrir fréttaþyrsta þjóð

**SJÓNVARP** Nýja fréttastöðin hefur útsendingar í dag. Það þýðir einnig að fréttatími Stöðvar 2 í gær var sá síðasti sem þar var gerður en hér eftir munu kvöldfréttir frá NFS vera á skjá stöðvarinnar á þessum tíma.

Forsvarsmenn NFS kynntu í gær hvers sjónvarpsáhorfendur mættu vænta frá stöðinni. „NFS er fyrsta fréttastöðin á Íslandi sem er með fréttaútsendingar linnulaust frá morgni til kvölds,“ sagði Sigmundur Ernir Rúnarsson fréttastjóri. „Íslendingar eru fréttaþyrst þjóð og þrá það að fá fréttir beint í æð og við ætlum að svara því kalli,“ bætti hann við.

Fréttatímar verða sendir út frá klukkan sjö að morgni til ellefu að kvöldi á heila og hálfa tímanum. Á milli þeirra verða svo fréttatengdir þættir. Jóhannes Kr. Kristjánsson mun svo hafa umsjón með þætti sem heitir Kompás en sá þáttur verður byggður upp á rannsóknarblaðamennsku.

Sigurður Þ. Ragnarsson, betur þekktur sem Siggi stormur, sagði að á stöðinni yrði veðurvöktun og veðurspá auk þess sem höfð yrði samvinna við Vegagerðina um upplýsingar um færð á vegum. „Það verður því lítil veðurstofa hér á fréttastöðinni,“ sagði Siggi stormur svo það gustaði af honum. **- jse**



**Í NÝJA FRÉTTASETTINU** Róbert Marshall, Edda Andrésdóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson munu héðan í frá flytja fréttirnar frá þessari nýju fréttastofu í Skaftahlíð.


Jólin komin!

Ekki missa af frábærri jólasýningu og skemmtun

Blómastofunnar við Eiðistorg
í kvöld kl: 18 - 22

espressobarinn blómastofan eiðistorgi



! Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7


# Nýtt fjölþjóðlegt samstarf um vetni

**Unnið er að stofnun samráðsvettvangs Íslendinga, Grænlendinga, Færeyinga og Norðmanna um vetnisrannsóknir. NORA, Norræna Atlantsnefndin, hefur styrkt verkefnið um tæpar 2,5 milljónir króna. Íslensk nýorka er tengiliður hér.**

**VÍSINDI** Unnið er að stofnun formlegs samstarfsvettvangs Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga og Grænlendinga á sviði vetnisrannsókna. Verið er að huga að sameiginlegum verkefnum en samtökin, North Atlantic Hydrogen Association, á að stofna formlega á fundi á Grænlandi í ágúst á næsta ári.

Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku, segir að Norræna Atlantsnefndin, NORA, hafi styrkt verkefnið um 250.000 danskar krónur, eða um sem nemur tæpum 2,5 milljónum króna. Íslensk nýorka er tengiliður og þungamiðja samstarfsins en Jón Björn gerir ráð fyrir því að samstarfsaðilum fjölgi þegar á líður.



**JÓN BJÖRN SKÚLASON** Jón Björn er framkvæmdastjóri Íslenskrar nýorku, sem er fyrir nýjum fjölþjóðasamstarfsvettvangi á sviði vetnisrannsókna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VETNISSTRÆTÓ** Í Reykjavík voru til skamms tíma á ferð strætisvagnar sem gengu fyrir vetni. Hér má sjá fyllt á einn slíkan á vetnisstöð Skeljungs. Ísland hefur verið kallað kjörlendi vetnisrannsókna vegna aðgengis að raforku. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Styrkurinn á að nægja til að koma þessu af stað, en svo sjá samtökin sjálf um fjármögnun í framtíðinni,“ segir hann og telur ýmislegt unnið með samstarfinu við nágrannaþjóðir okkar. „Þessi lönd hafa verið að skoða þann möguleika að koma inn í vetnisheiminn. Grænland sótti meðal annars um aðild að International Partnership for Hydrogen Economy sem Ísland er aðili að. Löndin hafa verið að leita eftir upplýsingum til okkar og við töldum rétt að koma á formlegum samskiptum þarna á milli,“ segir hann og bætir við að einnig hafi verið horft til þess að betur hentaði að taka þátt í víðtækara alþjóðlegu samstarfi í félagi við þessi lönd.

„Það hefur meiri áhrif út á við og svo opnar þetta möguleika á nýjum verkefnum og eins aukna fjármögnunarmöguleika.“

Jón Björn segir lykilsamstarfið eiga að felast í skiptum á upplýsingum, auk þess að setja af stað sameiginleg verkefni sem nýtist öllum. Hann segir með ráðum gert að hafa ekki upphafsráðstefnuna hér á landi, því með því að vera annars staðar megi kynna verkefnið betur almenningi og fyrirtækjum. „Hér er meiri þekking á þessu en víða annars staðar. Svo höfum við fundið fyrir mjög sterkum pólitískum stuðningi við verkefnið í öllum þessum löndum.“

**olikr@frettabladid.is**




Paratabs® – Öflugur verkjabani!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / ACTAVIS 507031

**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrarbólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

actavis
hagur í heilsu


Geðlæknir um gagnrýni vegna kynskiptiaðgerða:

# Eðlilegt að gera kröfur

**HEILBRIGÐISMÁL** Óttar Guðmundsson geðlæknir telur gagnrýni Önnu Kristjánsdóttur á forræðishyggju og íhaldssemi heilbrigðisyfirvalda hvað varðar leiðréttingaraðgerðir á kyni óréttmæta sleggjudóma. Hann segir það ábyrgðarleysi af Önnu að fara fram með þessa gagnrýni því að um stórkostlegt inngrip í líf fólks sé að ræða. Anna viti það best sjálf.



**KRÖFUR EÐLILEGAR** Óttar Guðmundsson geðlæknir telur eðlilegt að gera ákveðnar kröfur áður en fólk fer í leiðréttingaraðgerð á kyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þær reglur sem gilda hér eru svo til orðrétt teknar upp úr dönsku og sænsku reglunum. Þegar það verða svo ótrúlega miklar breytingar á lífi og högum einnar manneskju verður að hafa mjög ákveðnar reglur. Reynslan hefur sýnt að slíkar aðgerðir hafa mistekist. Fólk hefur séð eftir að fara í aðgerðina og einstaklingar hafa fyrirfarið sér vegna óhamingju eftir hana,“ segir hann.

Óttar segir að á Vesturlöndum séu umsóknir transgender-fólks skoðaðar af gaumgæfni og gagnrýni. Eðlilegt sé að gera ákveðnar kröfur, til dæmis um að einstaklingar hafi náð ákveðnum og aldri og þroska og hafi ákveðið félagslegt net í kringum sig til að geta tekist á við svo miklar breytingar. **- ghs**




## Merkjabúð á tveimur hæðum

Komdu sjálfum þér og ástvinum á óvart. Í Debenhams er úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í jólaskap.

Herrann: Blaserjakki 13.500 kr., 2.590 kr., bindi 3.590 kr., Esprit buxur 8.990 kr. Daman: Slá 5.990 kr., hattur 2.490 kr. hanskar 1.690 kr., Esprit stígvél 2.990 kr. Aðrir munir: Jólasokkur 1.590 kr., jólakúlur stórar 599 kr., jólakúlur í boxi 1.690 kr., knöll 1.590 kr., jólasveinn 899 kr., gólfskál úr gleri 4.990 kr., bangsar 1.690 kr., Hamleys flugvélar-2 saman 990 kr., strætó 699 kr., 5 bílar í kassa 3.490 kr., trommubjörn 2.990 kr., Jelly bean sælgæti 1.990 kr., enskar jólasmákökur 2.690 kr., rauðir pottar frá 3.290 kr., pókerspilaborð 4.990 kr., pókerspilapeningar 1590 kr., rauð kerti 799 kr., súkkulaðiplötur í bleikum kassa 1.790 kr., tekanna 1.990 kr., hvítar krúsir 390 kr., bakkaborð 2.990 kr., Esprit barnastígvél 2.490 kr.

DEBENHAMS

SMÁRALIND

# Kjúklingur
HEILL, FROSINN

Nú er rétti tíminn
til að fylla allar kistur
og frystiskápa!




1 kg 379 kr

# Asískir réttir



# Ískaka




| | | |
|---|---|---|
| Blue Diamond | 75 g | 99 kr |
| Original Multifruit safi | 2 l | 349 kr |
| Bisca tartalettur | 120 g | 149 kr |
| Stute orkudrykkir | 250 ml | 99 kr |
| Clubs saltkex | 200 g | 99 kr |
| ORA rauðrófur | 580 g | 99 kr |
| Cheerios Twin Pack | | 399 kr |
| Nammibar | 50% afsláttur fös-lau | |

Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16


Frjálslyndi flokkurinn sér kosti og galla við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar:

# Skuldastaðan áhyggjuefni

**BORGARMÁL** Margrét Sverrisdóttir, sem nú er fulltrúi Frjálslynda flokksins í borgarstjórn í fjarveru Ólafs F. Magnússonar, segir margt jákvætt í nýrri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Hún segir þó augljóst að bókhaldsbrellum sé beitt til þess að fegra stöðuna. „Skuldir borgarinnar aukast ár frá ári, úr 71 milljarði árið 2004 í 76 milljarða fyrir þetta ár samkvæmt útkomuspá. Þessi aukning skulda samstæðunnar, borgarsjóðs og fyrirtækja, skýrist af því að skuldum borgarinnar hefur verið velt yfir á fyrirtæki borgarinnar. Það þýðir ekkert að færa skuldir yfir á fyrirtækin og stæra sig svo af góðri afkomu borgarsjóðs, því borgin er líka fyrirtækin sem hún á,“ sagði Margrét í ræðu sinni þegar fjárhagsáætlunin var rædd.

Margrét sagðist ánægð með hvernig haldið hefði verið á menningar- og menntamálum. „Málið er hins vegar fegrað fullmikið með því að láta skuldastöðuna líta betur út en hún er í raun. Sérstaklega hef ég þó áhyggjur af stöðu almenningssamgangna í borginni. Mér finnst síðustu breytingar ekki hafa bætt stöðu þeirra neitt sérstaklega.“

**- mh**



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR** Margrét sér margt jákvætt í málefnastöðu R-listans en hefur þó áhyggjur af skuldastöðu borgarinnar.

Siumut hélt sínu í kosningum til Landsþings á Grænlandi:

# Hefur viðræður við Atassut

**GRÆNLAND** Úrslit kosninganna til grænlensku landsstjórnarinnar komu verulega á óvart því að Siumut-flokkurinn hélt sínu. Honum hafði verið spáð afhroði. Miðflokkurinn Demókratar vann ekki jafn mikið á og búist var við.

Demókratar fengu mestan framgang í kosningunum og bættu við sig tveimur fulltrúm á Landsþinginu. Þeir fá nú sjö fulltrúa en hafði verið spáð allt að níu. Siumut, sem er jafnaðarmannaflokkur Grænlands, heldur sama fjölda og síðast, tíu fulltrúum. Íhaldsflokknum Atassut hafði líka verið spáð miklu fylgistapi. Flokkurinn hélt þó sínum atkvæðum en missti einn mann. Inúítaflokkurinn IA missti mann og hefur nú sjö fulltrúa. Óháðir héldu sínu, eru með einn mann.

Siumut-flokkurinn, sem setið hefur í landstjórninni frá upphafi, hefur fengið umboð til stjórnarmyndunar og hefur hann boðið Atassut til viðræðna. Guðmundur Thorsteinsson á Grænlandi segir þó fleiri möguleika í stöðunni.

**- ghs**



**LARS EMIL JOHANSEN** Formaður Siumut-flokksins á Grænlandi.

**FYLGISBREYTINGAR Á GRÆNLANDI FRÁ SÍÐUSTU KOSNINGUM**







NISSAN
X-TRAIL
NISSAN
SKIPT_um væntingar



EKKI FESTAST
Í FRAMTÍÐINNI!

Sjálfskiptur, álfelgur, spoiler, nagladekk
og 3 drifstillingar.



X-Trail Sport
Verð 2.690.000.-

Fíton/SÍA

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

www.toyota.is

# Framsæknir og reynsluríkir



**AUDI A6**
F. skráð. 02/2005, ek. 4.500 km
**Vél:** 2600cc
**Verð:** 4.300.000
**Tilboðsverð: 3.990.000 kr.**



**Ford Windstar**
F. skráð. 12/1998, ekinn 215.000 km
**Vél:** 3800cc
**Verð:** 1.150.000 kr.
**Tilboðsverð: 590.000 kr.**



**Hyundai Accent**
F. skráð. 04/1999, ekinn 105.000 km
**Vél:** 4300cc
**Verð:** 480.000 kr.
**Tilboðsverð: 290.000 kr.**



**MMC Spacewagon**
F. skráð. 06/1998, ekinn 210.000 km
**Vél:** 2000cc
**Verð:** 690.000 kr.
**Tilboðsverð: 470.000 kr.**



**Nissan Patrol**
F. skráð. 06/2002, ekinn 140.000 km
**Vél:** 3000cc
**Verð:** 3.790.000 kr.
**Tilboðsverð: 3.490.000 kr.**



**Nissan Terrano**
F. skráð. 07/2003, ekinn 58.000 km
**Vél:** 3000cc
**Verð:** 3.820.000 kr.
**Tilboðsverð: 2.890.000 kr.**



**Nissan Terrano**
F. skráð. 06/2004, ekinn 26.000 km
**Vél:** 3000cc
**Verð:** 4.040.000 kr.
**Tilboðsverð: 3.690.000 kr.**



**Opel Astra**
F. skráð. 04/2001, ekinn 96.000 km
**Vél:** 1200cc
**Verð:** 830.000 kr.
**Tilboðsverð: 590.000 kr.**



**Opel Vectra**
F. skráð. 09/1997, ek. 139.000 km
**Vél:** 1600cc
**Verð:** 590.000
**Tilboðsverð: 390.000 kr.**



**Opel Vectra**
F. skráð. 04/1999, ekinn 86.000 km
**Vél:** 1600cc
**Verð:** 850.000 kr.
**Tilboðsverð: 590.000 kr.**



**Opel Zafira**
F. skráð. 04/2000, ekinn 89.500 km
**Vél:** 1800cc
**Verð:** 1.150.000 kr.
**Tilboðsverð: 890.000 kr.**



**Renault Laguna**
F. skráð. 04/1999, ekinn 94.000 km
**Vél:** 2000cc
**Verð:** 890.000 kr.
**Tilboðsverð: 590.000 kr.**



**Renault Mégane**
F. skráð. 09/1997, ekinn 142.000 km
**Vél:** 1600cc
**Verð:** 550.000 kr.
**Tilboðsverð: 390.000 kr.**



**VW Caddy Can**
F. skráð. 05/2002, ekinn 42.000 km
**Vél:** 1300cc
**Verð:** 860.000 kr.
**Tilboðsverð: 660.000 kr.**



**Suzuki Baleno**
F. skráð. 06/1999, ekinn 78.000 km
**Vél:** 1600cc
**Verð:** 730.000 kr.
**Tilboðsverð: 490.000 kr.**



**VW Vento**
F. skráð. 08/1996, ekinn 97.000 km
**Vél:** 1600cc
**Verð:** 580.000 kr.
**Tilboðsverð: 380.000 kr.**

**Alltaf góð tilboð í tilboðshorninu okkar,**
**- sjá nánar á www.toyota.is notaðir bílar.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.




**VERÐBÓLGU MÓTMÆLT** Ungliðar demókrata í Serbíu mótmæla hér tuttugu prósenta árlegri verðbólgu. Verðbólgan í landinu er ein sú mesta í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúaþing verður haldið í Kópavogi á morgun:

# Krakkarnir vildu Smáralind

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Íbúaþing verður haldið í Lindaskóla í Kópavogi á laugardaginn kemur en þá gefst íbúum tækifæri til að tjá sig um það sem þeim liggur á hjarta varðandi málefni bæjarins.

„Þetta fer þannig fram að fundargestir skrifa á gulan miða það sem þeir vilja koma á framfæri,“ segir Margrét Björnsdóttir, formaður umhverfisráðs. „Síðan er unnið úr hverjum einasta miða og þessar upplýsingar notaðar í okkar vinnu.“

Árið 2001 hélt Kópavogsbær íbúaþing fyrst allra bæjarfélaga og tókst afar vel til að sögn Margrétar. „Eins og þá leggjum við nú mikið upp úr því að heyra skoðanir unga fólksins og hefur sérstakur vinnuhópur verið skipaður í þeim tilgangi.

Síðast komu margar góðar hugmyndir frá unga fólkinu; þau vildu til dæmis fá Smáralindina og það varð úr en svo vildu þau líka ókeypis nammi en það er kannski ekki alltaf hægt að verða við öllu,“ segir Margrét kankvís.

Hún vonast til þess að um fimm hundruð manns mæti í Lindaskóla til að láta skoðun sína í ljós enda eru mörg mál og stór í undirbúningi. **- jse**



**KÓPAVOGUR** Kópavogsbúar geta komið skoðunum sínum á framfæri við bæjaryfirvöld á fundinum á laugardag. Unga fólkið er ekki síður hvatt til að láta skoðun sína í ljós.

Bandalag íslenskra skáta:

# Senda styrk til Pakistan

**HJÁLPARSTARF** Stjórn Bandalags íslenskra skáta hefur ákveðið að gefa andvirði fimmtán tjalda til hjálparstarfsins í Pakistan samtals að verðmæti 150 þúsund króna.

Stjórnin brást þar með skjótt við neyðarkalli frá kvenskátum þar í landi sem óskuðu eftir liðsinni skáta allra landa. Sérstaklega var óskað eftir tjöldum fyrir fólk til að búa í. Vegna erfiðleika með flutning og verðs á tjöldum hér á landi var ákveðið að senda þennan styrk til Pakistans tjalda í stað.

Það kemur svo í hlut pakistönsku kvenskátanna að ráðstafa fénu þar sem það kemur að mestu notum. **- jse**

Heillandi heimur í HÍ:

# 80 fyrirlestrar á einum degi

**MÁLÞING** Hugvísindaþing 2005 verður haldið í sjö kennslustofum í Aðalbyggingu Háskóla Íslands og hefst klukkan hálfníu að morgni föstudags.

Á þinginu verða fluttir um átatíu fyrirlestrar á sviði hugvísindanna, um guðfræði, málvísindi, tungumál, sagnfræði og heimspeki. Meðal annars verða fyrirlestrar um píslarsöguna og um stöðu þjóðkirkjunnar. Þá verður fjallað um máltöku barna og talmein. Borin verða saman orðatiltæki ólíkra tungumála, fjallað um karlmennskuna, fjölmiðla og margt fleira.

Að þinginu standa hugvísindadeild Háskólans, auk guðfræðideildar, Hugvísindastofnunar og Guðfræðistofnunar. Dagskráin er á slóðinni www.hugvis.hi.is. **- óká**

Ritt Bjerregaard orðin borgarstjóri í Kaupmannahöfn:

# Jafnaðarmenn sigurvegarar

**DANMÖRK** Jafnaðarmenn komust í lykilstöðu í þremur af fjórum stærstu borgunum í Danmörku í sveitarstjórnarkosningunum í fyrradag.

Í höfuðborginni fengu jafnaðarmenn um 35 prósent atkvæða og er fastlega búist við að þeir myndi meirihluta með sósíalistum og Radikale Venstre. Ritt Bjerregaard verður næsti borgarstjóri, fyrst kvenna sem gegnir því starfi.

Jafnaðarmenn töpuðu hins vegar völdum í Óðinsvéum en þar höfðu þeir setið á borgarstjórastóli í 68 ár. Forystumaður þeirra, Anker Boye, bauð Radikale Venstre borgarstjórastólinn ef þeir mynduðu meirihluta með þeim en allt kom fyrir ekki.

Jafnaðarmenn eru ótvíræðir sigurvegarar kosninganna en fylgi þeirra jókst um tvö prósent yfir landið. Radikale Venstre eykur jafnframt fylgi sitt umtalsvert. Íhaldsflokkurinn tapar hins vegar fylgi sem nemur einu prósenti og Venstre, flokkur Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra, dalaði líka.

Kosið var til 98 sveitarstjórna og í fimm héraðsstjórnir. Ríflega fjórar milljónir manna voru á kjörskrá og greiddu um 70 prósent þeirra atkvæði. **- ghs**




**ÚRSLIT SVEITARSTJÓRNARKOSNINGA Í KAUPMANNAHÖFN**

Trúnaðarmaður kennara MÍ:

# Tryggvi telur að sér vegið

**DEILUR** Tryggvi Sigtryggsson, trúnaðarmaður kennara við Menntaskólann á Ísafirði, er ósáttur við það að Ólína Þorvarðardóttir skólameistari skuli hafa óskað eftir útskýringum á því hvers vegna tilkynning um veikindaforföll Ingibjargar Ingadóttur kennara barst skólanum seint.

„Hið rétta er að þann 23. september fór ég heim til Ólínu með læknisvottorð og afhenti henni það persónulega,“ segir Tryggvi og telur að starfsheiðri sínum vegið í viðtalsboðun sem Ólína sendi Ingibjörgu fyrr í mánuðinum. **- saj**



**MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI** Deilur milli kennara og skólastjóra dragast nú á langinn.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

ENNÞÁ BETRI



IMPREZA

Þegar Impreza-eigendur kaupa nýjan bíl, þá kaupa þeir nýjan Impreza. Þess vegna þarf Subaru Impreza sífellt að bæta sig, verða enn kraftmeiri, vandaðri og skemmtilegri. Nýr Impreza er 22% aflmeiri en áður og beinir heilum 160 hestöflum til allra fjögurra hjóla með einstöku Symmetrical AWD aldrifi Subaru. Hann er einfaldlega frábær.

- 22% aflmeiri - 2.0 lítra - 160 hö.
- Einstakir aksturseiginleikar
- Sítengt aldrif (AWD)
- Kastarar í stuðara
- 16" álfelgur

SEDAN
Verð frá 1.990.000 kr.
Verð frá 2.050.000 kr.
WAGON

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Fíton/SÍA

Þýski Jafnaðarmannaflokkurinn:

# Austur-Þjóðverji í formannsstólinn

**ÞÝSKALAND, AP** Matthias Platzeck, forsætisráðherra (fylkisstjóri) austur-þýska sambandslandsins Brandenborgar, var nær einróma kjörinn nýr formaður þýska Jafnaðarmannaflokksins, SPD, á flokksþingi á þriðjudag. Þar með eru Austur-Þjóðverjar komnir í formannsstól beggja stóru flokkanna í þýskum stjórnmálum, en þeir eru nú að hefja stjórnarsamstarf í annað sinn í sögu þýska sambandslýðveldisins.

Platzeck fékk atkvæði 512 þingfulltrúa, tveir greiddu atkvæði gegn honum og einn sat hjá. „Ég mun gera allt til að endurgjalda þessa gríðarmiklu traustsyfirlýsingu,“ sagði Platzeck í þakkarræðu sinni.

Platzeck er 51 árs náttúrufræðingur sem ólst upp í austur-þýska alþýðulýðveldinu, en þann bakgrunn á hann sameiginlegan með Angelu Merkel, formanni Kristilegra demókrata og verðandi kanslara. Hann tekur við flokksformennskunni af Franz Müntefering, sem óvænt gaf ekki kost á sér lengur í embættið. Platzeck verður áfram forsætisráðherra Brandenborgar en Müntefering verður varakanslari í sambandsríkisstjórninni. **- aa**




**TEKUR VIÐ STÝRINU** Matthias Platzeck sest undir stýri á rækilega merktum Trabant á flokksþingi SPD í Karlsruhe. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Æft fyrir alvarlegt slys og eldsvoða um borð í ferju í Seyðisfjarðarhöfn:

# Skelfdir farþegar flýja eld um helgina

**ALMANNAVARNIR** Haldin verður æfing við viðbrögðum við alvarlegu slysi um borð í ferju á Seyðisfirði næstkomandi laugardag.

Líkt verður eftir því að ferjan Sky Princess sé lögst að bryggju og afferming að hefjast þegar sprenging verður í gaseldavél í húsbíl á bílaþilfari. Látið verður sem eldur blossi upp og breiðist hratt út.

„Farþegar fyllast skelfingu og reyna að ryðjast frá borði, margir troðast undir auk þess sem allmargir sem á bílaþilfarinu voru eru slasaðir og í mikilli hættu vegna elds og reyks,“ segir í tilkynningu Ríkislögreglustjóra.




**Á ÆFINGU Í HAUST** Myndin er tekin á sameiginlegri æfingu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Landhelgisgæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að æfingunni standa almannavarnanefnd Seyðisfjarðar og viðbragðsaðilar á Austurlandi, slökkvilið, lögregla, björgunarsveitir, Heilbrigðisstofnun Austurlands, hafnaryfirvöld og Rauðakrossdeildir. Þá sjá um hana Landhelgisgæslan og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og að undirbúningi kemur samráðsnefnd.

„Undanfarin misseri hefur verið unnið að gerð viðbragðsáætlunar vegna atburða af þessu tagi á Seyðisfirði eða á hafinu þar nálægt. Ætlunin er að láta reyna á virkni áætlunarinnar með þessari æfingu,“ segir í tilkynningu. **- óká**



**DÚFNAFÓÐRUN Í KÍEV** Þessi vel búni útigangsmaður var greinilega aflögufær við dúfurnar á torgi í miðborg úkraínsku höfuðborgarinnar Kíev í gær. AP



**BÍLDUDALSKIRKJA** Turninn er hér tekinn niður og markar það upphafið á allsherjar andlitslyftingu Bíldudalskirkju, sem á aldarafmæli á næsta ári. MYND/PÁLL ÁGÚSTSSON

Bíldudalskirkja:

## Endurbætt og tekur ofan

**FRAMKVÆMDIR** „Hún kann sig kirkjan og tekur ofan fyrir fólkinu,“ segir Páll Ágústsson, formaður sóknarnefndar, en turn Bíldudalskirkju var tekinn niður í síðustu viku.

Ástæðan er sú að timbrið í turninum er farið að fúna og verður að endursmíða hann að mestu leyti. Stefnt er að því að þeim viðgerðum ljúki fyrir áramót. „En þetta er aðeins byrjunin því það á að taka alla kirkjuna í gegn bæði utanhúss og innan svo hún skarti sínu fegursta á aldarafmæli sínu sem er á næsta ári,“ segir Páll. Rögnvaldur Á. Ólafsson, sem oft er nefndur fyrsti arkitektinn, hannaði kirkjuna. **- jse**



**BRANDUGLA Á STAUR VIÐ BASSASTAÐI** Bóndinn brá sér út með sterkan ljóskastara og náði þessari ágætu mynd af nöfnu sinni um helgina. MYND/GUÐBRANDUR SVERRISSON

Dýralíf á Ströndum:

## Brandugla hjá Guðbrandi

**DÝRALÍF** „Ég er nú bara ósköp feginn að hafa hana, það veitir ekkert af smá hjálp við að halda músunum í skefjum,“ segir Guðbrandur Sverrisson, bóndi á Bassastöðum á Ströndum, en þar hefur brandugla vanið komur sínar undanfarið.

„Hún er ekki komin með neitt nafn ennþá en ég gæti nú kallað hana nöfnu,“ segir Guðbrandur um branduglunа.

Ekki er óalgengt að branduglur sjáist á þessum slóðum og er þetta ekki í fyrsta sinn sem slíkur fugl heimsækir Bassastaði. **- jse**

**SVÍÞJÓÐ**

**Lést eftir rafstuð** Ungir menn fengu rafstuð þegar þeir voru að klifra upp á flutningavögnum á lestarteinum í Gautaborg um helgina og lést annar þeirra. Báðir fengu mennirnir sextán þúsund volta straum í sig en öðrum þeirra tókst að halda sér uppi á þaki vagnsins, hinn féll niður á teinana.


# VATN FYRIR ALLA

Undirrituð samtök vilja með sameiginlegri yfirlýsingu þessari vekja athygli ríkisstjórnar, sveitarstjórna, stofnana, fyrirtækja og almennings á mikilvægi og sérstöðu vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Þótt enginn vatnsskortur sé á Íslandi þá er staðan önnur víðast hvar í heiminum. Gnótt vatns gefur því ekki tilefni til skeytingarleysis af okkar hálfu. Þvert á móti ber okkur að færa lagaumgjörð um vatn í þann búning að hún tryggi rétta forgangsröðun varðandi vatnsvernd og nýtingu og geti verið öðrum þjóðum til fyrirmyndar. Hugsa verður til framtíðar og hafa almannahagsmuni og náttúruvernd að leiðarljósi.

Vatn er takmörkuð auðlind og almannagæði sem er undirstaða alls lífs og heilbrigðis. Vatn er frábrugðið öðrum efnum að því leyti að það finnst náttúrulega í föstu, fljótandi og loftkenndu formi og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn.

Undirrituð samtök telja að aðgangur að vatni sé grundvallarmannréttindi, eins og kveðið er á um í samþykktum Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur undirgengist. Sérhver maður á því rétt á aðgengi að hreinu drykkjarvatni og vatni til hreinlætis og heimilishalds.

Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru.

Nýting vatns skal vera sjálfbær og aðgengi að því tryggt með lögum fyrir núlifandi kynslóð og kynslóðir framtíðarinnar. Það er skylda stjórnvalda að tryggja þegnum sínum þennan rétt án mismununar.

Það er hlutverk stjórnvalda að tryggja verndun vatns sem náttúruverðmæta sem og að tryggja hollustu og dreifingu vatns til allra þjóðfélagsþegna með fjárfestingu í mannvirkjum og mengunarvörnum. Vatnsveitur verði því reknar á félagslegum grunni, taki mið af almannahagsmunum og tryggi rétt einstaklinga til nægilegs hreins vatns til drykkjar og hreinlætis á viðráðanlegu verði. Það er jafnframt hlutverk stjórnvalda að tryggja að við nýtingu vatns verði öðrum náttúruverðmætum ekki spillt.

Stjórnvöldum ber að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið.

Vegna mikilvægis vatns fyrir íslenska þjóð og lífríki landsins telja undirrituð samtök nauðsynlegt að fest verði í stjórnarskrá Íslands ákvæði um skyldur og réttindi stjórnvalda og almennings hvað varðar réttindi, verndun og nýtingu vatns. Lög og reglugerðir um nýtingu vatns taki því mið af ákvæðum sem viðurkenna rétt einstaklinga til vatns sem og lögum er varða verndun vatns og náttúru.

Til að tryggja skilvirka verndun og nýtingu vatns ber stjórnvöldum að skipuleggja stjórnsýslu þannig að eðlilegt jafnvægi sé á milli þessara þátta og réttar einstaklinga til aðgengis að vatni.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4446

BSRB
ÞJÓÐKIRKJAN
Náttúruverndarsamtök Íslands
LANDVERND
MFÍK
SÍB
UMFÍ
UNIFEM
Félag Sameinuðu þjóðanna
ÖBÍ
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS

WWW.BSRB.IS/VATNFYRIRALLA

netto

# Fylgist með okkur




## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 17.-20. nóv. eða á meðan birgðir endast.

Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# - áframhaldandi veisla




netto



**VILJA ENGIN LÍFSÝNI** Um hundrað bókstafstrúarmenn mótmæltu í miðborg Moskvu í gær. Þeir vilja ekki að lífsýnisupplýsingar verði settar í persónuskilríki, því þau takmarki mannréttindi þeirra. Þeir gruna stjórnvöld um njósnir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stórframkvæmdir í Akrahreppi í Skagafirði:

# Hitaveita í stað olíukyndingar

**FRAMKVÆMDIR** Stórframkvæmdir fara nú fram í Akrahreppi, einu fámennasta sveitarfélagi landsins, en þar er verið að leggja hitaveitu. „Búið er að koma heimtaug í nítján hús. Þó er ekki búið að hleypa vatni ennþá á en menn vonast til að geta baðað sig á jólunum með vatni úr öðru sveitarfélagi,“ segir Agnar Gunnarsson oddviti. Hingað til hafa menn hitað vatnið með olíu eða rafmagni. Það eru Skagafjarðarveitur sem sjá að mestu um verkið ásamt hreppnum.

Meira stendur til í Akrahreppi því með hitaveitulögninni á að leggja rör fyrir ljósleiðara. Oddvitinn vill þó ekki giska á það hvenær hrepparar verði komnir í hraðvirkt netsamband.

215 íbúar búa í hreppnum og segist oddvitinn ekki vera í neinum sameiningarhugleiðingum enda var tillaga um að sameinast sveitarfélaginu Skagafirði felld með miklum mun í kosningunum 8. október síðastliðinn. Rúmlega áttatíu prósent kjósenda í Akrahreppi sögðu þá nei. - jse



**AGNAR GUNNARSSON ODDVITI** Agnar segir enga minnimáttarkennd í Akrahreppsbúum þrátt fyrir mannfæðina. Nú er verið að leggja heitt vatn í nær hvert hús og senn kemur ljósleiðarinn í þessa sveit skáldsins frá Bólu.

Tugmilljóna framkvæmdir:

# Gervigras í Neskaupstað

**AUSTURLAND** Ákveðið hefur verið að leggja gervigras á gamla malarknattspyrnuvöllinn í Neskaupstað og er stefnt á að framkvæmdum verði lokið næsta vor.

Samvinnufélag útgerðamanna Neskaupstað (SÚN) fjármagnar framkvæmdina en Samvinnufélagið mun einnig greiða fyrir girðingu sem sett verður upp sunnan vallarins.

Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri Samvinnufélagsins, segir kostnað við gervigras og girðingu ekki liggja fyrir en ljóst sé að hann skipti tugmilljónum króna. - kk

VEL HUGSUÐ GLÆPASAGA

Yrsa Sigurðardóttir - bók hennar er væntanleg á 12 tungumálum




9. - 15. nóv
4. Sæti
Metsölulisti Pennans/Eymundssonar
allar bækur

„Fersk rödd“

Torkennilegt tákn á líki ungs manns sem finnst myrtur í Reykjavík haustið 2005. Áköf leit að fornu bréfi og alræmdu riti frá miðöldum. Galdrafárið á Íslandi. Og Þóra Guðmundsdóttir lögmaður dregst inn í veröld sem hún vissi ekki að væri til.

*„Bakgrunnur reynist lesanda og höfundi nægtabrunnur og gefur sögunni* ***viturlegt yfirbragð****. Yrsa lærir hér af ýmsum höfundum sem hafa gripið til þessa bragðs. Sennilega er áhrifavaldur hennar í þessu stærstur* ***Dan Brown*** *sjálfur sem er þekktasta dæmið um höfund af þessu sauðahúsi. ... það* ***verður að hrósa Yrsu*** *fyrir að hún skuli leggja glæpnum til tvær upphafskveikjur. ... Yrsa kann vel til verka og skilar lesanda* ***vel unninni og hugsaðri glæpasögu****.“*

Páll Baldvin Baldvinsson, DV

*„****Fersk rödd*** *í íslenskum glæpasögum ...* ***Hröð*** *atburðarás og* ***hressilegur stíll****.“* Katrín Jakobsdóttir, gagnrýnandi

Veröld BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - VER 300269 11/2005



**BRETI Í BASRA** Styr stendur um notkun fosfórsprengja en alþjóðasáttmálar banna ekki notkun þeirra gegn hermönnum, aðeins borgurum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bretar beittu hvítum fosfór

**Notkun Bandaríkjahers á fosfórsprengjum í Írak hefur sætt gagnrýni. Bretar segjast einnig hafa notað efnið í Írak en aðeins til reykframleiðslu.**

**ÍRAK** Bandaríkjamenn hafa viðurkennt að hafa notað sprengjur fylltar hvítum fosfór gegn uppreisnarmönnum í Falluja á síðasta ári. Bretar hafa einnig notað efnið en aðeins til reykframleiðslu.

Bandaríkjamenn hafa sætt mikilli gagnrýni vegna notkunar á fosfórfylltum sprengjum í Írak að undanförnu eftir að ítalska ríkissjónvarpið sýndi myndir frá Falluja. Slík vopn valda fólki sársaukafullum bruna og notkun þeirra gegn borgurum er bönnuð samkvæmt alþjóðasáttmálum.

Þvert á fyrri yfirlýsingar viðurkenndi bandaríska landvarnaráðuneytið í fyrradag að hafa notað fosfórsprengjur í umsátrinu um Falluja. Barry Venable, talsmaður varnarmálaráðuneytisins, hafnaði því hins vegar í samtali við BBC að slík vopn væru efnavopn eins og gagnrýnendur hafa haldið fram. „Þær voru notaðar gegn vígamönnum óvinanna,“ sagði Venable í samtali við BBC.

Á meðan á umsátrinu um Falluja stóð haustið 2004 var þar ennþá fjöldi óbreyttra borgara enda komust þeir hvorki lönd né strönd. Vandséð er hvernig bandarískir hermenn gátu gert greinarmun á þeim og uppreisnarmönnum. Því sagði Paul Rodgers, prófessor við friðarrannsóknastofnun Bradford-háskólan í Bretlandi, við fréttamann BBC að fosfórsprengjur væru efnavopn þegar þeim væri beint að borgurum, eins og líkur eru á að gert hafi verið í Falluja.

Í gær upplýsti svo talsmaður Tonys Blair, forsætisráðherra Bretlands, að hvítum fosfór hefði verið beitt í hernaðinum í Írak, en einungis til að hylja átakavettvang í reyk. Hann vildi hins vegar ekki tjá skoðun forsætisráðherrans á notkun bandaríska hersins á efninu heldur sagði það einkamál Bandaríkjamanna. Sjá síðu 22

sveinng@frettabladid.is

Þrjú ár liðin frá því að olíuskipið Prestige sökk:

# Lífríkið nær sér aldrei

**SPÁNN** Þúsundir manna gengu fylktu liði um götur borgarinnar Santiago de Compostela í byrjun vikunnnar. Þeir minntust þess að þrjú ár eru liðin síðan olíuskipið Prestige sökk undan vesturströnd Spánar með þeim afleiðingum að þykk olíuslikja lagðist yfir stóran hluta strandlengju norðvestanverðs landsins.

Þótt hreinsunstarf, sem þúsundir sjálfboðaliða tóku þátt í, hafi tekist bærilega hafði mengunarslysið afar neikvæð áhrif á lífríki svæðisins. Auk þess hefur fjöldi íbúa sem stundaði sjósókn frá bæjum við ströndina verið nauðbeygður að leita sér annarra starfa þar sem fiskistofnar á Biskajaflóa hafa ekki náð sér á strik að nýju síðan slysið varð. - aöe



**VERKSUMMERKI SKOÐUÐ** Jose Luis Zapatero, forsætisráðherra Spánar, skoðaði í sumar áhrif olíuslyssins á lífríki svæðisins.

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 17. nóv. til sunnudags 20. nóv. 2005

EKKERT BRUÐL

# Skynsemin velur Bónus

PESTÓ/VILLI HELGARSTEIK
1169 kg KR.
10% afsláttur við kassann
Merkt verð 1298kr.

HÁLFUR LÍTRI
69 KR.

2 lítrar
98 KR.

Úrbeinaður hangiframpartur
með beini frá Kjarnafæði

KJARNAFÆÐI

HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
595 kg KR.
Merkt verð 699kr.
15% AFSLÁTTUR
VIÐ KASSANN

bonus.is

Tuskupoki er
VISTVÆN LAUSN!
199 KR.

EKKERT BRUÐL

98 200g KR.

KF SVEITABJÚGU
299 kg KR.

KJARNAFÆÐI

Kryddað Bónus
lambalæri

KRYDDAÐ LAMBALÆRI
899 kg KR.
Merkt verð 998kr.
10% AFSLÁTTUR
VIÐ KASSANN

## Gjafakort

-fást eingöngu á skrifstofu
Bónuss að Skútuvogi 13

2500kr. * 5000kr. * 10.000kr.

Leyfum vinunum að velja

199 KR.
500 GRÖMM
BÓNUS kaffi

Hollusta í hverjum bita!
GÆÐA ORKUBRAUÐ
159 KR.

Yplon þvottaefni

EKKERT BRUÐL

3 kg 299 3 kíló KR.

STÓR DÓS 850g
59 KR.
BLANDAÐIR ÁVEXTIR

Hálfúrbeinuð og skinnlaus
Holta kjúklingalæri

Holta hálfúrb. læri
598 kg KR.
Merkt verð 997kr.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

40% afsláttur við kassann

www.bonus.is

## „ORÐRÉTT“

*Vonbrigði*

**„Hann er eiginlega venjulegri en ég bjóst við.“**

**Trúbadorinn Þórir um kvikmyndaleikstjórann Quentin Tarantino í Fréttablaðinu.**

*Hreinskilinn*

**„...ég fann síðast til áfengisáhrifa 10. júní árið 1977.“**

**Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri í DV.**

# tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÖRN CLAUSEN HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

## *Hef séð allt sem ég vil sjá*

„Ég hef það með ágætum þessa dagana og einbeiti mér að störfum mínum,“ segir Örn Clausen, hæstaréttarlögmaður og íþróttakappi á árum áður. Örn er einn af þeim Íslendingum sem gjarna vilja vinna eins lengi út ævina og heilsan leyfir og er hvergi á því að hætta strax þrátt fyrir að vera kominn vel á aldur eins og oft er talað um.

Örn hefur um áraraðir unnið sem lögmaður og þykir vera með þeim allra fremstu í landinu. Hann hefur rekið sína eigin lögfræðistofu í langan tíma og nóg af verkefnum kemur inn á hans borð hvern dag. Vel þekkt eru einnig afrek hans frá fyrri tíð þegar hann var lengi vel einn fremsti íþróttamaður Íslendinga og þótt víðar væri leitað.



„Ég hef ekkert í hyggju að minnka vinnu eða hætta og hef engar áætlanir um slíkt. Ég er enn við ágæta heilsu og meðan svo er mun ég þramma í vinnuna hvern dag og hef ennþá afar gaman af. Mér kemur ekki til hugar að eyða æviárunum annars staðar en hér á Íslandi og helst við vinnu. Það heillar mig ekkert að dvelja erlendis enda tel ég mig hafa upplifað og séð allt sem ég vil sjá. Hér vil ég vera og hvergi annars staðar.“

Örn Clausen.

Íslandsatlas kominn út:

## Líkt og að fljúga yfir landið

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, bauð til móttöku að Bessastöðum í tilefni af því að í gær kom út Íslandsatlas.

Sigurður Svavarsson, útgáfustjóri hjá Eddu, sem gefur bókina út, segir að í bókinni sé landið kortlagt frá ystu annesjum til hæstu tinda en 132 kort eru í bókinni og 43 þúsund örnefni sem vísað er til í örnefnaskrá. Einnig segir Sigurður að svipbrigði landsins séu sýnd með stafrænni kortatækni svo lesandinn skynji hæð fjalla, dýpt dala og víðáttu öræfanna líkt og hann fljúgi þar yfir.



**GEISPAÐ** Þessir bavíanar sem búa í dýragarðinum í Zürich í Sviss hjúfruðu sig hver að öðrum í gær enda kalt í veðri. Viðbúið er að þeir þurfi að sækja hita hver til annars næstu daga því svissneskir veðurfræðingar gera ráð fyrir að áfram verði kalt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Saga Grasaættarinnar

**Fyrir aldamótin 1900 hóf Þórunn Gísladóttir að nota grös til lækninga og bjargaði meðal annars lífi sonar síns með grasasmyrslum. Fjölmargir afkomendur hennar hafa síðan lagt stund á grasalækningar og fyrir vikið er ættboginn nefndur Grasaættin. Saga ættarinnar er nú komin út á bók.**



**FRANZ GÍSLASON, RITSTJÓRI NIÐJATALS GRASAÆTTARINNAR** Um ellefu hundruð manns teljast til Grasaættarinnar, sem er kvísl út úr Hlíðarætt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta var meira verk en ég bjóst við. Ættingjar mínir voru miklu fleiri en ég hafði hugmynd um,“ segir Franz Gíslason sem ritstýrði verkinu, en Grasa-Þórunn var langamma hans. Ættin er angi út úr hinni kunnu Hlíðarætt og telur um ellefu hundruð manns. Sjálfur kann Franz lítið til verka þegar grasalækningar eru annars vegar en fjöldi ættingja hans hefur tileinkað sér fræðin. Erlingur grasalæknir, sonur Þórunnar og manns hennar Filippusar Stefánssonar, var þjóðkunnur sem og dóttir hans Ásta og síðar hennar börn.

Franz segir aðra tíma í grasalækningunum nú en þegar langamma hans var að störfum; hún hafi að mestu verið sjálfmenntuð en í dag sé fólk jafnvel með háskólapróf í fræðunum.

„Hún bjó lengst af í héruðum þar sem engir læknar voru og ég veit að sem stelpu langaði hana að hjálpa öðrum. Þetta hefur því öðrum þræði komið til af því að það sárvantaði einhverja sem gátu bundið um beinbrot og grætt sár.“

Og Franz veit dæmi þess að Grasa-Þórunn hafi bjargað mannslífi. „Afi minn var að gera við bátsvél, sprenging varð og það kviknaði í honum. Afi fleygði sér í sjóinn en brann samt svo illa að læknirinn sagðist ekkert geta gert. Kerling varð þá bálvond, sagði að læknirinn ætti ekkert með að kveða upp dauðadóm yfir syni hennar og rak hann á dyr. Svo lagði hún son sinn í rúmið, færði hann úr öllu og bar á hann grasasmyrsl sem hún hafði útbúið.“ Og ekki er að spyrja að mætti grasanna. „Eftir þetta stofnaði afi vélaverkstæði í Reykjavík og fluttist síðar til Seyðisfjarðar þar sem hann vann,“ segir Franz.

Þriggja ára vinna er nú að baki og Grasaættin komin á prent, eins og sagt er. Æviatriði og myndir ellefu hundruð manna er í bókinni auk þess sem saga Þórunnar og Filippusar og barna þeirra er sögð.



**GRASA-ÞÓRUNN GÍSLADÓTTIR OG FILIPPUS STEFÁNSSON** Myndin er tekin úr bókinni um Grasaættina.





Talstöðin

Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7


Starfsheiti kennara við íslenska háskóla eru tekin úr erlendum málum:

# Hægt að finna alíslensk orð

Á degi íslenskrar tungu, sem var í gær, sinntu prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar sínum vanabundnu störfum við kennslu stúdenta við háskóla landsins.

Þegar sjónum er beint að íslenskunni horfa margir til þess sem betur mætti fara og staldra sumir við slettur úr erlendum málum. Ofangreind starfsheiti háskólakennara eru þeirrar tegundar.

„Þessi orð eru tekin úr dönsku eins og svo margt annað í okkar skólahefð,“ segir Ari Páll Kristinsson, forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar, og bætir við að gaman hefði ef málið hefði þróast með öðrum hætti. Hann telur ekki of seint að breyta þessu og taka upp alíslensk starfsheiti háskólakennara, enda sífellt verið að breyta lögum og reglum um háskóla og skilgreina störf manna upp á nýtt. „Ég sé ekki að það sé á neinn hátt útilokað að finna alíslensk orð,“ segir Ari Páll, sem jafnframt telur áhugavert að ráðast í slíkt verk. „Mér þætti hins vegar ennþá brýnna að allir íslenskir háskólar kepptust við að kenna allar mögulegar greinar á íslensku,“ segir hann en reyndin er allt önnur eins og kunnugt er, heilu og hálfu háskólanámskeiðin eru kennd á ensku.



Ari Páll Kristinsson, forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar.

**ÍSLENSKA ORÐABÓKIN UM KENNARAHEITIN:**

Aðjúnkt - aðstoðarkennari, aukakennari, fastur stundakennari.
Lektor - lægsta gráða fastráðinna kennara.
Dósent - háskólakennari af lægri gráðu en prófessor.
Prófessor - Kennari við háskóla, gráðu ofar en dósent.

**EIN ALLRA STÆRSTA BJÖRGUN ÍSLANDSSÖGUNNAR.**
**Lítil hersveit undir stjórn Einars Sigurðssonar bjargaði hátt í tvö hundruð aðframkomnum sjóliðum** eftir að kanadíski tundurspillirinn **Skeena**, strandaði við Viðey í foráttuveðri 25. október 1944.




# LEYNDARMÁL AFHJÚPAÐ!

Í þessari hörkuspennandi bók lýsir **Óttar Sveinsson því þegar Einar stóð hátt í tvær klukkustundir við klettana í sjó upp að höndum** og tók við skipbrotsmönnunum þegar þeir voru dregnir í land. **21 sjóliða rak í óveðrinu 8 km frá skipinu** upp í Kollafjörð þar sem þeir fundust í birtingu. **Þennan morgun vann heimilisfólkið á Mógilsá og breskur hermaður þrekvirki við lífgunartilraunir. Í bókinni eru nákvæmar lýsingar skipbrotsmanna og björgunarmanna.**

**Hér varpa einstakar frásagnir Kanadamanna og Íslendinga nýju ljósi á björgunar- og hermálasögu Íslands með lýsingu á einum örlagaríkasta atburði stríðsins hér á landi.**



Georg VI Englandskonungur sæmdi Einar Sigurðsson MBE-orðunni fyrir hans þátt í björguninni.



**Spennuþrungnar Útkallsbækur Óttars Sveinssonar koma nú út í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Danmörku og Hollandi. Þær hafa verið kvikmyndaðar bæði vestanhafs og í Evrópu.**

ÚTKALL
Sími 562 2600




# KONUBÓKIN

**ÞESSI METSÖLUBÓK ER SNIÐIN** að hormónabúskap, efnaskiptum og lífeðlisfræðilegum þörfum kvenna.

**Dr. Pamela Peeke** studdist við nýjustu rannsóknir þegar hún lagaði aðferðirnar í Líkami fyrir lífið **algjörlega að konum**.

Fjallað er um aðferðir í **mataræði** og **þjálfun** líkama og **hugar** sem gera konum kleift að grennast og gjörbreyta líkamlegu ásigkomulagi á aðeins tólf vikum og síðan varanlega. Pamela útskýrir hvernig **jafnvægið milli æfinga og næringar skiptir mestu**. Á öllum aldri.

- Ótrúlegar „**fyrir og eftir myndir**“ ásamt vitnisburði kvenna.
- **Spurningar og svör**: Kafli sem svarar spurningum þínum um mataræði og æfingar.
- **Yfir 100 myndir sem sýna æfingar**.
- Aðferð Dr. Pamelu Peeke **hjálpar öllum konum að ná toppárangri** á mismunandi aldurskeiðum.

**Dr. Pamela verður í World Class í Laugum laugardaginn 19. nóv., kl. 10 til 16. Hún heldur fyrirlestur kl. 14 til 15. Frír aðgangur fyrir alla.**
Upplýsingar í síma 553 0000.

**„Loksins er komin lífstílsbók þar sem æfingaáætlanir og mataræði miðast við þarfir og líffræði kvenna.“**
**Dísa í World Class**

ÚTKALL
Sími 562 2600


30–90%
Auður Eir
SÓLIN KEMUR ALLTAF UPP Á NÝ
2.793kr
Bókatíðindaverð 3.990,-
30%* afsláttur
ARNALDUR INDRIÐASON
VETRARBORGIN
3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
30%* afsláttur
4.193kr
Bókatíðindaverð 5.99
30%* afsláttur
EINAR KÁRASON
JÓN HALLUR STEFÁNSSON
KROSSTRÉ
2.996kr
Bókatíðindaverð 4.280,-
30%* afsláttur
Með lífið að láni
1.999kr
Fíasól í hosíló
1.743kr
Bókatíðindaverð 2.490,-
30%* afsláttur
STEIN HJARTAÐ
1.944kr
Bókatíðindaverð 2.99
35%* afsláttur
Þráinn Bertelsson
VALKYRJUR
3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
30%* afsláttur
JPV
Formúla 1
490kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
90%* afsláttur
ROKLAND
HALLGRÍMUR HELGASON
3.280kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
30%* afsláttur
JEFF LINDSAY
DEXTER Í DIMMUM DRAUMI
2.786kr
Bókatíðindaverð 3.980,-
30%* afsláttur
* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.
Gildir til 21. nóvember eða á meðan birgðir endast.

# afsláttur af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar




3.486kr
Bókatíðindaverð 4.980,-
30%* afsláttur

Kristján Hreinsson áritar í dag í Kringlunni frá kl.16-18




2.996kr
Bókatíðindaverð 4.280,-
30%* afsláttur




3.276kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
30%* afsláttur




3.136kr
Bókatíðindaverð 4.480,-
30%* afsláttur




3.003kr
Bókatíðindaverð 4.290,-
30%* afsláttur



4.990kr
Bókatíðindaverð 12.980,-
62%* afsláttur




3.283kr
Bókatíðindaverð 4.690,-
30%* afsláttur




2.793kr
Bókatíðindaverð 3.990,-
30%* afsláttur




3.493kr
Bókatíðindaverð 4.990,-
30%* afsláttur




6.986kr
Bókatíðindaverð 9.980,-
30%* afsláttur




3.136kr
Bókatíðindaverð 4.480,-
30%* afsláttur

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Svona erum við

> Breytingar á afla íslenskra skipa í október milli áranna 2004 og 2005




Allar tölur eru í tonnum
Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** HVÍTUR FOSFÓR

# *Brunasárin éta sig inn að beini*

Frásagnir ítalska ríkisútvarpsins af notkun bandarískra hersveita á hvítum fosfór í sprengjuárásum í umsátrinu um írösku borgina Falluja hafa vakið athygli og óhug.

**Hvað er hvítur fosfór?** Fosfór er frumefni sem notað er við ýmiss konar efnaiðnað, til dæmis áburðarframleiðslu og sprengefnagerð. Hvítur fosfór er eitt þeirra forma sem fosfór tekur á sig og er notkun hans nær eingöngu bundin við hernað. Algengast er að hvítur fosfór sé notaður til að framkalla þykkan reyk sem hermenn geta falið sig í í átökum en efnið binst vatnsgufu í andrúmsloftinu mjög auðveldlega og því er skýið sem myndast hnausþykkt.

**Hvers vegna er notkun efnisins svona umdeild?** Notkun hvíts fosfór til reykframleiðslu er í sjálfu sér ekki svo skaðleg heldur þegar efnið er notað í sprengjur. Enda þótt eldfimi efnisins sé ekki eins mikil og napalms og skyldra efna brennur það nánast af sjálfsdáðum og er bruninn sérstaklega þrálátur og erfiður viðureignar.



Hann étur sig í gegnum húðina á afar sársaukafullan hátt og lýkur brunanum ekki fyrr en súrefni er uppurið, til dæmis þegar komið er inn að beini. Hvítur fosfór var notaður í þessu skyni í báðum heimsstyrjöldunum og á tímum kalda stríðsins var þessu rokgjarna efni margoft beitt. Bandaríkjamenn notuðu fosfórsprengjur í ríkum mæli í Víetnam og Saddam Hussein beitti þeim gegn Kúrdum á níunda áratugnum.

**Er notkun hvíts fosfórs bönnuð?** Alþjóðasáttmálar banna ekki notkun hvíts fosfórs sérstaklega. Hins vegar leggur alþjóðlegur vopnasáttmáli (CCW) frá árinu 1980 blátt bann við notkun eldsprengja og annarra rokgjarna efna gegn óbreyttum borgurum og í árásum á herlið sem er innan um borgara. Bandaríkin eru á meðal aðildarríkja sáttmálans en þau hafa ekki staðfest þann hluta sem fjallar um þessa tegund vopna.

## SPURT & SVARAÐ

KVIKMYNDAGERÐ



LAUFEY GUÐJÓNSDÓTTIR
Forstöðumaður
Kvikmyndamiðstöðvar Íslands

### *Orðin munu standa*

Menntamálaráðherra lofaði auknu fé til íslenskrar kvikmyndagerðar í ræðu sinni er Edduverðlaunin voru veitt á sunnudagskvöldið. Laufey Guðjónsdóttir er forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

**Hvernig viltu sjá útfærsluna á auknu fé til íslenskrar kvikmyndagerðar?** Við þurfum að tryggja að féð nýtist sem best inn í framleiðslu kvikmynda. Leiknar myndir eru kannski þær sem hafa setið lengst á hakanum með að fá aukin framlög úr kvikmyndasjóðnum.

**Vissir þú að til stæði að auka fjárframlög ríkisins til kvikmynda?** Ég vissi að búið væri að vinna heilshugar að því.

**Verður staðið við þetta loforð?** Alveg örugglega. Þorgerður Katrín færi ekki að segja svona nema til að standa við það.

# Átök um framtíð internetsins

**Aðgangur að upplýsingahraðbrautinni er viðfangsefni ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem nú fer fram í Túnis. Í gær tókst Bandaríkjamönnum að tryggja sér áframhaldandi yfirráð yfir mikilvægasta stjórntæki netsins, úthlutun léna, eftir þrýsting nokkurra ríkja um að SÞ færu með þau völd.**



**VAFRAÐ Á VEFNUM** Ýmis ríki hafa gagnrýnt að stjórn netsins skuli vera í höndum Bandaríkjanna. Þau ríki sem haldið hafa fram hörðustu gagnrýninni eru hins vegar þau sem helst beita þegna sína ritskoðun. NORDICPHOTOS/AFP

Heimsfundur upplýsingasamfélagsins (WSIS) hófst í Túnis í gær en á ráðstefnunni sitja yfir tíu þúsund fulltrúar, þar af fjörutíu þjóðarleiðtogar. Viðfangsefni hennar er að benda á leiðir til að bæta aðgang fátækari ríkja að internetinu en minnstu munaði að deilur um yfirráð yfir netinu yfirskyggðu þær umræður. Í gær náðist aftur á móti samkomulag um óbreytt ástand.

Þrátt fyrir vaxandi þrýsting á undanförnum árum hefur internetið, að minnsta kosti enn sem komið er, fengið að vaxa og dafna óhindrað. Frelsi hefur einkennt netið öðru fremur í stað reglugerða og tálmana sem annars setja svip sinn á samfélag þjóðanna í sívaxandi mæli. Deilurnar í tengslum við fund SÞ í Túnis snúast hins vegar ekki um hvort koma eigi upp einhvers konar netritstjórn heldur hvernig útdeilingu léna eigi að vera háttað og hverjir eigi að fara með það vald.

### Með lénin í hendi sér

Í dag er þetta hlutverka á hendi bandarískrar stofnunar sem nefnist því þjála nafni Internet Corporation for Assigned Names and Numbers, eða ICANN. Hún hefur höfuðstöðvar sínar í Kaliforníu og er stýrt af málsmetandi mönnum úr netsamfélaginu af ýmsum þjóðernum. ICANN er ekki rekin í hagnaðarskyni heldur sér hún, í umboði Bandaríkjastjórnar, um að útdeila IP-tölum og lénum og halda skrá yfir þau, bæði landslén á borð við is og dk og alþjóðalén eins og com og org. Þannig áformaði stofnunin til skamms tíma við að setja klámefni netsins undir lénið xxx en þeim fyrirætlunum hefur reyndað verið frestað um sinn.

Enda þótt verkefni ICANN séu einkum tæknilegs eðlis veita þau stofnuninni umtalsverð völd. Hún gæti til dæmis ákveðið að loka fyrir aðgang að tilteknum landslénum en vitaskuld hefur slíkt aldrei gerst. Þótt stofnunin hafi fengið sinn skerf af gagnrýni þykir hún samt almennt hafa farið með völd sín af ábyrgð og því hafa bandarísk stjórnvöld leyft henni að starfa óáreittri.

### Barist um netið

Sú staðreynd að Bandaríkjamenn ráða yfir eina eiginlega stjórntæki internetsins hefur sætt talsverðri gagnrýni og hafa ríkisstjórnir ýmissa landa bent á að eðlilegra sé að slík völd séu í höndum alþjóðasamtaka á borð við SÞ eða annarrar óháðrar stofnunar. Nú þegar starfsleyfi ICANN sé við það að renna út sé rétt að endurskoða þessi mál. Um þetta hafa staðið linnulausar deilur í tvö ár og í september bættist Evrópusambandið í hóp gagnrýnendanna. Bandaríkjamenn hafa aftur á móti staðið fast á þeirri skoðun sinni að breytingar á fyrirkomulaginu myndu draga úr tækniþróun og færa þeim ríkjum sem berjast gegn tjáningarfrelsinu ritskoðunarvopn í hendurnar.

Þessar áhyggjur Bandaríkjamanna eru réttmætar. Þau ríki sem andsnúnust eru áframhaldandi bandarískri stjórn á netinu eru lönd á borð við Íran og Kína en þarlend stjórnvöld reyna leynt og ljóst að koma í veg fyrir óhindraða netnotkun hjá þegnum sínum, auk þess að ritskoða aðra miðla miskunnarlítið. Kínverjar hafa, með hjálp fyrirtækja eins og Google og Yahoo, lokað á milljónir vefsíðna sem innihalda efni sem þeim er ekki þóknanlegt og yfirvöld í Teheran fylgjast grannt með netnotkun sinna þegna, allt í nafni íslam. Það skýtur hins vegar skökku við að mun auðveldara er að nálgast klámsíður í Íran en heimasíður þar sem ríkisstjórnin er gagnrýnd, að því er dagblaðið Independent hermir.

### Sættir náðust

Í gær tókst loks að miðla málum á þann veg að umboð ICANN verður endurnýjað og því verður stjórn netsins áfram um sinn í höndum Bandaríkjamanna. Til að róa óánægðu ríkin verður hins vegar settur á fót alþjóðlegur samráðsvettvangur þar sem ýmis mál sem snúa að netinu verða til umræðu, svo sem ruslpóstur, vírusar og tölvuglæpir. Ályktanir hans verða aftur á móti ekki bindandi.



**RÁÐSTEFNAN ÁVÖRPUÐ** Zine El Abidine Ben Ali, forseti Túnis, var á meðal þeirra sem ávörpuðu gesti WSIS-ráðstefnunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þar með er fulltrúunum 10.000 á WSIS-fundinum ekkert til fyrirstöðu að einbeita sér að því sem máli skiptir, að efla netnotkun í þróunarlöndunum en eins og sakir standa hefur aðeins brot af íbúum þeirra aðgang að netinu. Þinginu lýkur hins vegar í dag og því ríður á að nota tímann vel.



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveing@frettabladid.is

Skeifnasprettur
Hesta- og vörusýning




Dagskrá:

| | |
|---|---|
| Vörukynningar hefjast | 13:00 |
| Íslenski hesturinn – Topp Show | 14:00 |
| Sölusýning og tískusýning | 14:20 |
| Hestahnikkingar og nudd | 16:00 |
| Heitjárning | 16:30 |

Fyrirtækin sem kynna vörur og þjónustu eru:
Baldvin og Þorvaldur, Fóðurblandan, Hestar og menn, Hestvit, Hestar tímarit og vefur, Plastmótun, Ragnar Valsson, Susi Braun, Vís Agría, Ölfushöllin.

Hljómsveitin Síðasti sjens spilar á Ingólfscafé um kvöldið.
ATH! Happy hour milli 22:00 og 23:00.

# A

# K T U

# A L D R E I

## U N D I R Á H R I F U M !

UMFERÐARSTOFA VÍNBÚÐ

# Púlvinna að vera heimilislaus

**Hörður Karlsson er alsæll í Byrginu. Eftir fjölmargar fangelsisdvalir og þungar raunir heimilislauss fíkils er hann nú umkringdur náttúrufegurðinni í Grímsnesi og því sem honum er kærast.**

„Ég þakka Guði fyrir að hann hefur ekki farið út í neyslu, því þó hann sé ungur væri voðinn vís hefði ég ekki verið kominn í lag sjálfur,“ segir Hörður um son sinn Óðin Þór. Hann er fjórtán ára og býr með föður sínum í Byrginu.

Hörður var þó ekki líklegur til að verða að fíkli þegar hann var ungur drengur sem stundaði allar mögulegar íþróttir af miklu kappi. „Svo þegar ég varð fjórtán ára hætti ég alveg í öllu sporti og byrjaði að drekka. Svo þegar ég fór í fyrsta sinn upp á Litla-Hraun nítján ára gamall lærði ég á harðari efni og þar með hófst sú neysla.“

Hörður var heimilislaus í mörg ár og getur því útskýrt það hvernig flestir sem svo er fyrir komið geta orðið sér úti um húsaskjól. „Yfirleitt er það þannig að nokkrir heimilislausir taka sig saman og verða sér úti um efni sem oftast er keypt fyrir eitthvert þýfi sem dílernum hugnast. Svo er því veifað í fíkil sem á íbúð eða hefur yfir slíku að ráða og þá er díllinn sá: „Við höldum þér uppi á efnum en þú leyfir okkar að vera.“ Svo er haldið margra daga geim þar sem hinir heimilislausu hrúgast á einhvern einn. Þetta eru þessi partí sem löggan er að stoppa en ég veit ekki hvort hún áttar sig á því að megnið af liðinu er heimilislaust fólk. Svona gekk þetta fyrir sig hjá mér í mörg ár. Ég var einn af þeim sem voru á götunni en kom mér þó alltaf inn í hús og það er ein erfiðasta vinna sem ég hef tekið að mér, skal ég segja þér. Þetta er rosa púl því þú þarft alltaf að vera á tánum með alls konar reddingar. Enda var það ekki að ástæðulausu að ég var kallaður Höddi Karls - sem er líklegur til alls.

En þar er alveg grátlegt hvað maður er búinn að eyða miklu í þetta. Þegar ég var giftur tókum við hjónin það saman hverju við eyddum í dópneyslu á mánuði. Á þeim tíma vorum við þó bara róleg og fannst sem við værum varla að gera neitt en þegar það var tekið saman kom í ljós að við eyddum tæpri hálfri milljón í neyslu og þetta var árið 1996. Guð sé lof að ég er kominn hingað og hef frelsast og öll þessi fortíð er á bak og burt.“



**FEÐGAR Á GÓÐU RÓLI** Eftir að hafa gengið glapstigu meirihluta ævinnar er Hörður nú kominn á gott ról og býr nú í Byrginu með syni sínum Óðni Þór.

Heimili fyrir heimilislausa:

## Tveir í eigið húsnæði

Á síðustu þremur árum hafa tveir heimilislausir sem sóttu á náðir Samhjálpar náð slíkum tökum á lífi sínu eftir búsetu þar að þeir eru nú komnir í eigið húsnæði. Eins hefur einn núverandi íbúi hafið skólagöngu á ný.

Samhjálp rekur í samvinnu við Velferðarsvið Reykjavíkur heimili fyrir heimilislausa að Miklubraut 20 og búa þar átta einstaklingar. Neysla áfengis og fíkniefna er ekki leyfð í húsinu en það er ekki skilyrði fyrir búsetu að íbúarnir séu ekki í neyslu.

Þórir Haraldsson, umsjónarmaður heimilisins, segir að þörf sé á öðru slíku húsnæði því mikil eftirspurn sé eftir plássi.



**ANDRI ÞÓR VALGEIRSSON OG GUÐMUNDUR JÓNSSON** Það hefur gengið á ýmsu í lífi þessa unga manns en Andri vill nú fara að læra, taka bílpróf og gera þá hluti sem sautján ára strákar gera venjulega. Guðmundur stendur með honum þó á ýmsu hafi gengið frá því Andri kom í Byrgið.

MYND/EGILL BJARNASON

# Á samningi hjá drottni í baráttunni við djöfulinn

**Í Byrginu að Ljósafossi í Grímsnesi heyja menn baráttu upp á líf og dauða við fíknina. Guðmundur Jónsson forstöðumaður segir að um sextíu manns séu á biðlista eftir meðferð. Á tæpum tveim árum hafa 33 af þeim sem ekki komust til meðferðar horfið yfir móðuna miklu. Blaðamaður Fréttablaðsins tók nokkra baráttumenn tali.**

„Mitt líf var farið svolítið úr skorðum þegar ég kom hingað fyrir hálfu ári,“ segir Andri Þór Valgeirsson, sautján ára vistmaður. „Ég var farinn að nota fíkniefni daglega, aðallega að reykja hass og svo sterkara eins og e-töflur, kókaín og amfetamín um helgar eða bara þegar ég hafði efni á því. Þetta er náttúrlega allt mjög dýrt svo maður bara stal, braust inn og sveik. Svo ef ég gat komið mér í þær aðstæður að selja fíkniefni þá gerði ég það. Það er svolítið vinsælt núna hjá strákum á mínum aldri að fá efni lánuð og reyna að selja og ef það gengur vel getur þetta haldið áfram en annars er maður í vondum málum. Annars eru menn fljótir að flækjast í þetta, ég veit um fjórtán og fimmtán ára krakka sem voru aðeins byrjaðir að drekka en fóru svo strax í að sprauta sig, það er orðið svolítið mikið um það.“

### Stal hassi frá pabba ellefu ára

Andri var greindur ofvirkur og með athyglisbrest en aðstæður hans voru einnig afar erfiðar heima fyrir. „Mamma mín og pabbi voru bæði í neyslu og ég þurfti þess vegna að flytja frá þeim þegar ég var níu ára. Þá fór ég til ömmu og afa en hann var sjómaður og var lítið heima og amma var fyllibytta þannig að þetta var allt í kringum mig frá því að ég var lítill.

Ég var heldur ekki lengi að leiðast út í þetta því ég var aðeins tíu ára þegar ég fór á mitt fyrsta fyllerí sem reyndar endaði á spítala þar sem það þurfti að dæla upp úr mér og svo var mér haldið sofandi í sólarhring. Ellefu ára fer ég svo að stela hassi frá pabba mínum og þá hélt ég til með krökkum sem voru sextán eða sautján ára.“

### Leið aldrei vel

Langt er síðan Andri fann sterklega fyrir löngunninni til að snúa við blaðinu en baráttan er hörð þó vissulega sé róðurinn léttari eftir að honum bættist liðstyrkur frá almættinu. „Ég var búinn að fá nóg. Mér leið aldrei vel, alveg sama hversu mikið dóp maður átti eða með hverjum maður var eða hvað sem maður var að gera.

Ég leitaði mér víða aðstoðar, ég fór inn á Vog og á geðdeild en alltaf féll maður aftur. Svo kom ég hingað í Byrgið og þá kemur trúin inn í spilið sem vissulega hjálpar. Svo fór ég í bæjarferð og hitti fólk sem ég var í raun ekki tilbúinn til að hitta og þá féll ég en ég er staðinn upp aftur. Nú langar mig bara til að taka bílpróf, fara að læra og gera þessa hluti sem sautján ára strákar gera.“

### Svona hraustur strákur þarf ekkert á örorku að halda

Guðmundur Jónsson forstöðumaður segir að vissulega hafi verið minna um hörð efni hér á landi á árum áður en á móti kemur að fíklum buðust þá fá úrræði. Saga Magnúsar Einarssonar er gott dæmi um það. Fyrir átta árum sneri hann við blaðinu en þá var hann orðinn 48 ára.

„Ég byrjaði að drekka tólf ára og var orðinn dagdrykkjumaður um sextán ára,“ segir Magnús. „Svo lendi ég í bílslysi þegar ég er sautján ára og braut þá þrjá hryggjarliði og hlaut önnur meiðsl. Ég kunni hins vegar ekkert á kerfið en ég fór loks og bað um örorkubætur en fékk snögga afgreiðslu: „Svona hraustur strákur þarf ekkert á örorku að halda,“ var mér svarað og þar með var málið búið,“ segir Magnús og hlær að öllu saman.

### Er ekkert að borða hérna?

Eftir það hóst langur fíklaferill Magnúsar sem tók þó undarlegan endi. Guðmundur segir betur frá því: „Ég var búinn að fylgjast með Magga og spjallaði oft við hann til þess að láta hann vita af því að Byrgið væri úrræði sem byðist honum. Það var líka eitthvað við þennan mann sem heillaði mig, ég vissi að hann væri bófi en ég sá það fljótt að hann var heiðarlegur bófi,“ segir Guðmundur og brosir við.

„Svo var það eitt kvöld að Maggi er á ónefndum bar og ég vissi af honum þar. Ég bað þjóninn um að segja honum frá því að ég væri fyrir utan að bíða hans, sannfærður um að hann myndi koma. Svo kemur hann út, blindfullur náttúrlega, og ég segi „Ertu til í að skrifa undir þriggja mánaða samning við drottin?“ Hann svaraði „Nei, eitt ár.“ Síðan kom hann í Byrgið, svaf í þrjá sólarhringa, kom svo til mín og sagði „Hva, er ekkert að borða hérna?“

Samningurinn hefur svo verið framlengdur og nú eru átta ár liðin frá því drykkjan og dópið viku og drottinn kom.



FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is




Heimilislausir þrauka að meðaltali sjö ár á götunni:

# Örlög rúmlega tuttugu óþekkt

„Hér á Íslandi getur maður sem er á götunni þraukað í sjö ár að meðaltali,“ segir Guðmundur Jónsson, forstöðumaður Byrgisins. „Ef hann er geðsjúkur eða geðveikur á hann hins vegar varla nokkurn séns á að komast af nema nokkur ár. Ég gerði úttekt á þessu ásamt Ólafi Ólafssyni, fyrrverandi landlækni, og Guðmundi Jónssyni og frá því 1992 höfum við reynt að fylgjast með hópi fólks sem á við einhver geðræn vandamál að stríða og er í neyslu. Af 61 manns hópi er aðeins 21 sem ég veit að er örugglega á lífi, átján eru líklegast látnir en ekkert er vitað um örlög 22 úr þessum hópi. Svona gætir þetta samfélag nú að bræðrum sínum sem eiga við geðræn vandamál að stríða,“ segir Guðmundur þungur á brún. ■



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Forstöðumaður Byrgisins segir að af 61 manns hópi sem hann hafi fylgst með frá 1992 viti hann aðeins með vissu af 21 í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL


Canon
ÓMISSANDI Í JÓLAUNDIRBÚNINGINN
TILVALIÐ AÐ PRENTA ÚT JÓLAKORTIN MEÐ ÞESSUM HÁGÆÐA PRENTARA
CHROMALIFE 100
Ný tækni sem tryggir betri gæði á útprentun og myndirnar halda sömu gæðum í 100 ár
9600dpi UPPLAUSN
Ótrúleg upplausn sem ásamt PIXMA og FINE tækninni skilar einstökum ljósmyndagæðum
5 STÖK HYLKI
5 sjálfstæð blekhylki fyrir hámarksnýtingu allra lita og fullkomna ljósmyndaprentun
PRENTAR BEINT Á CD
Prentar í ljósmyndagæðum beint á geisladiskinn bara að stinga honum í CD bakkann
FULL BLÆÐING
Prentar í fullum gæðum út á jaðar pappírs allt að A4, prentar einnig sjálfvirkt báðu megin(Duplex)
HAGKVÆMUR
Hagkvæmur í rekstri enda er gott verð á öllu Canon bleki og stök hylki fyrir hvern lit
SKEMMTILEG GJÖF
Prentið jólakortin og myndirnar sjálf fyrir þessi jól. Skemmtileg persónuleg gjöf sem gleður.
EINSTÖK GÆÐI 9600 dpi
Prentar á geisladiska og prentar líka sjálfvirkt báðu megin á pappírinn (Duplex)
iP4200
VERÐ 14.900
CANON IXUS 55
Glæsileg og nett stafræn myndavél aðeins 140 gr.
5 Megapixla upplausn og vönduð 3x Optical Zoom linsa
Stór og skarpur LCD 2.5" litaskjár á baki
Tekur upp VGA myndskeið á 30fps í allt að 640x480
Hleðslurafhlaða og hleðslutæki fylgja ásamt hugbúnaði
VERÐ 49.900
CANON iP5200R
ÞRÁÐLAUST NETKORT
Styður Wi-Fi og Ethernet fyrir þráðlausa og netprentun
5 hylkja 9600dpi kerfi, mjög hagkvæmur í rekstri
Innbyggt þráðlaust netkort, prentaðu án snúru
Full blæðing á A4 í 9600x2400 punkta upplausn
30 bls á mínútu í svörtu og 24 bls á mínútu í lit
USB 2.0, Wi-Fi og einnig Ethernet tenging
VERÐ 24.900
CANON iP1600
4800x 1200dpi upplausn, full blæðing
ChromaLife100 fyrir meiri endingu
10x15cm kantlausar myndir á 70 sek.
Auðveldur í notkun og viðhaldi
VERÐ 6.990
CANON LiDE 60
48bita skönnun í 1200x2400 upplausn
QARE Level 3 ryk/rispu búnaður
Skannar beint í PDF skjöl
Straumur beint úr USB tengi
VERÐ 9.990
CANON LiDE 500F
48bita skönnun í 2400x4800 upplausn
Örþunnur, getur staðið á borði
Skannar 35mm filmur
Straumur beint úr USB tengi
VERÐ 17.900
CANON A410
3.2 MegaPixla myndavél
3.2x Optical Zoom linsa
Stór 1.5" LCD skjár á baki
Tekur upp myndskeið með hljóði
SD minniskort, USB og aðeins 150 gr.
VERÐ 19.900
Prentþjónn til að koma prentara á net
VERÐ 7.990
Fjölnotapappír, 500 bls A4, 80g
VERÐ 490
A4 Glossy Photo paper ljósmyndapappír
VERÐ 990
BCI-24, Svart blekhylki fyrir Canon prentara
VERÐ 890
Rafhlaða fyrir flestar Digital Ixus myndavélar
VERÐ 5.990
Lítill og nettur þrífótur fyrir flestar myndavélar
VERÐ 1.490
Utanáliggjandi Traxdata 11-in-1 minniskortalesari
VERÐ 2.990
512MB Secure Digital minniskort frá Corsair
VERÐ 4.490
Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og innsláttarvillur
TÖLVULISTINN
REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730
AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400
KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

## ÚTGJÖLDIN

> Verð á kíló á perum í ágúst
Miðað við verðlag á öllu landinu.




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

## NEYTANDINN: GÍSLI EINARSSON BLAÐAMAÐUR Á SKESSUHORNI

# *Kryddsíldin og húsið í Borgarnesi*



„Bestu kaupin sem ég geri reglulega er þegar ég kaupi kryddsíld af Lionsklúbbnum á Hofsósi. Þetta er einhver bragðbesta síld sem ég hef smakkað og ég kaupi hana í stórum fötum,“ segir Gísli Einarsson, blaðamaður á Skessuhorni og umsjónarmaður sjónvarpsþáttarins Út og suður í Ríkissjónvarpinu.

„En ef ég á að nefna bestu kaup sem ég hef gert fram að þessu á lífsleiðinni þá held ég að ég verði að segja að það sé húsið mitt í Borgarnesi. Þetta er efri hæð í 100 ára gömlu húsi sem var símstöð hér á árum áður og talið er að fyrsti símstrengurinn hafi verið lagður úr því og í pretssetrið á Borg á Mýrum. Ég festi kaup á þessu húsi fyrir fimm árum og fékk það á góðu verði, það hlýtur að hafa tvöfaldast í verði síðan þá,“ segir Gísli. „Vissulega hef ég lagt ýmislegt í húsið síðan ég keypti það eins og gengur og gerist þegar maður kaupir fullorðin hús.“

Þegar Gísli er spurður hver séu verstu kaupin sem hann hafi gert stendur ekki á svarinu.

„Ég hef gert mörg mjög vond kaup. Verstu kaupin gerði ég samt þegar var tvítugur. Þá keypti ég mér frekar dýran bíl, Ford Sierra. Þetta var kraftmikill og flottur bíll en það kom eiginlega allt fyrir hann. Ég þurfti að skipta tvisvar um vél og klessti hann tvisvar. Þessi bíll kostaði mig aleiguna á sínum tíma og þó að ég hafi náð að selja hann fyrir rest þá fékk ég ekki nema brot af því sem hann kostaði mig.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### LYKT Í FÖTUM

■ *Hjördís Edda Broddadóttir, framkvæmdastjóri Leiðbeiningarstöðvar heimilanna, er hálfgerð alfræðiorðabók í góðum húsráðum. Hún miðlar hér húsráði sem tengist ólykt af þvotti, því mikið er spurt um það hjá Leiðbeiningastöð heimilanna. Sjálf hefur hún notað það oft og hefur góða reynslu af því.*



„Gott er að nota efni sem heitir Rodalon og er sótthreinsandi og eyðir lykt, en hefur engin áhrif á litina í flíkinni. Setjið vatn í stórt ílát og blandið Rodaloni saman við. Setjið illa lyktandi þvottinn út í og látið liggja góða stund. Setjið síðan beint í þvottavél og þvoið eins og venjulega. Rodalon fæst í flestum lyfjaverslunum.“

■ **Hvað kostar... að hringja í 118?**

## Dýrast úr gemsa á kvöldin

Ef hringt er í símanúmerið 118 er yfirleitt kona sem svarar með orðunum „Já, 118“. Í þessu símanúmeri er hægt að fá upplýsingar um síma- og faxnúmer, nöfn, netföng, heimasíður og heimilisföng skráðra símnotenda. Þegar símaskráin er ekki fyrir hendi getur verið hentugt að hringja í þetta númer sem auðvelt er að muna. Ef aðstæður krefjast símanúmera í útlöndum er svo hægt að hringja í 1811, þar sem allir þjónustufulltrúar tala ensku og norðurlandamál, auk þess sem þar er starfsfólk sem talar frönsku, þýsku, spænsku og ítölsku. Kostnaður við að hringja í 118 er misjafn eftir því hvort hringt sé úr farsíma, eða heimasíma. Þá er einnig dýrara að hringja á kvöldin. Upphafsverð er alltaf 47 krónur. Dagtaxti, frá klukkan 08.00 til 19.00, er 49,90 krónur á mínútuna úr heimasíma en 59,90 úr farsíma. Kvöldtaxti er 69,90 á mínútuna ef hringt er úr heimasíma, en 79,90 úr farsíma. Ef beðið er um áframtengingu kostar það þrjár krónur ef svarað er og það kostar níu krónur að fá símanúmer sent með smáskilaboðum.



■ **Verslun og þjónusta**

## Sala á Malt-O-Meal stöðvuð

Neytendastofa hefur bannað frekari sölu á morgunkorninu Malt-O-Meal þar sem innflutningsaðila hefur ekki tekist að sanna fullyrðingar þær er fram koma í auglýsingum og á umbúðum vörunnar.

Varan er auglýst sem betri og ódýrari en sambærilegar vörur aðrar og settar fram aðrar fullyrðingar sem engin gögn styðja og því um brot á lögum um óréttmæta viðskiptahætti að ræða.

■ **Verslun og þjónusta**

## Neytendastofa vísar kæru frá

Neytendastofa hefur vísað frá kæru Harðviðar ehf. á hendur Sifjar ehf. vegna notkunar þess síðarnefnda á léninu hardvidur.is.

Var kæran lögð fram þar sem fyrirtækið Harðviður taldi sig eiga tilkall til lénsins á grundvelli þess að það heiti væri nátengt tilgangi félagsins. Á þessi rök féllst Neytendastofa ekki þar sem Sif ehf. stundar sams konar innflutning og sölu og Harðviður ehf.






**VINNUFATABÚÐIN** Engar vörur verðmerktar í gluggum en Hildur Símonardóttir, annar eigenda verslunarinnar, sagði það eingöngu af því að nýbúið væri að breyta útstillingum og eftir væri að verðmerkja. Alla jafna væri það gert.



**GLERAUGNASALAN** Allt verðmerkt og svo hefur verið í 20 ár meðan Helene Pálsdóttir hefur starfað þar. Um smávöru er að ræða en verðmerkingar snyrtilega fram settar og skyggja ekki á vöruna.

# Verðmerkingum á Laugavegi ábótavant

**Allmargar verslanir við Laugaveg verðmerkja ekki vörur í gluggum sínum eins og lög kveða á um. Ástæðurnar eru margvíslegar en fyrst og fremst að skipt sé svo oft um vörur í gluggum þessa dagana að það sé ekki heiglum hent.**

Talsvert vantar upp á að verslanir við Laugaveg í Reykjavík fari að settum reglum hvað varðar verðmerkingar í gluggum verslana.



**HJÁLMAR TORFASON GULLSMIÐUR** Vörur eru merktar en ekki þannig að viðskiptavinir sjái. Að sögn starfsmanns reyndist það ómögulegt. Vörurnar væru svo smáar að þær hyrfu bak við verðmerkingarnar og frá því hefði verið horfið.

Kveða reglurnar skýrt á um að öllum söluaðilum sé skylt að verðmerkja allar vörur og þjónustu með söluverði. Á það ekki síst við um vörur í verslunargluggum en mikið vantar upp á svo hafi verið á Laugaveginum við úttekt Fréttablaðsins.

Starfsfólk og eigendur verslana bera því við að þessi árstími sé sérstaklega slæmur hvað þetta varðar. Margir eigendur skipti um og breyti útstillingum sínum oftar á þessum tíma og fram að jólum en annars er eðlilegt og það geti útskýrt af hverju verðmerkingum sé áfátt. Aðrir seljendur smávöru hvers konar bentu einnig á að ekki væri auðvelt að verðmerkja margar slíkar vörur með góðu móti án þess að skyggja á vöruna sjálfa.

Aðrir voru þó á því að verðmerkingar í gluggum væru aðeins enn einn hluti af sjálfsagðri þjónustu. Góð tilboð í gluggum fengi fólk frekar inn í verslunina en ella og svöluðu forvitni allra þeirra sem leið ættu um á lokunartíma.

Fréttablaðið gerði svipaða könnun í Kringlunni fyrr í haust og reyndust verslanir þar að mestu hafa sitt á hreinu. Verið getur að verð og vörur breytist hraðar þegar líða fer að jólum og það hafi áhrif á samanburð þarna á milli. ■



**DIMMALIMM** Allar vörur í gluggum verðmerktar og sagði Þóra Björg Ágústsdóttir sem þar starfar að það hefði verið regla hjá versluninni frá upphafi að hafa slíkt því það væri ekkert annað en aukin þjónusta við viðskiptavininn.



**ALLT Í BLÓMA** Engar merkingar. Eigandi staðarins sagði fremur vilja sýna fallega útstillingu og í raun væri ekki mögulegt að verðmerkja svo vel færi.

Margir spara sér aurinn og bíða þess að nýjustu bækurnar komi á bókasöfnin:

# Stoppa stutt á söfnunum

Annir eru, sem aldrei fyrr, á bókasöfnum landsins þegar jólabókaflóðið hellist yfir með öllum þeim reka sem því fylgir. Nýjustu bækurnar eru keyptar inn um leið og þær koma út, en örfáir dagar líða þar til þær eru settar í útlán því skráning og frágangur taka sinn tíma.

Bókþyrstir þurfa annaðhvort að stóla á heppnina eða sýna þrautseigju til að komast yfir nýjustu bækurnar á næstu vikum því ekki er hægt að leggja inn pöntun á söfnunum. „Það verður ekki hægt að panta nýjustu bækurnar fyrr en eftir áramót,“ segir Erla Kristín Jónasdóttir, safnstjóri aðalsafns Borgarbókasafns Reykjavíkur. Þannig gefast öllum jafnir möguleikar á að sjá nýja bók á söfnunum, annars gengju þær bara á milli þeirra sem hafa pantað og væru aldrei inni.



Erla Kristín segir þær bækur sem eru vinsælastar af nýmetinu vera í stöðugu útláni langt fram á nýtt ár. „Og sumar stoppa aldrei á söfnum eins og til dæmis Arnaldur. Gömlu bækurnar hans sjást varla.“

Sumir þeirra sem ekki hafa þolinmæði til að bíða eftir nýjustu bókunum hafa komið sér upp öðrum siðum og eru ári á eftir í lestrinum. „Ég veit að margir kíkja eftir því í fyrra, nú eru þær á lausu,“ segir Erla Kristín. ■




# NFS NÝ SJÓNVARPSSTÖÐ Í LOFTIÐ Á MORGUN

## FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER 2005

| | |
|---|---|
| 07:00 | Ísland í bítið<br>Morgunþáttur í umsjá Heimis Karlssonar og Ragnheiðar Guðfinnu Guðnadóttur. |
| 09:00 | Fréttavaktin fyrir hádegi<br>Frétta-, þjóðmála- og dægurmálaþáttur í umsjá Lóu Aldísardóttur og Hallgríms Thorsteinssonar. |
| 12:00 | Hádegisfréttir<br>12:14 Markaðurinn<br>12:15 Íþróttafréttir<br>12:20 Veðurfréttir<br>12:28 Leiðarar dagblaða<br>12:40 Hádegisviðtal |
| 13:00 | Íþróttir<br>Íþróttaþáttur í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. |
| 14:00 | Hrafnaþing/Miklabraut<br>Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar (þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga).<br>Miklabraut er í umsjá Sigurðar G. Tómassonar (mánudaga og miðvikudaga). |
| 15:00 | Fréttavaktin eftir hádegi<br>Frétta-, þjóðmála- og dægurmálaþáttur í umsjá Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur og Þorfinns Ómarssonar. |
| 18:00 | Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður<br>18:00 Fréttayfirlit<br>18:02 Ítarlegar veðurfréttir<br>18:12 Íþróttafréttir<br>18:30 Kvöldfréttir NFS<br>18:54 Ísland í dag<br>19:30 Yfirlit frétta og veðurs |
| 19:35 | Kvölddagskrá<br>Samantekt frá því fyrr um daginn. |
| 20:10 | Endurtekinn íslenskur fréttaþáttur frá liðinni helgi. |
| 21:10 | 48 Hours<br>(Out Of The Shadows)<br>Bandarískur fréttaskýringaþáttur. |
| 22:00 | Fréttir, íþróttir og veður |
| 22:20 | Samantekt af Fréttavakinni frá því fyrr um daginn. |

Fréttir og fréttayfirlit á heila og hálfa tímanum.

### HVAR SÉRÐU NFS?

- Á rás 6 á Digital Íslandi*
- Í beinni á visir.is

### MYNDLYKLAR

Þú færð stafrænan myndlykil í öllum verslunum Og Vodafone, Skífunnar og á áskriftardeild að Krókhálsi 6 í Reykjavík. Aðrir en áskrifendur geta fengið stafrænan myndlykil afhentan gegn 500 kr. leigugjaldi á mánuði í minnst þrjá mánuði.

digital ísland vísir

*Ef þú nærð ekki NFS á stafræna myndlyklinum ferðu í sjálfvirka eða handvirka leit á aðalvalmynd.

NFS ALLTAF, ALLS STAÐAR

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Sauðfjárbúskapur virðist vera að rétta úr kútnum.

## Viðreisn í sveitum landsins

Sauðfjárbændur hafa um árabil verið ein helsta lágtekjustétt á Íslandi. Þeir stunda tímafreka og bindandi vinnu við afar erfið skilyrði. Launin hafa tæpast dugað til framfærslu fjölskyldu. Ofan á það bætist að þótt bændurnir framleiði einhverja hollustu og bestu neysluvöru þjóðarinnar hefur þjóðfélagsumræðan um atvinnugreinina og landbúnað í heild verið neikvæð. Margt af gagnrýninni hefur að vísu verið réttmætt – og raunar fremur beinst að ríkisvaldinu en bændum – en framhjá því verður ekki horft að bændastéttin hefur tekið þetta til sín og inn á sig. Umræðan hefur skapað letjandi og jafnvel þrúgandi andrúmsloft í kringum sauðfjárbúskapinn og lífið í sveitunum.

*Velta sauðfjárbúanna verður kannski aldrei mjög mikil þannig að bændur verði hátekjustétt, en hún verður að komast á það stig að atvinnugreinin verði lífvænleg og kjörin viðunandi.*

Í þessu ljósi eru þær uppörvandi fréttirnar af stöðu sauðfjárræktar á Íslandi sem birtust í gær í Markaðinum, sérriti Fréttablaðsins um viðskipti. Hagur sauðfjárbænda virðist smám saman vera að batna í kjölfar hagræðingar hjá sláturhúsum, stækkunar meðalbúsins og áframhaldandi tæknivæðingar. Aukin eftirspurn eftir sauðfjárafurðum hefur síðan leitt til verðhækkana til bænda. Að vísu er enn borgað með atvinnugreininni úr ríkissjóði, þrír milljarðar á ári, en opinberir styrkir til landbúnaðar hafa þó dregist saman á undanförnum árum auk þess sem nýting þeirra hefur batnað. Sem stendur sjá menn kannski ekki fyrir sér að sauðfjárbúskapur geti staðið á eigin fótum, en vel má vera að það breytist þegar fram líða stundir. Í því sambandi er rétt að benda á hinar miklu breytingar sem orðið hafa á fjárhagslegum aðstæðum mjólkurbúskapar hér á landi. Mjólkurkvóti gengur nú kaupum og sölum sem hefðu þótt ótrúlegar fréttir fyrir ekki mörgum árum.

Í fréttaskýringu Markaðarins í gær er haft eftir Jóhannesi Sigfússyni, formanni Landssambands sauðfjárbænda, að ekki séu forsendur til að lifa eingöngu af fjárbúskap nema vera með 500 fjár eða fleiri. Núverandi meðalbú með um 300 fjár þarf því að bæta sig talsvert. En Jóhannes segir að fleiri en áður séu farnir að líta á sauðfjárbúskapinn sem alvöru atvinnugrein og það er auðvitað framfaraspor.

Velta sauðfjárbúanna verður kannski aldrei mjög mikil þannig að bændur verði hátekjustétt, en hún verður að komast á það stig að atvinnugreinin verði lífvænleg og kjörin viðunandi. Það mun duga til að halda búskapnum við – og þar með hinum dreifðu byggðum – enda er ástæðan fyrir því að bændur stunda sauðfjárrækt þrátt fyrir erfið skilyrði ekki bara sú að þeir séu fastir á sínum heimaslóðum og geti ekki brugðið búi; þetta er líka val þeirra – þetta er gefandi atvinna fyrir þá sem vilja vera í tengslum við náttúruna og í hæfilegri fjarlægð frá ýmsum fylgifiskum þéttbýlismenningar. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ábyrgastir**

Torfi Kristjánsson viðskiptafræðingur fjallar um vaxtahækkun Landsbankans á vefritinu Deiglunni í gær. Hann talar um Landsbankannn sem „ábyrgasta banka landsins“ og segir að gera megi ráð fyrir að draga muni úr þenslu á markaði ef áframhald verður á því að aðilar hans hækki húsnæðisvexti sína til einstaklinga. Torfa finnst forvitnilegt, „að einkafyrirtæki sýni fyrirhyggju á meðan að sjóður í eigu ríkisins hugsi nánast eingöngu um samkeppni, en ekki þróun á markaði og stöðugleika í efnahagslífinu“.

**Synjunarvaldið**

Björn Bjarnason flutti erindi í stjórnmálaskóla Sjálfstæðisflokksins á þriðjudaginn. Hann segir á vefsíðu sinni að hann hafi m.a. rætt um „þann einstæða atburð, þegar Ólafur Ragnar Grímsson beitti synjunarvaldinu á fjölmiðlalögin“. Björn minnir á að á landsfundi Sjálfstæðisflokksins hafi verið samþykkt að afnema synjunarvaldið. „Það sé miklu nær að hafa ákvæði í stjórnarskrá, sem mæli fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslu og geri ráð fyrir því, að ákvörðun um hana hafi aðdraganda sem byggist á gegnsæi og umræðum, en byggist ekki á því, að tekin sé ákvörðun fyrirvaralaust og án alls efnislegs rökstuðnings og ekki sé unnt að ræða hana, þar sem ákvörðunin sé tekin af þeim, sem sé ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum og friðhelgur. Erfitt sé að átta sig á því, að stjórnarhættir af því tagi samrýmist kröfum um skýra ábyrgð á stjórnarathöfnum og þær byggist á augljósum rökum“, skrifar hann.

**Vandlifað**



DV slær því upp á forsíðu í gær að Elín Hirst, fréttastjóri Sjónvarpsins, og Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, sem lengi hefur verið talinn einn mesti valdamaður landsins, hafi fundað á veitingahúsi í vikunni. Af einhverjum ástæðum tengir blaðið þetta við útkomu bókar Jóns Ólafssonar. Elín upplýsir hins vegar að þau Kjartan hittist nokkrum sinnum í mánuði og hafi gert það í tuttugu ár. Varla er hægt að banna fólki að vera vinir, en veruleikinn er líklega sá að þessi nánu tengsl hafa orðið kveikja að tortryggni gagnvart fréttaflutningi Sjónvarpsins. Það getur verið vandlifað í litlu þjóðfélagi.

gm@frettabladid.is

## Smálandafræði og föðurlandsást

Í DAG
MANNFÆÐ Í LITLUM LÖNDUM



ÞORVALDUR GYLFASON

*Hefur aðild að Evrópusambandinu rýrt þjóðarvitund nokkurs núverandi aðildarlands? Kannast nokkur við það? Eru Svíar minni Svíar en þeir voru? Svarið er nei.*

Margir virðast halda, að Ísland sé stærra en það er. Á heimskortum virðist eldgamla Ísafold yfirleitt slaga hátt upp í Spán, þótt Spánn sé að flatarmáli fimm sinnum stærri en Ísland. Með líku lagi virðist Grænland á mörgum kortum nálgast gervalla Afríku að ummáli, en samt er Grænland í reyndinni minna en Súdan – já, Súdan! – að fermetratali. Mörg heimskort eru villandi vegna þess, að þau ýkja flatarmál landa nálægt heimskautunum. Ísland er í reyndinni miðlungsland, ef flatarmálið er haft til marks. Af öllum ríkjum heimsins, ríflega 200 talsins, eru um 100 minni en Ísland, og hin 100 eru stærri. Á mælikvarða mannfjöldans er Ísland samt klárlega smáland, en samt ekki dvergríki. Um 40 lönd eru fámennari en Ísland. Það er álitlegur hópur.

Sjálfstæðum ríkjum hefur fjölgað verulega síðan 1946, eða úr 76 upp fyrir 200. Þegar nýlendustefnan byrjaði að líða undir lok um og eftir miðja síðustu öld, hlaut sjálfstæðum ríkjum að fjölga. Í Afríku einni voru stofnuð 25 ný ríki frá 1960 til 1964. Hrun kommúnismans fjölgaði sjálfstæðum ríkjum Austur-Evrópu um tíu og Vestur-Asíu um sex. Helmingur allra ríkja heimsins er minni – þ.e. mannfærri en Danmörk með röskar fimm milljónir manna. Heimurinn er nú safn smáríkja, því að smálöndin eru svo mörg og stórveldin fá. Evrópusambandið er smáríkjasamband.

Skiptir stærðin máli? Mannfæðin er mesta félagsböl Íslendinga, sagði Einar Benediktsson. Hann og aðrir lögðu til, að Íslendingar flyttu inn erlent vinnuafl í stórum stíl til að stækka landið. Hugmyndin var þessi: það er engin leið að bjóða Íslendingum viðunandi lífskjör til langs tíma litið nema með því að fjölga þeim nóg til að ná því, sem eðlisfræðingar tóku síðar að kalla „krítískan massa“, og þennan krítíska fólksmassa töldu þeir liggja langt yfir 100 þúsund, sem var íbúafjöldi landsins 1925. Í Aþenu til forna bjuggu 200.000 manns, og þar var ýmislegt eins og það átti að vera. Feneyjar og Flórens blómstruðu á miðöldum með 115.000 og 70.000 íbúa, en þar bjuggu menn að vísu í alfaraleið ólíkt Íslendingum og gátu því leyft sér mannfæðina. Ísland þurfti á fleira fólki að halda til að bæta sér upp óhagræðið af smæðinni og fjarlægðinni frá öðrum löndum í öllu samgönguleysinu.

Innilokunarmönnum, sem lögðust af alefli gegn innflutningi erlends fólks á sínum tíma, var umhugað um þjóðernið, tunguna, menninguna. Þeir höfðu ekki gleymt því, að íslenzkan var beinlínis við dauðans dyr á 18. öld líkt og prússneskan gamla hafði áður verið og írskan var síðar. Nú er prússneskan dauð og grafin, en írskan komst af með naumindum og lifir enn sem opinber þjóðtunga Íra og frumtunga, en þó aðeins að nafninu til. Og íslenzkan er still going strong. Opingáttarmenn höfðu aðra sýn. Þeir litu svo á, að fjölgun mælenda íslenzkrar tungu um þúsundir eða jafnvel tugi þúsunda myndi efla þjóðarvitund okkar, metnað og menningu. Þeir litu á þjóðlega reisn og fólksfjölgun að utan sem falskar andstæður. Innilokunarmennirnir höfðu betur. Íslendingar hafa flutt inn tiltölulega lítið af erlendu fólki í tímans rás, en þetta hefur samt verið að breytast að undanförnu. Árið 2000 voru Íslendingar fæddir erlendis tæp 6 prósent mannfjöldans líkt og í Danmörku. Hlutfallið var um 2 prósent í báðum löndum 1960. Í Bandaríkjunum hækkaði hlutfall íbúa af erlendum uppruna úr 5 prósent 1960 í 12 prósent 2000.

Gamli ágreiningurinn um innflutning vinnuafls gengur aftur í umræðunni nú um kosti þess og galla fyrir Íslendinga að ganga inn í Evrópusambandið. Víglínurnar eru hinar sömu. Sumir líta út fyrir landið og áfram veginn og vilja, að Ísland stækki. Aðrir líta inn á við og aftur í tímann og vilja standa á varðbergi gegn erlendum áhrifum: þeir vilja, að Ísland haldi áfram að vera smáland. Enn aðrir vilja hvort tveggja og hugsa sér, að stækkun Íslands þurfi ekki endilega að tefla þjóðlegri sérstöðu okkar í tvísýnu. Hefur aðild að Evrópusambandinu rýrt þjóðarvitund nokkurs núverandi aðildarlands? Kannast nokkur við það? Eru Svíar minni Svíar en þeir voru? Svarið er nei. ■




MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

NÚ ER ÞAÐ ÓDÝRT!

# ÓDÝRAR, ÓSAMSETTAR INNRÉTTINGAR

## eldhús • bað • fataskápar • þvottahús



Horizon/3000
VERÐ FRÁ KR.
~~299.400~~
254.490

## 15% AFSLÁTTUR

### AF HORIZON/3000 – LÁRÉTT OG LÉTT

Ný hönnun frá HTH sem einkennist af fallegum ávölum gripköntum á skápum og skúffum. Innréttingarnar eru klæddar hvítri slitsterkri filmu og hönnunin undirstrikar fegurðina í einföldu samspili hvítra eininga og viðaráferðar. **Nú er einstakt tækifæri að eignast þessa glæsilegu innréttingu með 15% AFSLÆTTI.**

**Aðeins 15 innréttingar í boði.**
**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

**Líttu inn í HTH Smáralind og sjáðu úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.**



Dekor Hvid Bøg/0600
VERÐ FRÁ KR.
91.080



Dekor Kastanie/0800
VERÐ FRÁ KR.
186.100



**FRÍSTANDANDI FATASKÁPAR**
*Settu það saman* línan okkar hefur einnig að geyma frístandandi fataskápa í mörgum breiddum sem auðvelt er að setja saman á margvíslegan hátt. Þannig finnur þú ávallt það sem hentar þér.

Model 0600
VERÐ KR.
18.811



Smekklegt og hvítt.
VERÐ FRÁ KR.
189.900



VERÐ FRÁ KR.
156.020



VERÐ KR.
68.736



VERÐ KR.
59.330

## BJÓÐUM FRÁBÆRT ÚRVAL AF VÖNDUÐUM INNRÉTTINGUM Í ELDHÚSIÐ OG BAÐHERBERGIÐ ÁSAMT FATASKÁPUM Í SVEFNHERBERGI OG GEYMSLUR.

Enginn (eða mjög stuttur) afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.





Baðinnrétting
36.696

Á myndinni er eftirfarandi innifalið í verðinu: Skápar, borðplötur með vaski, spegill, og handföng. Verð á handklæðahengi, blöndunartækjum og ljósum er ekki innifalið. Öll verð eru með vsk.

Átta gerðir af skápahurðum á lager.
ATH!! Teikniforritið finnur þú á heimasíðu okkar: **www.gds-hth.dk**

***Settu það saman*** og notaðu afganginn í **AEG** eldhústækin!
**AEG** heimilstæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.




**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

**ORMSSON**

**ORMSSON · SMÁRALIND**

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18. Sími 530 2900

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# Lige som den Bjorgolfur, altso!

**UMRÆÐAN**
NORRÆNT MENNINGARSAMSTARF



**ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON**

Á nýliðnu þingi Norðurlandaráðs voru samþykktar grundvallarbreytingar á norrænu menningarsamstarfi. Ákveðið var að leggja niður á einu bretti miðstöðvar á sviði tónlistar, bókmennta, sviðslista og myndlistar sem um árabil hafa gegnt margvíslegum hlutverkum í norrænu menningarlífi. Þær hafa m.a. verið tengiliður norrænna listamanna og samstarfsvettvangur þeirra, auk þess að halda utan um stóran hluta norræna sjóðakerfisins. Þær hafa hver með sínum hætti verið nokkurs konar útverðir norræns menningarsamstarfs þar sem listamenn og fagmenn innan listheimsins geta treyst því að tungumál þeirra skiljist og jafnframt að unnið sé út frá þeim veruleika sem menningin er sprottin úr. Ekki út frá tilskipunum að ofan heldur lífrænu samspili menningar og samfélags á hverjum tíma.

Vissulega hefur misvel tekist til í starfinu hingað til og margt sem þarfnast endurskipulagningar eigi miðstöðvarnar að standa undir nafni. En hugmyndin er góð og hreint engin tilviljun: Með því að stofna slíkar miðstöðvar og setja þær í hendur fagmanna úr viðkomandi listgreinum hvarf fyrirgreiðslupólitík nánast úr sögunni og hægt var að byggja upp samfellu í starfi óháð duttlungum ráðamanna. Þar með var sömuleiðis hægt að byggja upp marktækan gagnabanka og aðgengileg tengslanet, byggð á virkum samskiptum og þeim veruleika sem menningin er samofin. Það hefði því verið ögrandi og jafnframt sjálfsagt verkefni fyrir Norrænu ráðherranefndina að endurskipuleggja þessar miðstöðvar í þeim tilgangi að gera góða hugmynd ennþá betri. Nýta það sem vel var gert í samhengi við nýjar vinnuaðferðir og breytt viðhorf.

**Sýndarsamvinna**

Undirritaður hefur, ásamt fulltrúum norrænna listbandalaga, fylgst með þessu ferli undanfarna mánuði, eða allt frá því Per Voetman, talsmaður nefndarinnar sem skipuð var til að endurskoða norrænt menningarsamstarf, kallaði okkur til fundar við sig í Kaupmannahöfn í júní síðastliðnum. Áður hafði hann heimsótt Norðurlöndin öll, kynnt tillögur nefndarinnar og kallað eftir ábendingum fagaðila. Og það vantaði ekki ábendingarnar. Á fundinum í Menningarráðuneytinu í Kaupmannahöfn var komið inn á ótal gagnrýniverða þætti í tillögunum. Ekki síst hvernig hið svokalla „armslengdar“ prinsipp, sem gengur út á að stjórnmálamenn séu ekki með puttana í faglegum úthlutunum, var þar þverbrotið. Í framhaldi af fundinum var skilað inn endanlegri greinargerð sem undirritað var af tugum fagfélaga og regnhlífasamtaka listamanna á Norðurlöndunum, þar sem allt kapp var lagt á málefnalega gagnrýni og raunhæfar tillögur til úrbóta svo hér yrði ekki til enn eitt menningarslysið vegna vanhugsaðra aðgerða yfirvalda.

Það er skemmst frá því að segja að þegar málið var lagt fyrir í sinni endanlegu mynd á þingi Norðurlandaráðs á dögunum, hafði ekkert breyst frá upphaflegum tillögum. Ekki hafði verið gerð ein einasta breyting byggð á ábendingum, gagnrýni og tillögum þeirra sem best til þekkja. Það hafði m.ö.o. ekki verið tekið tillit til eins einasta orðs af því sem norrænir fagmenn höfðu um málið að segja. Í stað þess að byggja upp var ákveðið að leggja niður. Það var, líkt og margt annað um þessar mundir, gert í nafni skilvirkni og einföldunar. Einföldun er það svo sannarlega, því samkvæmt nýju fyrirkomulagi mun einn sameiginlegur sjóður koma í stað allra miðstöðva og í hann munu listamenn og menningarstofnanir geta sótt, hafandi fyllt út viðeigandi eyðublöð. Úthlutanir verða í höndum stjórnmála- og embættismanna í sýndarsamvinnu við fagmenn í listum sem nýttir verða til friðþægingar eftir hentugleikum. Allt sem heitir upplýsingamiðlun um norræna menningu, gagnabankar, tengslanet og samstarfsvettvangur mun jafnframt heyra sögunni til og uppsafnaðri þekkingu gefið langt nef.

*Í stað þess að láta fagfólk og einstaklinga með reynslu af listsköpun í samtímanum um að vega og meta hvar fé nýtist best hverju sinni, hafa pólitíkusar ákveðið að taka málin í sínar hendur og hverfa þannig, ásamt embættismönnum sínum, áratugi aftur í tímann.*

**Aftur til fortíðar**

Með hreinni og klárri valdbeitingu hafa stjórnmálamenn hér með tryggt sér beinan aðgang að öllu því fjármagni sem veitt verður til norrænna verkefna á sviði tónlistar, bókmennta, sviðslista og myndlistar um ókomna tíð. Í því felst hin raunverulega „hagræðing“. Í stað þess að láta fagfólk og einstaklinga með reynslu af listsköpun í samtímanum um að vega og meta hvar fé nýtist best hverju sinni, hafa pólitíkusar ákveðið að taka málin í sínar hendur og hverfa þannig, ásamt embættismönnum sínum, áratugi aftur í tímann. Til fyrirkomulags þar sem listamenn og listnjótendur búa við geðþóttaákvarðanir einstaklinga sem virðast upplifa lista- og menningarstarfsemi sem illa nauðsyn og í besta falli sem nothæft kokteilboð í hinum eilífa kosningaundirbúningi sem líf þeirra er.

Sú aðferð sem hér er beitt til að tryggja valdhöfum „rétta“ útkomu, er á góðri leið með að yfirtaka alla stjórnsýslu. Stjórnmála- og embættismenn taka æ oftar einhliða ákvarðanir í málum sem þeir hafa litla sem enga reynslu af en setja síðan á svið eitthvert sjónarspil sem kennt er við samráð. Listamenn hafa ítrekað fengið að kynnst þessum leikaraskap að undanförnu og er skemmst að minnast forkastanlegra vinnubragða í kringum ráðstefnuhöllina sem kennd er við Tónlistarhús og nú síðast lokun Listdansskóla Íslands þar sem menn eru í báðum tilvikum að horfa upp á meingallaðar framkvæmdir. Þá fyrri litaða af sýndarsamráði við tónlistarmenn, þá seinni af yfirgangi ráðherra og síðan innantómum loforðum um samráð – eftir á.

**Smákóngar í ráðuneytum**

Blekkingarleikur stjórnmála- og embættismanna í nafni hins svokallaða lýðræðis sem heita á ríkjandi á Norðurlöndunum er orðinn ákaflega leiðgjarn svo ekki sé meira sagt. Það heyrir orðið til fágætra undantekninga að valdhafar telji sig í þjónustu þjóðar og hlusti eftir því sem þar er að finna, hvort sem er í formi málefnalegrar gagnrýni eða faglegra ábendinga þeirra sem best þekkja til. Það er líkast því að sú bylting sem orðið hefur í valdahlutföllum á undanförnum árum hafi vegið svo að áhrifamætti stjórnmálamanna að þeir leiti nú allra mögulegra og ómögulegra leiða til að gera sig gildandi.

Þetta nýjasta útspil; að opna fyrir bein afskipti yfirvalda af norrænni sköpun og liststarfsemi, ætti að gefa smákóngunum innan ráðuneytanna auknar vonir. Vísast kominn tími fyrir þá að setja teinóttu fötin í hreinsun, því framundan eru ótal flugeldasýningar og opnunarhátíðir stjórnskipaðra uppákoma sem menningardindlarstjórnsýslunnar geta baðað sig í sem persónulegir velgjörðarmenn og hálfguðir. Rétt eins og þeir væru sjálfur hundraðkallinn Björgólfur í ham. Verði þeim að góðu.

*Höfundur er forseti Bandalags íslenskra listamanna.*



# Þegar stórt er spurt...

UMRÆÐAN
ALÞINGI OG HÁSKÓLI ÍSLANDS



EVA BJARNADÓTTIR

*Eru stefnurnar málamiðlunarsúpa matreidd fyrir hvern sem vill smakka – eða er hún vel ígrunduð á grunni þeirrar hugmyndafræði sem flokksmenn og þingmenn standa fyrir, með stúdenta og framtíðarsýn að leiðarljósi?*

Fyrir um mánuði sendi Röskva öllum alþingismönnum bréf þar sem sýn Röskvu á háskólann og málefni stúdenta var lýst. Auk þess voru lagðar fyrir þingmennina fimm spurningar. Þeir voru spurðir um afstöðu þeirra til skólagjalda, fjöldatakmarkana, námslána, stúdentakjara á heilbrigðisþjónustu og hvort þeir hyggðjast beita sér fyrir því að flokkur þeirra móti sér heildstæða stefnu um fyrrnefnd atriði.

Skemmst er frá því að segja að aðeins einn þingmaður svaraði um hæl, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, og var svar hennar birt á heimasíðu Röskvu 13. október síðastliðinn. Þar vísar Ingibjörg á mennta- og menningarmálahóp Samfylkingarinnar og biður okkur að leita til þeirra með einstök málefni en bætir við að jafnframt komi það „þó auðvitað ekki í veg fyrir að einstakir þingmenn svari ykkur ef þeim sýnist svo“.

Eftir að hafa ítrekað gengið eftir svörum og boðið alþingismönnum til fundar bárust loks svör frá tveimur stjórnarandstöðuflokkanna, Samfylkingu og vinstri grænum, fyrr í vikunni. Þingmenn hinna flokkanna hafa enn ekki svarað spurningum Röskvu. Spurningarnar fjalla þó einvörðungu um málefni sem skipta stúdenta miklu máli. Má ótrúlegt telja að þingmenn hafi ekki velt þeim fyrir sér og sjái ekki ástæðu til þess að svara þeim, jafnvel þó að á eftir því sé gengið.

Tilgangur Röskvu með bréfsendingunni til þingmanna var ekki að kynna sér stefnur flokkanna í menntamálum. Þær þekkjum við vel og auðvelt er að nálgast slíkar almennar upplýsingar á heimasíðum flokkanna. Við vildum hins vegar vita hvort og hvernig þingmennirnir hugsa almennt um Háskóla íslands og hvort þeir hafi myndað sér skoðun á því hvernig eigi að taka á málefnum hans. Það dugir ekki að leggja til fína menntastefnu ef enginn áhugi er á að framkvæma hana. Eru stefnurnar málamiðlunarsúpa matreidd fyrir hvern sem vill smakka – eða er hún vel ígrunduð á grunni þeirrar hugmyndafræði sem flokksmenn og þingmenn standa fyrir, með stúdenta og framtíðarsýn að leiðarljósi?

Stór meirihluti þingmanna Alþingis er útskrifaður frá Háskóla Íslands. Sumir eru þakklátir fyrir að hafa fengið þetta einstaka tækifæri til menntunar, aðrir segja að eftir útskrift horfi hlutirnir öðruvísi við og skólagjöld séu orðin fýsilegri. Hvort heldur sem er telur Röskva að alþingismenn eigi að sýna þjóðskólanum og stúdentum sem þar nema áhuga og tilskylda virðingu með því að gera grein fyrir afstöðu sinni. Röskva stendur fyrir hádegisfundi í dag þar sem þingmenn munu sitja fyrir svörum um spurningar bréfsins.Fundurinn fer fram í Lögbergi og hefst klukkan 12.20.

*Höfundur er formaður Röskvu, samtaka félagshyggjufólks við HÍ.*

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Athugasemd

Undirritaður vill leiðrétta þær rangfærslur sem hafðar eru eftir Ólínu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, í Fréttablaðinu 11. nóvember en hún segir að Ingibjörg Ingadóttir kennari hafi ekki tilkynnt um veikindi fyrr en fjórum dögum eftir að veikindaleyfi hennar hófst. Hið rétta er að föstudaginn 23. september sl. fór trúnaðarmaður heim til skólameistara með læknisvottorðið og afhenti skólameistara það persónulega. Veikindaleyfi Ingibjargar hófst síðan mánudaginn 26. september.

**Tryggvi Sigtryggsson, trúnaðarmaður kennara í MÍ.**

## Halldór nýr Hermann

Það er kominn tími á að varnarliðið fari. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur sagt síðustu daga að varnarliðið megi fara. Við séum ekki að biðja það að vera hér áfram, ef það vill fara. Halldór gerist nú nýr Hermann Jónasson sem áður leiddi Framsóknarflokkinn og hélt virðingu Íslands í þorskastríðinu. Halldór á  að segja „herinn burt“. Þá verður Framsókn aftur með meira fylgi og stærri flokkur.

Hingað á í þess stað að bjóða fræðimönnum frá Bandaríkjunum á hverju ári til að ræða um stjórnarskrá Bandaríkjanna og lýðræðisgrunn hennar.  Anda hennar þarf að kynna og breiða út um heiminn allan  Svo væri til bóta að stofna hér víkingastofnun sem boðaði trú og anda hins frjálsa manns í öðrum löndum. Leifur Eiríksson steig sem landnemi og leiðtogi á land í Bandaríkjunum. Heiðra hann.

Háttsettur bandarískur hermaður svaraði aðspurður höfundi þessarar greinar að hlutverk sitt í heiminum væri að verja stjórnarskrá Bandaríkjanna og lýðræði hennar. Það væri hægt á víkingafundi á hverju sumri á  Þingvöllum þar sem boðaður væri friður án vopna og fangabúða. Þingræði í raun.

**Lúðvík Gizurarson hæstaréttarlögmaður.**









# Fordæmum pyndingar Bush stjórnarinnar

UMRÆÐAN
PYNDINGAR



HAUKUR LOGI KARLSSON

*Við getum ekki látið það óátalið að hluti af hernaðaraðgerðum sem ríkisstjórnin styður felist í að kæfa handtekna menn með plastpoka og birta myndir af stirðnuðum búk þess handtekna með glottandi böðlunum.*

Sífellt fleiri óhæfuverk Bandaríkjahers hafa komið upp á yfirborðið á síðustu mánuðum. Svo virðist sem bandarískir fjölmiðlar séu loksins að taka við sér og opna augun eftir að hafa gegnt lykilhlutverki í að sannfæra bandarískan almenning og fréttastofur Vesturlanda um réttmæti stríðsaðgerða síðustu ára eftir forskrift spunameistara Bush stjórnarinnar.

Uppljóstranir The Washington Post um leynileg fangelsi sem notuðu eru í þeim tilgagni að fela handtekna menn fyrir þeim sem eiga að fylgjast með að þeir hljóti mannsæmandi meðferð eru ekkert annað en skelfileg staðfesting á því sem marga hefur grunað í nokkurn tíma. Viðbrögð Bandaríkjastjórnar eru athyglisverð. Neita tilvist slíkra fangelsa en fyrirskipa jafnframt rannsókn á því hver lak upplýsingunum um þau til blaðamanna The Washington Post. Í kjölfarið bárust fréttir í fréttaritinu Time af handtöku Manadel al-Jamadi, uppreisnarmanns sem talinn var tengjast sprengingum í Bagdad. Eftir að hafa verið yfirheyrður í 90 mínútur, í hinu alræmda Abu Ghraib fangelsi, var hann úrskurðaður látinn vegna köfnunar og af áverkum af völdum bareflis samkvæmt krufningarskýrslum sem blaðið hefur undir höndum. Síðar birtust myndir á netinu af hermönnum brosandi yfir líkinu. Leyniþjónustumaðurinn Mark Swanner sem yfirheyrði manninn kannast ekki við neitt og starfar enn fyrir CIA.

Við fréttir sem þessar, sem virðast byggðar á nokkuð áreiðanlegum heimildum, er ekki nema von að tvær grímur renni á þá sem stutt hafa einarðlega allar aðgerðir sem varða stríð gegn hryðjuverkum. Enda er svo komið að stjórnmálamenn í Bandaríkjunum eru loksins að vakna upp af þyrnirósarsvefni sínum gagnvart framgöngu hersins í Írak og víðar. Öldungardeildarþingmaðurinn John MCain, sem sjálfur var pyntaður í Víetnamstríðinu, lýsti því til dæmis yfir fyrir skömmu að pyntingar ættu ekki að líðast af hálfu Bandaríkjahers. Stjórnmálin eru komin heldur lengra í Bretlandi þar sem senn hyllir undir endalok ferils Tony Blair eftir að þingið hafnaði tillögu stjórnarinnar um að ganga á borgaraleg réttindi til varnar hryðjuverkum. Til marks um hversu úr takti við raunveruleikann forsætisráðherrann breski virðist orðinn lét hann hafa eftir sér að það væri í góðu lagi að tapa atkvæðagreiðslu ef maður hefði góðan málstað. Málstaður sá að heimila fangelsun fólks án sérstakrar ástæðu í allt að þrjá mánuði.

Út af standa viðbrögð Íslendinga við göslaralegri framgöngu haukanna í Washington. Við getum ekki látið það óátalið að hluti af hernaðaraðgerðum sem ríkisstjórnin styður felist í að kæfa handtekna menn með plastpoka og birta myndir af stirðnuðum búk þess handtekna með glottandi böðlunum. Er ekki kominn tími til þess að Íslendingar mótmæli með formlegum hætti við bandarísk stjórnvöld framgöngu þeirra í hryðjuverkastríðinu? Þögnin er ekkert annað en aumlegt samþykki við því að fótum séu troðin grunngildi vestrænna þjóða. Gildi sem hryðjuverkastríðið snérist upphaflega um að vernda fyrir óðum öfgamönnum.

*Höfundur er laganemi.*

# *Veitt of mikið fyrir 30 árum*

UMRÆÐAN
HNIGNUN ÞORSKSTOFNSINS



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

*Það er ekki hægt að líkja afrakstri fiskstofns við vexti á bankabók.*

Leiðari Fréttablaðsins þann 10. nóvember endurómar fullyrðingar Hafró um að veitt hafi verið umfram ráðgjöf í 30 ár. Nokkurs konar uppsafnaður vandi stjórnmálamanna og gráðugra sjómanna.

Það er ekki hægt að líkja afrakstri fiskstofns við vexti á bankabók. Það eru mjög vafasöm fræði að hægt sé að geyma fisk um árabil í hafinu og láta hann vaxa. Vöxtur einstaklinga hlýtur að fara eftir fæðuframboði og fjölda einstaklinga sem eru í samkeppni um fæðuna.

Þetta er álíka og ef að einhver bóndi léti sér detta í hug að slá annað hvort ár og fá sama heyfeng og slægi hann árlega. Ekki er bóndanum heldur straffað ef hann slær tvisvar, sprettan árið eftir verður sú sama, ef ekki meiri, minni sina og grasið tekur fyrr við sér.

Þá myndi bóndanum þykja fjarstæðukennt að kenna afa sínum um lélega uppskeru, en gamli maðurinn var vanur að slá niður í rót.

Það verður að skoða rök Hafró um umframveiði í þessu ljósi: Þeir kenna uppsafnaðri veiði umfram ráðleggingar, takið eftir umfram ráðleggingar, vera orsök minni þorskstofns nú. Í sjálfu sér er það alger líffræðileg della að rekja afrakstur Íslandsmiða nú út frá meintri umframveiði fyrir mörgum áratugum síðan. Miklu nær væri að líta til þeirra skilyrða sem nú eru í lífríkinu og samspils fæðuframboðs vaxtar.

Staðreynd málsins er hins vegar sú að 1983 lögðu þeir til að dregið yrði úr afla, frá 300 þúsund tonnum í 200 þúsund tonn til þess að koma í veg fyrir hrun þorskstofnsins, en aflinn hafði þá minnkað úr 480 þúsund tonnum 1981 eftir að farið hafði verið að ráðleggingum Hafró um stækkun möskva til að auka nýtingu stofnsins, leyfa fiskinum að vaxa eins og sagt var.

Þegar ráðlegging um stækkun möskva hafði brugðist, vegna þess að fæðuframboðið stóð ekki undir aukinni friðun, fiskurinn léttist og féll úr hor, hljóðaði ráðgjöfin upp á frekari aflasamdrátt.

Allir vita hvernig komið er, aflinn er um 200 þúsund tonn, nokkuð sem þótti arfaslakt þegar lagt var af stað með ráðgjöfina. Nú, 23 árum seinna, er nýjasta og frumlegasta ráðgjöfin: Veiða minna því of mikið hefur verið veitt undanfarin 30 ár!

Haldinn er fundur þar sem valdir erlendir valinkunnir sérfræðingar eru látnir taka undir splunkunýja ráðgjöf sem er að veiða enn minna. Hvernig ætli fjárstofn og beitarlönd litu út hjá bónda sem hætti að slátra í nokkur ár?

Ein röksemdin er sögð vera hnignun „þorskstofnsins sé ekki sér íslenskt fyrirbrigði því víða er svipað ástand þorskstofna og hér, og sums staðar jafnvel mun verra". Hvernig væri að snúa röksemdafærslunni við og segja: Alls staðar þar sem reynt hefur verið að byggja upp þorskstofna með því að draga úr veiðum er niðurstaðan á einn veg: Afli hefur minnkað og stofnarnir mælast miklu minni né en þegar lagt var af stað í uppbyggingu með friðun.

Þetta á við um Norðursjóinn þar sem þorskafli er orðin sáralítill, enda búið að farga flotanum, írska hafið þar sem afli hefur fallið úr 15 þúsund tonnum í 3 þúsund tonn eftir um 20 ára niðurskurð samkvæmt ráðgjöf Alþjóða Hafrannsóknarráðið og allir þekkja Kanadadæmið þar sem miðunum var lokað eftir nokkurra ára tilraunir með því að stunda sams konar kjörveiði, allt að ráðum fiskifræðinga.

Í lokin er rétt að nefna ástand þorskstofnsins í Barentshafi, en þar hefur það reglan að um áratuga skeið hefur verið veitt langt umfram ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins og virðist sem að þorskstofninn þar gefi gríðarlegan afla langt umfram væntingar og allar hrakspár.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins.*

## AF NETINU

### Stórmerkilegt

Það er auðvitað stórmerkilegt að í yfir þúsund ár hefur íslenski heimiliskötturinn undantekningarlítið farið frjáls ferða sinna inn og út úr híbýlum manna í góðu samkomulagi við heimilisfólk sitt. Hann hefur haft sína hentisemi en um leið bægt frá meindýrum á heimilum og útihúsum. Því til viðbótar er hann þeim sem það líkar ómetanlegur félagsskapur. Betri ábreiða á köldum vetrarkvöldum en malandi heimiliskóttur er vandfundin.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Listin að selja sig

Að mörgu þarf að huga þegar kemur að því að þróa með sér fagmannlega framkomu, á vinnustað eða utan, en eitt af því almikilvægasta er að þykjast. Mæta á svæðið, sveittur og stressaður, en tala af öryggi og útgeislun og láta alla halda að þetta sé minnsta mál í heimi. Ná að sýna sinn heillandi innri mann og tala við hvern og einn í salnum eins og þetta séu einfaldlega samræður. Því að þetta er grundvallaratriði, hvort sem um er að ræða stjórnendur fyrirtækja eða fólk að mæta í atvinnuviðtal og hefur aðeins nokkrar mínútur til þess að koma sér á framfæri og selja sig.

**Guðrún Inga Torfadóttir á tikin.is**

### Amma í endurvinnsluna

Þegar enginn sýnilegur munur er á persónulegum bréfum og markaðsefni, mun það leiða til þess að við lesum markaðsefnið eða hættum við einfaldlega að gleðjast þegar okkur eru send persónuleg bréf? Munu bréfin frá Ömmu fara beint í endurvinnsluna, eins og kemur af og til fyrir tölvupóst sem drukknað hefur í spamflóði?
Og auglýsendur sérstaklega þurfa að spyrja sig: er ekki hætt við að svekktir neytendur beini viðskiptum sínum annað, einmitt vegna þess að tæknin virkar?

**Bjarni Rúnar Einarsson á hugsandi.is**

### Risaeðlur upp á punt

Birna Smith má trúa því að hún geti talað við stofnfrumurnar sínar og gert við DNA með heilun. En hún má ekki jafna þessum fjarstæðukenndu hugmyndum við vísindalega viðurkenndar aðferðir sem styðjast við rannsóknir. Vonandi hefur hún ekki heilaþvegið almenning með vitleysunni. Þá gætum við alveg eins gefið skynsemina upp á bátinn og trúað því að guð hafi skapað heiminn í sinni mynd og að beinagrindur risaeðlanna séu ekki tákn um þróun lífs á jörðu heldur bara... svona upp á punt.

**Sverrir Ingi Gunnarsson á djoflaeyjan.com**

*Góðan dag!*
Í dag er fimmtudagur 17. nóvember 321. dagur ársins 2005.




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**


Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Elín Edda í kimono sem er í stíl við Japansferð hennar í lok nóvember.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Svartur er leikhúsliturinn

***Leikmynda- og búningahönnuðurinn Elín Edda Árnadóttir klæðist oft svörtu þótt hún hafi líka gaman að litum. Hún er mikið fyrir framandlega skartgripi og fékk rússneska loðhúfu um daginn.***

Elín Edda Árnadóttir, leikmynda- og búningahönnuður, á mjög skemmtilega flík sem er henni kærkomin. „Þetta er hálfgerður kimono sem tilheyrir belgíska hönnuðinum Cora Kemperman. Flíkin er mjög japönsk og alveg í stíl við verkefnið sem ég er að fara í,“ segir Elín en hún er að fara í fjögurra vikna ferð til Japans í lok nóvember.

Einn litur er áberandi í klæðnaði Elínar. „Það fer ekkert á milli mála hjá vinum mínum og kunningjum að mér er tamt að vera í svörtu. Ég hef verið viðriðin ballett og leikhús frá því að ég var lítil stúlka og svartur má segja að sé dálítill leikhúslitur. Það þýðir samt ekki að ég sé litafælin, ég hef til dæmis gaman að rauðum, gylltum og hvítum,“ segir Elín en fleira er áberandi í klæðnaði hennar. „Ég hef rosalega gaman að fylgihlutum. Ég er ekki hefðbundin skartgripamanneskja heldur vel ég mér oft eitthvað svolítið framandlegt. Svo hef ég gaman af fallegum loðhúfum. Mér var til dæmis gefin rosalega flott, rússnesk loðhúfa um daginn,“ segir Elín sem kveðst vera frekar vanaföst og eiga fötin sín lengi.

Blaðamaður er forvitinn um ferðalag Elínar til Japans. „Við köllum þetta Legend of Icelandic Music þar sem við munum fara með þjóðararfinn og bera á torg í fimmtán japönskum borgum í tónlist og mynd,“ segir Elín. Verkefnið sem heitir Áróra Bórealis er samvinna fimmtán listamanna, meðal annars söngvara, hljóðfæraleikara og dansara. Elín mun hanna búningana í verkinu og segir hún þá hafa skírskotun í íslenska þjóðbúninginn. Forvitnir geta séð brot úr verkinu ásamt dansverkinu Von í Íslensku óperunni um helgina en þá verða bæði verkin frumflutt.


mariathora@frettabladid.is


## LIGGUR Í LOFTINU

**[ HEILSA-TÍSKA-HEIMILI ]**

**URKÍ** eða Ungmennadeild Rauða kross Íslands fagnar tuttugu ára afmæli sínu laugardaginn 19. nóvember næstkomandi. Þann dag verður starfsemi deildarinnar kynnt í Kringlunni og þangað eru að sjálfsögðu allir velkomnir til að fræðast um starfsemina. Hátíðin hefst klukkan 14 í Kringlunni. Þar verða helstu verkefni hreyfingarinnar kynnt og önnur verkefni rifjuð upp með myndböndum. Einnig mun skyndihjálparhópurinn verða á staðnum til að sýna réttu handtökin. URKÍ verður í Kringlunni milli tvö og fimm.

**Söstrene Grene** er þekkt dönsk verslunarkeðja sem rekur útibú um alla Danmörku. Annan desember verður opnuð 240 fermetra Söstrene Grene verslun á fyrstu hæð í Smáralind þar sem verða á boðstólum margvísleg búsáhöld, dúkar, föndurvörur, spennandi matvörur og ýmislegt annað áhugavert. Jafnframt býður verslunin vandaðar vörulínur fyrir listamenn. Ísland er fyrsta landið utan Danmerkur þar sem Söstrene Grene opnar verslun og eflaust bíða margir spenntir eftir því að komast í þessar skemmtilegu vörur.



**Beyoncé**, söngkonan sæta, kynnti nýja fatalínu sína, House of Dereon, síðasta þriðjudag. Vörumerkið er nefnt eftir ömmu söngkonunnar, Agnes Dereon, sem var saumakona sem sérsaumaði föt á valda viðskiptavini. Það er hinsvegar móðir Beyoncé, Tina, sem hannar fötin en hún hefur séð um fataskápa dóttur sinnar árum saman. Söngkonan er mjög stolt af móður sinni og ömmu og segir þær báða hafa búið yfir hæfileikanum að geta skapað ótrúlegar flíkur úr nánast engu. House of Deron mun framleiða hversdagsklæðnað, íþróttaföt og gallabuxur en líka loðfeldi, veski og skó. Hægt er að kíkja á hönnunina á heimasíðunni www.houseofdereon.com.




**Glæsilegir leðursófar**

***Terranova leðursófi*** *3ja sæta* kr. 114.400 • *2ja sæta* kr. 98.600



***Brúnn Bycast leðursófi*** *3ja sæta* kr. 110.800 • *2ja sæta* kr. 106.900 • *Stóll* kr. 72.900

LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is



**Loðkragar** eru bæði fallegir og hlýir. Það er ágætt að eiga að minnsta kosti einn loðkraga til að bregða um hálsinn þegar hvað kaldast er úti.


FLOTT NÁTTFÖT.

Buxur, hlýrabolur og flíspeysa.
Verð aðeins 3990.-

Mikið úrval af náttfatnði, sloppum og undirfötum.

Sjáumst!
Cos s. 588-5575, Glæsibær



Bómullarsatín og silki damask sett.

Ný munstur og nýjir litir.

VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is

Innigallar Heimagallar

Velúrgallar fyrir konur á öllum aldri
Stærðir frá 10-20

SNYRTIVÖRUVERSLUNIN GLÆSIBÆ
Sími: 568 5170

Flott föt á flotta krakka!



Du Pareil au même
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

LOPI
Uppskriftir og prjónar



Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími 552 1890
www.handknit.is



PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR
• GELNEGLUR
• HANDSNYRTING
• FÓTSNYRTING
• VAXMEÐFERÐIR
• ANDLITSBÖÐ
• LITUN OG PLOKKUN
• BRÚNKUMEÐFERÐIR
• HÚÐSLÍPUN
• SÝRUMEÐFERÐIR

15% AFSLÁTTUR EF PANTAÐ ER Í DAG 17. NÓVEMBER EÐA Á MORGUN 18. NÓVEMBER

SNYRTISTOFAN
salon ritz
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460




Friis Company. Bronslituð taska með bláleitu blómi framan á.

Friis Company. Armband með svörtum steinum.

Friis Company. Bronslitað seðlaveski í stíl við handtöskuna.

38 þrep. Perluhálsmen.

Friis Company. Gullitað belti með blómalaga sylgju, gulllitaðri með semelíusteinum.

# Leyfðu fylgihlutunum að njóta sín

*Tískan snýst ekki eingöngu um flíkur. Fylgihlutir eru nauðsynlegir til að gefa fallega heildarsýn og geta hjálpað til við að lífga upp á annars gamlar eða litlausar flíkur.*

Framboð á hinum ýmsu fylgihlutum er heilmikið í búðum í dag og því auðvelt að skreyta sig með fallegum skartgripum, töskum, beltum, klútum, hönskum eða öðru. Hægt er að hafa þema í valinu á fylgihlutunum eins og einn ráðandi lit. Hafið augun opin og gefið sköpunargáfunni lausan tauminn. Falleg taska og klassíkt belti geta fylgt þér lengi og gefið gömlum flíkum nýtt og ferskt yfirbragð.



Friis Company. Eplagræn leðurhandtaska.

Friis Company. Græn ullarslæða. Fæst í tveimur stærðum.

Friis Company. Dökkgrænir leðurhanskar.

Friis Company. Grænt hálsmen með stórum kúlum.

Friis Company. Grænt, blátt, bleikt og brúnt leðurseðlaveski.

Vera Moda. Ljóst leðurbelti með blómamynstri og gullsylgju.

Vera Moda. Ljós leðurtaska með rennilás.



Vera Moda. Brúnir ullarvettlingar með upphleyptu prjónamynstri og glitrandi rauðum þræði.

38 þrep. Hálsmen.

Vera Moda. Brúnleit slæða.

Vera Moda. Brúnt belti með fallegri rauðglytrandi blómasylgju.

Vera Moda. Dökkbrún leðurtaska með silfursylgju og kögri.

# Ódýrar merkjavörur fyrir fátæk börn

*Vogue hefur safnað fötum eftir ýmsa fræga hönnuði og mun halda söfnunarsölu í lok nóvember.*


Föt eftir Alexander McQueen eru meðal þess sem verður á sérstakri sölu í London.

Ritstjórar tímaritsins Vogue hafa hvatt til söfnunar til styrktar hjálparstarfinu í Pakistan. Þeir hafa beðið fræga og smekklega vini sína að gefa föt á sérstaka söfnunarsölu en meðal þess sem verður í boði eru föt frá YSL, Roland Mouret, Prada, Mulberry, Gharani Strok, Chanel, Burberry, Alexander McQueen, Matthew Williamson, Louis Vuitton og Alice Temperley ásamt mörgum fleirum. Peningarnir verða notaðir til að kaupa skjól fyrir munaðarlaus börn í Pakistan en þar mun verða mjög kalt í vetur. Salan verður haldin í London 29. nóvember og geta fataog merkjaóðir skellt sér í innkaupaferð þangað út og styrkt gott málefni um leið.

skótíska }

## Stígvél sem passa

SUMUM KONUN REYNIST ERFITT AÐ FINNA STÍGVÉL SEM PASSA

Margar konur upplifa það að passa ekki í föt sem hönnuð eru á íðilfagrar og súpergrannar fyrirsætur. Ekki hafa allar konur kálfa á við upphandlegg og reynist því erfitt að finna stígvél sem passa. Annaðhvort eru þau of þröng eða of víð og oft er það einskær heppni að finna fullkomnu stígvélin sem smellpassa. Breska keðjan Buckles & Bows er farin af stað með nýja hágæðalínu af stígvélum. Hönnunarlínan miðar að því að stærðin passi hverjum einstaklingi, óháð ummáls kálfans. Línan er fjölbreytt og endurspeglar nýjustu skótískuna í Evrópu en, sem eru bestu tíðindin, er örlítið ódýrari. Áhugasamir geta skoðað vefsíðuna www.bucklesandbows.co.uk og kynnt sér betur þessi skemmtilegu stígvél.







AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

allt
bílar
Alla laugardaga

TEXTÍLGALLERY

SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)
SÍMI 561 0847

TÍSKUVERSLUN

www.marialovisa.com
MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999


Náttföt
15% afsláttur á náttfötum til mánaðarmóta
Diza
Ingólfsstræti 6 • www.diza.is
opið 11-18 virka daga • 12-16 laugardaga




JAKKAFATADAGAR
Vönduð jakkaföt á frábæru verði



öll 4You jakkaföt
14.990
öll Parks jakkaföt
19.990
MAO flauelisföt
17.990
Tiger jakkaföt
25.990

skyrtur 2.990
bindi 2.990
Skór 6.990

Nýtt kortatímabil

opið í Kringlunni
til kl. 21:00

galleri sautján
Kringlunni - s.512 1750 Laugavegi - s.512 1717- www.ntc.is



















# Menningarleg tískusýning á Hönnunardögum

***Metnaðarfull og óvenjuleg tískusýning verður á Hótel Borg á sunnudaginn.***

Þrír hönnuðir standa fyrir metnaðarfullri og óvenjulegri tískusýningu á Hótel Borg næsta sunnudag. Auk tískusýningarinnar verður boðið upp á lifandi tónlist flutta af íslenskum kvenblásarakvintett og tónlist samin af Barða, sem löngum hefur verið kenndur við Bang Gang, mun einnig óma undir.

Listdans og kampavín verður á boðstólum en kynnir verður hin stórskemmtilega leikkona Brynhildur Guðjónsdóttir.

Hönnuðirnir þrír sem sýna munu föt sín eru þær Ásta Guðmundsdóttir og Ragna Fróða fatahönnuðir og skartgripahönnuðurinn Guðbjörg K. Ingvadóttir. Sýningin er í tengslum við hönnunardaga í Reykjavík en er sjálfstætt verkefni hönnuðanna þriggja.

Þær sýna það nýjasta og heitasta úr smiðju sinni og hafa þær fengið til liðs við sig úrval fagfólks á öllum sviðum. Auk þeirra sem þegar hefur verið minnnst á taka þátt þær Margrét Einarsdóttir stílisti, Fríða María Harðardóttir farðari og Dísa Andermann sem er framkvæmdastjóri sýningarinnar en hárgreiðslu módelanna annast starfsfólk Rauðhettu og úlfsins.

Hönnuðirnir þrír eru mjög þekktir allar. Ásta Guðmundsdóttir sem er þýskmenntaður hönnuður selur föt sín meðal annars í Kirsuberjatréinu. Fyrirtæki hennar er ásta créative chlothes og er staðsett á Laugavegi 25. 2004 var hún tilnefnd til Norrænu hönnunarverðlaunanna, Nordisk designpris.

Ragna Fróða rekur verslun að Laugavegi 28 þar sem hönnun hennar, sem ber merkið Path of Love er selt. Hún hefur tekið þátt í fjölda sýninga heima og erlendis.

Guðbjörg Kr. Ingvadóttir skartgripahönnuður er menntaður gullsmiður og skartgripahönnuður. Hún rekur fyrirtækið Aurum sem er í Bankastræti. Hún hlaut menningarverðlaun DV fyrir listhönnun 2001.

Tískusýningin hefst klukkan 15 en húsið opnar kl. 14.30.

Nánari upplýsingar um þessa hönnuði er að finna á heimasíðunum www.astaclothes.is, www.


Ragna Fróða hannar fallegar og líflegar flíkur.


Ásta Guðmundsdóttir hefur selt föt sín til ýmissa landa.


Skartgripir Guðbjargar Kr. Ingvadóttur hafa víða vakið athygli.




# Hannaðu þína eigin skó á netinu

***Á heimasíðu skófyrirtækisins Vans er hægt að hanna sína eigin skó og fá þá senda með póstkröfu.***

Vans skór hafa verið geysilega vinsælir hér á Íslandi um langt skeið, sérstaklega á meðal hjólabrettastráka og að sjálfsögðu stelpna. Vans-skórnir byrjuðu hins vegar fyrst að mala almennilega gull hér á landi fyrir um tveimur árum þegar klassísku óreimuðu strigaskórnir byrjuðu að seljast eins og heitar lummur. Skór með ýmsum munstrum eins og til dæmis köflóttu, hauskúpu og fleirum sjást víða en því miður er erfitt að fá skó sem enginn annar á og því ósjaldan sem hægt er að sjá fólk niðrí bæ í alveg eins skóm og maður sjálfur er í.

Til að leysa þennan vanda er hægt að fara á heimasíðu Vans og útbúa sína eigin skó þar. Reyndar er ekki hægt að hanna skóna frá grunni heldur er hægt að breyta lita- og munstursamsetningu að vild. Þannig getur maður rölt um alla heimsins bæi vitandi það að skórnir sem maður gengur í eru einstakir.


Búðu til þína einstöku skó á netinu.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

### Stella hjá H og M

Loksins, loksins! Fötin frá Stellu McCartney voru til sölu hjá H og M á fimmtudag og líklega mörg tískufríkin búin að bíða lengi. Þetta er nokkuð sem er í takt við tímann og er kallað „Masstige“ sem kemur úr mass (fjöldi) og stige í préstige (háklassi). Þessi merkjavara smellur því eins og flís við rass við tískuna. Unga fólkið í dag er mikið fyrir að blanda saman fínum merkjum og ódýrum varningi frá Zöru, H og M og fleirum. Til dæmis ódýrum gallabuxum eða toppum sem eru svo notuð með fínum beltum eða skóm frá tískuhúsunum.

Alla síðustu viku var starfsfólk H og M að koma fyrir gluggaútstillingum í búðunum og þannig var sköpuð eftirvænting. Viðskiptavinirnir gerðu ekki annað en að spyrja hvort þeir gætu keypt Stella McCartney-vörurnar fyrirfram sem auðvitað var ekki hægt. Það var svo eins og við manninn mælt, biðraðir fyrir utan H og M búðirnar á fimmtudagsmorgun en það voru aðeins fjögur hundruð af hinum fimmtánhundruð H og M búðum í heiminum sem fengu Stellu-vörurnar. Það tók ekki langan tíma að tæma búðirnar og mátti sjá í búðargluggum hjá H og M skrifað stórum stöfum „Stelluvörurnar uppseldar“. En þó að Stella McCartney sé þekktari fyrir að hanna heldur „þæga“ tísku og illar tungur hafi stundum sagt að hún hafi komist langt á frægð föður síns Pauls þá var auglýsingaherferð H og M fyrir tískulínu Stellu tengd hneyksli. Eftir að kókanínneysla fyrirsætunnar Kate Moss komst í hámæli var hún rekin frá H og M. Á síðasta augnabliki þurfti að endurhanna herferðina og hin nýja stjarna og uppáhald margra hönnuða, hin ítalska Mariacarla Boscono, fengin sem nýtt andlit H og M.

En það er ekki H og M sem á þessa hugmynd að fá frægan hönnuð til að hanna tískulínu. Fyrir tíu árum þegar smóking Yves Saint Laurent var á toppnum framleiddi hann fyrstur tískukónga smóking sem seldur var í pöntunarlista Redoute (svipað og Kays eða Quelle sem þið þekkið á Íslandi) á vægu verði og seldist hann upp á smátíma. Nú er það Jean Paul Gaultier sem mun hanna fyrir Redoute pöntunarlistann. Japanski hönnuðurinn Yamamoto hefur í nokkur ár hannað íþróttaskó fyrir Adidas þar sem Stella McCartney hefur reyndar sömuleiðis hannað íþróttaföt. Fyrir ári var það Karl Lagerfeld sem hannaði fyrir H og M. Þá voru víða raðir fyrir framan H og M búðirnar og fötin voru rifin út á nokkrum tímum svo lá við slagsmálum. Velta H og M hækkaði um 24 prósent þegar tískulína Lagerfelds kom í búðirnar. Sumar fíkurnar voru síðan jafnvel seldar á internetinu á uppsprengdu verði, ófáanlegar í búðum. ■


CHANEL DAGAR Í HYGEU VERSLUNUM
17. TIL 19. NÓVEMBER

Gréta Boða - Heiðar Jónsson og Hrafnhildur kynna það nýjasta

- CHANCE Edp - nýtt Eau de Parfume
- Micro Solutions - 3 nýjir andlitskúrar
- Ultra Correction Lip - nýtt varakrem
- Satin Smoothing Creme Compact - nýtt kökumeik með satin áferð
- Satin Smoothing Creme Concealer - nýr satinmjúkur hyljari




HYGEA snyrtivöruverslun — Kringlan • 533 4533
HYGEA snyrtivöruverslun — Smáralind • 554 3960
HYGEA snyrtivöruverslun — Laugavegi • 511 4533

OUTLET 10
RISA INNI-MARKAÐUR
AÐEINS ÞRJÚ VERÐ
500kr.- 990kr.- 1990kr.-
MERKJAVARA OG TÍSKUFATNAÐUR FRÁ VERSLUNUNUM:
galleri sautján CENTRUM SMASH gs skór retro Kultur focus COMPANYS eva Deres




MIKIÐ ÚRVAL
ÚLPUR
PEYSUR
BUXUR
BOLIR
SKÓR
HÚFUR
KJÓLAR
PILS

KOMIÐ VIÐ OG GERIÐ STÓRGÓÐ KAUP Á TOPPVÖRU

merki fyrir minna
s. 533 1710
www.ntc.is

OUTLET 10
FAXAFENI 10

opið
mán-fös 11-18
laugardaga 11-16

Húfur Verð frá 989.-
Margir litir.

4 dot...
Laugavegi 100, S. 561 9444
Hagkaupum Smáralind • Hagkaupi Skeifunni • Hagkaupum Kringlunni


Gisele Bundchen í jólalegum undirfötum.


Caroline Winberg í undirfötum með rússneskum hermannastíl.


Naomi Campbell með vængi.

# Hálfnaktar fegurðadísir

*Victoria's Secret hélt tískusýningu á dögunum. Þar komu fram margar af frægustu fyrirsætum heims í ýmiss konar skreyttum nærfötum.*

Hin árlega sýning Victoria's Secret var haldin í síðustu viku. Þar voru margar af frægustu fyrirsætum heims að sýna flottustu og dýrustu undirfötin.

Ricky Martin og Seal sungu fyrir áhorfendur og Karolina Kurkova, Tyra Banks, Heidi Klum, Gisele Bundchen voru meðal þeirra sem komu fram í klæðalitlum fatnaðinum.

Starfsmaður Victoria's Secret sagði að í fyrsta sinn sem þeir hefðuhaldið tískusýningu hefði reynst dálítið erfitt að finna fyrirsætur. Nú sé þessi sýning hins vegar svo eftirsóknarverð að hann muni ekki eftir einni einustu fyrirsætu sem hafi afþakkað boð um þátttöku í henni.


Sýningin var öll hin skrautlegasta.


Tyra Banks með merki Victoria's Secret – V.


Grófprjónuð derhúfa úr Monsoon á 2.500 krónur.

Loðkolla sem kostar 3.500 krónur í Spútnik.

Ljósröndótt húfa fyrir kvenþjóðina. Fæst í Monsoon á 2.500 krónur.

Kúluhattur úr 100% ull. Fæst í Centrum á 3.990 krónur.

# Hlýtt á kollinn

***Öll viljum við koma í veg fyrir að kuldaboli bíti eyrun okkar. Margt fallegt fæst til að skýla kolli og eyrum.***


Loðin eyrnaskjól sem kosta 1.899 krónur í Monsoon.

Þeim sem er kalt á höfðinu er kalt alls staðar. Þetta er mikilvægur fróðleikur nú þegar kólna tekur í veðri. Það þarf þó alls ekki að vera neitt neyðarbrauð að skella á sig húfu eða hatti til að koma í veg fyrir höfuðkulda. Úrvalið af þess konar fatnaði er nefnilega endalaust og mjög víða má finna eitthvað skemmtilegt. Allir ættu því að geta fundið sér höfuðfat við hæfi og, sem ekki skiptir síður máli, höfuðfat sem klæðir vel og heldur hita.


Fagurlega bleikur hattur með fjöðrum. Kostar 1.500 krónur í Spútnik.

Krúttleg húfa með blómi. Fæst í Monsoon á 1.250 krónur.

Skemmtileg skotthúfa frá Monsoon. Kostar 1.899 krónur.

Svartur hattur. Kostar 2.500 krónur í Monsoon.

Samkvæmisfatnaður
Nýjar vörur

Ceres
NÝBÝLAVEGUR 12,
KÓPAVOGUR
SÍMI 554 4433


VERÐHRUN VEGNA BREYTINGA!
3 VERÐ
700 kr
1.500 kr
4.000 kr
RÝMINGARSALA
ALLT Á AÐ SELJAST
Næs Grafarvogi
Foldatorgi
s. 577-4949



Hörkápa eftir þýskan prjónahönnuð. Hún fæst líka í svörtu. Verð 22.700 kr.

Pils og toppur úr brunakrepi, eftir ítalska hönnuðinn Baldino. Kostar saman 27.970 kr.

Skart eftir danska hönnuðinn Gretu Borg. Armbandið kostar 10.900 og hálsmenið 15.400 kr.

Fínflauelisjakki frá Sensa Donna á Ítalíu. Með hermannahneppingu og nettum spælum á öxlunum. Verð: 23.400 kr.

# Kvenfatnaður frá ýmsum löndum

***Verslunin Fataprýði í Glæsibæ selur vandaðan kvenfatnað og fylgihluti víða að úr Evrópu.***

Fataprýði er ein af rótgrónari tískuverslunum borgarinnar. Nýlega tók María Baldursdóttir snyrtifræðingur við rekstri hennar og hefur gert ýmsar breytingar í kjölfarið, bæði innanstokks og í innkaupum. María kveðst leggja höfuðáherslu á nýstárlegan fatnað frá þekktum hönnuðum á meginlandi Evrópu og kaupa inn fáar flíkur af hverri gerð „Yfirleitt kaupi ég líka aðeins eina til tvær í hverju númeri. Annars er ekkert gaman að þessu!“ segir hún brosandi. Fataprýði hefur verið í Glæsibæ í átta ár og er með mörg kunn fatamerki á boðstólum. Hún er þekkt fyrir að vera með föt í stórum stærðum en úrvalið hefur aukist með nýjum eiganda og fást nú föt í númerum frá 38 til 54-56. Verslunin býður einnig upp á skart frá Grete Borg og Petra Meiren, svo og franskar leðurvörur eins og töskur og veski frá Mulliéz og skinntöskur frá Nýja-Sjálandi.



Frönsk og frumleg taska sem fellur vel að líkamanum. Fæst á 17.900 kr.

Peysa samsett úr hinum ólíkustu efnum. Kemur frá Sita Murt á Spáni og kostar 15.900 kr.

## vesti }

# Sparivestin vinsæl

GÖMLU GÓÐU SPARIVESTIN NJÓTA MIKILLAR HYLLI.

Tískugárungar landsins og reyndar erlendis líka eru flestir sammála um þetta. Starfsmaður í herradeild hjá Sautján sagði að ef hann ætti að tala um eitthvað eitt sem einkenndi herratískuna þessa stundina þá væru það vestin. Starfsmenn annarra tískuvöruverslana taka í sama streng enda má finna slík vesti í öllum helstu tískuverslunum landsins. Vestin má nota hversdagslega og hátíðlega. Það þarf ekkert endilega að nota þær við skyrtur því léttilega má láta þau passa saman við bæði langerma- og stuttermaboli. Það er því ekkert sem segir lengur að það sé hallærislegt að klæðast vestum daglega, þvert á móti er það orðið að hátísku.














**Jólaskraut** má fara að setja upp fljótlega. Þeir sem ætla að föndra það sjálfir geta því farið að byrja á því. Það getur verið ágætt að dunda sér við það á kvöldin að búa til eitthvað fallegt til þess að skreyta heimilið með yfir jólin.





Á sýningunni verður margt að sjá sem prýtt getur heimilið.

# Hönnunarsýning Húsa og híbýla



Sýningin verður haldin í nýju húsnæði Laugardalshallarinnar.

***Í dag hefst sýning og fagstefna sem tímaritið Hús og hýbýli og Hönnunarvettvangur halda saman í Laugardagshöllinni. Samhliða sýningunni og fagstefnunni stendur Hönnunarvettvangur fyrir hönnunardögum sem haldnir verða víðs vegar um Reykjavíkurborg.***



Sýningin verður eingöngu ætluð fagfólki í dag og á morgun en á laugardag og sunnudag verður hún opin almenningi. Tilgangur sýningarinnar er að kynna helstu nýjungar í hönnun og innréttingum heimila á Íslandi. Framleiðendur, hönnuðir, verslanir og heildsalar munu sýna og kynna vörur sínar og þjónustu og fagfélög í hönnunargeiranum munu kynna starfsemi sína. Haldin verður hönnunarkeppni og gestir geta fylgst með ferli hönnunar frá upphafi til enda. Hönnuðir sem hafa ekki komið sér á framfæri hingað til verða með aðstöðu á sýningarsvæðinu þar sem þeir geta kynnt vörur sínar fyrir framleiðslufyrirtækjum, verslunum og almenningi. Hönnunarsýningin er fyrsti viðburðurinn sem haldinn er í nýrri Laugardagshöll og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þar sem nóg verður af skemmtilegum uppákomum ásamt margvíslegri hönnun. ■

Margvíslega sófa verður að finna á sýningunni í Laugardalshöllinni.



Hönnun Margrétar Guðnadóttur.


ALLT Í SKARTGRIPAGERÐINA.

Japanskar, tékkneskar og Swarovski gæða perlur og kristallar á góðu verði
Margir litir - margar gerðir.

Skartgripanámskeið

www.fondurstofan.is

Síðumúli 15, 2 hæð
s. 553 -1800
Opið virka daga 13 -18, laug. 10 -14



ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS

BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN





Tilbúin bútasaumsteppi í miklu úrvali. Einnig húsgögn og gjafavörur.

VIRKA Húsgögn

Mörkin 3, sími 568 7470
www.virka.is

MARMOLEUM® click

Nýtt á gólfið

Smelltu Marmoleum click á gólfið - það smellpassar



Mótið gólfið sjálf eftir ykkar smekk

forbo FLOORING

Marmoleum click er náttúrulegt línoleumparket.

GÓLFBÚNAÐUR

KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510 • kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

Jólavörurnar komnar mikið úrval



Villeroy & Boch
Kringlunni



Köflótt teppi úr Rúmfatalagernum í stærðinni 145X200 cm úr 65% akrýl og 35% bómull. Kostar 2.490 krónur. Má þvo á 30 gráðum og setja í þurrkara.



Rósótt teppi úr Rúmfatalagernum 130X180 cm úr 100% polyester. Verðið er 790 krónur.









# Værðarvoðir gegn vetrarkuldanum

***Þegar haustkuldinn læðist að líkamanum á kvöldin er fátt betra en breiða yfir sig værðarvoð.***

Nafnið værðarvoð segir allt sem segja þarf. Hvað er betra á köldum kvöldum en að sveipa sig mjúku teppi þar sem maður situr í „lazyboy“-stólnum eða sófanum góða? Margar gerðir og misjafnlega þykkar eru til af værðarvoðum og henta þær mismunandi aðstæðum. Þær hlýjustu eru hreinar ullarvoðir og eiginleikar ullarinnar nýtast vel í slíkum kostagripum því þær veita ómældan yl, jafnvel þótt þær séu ekki þéttofnar. En ekki eru allir ullarvinir og sumir hafa jafnvel ofnæmi fyrir þessu eðalefni. Þá er gott að teygja sig í flísteppi eða hvað annað sem hentar betur til að halda hæfilegri hlýju á kroppnum. ■



Rautt ullarteppi í stærðinni 130X190 cm. Fæst í Ullarhúsinu í Austurstræti 1 og kostar 3.980 krónur.



Létt og þægilegt akrílteppi úr IKEA,130X170 að stærð. Nefnist Felicia Throw og kostar 1.490 krónur.



Vænt ullarteppi í pastellitum, 140X200 cm að stærð. Fæst í Ullarhúsinu og kostar 4.950 kr.







Úrval af skemmtilegum gömlum vörum!



Nú er opið 10-16 á laugardögum líka.
Antik fer aldrei úr tísku!

AMMA RUTH

Skipasund 82, 104 Reykjavík, S. 552 6255
Opið virka daga 14-18 • www.ammaruth.is

JÓLA FÖNDUR

Tökum á móti litlum og stórum hópum í jólaföndur t.d í keramikmálun, lampagerð, skartgripagerð og jólakortagerð

Opið alla daga

Keramik og glergallerý Kothúsum, Garði s. 422 7935










Bryndís Bolladóttir textílhönnuður.

# Nytsamleg ull fyrir augað

***Bryndís Bolladóttir textílhönnuður hannar fallega hluti úr þæfðri ull, allt frá servéttuhringjum til standlampa. Bryndís leggur áherslu á notagildi í bland við fegurð.***

Bryndís hannar allar sínar vörur úr þæfðri ull og leggur mikla áherslu á sambland milli notagildis og fallegrar hönnunar. „Notagildið er tvíþætt. Eitthvað sem er bæði fyrir augað sem og lýsing," segir Bryndís. „Margir halda að þetta sé bara til skrauts en svo er ekki. Þetta er mjúkur birtugjafi, stemningsbirtugjafi. Birtan er töluverð." Bryndís teiknar mynstur í efni með ólíkum þráðum. Þræðirnir eru þæfðir við ullina svo að þeir verði hluti af efninu. Ljósið lýsir svo gegnum þræðina og með því myndast falleg grafík.

Bryndís segir lampana, gólf-, borðlampa og vegglampa, vera vinsælustu vöruna hjá sér. „Fólk notar vegglampana á ganga eða borðstofur og sumir setja þá í svefnherbergin. Munirnir eru bæði náttúrulegir og vistvænir." Bryndís segir kúnnana oft velta fyrir sér hvort eldhætta stafi af efninu en hún segir að svo sé alls ekki. „Þetta er náttúrulegt efni sem andar og hleypir í gegnum sig," segir Bryndís. „Ullin er náttúruleg og hún sviðnar ef það kviknar í henni."

Bryndís selur hönnunina sína í Iðuhúsinu í Lækjargötu og í Gallerí Fold í Kringlunni. Framundan hjá Bryndísi er hönnunar- og heimilissýningin sem haldin er í Laugardagshöll um helgina og jólahandverkssýning sem haldin verður í desember.

*johannas@frettabladid.is*



Brúnn þverröndóttur vegglampi.



Grænleitur borðlampi.



Kertastjaki.



Servéttuhringur og platti sem ýmist er notaður sem diskamotta eða hitaplatti.



Svört veggklukka.









# Jólaföndur

***Föndra á Dalvegi 18 í Kópavogi býður upp á mikið úrval föndurefnis.***

Jólaföndurvörurnar eru komnar í Föndru og þar má fá allt mögulegt til jólaföndurgerðar. Föndra býður einnig upp á ýmis námskeið og er næsta jólaföndurnámskeið 29. nóvember klukkan 19-22. Námskeiðið heitir trémálun og fá þátttakendur að mála tréjólasvein en allt efni er innifalið í námskeiðsgjaldinu sem er 4.900 kr.



Tréjólasveinn úr Föndru.

## STELLIÐ: CENTRAL PARK



*Í Tékk-kristal fæst stellið Central Park. Það er hannað með það í huga að tengja náttúru og borg eins og samnefndur garður í New York.*

Stellið Central Park er hannað af finnska hönnuðinum Mikaelu Dörfel. Það er framleitt í hinni 250 ára gömlu Furstenberg postulínsverksmiðju í Þýskalandi en er þó í hæsta máta nútímalegt og ferskt. Það er hvítt með rúnnuð form og mjúkar línur. Það samanstendur af fimm atriðum, bollum, diskum, skálum, könnum og fötum. Hver hlutur fyrir sig hefur mikið notagildi og hægt er að raða hlutunum saman á margan máta. Stóru skálarnar eru líka flottar á borðstofuborðið bara einar og sér.

Föt og diskar eru í ýmsum stærðum.



Bollarnir eru með ávölum línum eins og annað.



Hægt er að raða hlutunum saman á ótal vegu





Sýnishorn af síðu Epalbókarinnar.

# Saga Epal í úrklippum

*Epal hefur gefið út bók í tilefni þrjátíu ára afmælis síns.*

Í nýju bókinni um Epal er stiklað á stóru í sögu fyrirtækisins þau þrjátíu ár sem það hefur sett svip sinn á íslenskan veruleika. Sagan er sögð á þann sérstaka hátt að birta úrklippur úr blöðum og tímaritum, ásamt myndum af ýmsum þeim hlutum sem Epal er þekkt fyrir og af sýningum sem haldnar hafa verið á vegum þess. Allt er að sjálfsögðu sett upp á fágaðan hátt og listrænan. Ljóð eftir Hallgrím Helgason er eitt af því sem sett er á þrykk í Epalbókinni góðu. Þar er þetta erindi.

> Að velja jafnan erfitt er
> í innbúið hverju sinni.
> Fallegur hlutur er hluti af þér
> hlýðir þú sálu þinni.














G æ ð a h ú s h a n d a þ é r

Bjálkahús ehf



Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar

HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818



Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.

Sófalist,

Síðumúla 20 (2. hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofalist@internet.is

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Í gylltum ramma

Saga Sigríðar Þorvaldsdóttur leikkonu

Jón Hjartarson rithöfundur og leikari skráði




Skemmtileg bók

um bjartsýna og jákvæða konu sem hefur sannarlega þurft á þeim eiginleikum að halda í lífinu.

Skemmtun í Kjarna Mosfellsbæ laugardaginn 19. 11.

Sigríður áritar frá kl. 13.30

Frábær tilboð í verslunum



Viktor hefur tamið sér að standa hálfan daginn við vinnu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Stendur við lestur og skriftir

***Rithöfundar sameina sumir hverjir heimili og vinnustað. Viktor Arnar Ingólfsson glæpasagnahöfundur er einn þeirra. Hann hefur komið sér upp ágætri vinnuaðstöðu heima hjá sér.***

Þótt Viktor Arnar sé nýbúinn að senda frá sér bók þá lætur hann ekki deigan síga og er þegar byrjaður á annarri. Hann situr þó ekki við iðju sína alla daga heldur stendur oft upp á endann. „Mér finnst nauðsynlegt að standa að minnsta kosti hálfan daginn. Það er ekki hægt að sitja endalaust í svona vinnu. Maður fer alveg með bakið á því,“ segir hann. Eins og frægt var hafði Halldór Kiljan sama hátt á á sínum tíma og stóð við skriftirnar. Hugsanlega hefur hann einmitt verið að vernda bakið. Ekki vill Viktor Arnar bera sig saman við nóbelsskáldið og segir húsgagnið sem hann skrifar við ekki næstum eins veglegt og púltið á Gljúfrasteini. Það gerir þó sama gagn. „Eins og þið sjáið þá eru þetta nú bara furuhillur, ég keypti þær í Ikea,“ segir Viktor brosandi og sýnir herlegheitin. Hillurnar hans eru misdjúpar og þær grynnri notar hann undir möppur og ýmis vinnugögn en hallar einni af dýpri gerðinni þannig að hann geti staðið við hana. Hér stend ég oft við að lesa og skrifa niður ýmis atriði upp úr heimildum,“ segir hann.

Nýja bókin hans Viktors Arnars nefnist Afturelding og nú taka við skemmtilegar vikur hjá honum við að lesa upp úr henni úti um borg og bý. Í kvöld verður hann einmitt með upplestur á Grand Rokk á vegum hins íslenska glæpafélags. ■

# Augað blekkt

***Með örlitlu hyggjuviti er hægt að gabba augað þannig að lítil rými geti virst mun stærri.***

Líttu bara í kringum þig heima hjá þér og veltu fyrir þér hvort þú vildir láta einhver rými virka stærri. Það er auðvitað eðlisfræðilega ómögulegt að stækka herbergi án þess að brjóta niður veggi en það er hægt að láta það líta út fyrir að vera stærra en það er með því að gabba hugann og það gerist best með ýmsum sjónrænum brellum.

Byrjaðu á því að ganga inn í herbergið og finna út hver er miðpunkturinn, hvað er það fyrsta sem þú sérð þegar þú gengur inn? Viltu hafa miðpunktinn þar eða annars staðar?

Gluggar geta látið lítil herbergi virka stærri. Settu áberandi hlut í gluggasylluna, til dæmis styttu eða blóm sem dregur athyglina að sér og lætur herbergið virka bjartara og stærra.

Mynstur á veggjum, gluggatjöldum eða gólfmottum geta látið herbergið virka stærra. Lárétt mynstur er betra en lóðrétt en hringir virka betur ef herbergið á að virka breiðara.

Bjartir litir geta stækkað herbergi en dökkir litir láta það virka minna.

Settu myndir á miðja veggi frekar en úti í endana eða í hornin. Málaðu loft- og gólflista í sama lit og motturnar til að láta gólfflötinn virðast stærri.

Dragðu húsgögnin frá veggjunum. Þá sést meira í gólfin og augun leita síður út í hornin og á veggina.

Settu lampa á hernaðarlega mikilvæga staði til að draga fram góðu hliðarnar á herberginu og fela þær slæmu. ■



Lóðrétt veggfóður bætir töluverðu við lofthæðina.



Lýsing getur bæði dregið fram fegurð herbergis og falið það sem síður má sjást.



Appelsínur geta verið mjög fallegt jólaskraut.

# Appelsínuskraut

***Fátt er jólalegra en appelsínur og appelsínulykt kemur flestum í jólaskap.***

Appelsínur geta verið mjög fallegar til skreytinga. Það er klassískt að stinga negulnöglum í appelsínur og skreyta heimilið með þeim. Appelsínur er líka hægt að nota sem kertastjaka. Ef skorið er ofan af þeim og kjötið tekið innan úr þeim er kominn tilvalinn kertastjaki fyrir sprittkerti. Það má líka skera út myndir og munstur í börkinn til þess að gera kertastjakann enn fallegri. Lyktin sem kemur af appelsínuberkinum þegar hann hitnar kemur öllum í hátíðarskap. Svo geta appelsínur líka bara verið mjög fallegar í skál. ■



Siggubær stendur aðeins út í götuna sem skýrist af því að húsið kom fyrst og gatan á eftir. Trén í garðinum eru meðal elstu trjáa bæjarins.



Eitt af heimilislegum hornum stofunnar.



Mæðgurnar í húsinu, Sigríður Erlendsdóttir og móðir hennar Sigurveig.

# Þar sem nægjusemin ríkti

***Siggubær í Hafnarfirði er eitt gott dæmi um heimili alþýðufólks á síðustu öld.***

Siggubær er lítið bárujárnsklætt timburhús sem kúrir í hrauninu rétt við Hellisgerði í Hafnarfirði. Gluggar eru bara á göflum hans. Hann er um 24 fermetrar að stærð og skiptist í stofu, herbergi, eldhús, gang og snyrtingu. Í upphafi var hann enn minni en nú, en bíslag var reist árið 1915. Bærinn var þó strax í upphafi bústaður þriggja manna fjölskyldu sem um tíma leigði auk þess út eitt herbergi. Það voru hjónin Erlendur Marteinsson og Sigurveig Einarsdóttir sem byggðu bæinn en hann heitir þó eftir dóttur þeirra, Sigríði sem bjó þar alla sína tíð og var merkiskona sem lagði sitt lóð á vogarskálar verkalýðsbaráttunnar. Siggubær er nú í umsjón Byggðasafns Hafnarfjarðar og er opinn gestum og gangandi daglega á sumrin og eftir samkomulagi á veturna. Þar hefur litlu verið breytt og er líkast því sem Sigga hafi rétt sem snöggvast skroppið út að heilsa upp á vinkonurnar eða rukka fyrir Alþýðublaðið.



Úr herbergi Siggu. Saumaskrínið á sínum stað



Suðurgaflinn er prýddur mörgum myndum.



Rafha eldavél, að sjálfsögðu. Hvað er hafnfirskara?

























**Magaæfingar** er auðveldlega hægt að gera heima hjá sér og þær þurfa ekki að taka langan tíma. Æfingarnar skila sér fljótlega í stinnari magavöðvum. og grennra mitti.





Kadri Hint kennir Nia líkamsrækt í World Class. Nia er svokallað Fusion fitness sem blandar saman mismunandi formum hreyfingar og ræktar bæði líkama og sál.

# Besta af því besta með Nia

***Kadri Hint líkamsræktarþjálfari kennir námskeið í World Class sem ber heitið Nia. Nia stendur fyrir „Neuromuscular Integrative Action" og er nýtt byltingarkennt æfingakerfi sem ræktar bæði líkama og huga.***

Kadri Hint er lærður danshöfundur og kemur frá Tallin í Eistlandi. Kadri hefur starfað á Íslandi við danskennslu og sett upp fjölmargar sýningar á Broadway. Nú hefur Kadri snúið sér að því að kenna Nia og eru námskeiðin nýhafin. „Líkami okkar er ekki bara vöðvarnir," segir Kadri. „Líkaminn er líka taugakerfið, tilfinningarnar og hugurinn. Nia ræktar allar hliðar líkamans. Með Nia ertu ekki eingöngu að pumpa vöðva í þeim tilgangi að líta vel út heldur ertu að fá ánægju út úr hverri hreyfingu."

Debbie og Carlos Rosas eru höfundar Nia. Þau hafa komið fram í mörgum þekktum sjónvarps- og útvarpsþáttum og hefur æfingakerfið hlotið mikla athygli. Nia hefur náð miklum vinsældum í Bandaríkjunum, Norðurlöndunum og meginlandi Evrópu og með hjálp Kadri hefur Nia-æðið náð upp á Íslandsstrendur. Í Nia er tekið það besta af því besta og blandað saman í nýtt æfingakerfi. Nia er þróaðasta tegundin af svokölluðu „Fusion fitness". Æfingakerfið er það eina sinnar tegundar sem blandar saman því besta úr níu mismunandi æfingakerfum, sjálfsvarnar- og bardagaíþróttum, heilunaraðferðum, dansíþróttum og andlegum hugar- og sjálflækningaaðferðum. „Hér er blandað saman því besta frá austræna og vestræna heimunum," segir Kadri. „Þetta eru vandlega valdar hreyfingar sem hjálpa þér að komast í toppform ásamt því að næra andann og gerir þig ánægða með eigin líkama."

Kadri segir það skipta hana miklu máli að hreyfing sé skemmtileg og áhugaverð. „Í hreyfingunni finnum við heilsuna. Við viljum koma okkur í form og ná líkamlegri og andlegri heilsu," segir Kadri. „Fólk sem er ekki í þjálfun getur byrjað að æfa Nia og byggt upp þol og hreysti eftir sínum eigin þörfum eftir því hvað líkami þeirra þarfnast. Fólk er ekki að reyna að halda í við þjálfarann heldur finnur hver og einn hvað hentar sér," segir Kadri.

Nia-æfingakerfið sameinar styrkleika vöðvanna og agaða dansleikni sem stuðlar að sjálfslækningu og heilun. Kadri segir nýjungina sem fylgir Nia vera þá að fólk læri að hlusta á líkama sinn og læri að nota bæði hið sjónræna og hið hljóðræna til að fá enn meira út úr æfingunum. „Til dæmis þegar við spörkum, við sjáum menn í austrænum bíómyndum sparka og gefa frá sér öskur. Ef við notum röddina á þennan máta þá erum við að gefa æfingunni meira gildi," segir Kadri. „Þetta er ekki bara losun um tilfinningar heldur ertu á sama tíma að anda frá, og þar með að anda rétt, og röddin þjálfar líka magavöðvana og veitir stuðning fyrir bakið um leið og sparkið er tekið."

Kadri byrjaði að kenna Nia í World Class fyrir tveimur vikum og hún segir fólk enn vera pínulítið feimið að prófa þessa nýjung. „Þetta hentar öllum aldurshópum. Ég fékk eina fimmtuga konu í tíma til mín um daginn og hún var mjög ánægð." Þeir sem eru forvitnir um Nia ættu ekki að vera feimnir að kíkja til Kadri og geta verið vissir um að móttökurnar verða góðar. Fyrir þá sem vilja fræðast meira um Nia geta skoðað heimasíðuna http://nia-nia.com/

**johannas@frettabladid.is**

TÍSKUVERSLUNIN Smart
Gott úrval af fallegum peysum.
Nýkomið: Buxur, peysur, toppar.
-20% afsláttur
á öllum fatnaði til jóla.
Hafnarstræti 106, Akureyri, sími 462 4010
Ármúli 15, Reykjavík, 588 8050 • Grímsbæ v/Bústaðarveg S: 588 8488

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Það er óþarfi að eldast um aldur fram
Líkamlegt þrek, úthald, vær svefn og léttari lund.
· Árangur í samræmi við gæði.
· Formúla og vinnsla sem þú getur treyst.
LIFE EXTENSION
ORIGINAL FORMULA FROM 1989 HIGHEST QUALITY
LYFJA · Lyf&heilsa · Apótekið · Apótekarinn · maður lifandi · Fríhöfnin
www.celsus.is



SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is

naturasun
10 MISMUNANDI LITIR
það allra nýjasta í airbrush í dag
Enginn býður betur!!
Dreifingaraðili
Hafnarsport ehf

LYFJA
Við mælum blóðfitu
Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

brimborg
Taktubíl


Opel Zafira 7-manna, skrd. 12/2002, ek. 60.000 km, 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.750.000 kr. Tilboð 1.390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Focus Trend Collection skrd. 09/2004, ek. 12.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.780.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


MMC Lancer skrd. 08/1998, ek. 166.000 km, 1300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Citroen Picasso Exclusive skrd. 03/2004, ek. 29.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.860.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo S80 LPT-Turbo skrd. 5/2003, ek. 41.000 km, 2000cc , sjálfskiptur. Ásett verð 3.350.000 kr. S. 515 7000.


Citroen Berlingo Van skrd. 08/2002, ek. 65.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 820.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Mondeo Ghia station skrd. 02/2003, ek. 57.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.780.000 kr. 100 % lán mögulegt. S. 515 7000.


Opel Vectra skrd. 04/2000, ek. 85.000 km. 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 980.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl


MMC Space Star skrd. 10/1999, ek. 83.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 640.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo V70 skrd. 02/1998, ek. 118.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.290.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Nissan Sunny SLX skrd. 02/1995, ek. 126.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 340.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Toyota Avensis skrd. 01/1999, ek. 160.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 870.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo V40 SE skrd. 05/2004, ek. 23.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.260.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


MMC Pajero GLS skrd. 06/2003, ek. 44.000 km. 3500cc, sjálfskiptur, Ásett verð 3.990.000 kr. Tilboð 3.690.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Skoda Fabia skrd. 06/2004, ek. 18.000 km. 1200cc, beinskiptur. Ásett verð 1.270.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Explorer skrd. 11/1994, ek. 168.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 640.000 kr. Tilboð 490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl


Volvo S80 skrd. 05/2003, ek. 41.000 km. 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.350.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Focus H/S station skrd. 10/2001, ek. 85.000 km, 1600 cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.150.000 kr. Tilboð 1.030.000 kr. 100 % lán mögulegt. S. 515 7000.


Subaru Forester CS skrd. 07/2000, ek. 123.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.120.000 kr. 100% lán möguleiki. S. 515 7000.


Citroen Berlingo Multispace skrd. 07/2002, ek. 55.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 950.000 kr. Tilboð 799.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


MMC Pajero skrd. 12/1999, ek. 130.000 km, 2800cc, diesel, sjálfskiptur. Ásett verð 1.930.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Renault Megane Scenic skrd. 08/1998, ek. 98.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 680.000 kr. Tilboð 490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Opel Astra station skrd. 03/1997, ek. 104.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Econoline 9 manna skrd. 05/1997, ek. 156.000 km, 5400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl


MMC Pajero skrd. 10/1992, ek. 252.000 km, 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 440.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Focus Trend station skrd. 10/2002, ek. 52.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.320.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Isuzu Trooper 35" breyttur skrd. 03/2000, ek. 136.000 km, 3000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.290.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Daewoo Lanos skrd. 11/1999, ek. 126.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 470.000 kr. Tilboð 299.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Renault Laguna skrd. 05/1999, ek. 123.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 740.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Volvo S40 skrd. 05/2005, ek. 3.000 km, 2435cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Focus C-Max skrd. 05/2004, ek. 20.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.590.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Fusion Trend skrd. 06/2004, ek. 17.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.390.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl


Plymouth Breeze skrd. 11/1999, ek. 116.000 km, 2400cc, sjálfskiptur. Ásett verð 490.000 kr. S. 515 7000.


Daewoo Nubira stw skrd. 10/2000, ek. 83.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 690.000 kr. Tilboð 490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Focus Ambiente skrd. 09/2002, ek. 37.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 1.020.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Citroen Picasso skrd. 11/2001, ek. 57.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.120.000 kr. Tilboð 990.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Focus C-Max Trend skrd. 03/2005, ek. 40.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.670.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Toyota Yaris skrd. 07/1999, ek. 150.000 km, 1000cc, beinskiptur. Ásett verð 540.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Ford Mondeo Ghia diesel station skrd. 05/2005, ek. 12.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.950.000 kr. Tilboð 2.490.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.


Peugeot 307 skrd. 3/2005, ek. 17.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.740.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

brimborg
Taktubíl

Ford Explorer XLT skrd. 07/2003, ek. 61.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.090.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Mondeo Trend skrd. 07/2001, ek. 86.000 km, 1800cc, beinskiptur. Ásett verð 1.190.000 kr. Tilboð 990.000 kr. S. 515 7000.

Ford Fiesta Flair skrd. 05/1998, ek. 128.000 km, 1250cc, beinskiptur. Ásett verð 360.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Toyota Corolla skrd. 03/1999, ek. 122.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 620.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Galaxy Trend skrd. 05/2005, ek. 8.000 km, 2300cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.890.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Suzuki Jimny skrd. 03/1999, ek. 50.000 km, 1300cc, beinskiptur. Ásett verð 750.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Musso Sport skrd. 04/2004, ek. 43.000 km, 2874cc, diesel, beinskiptur. Ásett verð 2.190.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Ford Focus Trend station skrd. 12/2003, ek. 33.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.480.000 kr. 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

**Brimborg**
**Bíldshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

## Snyrting









**Er húðin þurr?**
Djúpnæring með hljóðbylgjum.Greifynjan Hraunbæ 102, sími 587 9310. Opið 9-22.

**Flottar neglur!**
Acryl, gelneglur og viðgerðir. Gott verð. Supernova s. 511 1552.

## Spádómar

**Alspá 908-6440**
Draumar, skyggni. Fyrirb. Fyrri líf. Finn týnda muni. 10-22. Y.Carlsson.

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

**Englaljós til þín.**
Ertu óhamingjusamur/söm? Viltu vita meira?Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára kl. 16:00 til kl. 24:00.

## Múrarar




## Rafvirkjun




## Trésmíði

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. múrun, málun, flísa-& parketlagnir. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

# HEILSA

## Heilsuvörur







Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt

Fit - Pilates leikfimi Skráning á byrjendanámskeið núna 896 2300 og á einka.is

# TIL SÖLU




## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

**Heilunarsetrið**
Dvergshöfða 27. Símar: 567 7888 og 868 3894. heilunarsetrid.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

Ökukennsla, akstursmat. Kenni á Opel Vectra. sími 898 2833, Marteinn Guðmundsson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu antik kommóða með spegli og kommóða úr Tekk-húsinu, upplýsingar í s. 695 0787.

Flottur svartur habitat glerskápur 1.90 hæð. 3 ára kostar nýr 49 þús. Selst á 25 þús. S. 849 7075 & 517 5787.

## Heimilistæki

Mile ofn, 2 gashellur og 2 rafmagnshellur til sölu. S. 899 6629 & 866 0509.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Dýrahald



**Fiskabúr.is**
Skrautfiskaverslun Trönuhrauni 10 Hafnarfirði. Opið mán-lau 14-19. S. 544 2050 www.fiskabur.is

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Kringlan, s. 588 0711 Dýraland Spöng. s. 587 0744.**



Chihuahua hvolpur, 8 vikna strákur til sölu á gott heimili. Hreinræktaður og ættbókarfærður. Uppl. í s. 692 1557.

**Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.**
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu chihuahua hvolpar. Upplýsingar Anna s. 868 6058 & 551 9637 gessi@simnet.is

Óska eftir fallegum kassavönum kettlingi. Uppl. í síma 551 2484 & 891 6377.

## Ýmislegt

Til sölu hvít eldhúsinnrétting Keramik eldavél 3x Fataskápar, 9 innihurðir, ofnar o.fl. Uppl. í s. 891 8833.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

**Rjúpur**
Eigum til mikið af rjúpum! Allar skotnar með vistvænum skotum. Nýtt í evrópu. Uppl. í s. 898 7729 & 899 0532.

## Hestamennska

Til sölu nýlegt 12 hesta hús á Selfossi. Upplýsingar í síma 865 6356.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Í Árbænum, Hraunbær 8. 85 fm íbúð til leigu. Til sýnis föstud. 18. nóv. kl 18 - 21. Nánari uppl. í s. 864 2068.

Til leigu fullbúnar tveggja herbergja íbúðir í 101 Reykjavik. Íbúðirnar eru með húsgögnum,fullbúnu eldhúsi, sjónvarpi, dvd spilara, internet, osv. Upplýsingar í síma 863-0403

**Við Laugardalinn!**
Lítil notaleg 3ja herb. risíbúð, Haunteig 17 til leigu frá 12. des. Íbúðin sýnd laugardag 19. nóv. kl. 14-16. Uppl. í s. 891 8502.

2ja-3ja herbergja íbúð á 1. hæð með sérgarði í 111 til leigu. Uppl. í s. 847 7147.

Herbergi við Lokastíg 101 Reykjavík, 10 fm með húsgögnum, sameiginlegt baðherbergi. Laust, 25 þús. á mán., rafmagn og hiti innifalið. Uppl. í s. 847 2154 milli kl. 10-17.

12 fm herb til leigu í Bökkunum. Sturta og sjónvarps- og símalögn. S. 587 2622.

2 stór herbergi til leigu á svæði 101, gott fyrir 2 vini. S. 849 3230, Kristín.

## Húsnæði óskast

**Snyrtileg íbúð óskast.**
Óskum eftir snyrtilegri 2 herbergja íbúð, (ekki í kjallara) í langtímaleigu. Á verðbilinu 55-60 þús. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 699 2778.

Óska eftir að leigja 2-3 herb. íbúð á sv. 101 eða 105. Uppl. í síma 863 9459.

Reglusöm fjölsk. bráðvantar 4ra-6 herb. Einb., rað-parh. eða sérh. á sv. 104, 105, 108 Rvk. fyrir 1 feb. '06. Skilyrði að eignin sé snyrtileg! Tryggar greiðslur, fyrirframgr, meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 896 6606 & 659 2969.

Óska eftir 2-3 herb íbúð í Garðabæ, Kópavogi eða Reykjavík. Uppl. í s. 844 5421.

Auglýsi eftir lítilli ódýrri íbúð, studíoíbúð eða herbergi með aðgang að eldhúsi og baði. Hámarksleiga 45.000 kr. Er reglusöm og með meðmæli. Uppl. í s. 899 3720.

**Ath áríðandi!**
Óska eftir herbergi með aðgangi að salerni/baði til leigu í vesturbænum/miðbæ fyrir reyklausa, reglusama konu. Des.-maí, hámark 25 þ. S. 860 1977.

Óska eftir herbergi til leigu í Hafnarfirði skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 847 6675.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu. Uppl. í s. 899 5309 & 587 8790.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting



Gisting Vantar ykkur gistingu? Erum með GLÆSILEGAR Hótelíbúðir að Reykjavíkurveg 72 í Hafnafirði Tilboð í gistingu nóvember/desember/janúar Frá föstudegi-mánudags. KR 3.000.- á mann hver nótt BP Hótelíbúðir Sími 540-9700 Netfang bphotelqbphotel.is Heimasíða bphotel.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Sölumaður áskrifta**
Leitum að hressu fólki í áskriftasölu.
Kvöldvinna 4x í viku. Góð laun í boði. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér !
**Tímaritaútgjáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s. 515 5500 / askrift@frodi.is**

**Veitingarhúsar vinna**
Vegna anna viljum við bæta við okku í eftirtalin störf. Pizzabakkar fulltstarf. Afgreiðsla í sal fullt starf. Afgreiðsla í sal hlutastarf um helgar. Dyravarsla helgarvinna.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Starfsfólk óskast á leikskólann Sæborg.**
Okkur vantar einstaklinga sem eru tilbúinir að fórna sér fyrir yngstu börn leiksólann. Sem eru á aldrinum 18 mán. - 3 ára. Starfið felst í umönnun barnana undir handleiðslu deildarstjóra. Æskilegt að viðkomnadi sé orðin 20 ára og hafi reynslu af vinnu með börnum, sé skapandi í hugsun, hraustur og góður í samskiptum. Einnig vantar í hálfa stöðu aðstoðarmanns í eldhús, frá og með 12. Des.
**Áhugasamir hafi samband við Soffíu þorsteinsd. leikskólastjóra í síma 562 3664 eða 562 3674.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Raftæki**
Hagkaup Smáralind óskar eftir að ráða starfsfólk til starfa við áfyllingar á þurrvöru og gosi. Einnig vantar okkur starfsmann til að sjá um bakaríið með okkur. Um er að ræða heilsdagsstörf með margvíslegan vinnutíma eftir störfum. Áhugsömum er bent á að hafa samband við Margréti sölustjóra matvöru í síma 530 1000, einnig er hægt að sækja um á www.hagkaup.is

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hlutastörf á kassa**
Nú vantar okkur starfsfólk í hlutastöf á kassa. Ef þig langar að vinna hjá okkur í Smáralindinni þá er spurning um að sækja um á www.hagkaup.is eða hringja í hana Dagbjörtu rekstrarstjóra í síma 530 1000 og sjá hvort við eigum samleið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Kvöld- og næturáfyllin**
Hagkaup Kringlan óskar eftir að ráða starfsmann í næturáfyllingu í þurrvöru. Vinnutími er á kvöldin og næturnar, en hann er breytilegur eftir dögum. Ef nætur og kvöldvinna hentar þér, þá er spurning um að hringja í Vífill, verslunarstjóra í síma 568 9300 og sjá hvort við eigum ekki samleið. Einnig er hægt að skila inn umsóknum í gegnum www.hagkaup.is eða sækja um á staðnum.

**Frábær tími framundan!**
Erum að leita að nokkrum duglegum sölufulltrúum á höfuðborgasvæðinu til að kynna falleg og vönduð dönsk föt á heimakynningum. Miklir tekjumöguleikar!
**Allar nánari upplýsingar gefur Anna í síma 565 3900 milli 10 og 16 alla virka daga, eða á anna@clamal.is**

**Ýmis störf í boði**
í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. American Style er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

**Vantar þig góða vinnu?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

**Aukavinna**
Vegna mikilla verkefna óskar IMG-Gallup eftir að ráða spyrla í dag-, kvöld- og helgarvinnu. Krafist er góðrar íslenskukunnáttu og framúrskarandi þjónustulundar.
Boðið er upp á skemmtilegt starfsumhverfi. Lágmarksaldur umsækjenda 18 ár.
**Upplýsingar í s. 540 7180, Hjördís.**

**Sagtækni auglýsir.**
Steinsteypusögun!
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
**Upplýsingar í s. 893 3236.**

MAX1 BÍLAVAKTIN
Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1, Bíldshöfða Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga fyrir 22 nóvember í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtalin störf: Í afleysingar og aukavinnu við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Hótel Borg, veitingadeild.**
Óskar eftir að ráða starfsfólk í uppvask.
**Upplýsingar veitir Hinrik í síma 820 7085 og á staðnum.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Sölufólk óskast. Duglegt og ábyggilegt sölufólk óskast til að selja jólakort fyrir Blindrafélagið. Góð sölulaun í boði. Upplýsingar á skrifstofutíma Blindarfélagsins mánud. - föstud. að Hamrahlíð 17, 105 Rvk. S. 525 0000, og í tölvupósti blind@blind.is

Óska eftir starfsfólki, helst vönum þakpappalögnum. Einnig óskast trésmiðir. Uppl. í s. 896 4947 og 896 5424.

Ræstingaþjónustan sf óskar eftir starfsfólki til ræstingastarfa í hverfum 104, 105, 107 og 111. Nánari upplýsingar eru veittar virka daga í síma 587 3111.

**Ræsting**
Vantar starfsfólk í almennar ræstingar. Nánari uppl. www.osverktakar.is Uppl. ekki gefnar upp í síma

**1. Vélstjóri**
1. Vélstjóri óskast á 105 tonna bát sem gerður er út frá Þorlákshöfn og Sandgerði á tog/humarveiðar. Vélastærð 416 kw. Uppl. gefur Sigurður í s. 899 6361 & 852 2236 & Hjörleifur í s. 893 2017.

**Iðnaðarmenn**
G.G. lagnir ehf óskum eftir pípulagningamanni til viðgerðar og viðhaldsvinnu einnig mönnum til fóðringa á fráveitulögnum. Uppl. í s. 660 8870 www.gglagnir.is.

Óskum eftir bílstjórum, vélamönnum, verkamönnum og viðgerðamanni fyrir austan fjall. Uppl. í s. 862 0727.

Óska eftir eldri starfsmanni í flísalagnir með reynslu, tímabundið, í Hafnarfirði. Uppl. í s. 846 4085.

**Smart**
Starfsfólk vantar á sólboðstofu Smart Grensásvegi og við Ánanaust. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 19 ára koma ekki til greina. Reyklaus vinnustaður.

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 661 7768.

## Atvinna óskast

26 kk vantar vinnu fram að jólum. Vanur til sjós, verslunarrekstri, sölumennsku o.m.fl. S. 866 5644.

Maður vanur sjómennsku með stýrimannspróf óskar eftir góðu plássi á sjó. Er laus 10. des. Fyrirspurn sendist á ranv@simnet.is

30 ára karlmaður óskar eftir atvinnu. Er vanur byggingavinnu og járnavinnu. Einnig mjög góð tölvukunnátta. Daníel 692-6025

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
2 Diska DVD kr 3.990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

**Vilt vera memm?**
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

# Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

**Virka daga kl. 8–18.**

**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Fiton/SÍA FI014416

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 FM 98,9 Bylgjan FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Jakkaföt
**Herrafataverslun Birgis**

Stuttfrakkar
**Herrafataverslun Birgis**

Leðurjakkar
**Herrafataverslun Birgis**

Stakar Buxur
**Herrafataverslun Birgis**

Peysur
**Herrafataverslun Birgis**

Rúðusköfur frá 223 kr.
**Olís**

Vatn er takmörkuð auðlind sem þarf að vernda:
**Vatn fyrir alla.**

Hamborgarabúllan allir kátir
**Hamborgarabúlla Tómasar**

Ný vetrardekk á góðu verði.
**Sólning.is**

Kuldagallar
**Dynjandi**

Öll verk á netinu. Galleri Lind, Bæjarlind.
**Galleri-Lind.is**

Himnaríki,
**Hafnafjarðaleikhúsið**

Allt fyrir kaffistofuna.
**Kerfi 564-1400**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Þroskandi jólagjafir fyrir unga sem aldna.
**Skólavörubúðin.is**

Réttur dagsins hamborgarar
**Hamborgarabúlla Tómasar**

Útsala, útsala 25% afsláttur.
**Róbert bangsi.**

Allt til víngerðar.
**Áman.**

Fjölbreytt úrval.
**Gler_í_gegn.**

Mark skrifstofustólar á tilboðsverði
**Á. Guðmundsson, Bæjarlind, Kópavogi**

Dagljósarlampar með stækkunargleri.
**Skólavörubúðin.is**

Vetrarfatnaður
**Dynjandi**

Madina snyrtivörur,
**Laugavegi 30a**

Rúmfötin frá okkur er góð gjöf.
**Verið, Glæsibæ.**

Brjóstagjafabolir og brjóstagjafahaldarar, persónuleg þjónusta.
**Móðurást, mjaltavélaleiga, Hamraborg.**

Frostlögur 1 ltr_499 kr.
**Olís**

Aðgangur að vatni er grundvallarmannréttindi, sem ber að tryggja í stjórnarskrá Íslands:
**Vatn fyrir alla.**

Tjöruhreinsir 1 ltr_398 kr.
**Olís**

Villeroy&Boch hreinlætistæki.
**Baðheiamar Fosshálsi.**

Baðkör í úrvali.
**Baðheimar, Fosshálsi.**

Hamborgarabúllan ástakveðjur
**Hamborgarabúlla Tómasar**

Baðmottur, 50% afsláttur.
**Baðheimar, Fosshálsi.**

Álfabikarinn.
**Móðurást Hamraborg.**

Hamborgarabúllan áfram Ísland
**Hamborgarbúllan Tómasar**

Glerlist.is
**Gler_í_gegn**

Tilbúnar jólaföndurpakkningar og nýjar föndurbækur.
**Skólavörubúðin.is**

Gerðu sjálfur þitt gæðavín.
**Áman.**

Carters ungbarnafatnaður.
**Móðurást Hamraborg.**

Vatnsveitur skulu reknar á félagslegum grunni:
**Vatn fyrir alla.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**ÞINN MARKHÓPUR?**
**70% hlustenda samkeyrðra auglýsinga Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru 50 ára og yngri.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

## Félagsfundur/Faggreinafundur

**verður haldinn í Félagi iðn- og tæknigreina fimmtudaginn 17. nóvember kl. 20 í Borgartúni 30.**

**Dagskrá:**

1. Staða kjarasamninganna
   (Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ)
2. Nýjustu tölur Kjararannsóknanefndar
   (Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ)
3. Faggreinafundur
4. Önnur mál

**Stjórnin**

Ungmenna-hreyfing
Rauði kross Íslands

## Afmæli Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands

Í ár eru 20 ár liðin frá stofnun Ungmennahreyfingar Rauða kross Íslands (URKÍ). Í tilefni þess er sjálfboðaliðum URKÍ fyrr og nú boðið í afmælisveislu **laugardaginn 19. nóvember kl. 20**. Afmælið fer fram í húsnæði Reykjavíkurdeildar Rauða krossins að **Laugavegi 120**. Boðið verður upp á léttar veitingar. Vinsamlegast tilkynnið komu ykkar til urki@redcross.is
Fyrr um daginn, frá kl. 14–17, verður kynning á starfsemi URKÍ í Kringlunni og er öllum velkomið að líta við.

Kær kveðja,
Afmælisnefnd



## Hörkuduglegur bakari óskast til starfa hjá Jóa Fel

Okkur vantar áhugasaman og hörkuduglegan bakara til starfa sem allra fyrst.

**Áhugasamir hafið samband við Jóa Fel í síma: 897-9493**

Jói Fel



Kleppsvegi 152
sími 588 8998
Smáralind
sími 554 4544
www.joifel.is

allt hús
Alla mánudaga

TIL LEIGU

365

## Íbúð óskast

365 prentmiðlar óska eftir góðri 3ja herbergja íbúð til leigu fyrir starfsmann til lengri eða skemmri tíma.

Æskilegt er að íbúðin sé á svæði 105 eða 101.

Vinsamlegast hafið samband í síma 821 7572.



Menntaskólinn í Kópavogi

## Þjónustuliðar

**Menntaskólinn í Kópavogi** óskar eftir að ráða þjónustuliða til starfa næsta skólaár. Starfið felur í sér ræstingar, umsjón og eftirlit innan skólans.

Um er að ræða heil og hálf störf. Vinnutími eftir samkomulagi.

Laun er skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra og/eða ræstingarstjóra.

**Skólameistari**

## POPPTV, EINA TÓNLISTARSJÓNVARPSSTÖÐ LANDSINS, LEITAR AÐ ÖFLUGUM AUGLÝSINGASÖLUMANNI.

POPP TV

Á PoppTV er boðið upp á skemmtilega tónlistarþætti, þema-klukkutíma, beinar útsendingar og tónlistartengt efni fyrir ungt fólk. Fjölbreytnin vex með degi hverjum. PoppTV starfar náið með öðrum miðlum Sirkus-heimsins, þ.m.t. útvarpsstöðvunum FM 957 og X-inu 977. Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í þeirri kröftugu uppbyggingu sem framundan er.

Ef þú ert á aldrinum 22-30 ára, langar til að vinna á skemmtilegri söludeild í frábærum félagsskap, sendu okkur þá umsókn með upplýsingum um aldur, reynslu og fyrri störf á netfangið popptvsolumadur@365.is eða á Lyngháls 5, 110 Reykjavík merkt "Sirkus - sölumaður á PoppTV" fyrir 28. nóvember.

PoppTV er hluti af Sirkus fjölskyldunni.

SIRKUS



FRÉTTABLAÐIÐ

## AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

EYKT
VERKTAKAFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

**Hörkuduglega verkamenn vantar við uppbyggingu Höfðatorgs sem allra fyrst.**

**Upplýsingar gefur Baldvin verkstjóri í síma 822-4431**

# Menntaskólinn við Hamrahlíð

## STÖÐUPRÓF í desember 2005

Stöðupróf á vegum menntamálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Föstudaginn 2. des. | Kl. 18:00 | Spænska (SPÆ103 – 403) |
| Laugardaginn 3. des. | Kl. 10:00 | Norska (NOR103 – 203) og sænska (SÆN103 – 203) |
| Mánudaginn 5. des. | Kl. 18:00 | Danska (DAN103 – 203) |
| Þriðjudaginn 6. des. | Kl. 18:00 | Ítalska (ÍTA103 – 403) |
| Fimmtudaginn 8. des. | Kl. 18:00 | Franska (FRA103 – 403) |
| Föstudaginn 9. des. | Kl. 16:00 | Enska (ENS103 – 303) |
| Þriðjudaginn 13. des. | Kl. 18:00 | Þýska (ÞÝS103 – 403) |
| Miðvikudaginn 14 des. | Kl. 18:00 | Stærðfræði. (STÆ103, STÆ203 og STÆ263). |

Skráð er í stöðupróf á skrifstofu skólans í síma 595-5200.

Prófgjald, kr. 3500 á hvert próf, greiðist hálftíma fyrir prófið. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* er tekið fram að þessi próf séu ætluð þeim sem búa yfir þekkingu og reynslu sem ekki hefur verið aflað með hefðbundnum hætti í skóla. Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrir liggur álit menntamálaráðuneytisins um að stöðupróf skuli ekki nota sem upptektarpróf fyrir nemendur sem fallið hafa á annar eða bekkjarprófi.

Rektor.

## FUNDIR

# *Barnið sem ég kynntist ekki*

Fræðslufundur, barnsmissir og foreldrar, í Fossvogskirkju í kvöld 17. nóvember kl. 20-22.
Fyrirlesari Guðný Bjarnadóttir ljósmóðir.
*Allir velkomnir.*



**NÝ DÖGUN**
*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma

## FASTEIGNIR

**HÚSEIGN**
Fasteignamiðlun
**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17





**KLEPPSVEGUR 60**
**OPIÐ HÚS 18:00-19:00**

**Stærð í fermetrum: 51,6**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Tegund eignar: Fjölbýli**

2ja herb. íbúð á þriðju hæð í fjölbýli. ATH. Íbúðin snýr ekki að Sæbrautinni. Ágæt stofa og rúmgott svefnherbergi. Eldhús með eldri innréttingu. Inn af eldhúsi er þvottahús. Baðherbergi með baðkari og sturtuaðstöðu.

***Gyða Gerðarsdóttir, sölumaður, S.695-1095 tekur á móti gestum milli kl. 18:00 og 19:00 í dag.***

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

**ÁLFASKEIÐ 35 - HF.**



**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 18 TIL 19**
**SÖLUMAÐUR VERÐUR Á STAÐNUM.**
Mikið endurnýjuð efrihæð 65,7 fm. 2 svefnh., stofa, eldhús., baðh., hol, geymsla og sam. þvh. Þetta er eign sem vert er að skoða. **LAUS STRAX.**
**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

**Draumahús 530 1800**



# Akurhvarf 1 - 203 Kópavogi - Nýbygging með lyftu





Vorum að fá í einkasölu ellefu nýjar glæsilegar íbúðir í einu stigahúsi með lyftu. Um er að ræða sjö 4ra herbergja íbúðir og fjórar 2ja herbergja íbúðir sem afhendast í apríl 2006, fullfrágengnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísalögðu baðherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Stæði í bílageymslu fylgir öllum 4ra herbergja íbúðunum. Húsið afhendist fullfrágengið að utan, steinað með frágenginni lóð og bílastæðum. Innréttingar verða frá Byko.

***Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Draumahúsa.***
www.draumahus.is/akurhvarf1

*Hjalti Pálmason, hdl. og löggiltur fasteignasali - Sigurður J. Sigurðsson, löggiltur fasteignasali*

# RE/MAX MJÓDD








## Bollagarðar 69

170 Seltjarnarnes

**Einbýlishús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr**

**Verð: 55.000.000**
Stærð: 201,2 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1989
Brunabótamat: 25,5 millj.
Bílskúr: 23,0 fm

Einbýlishús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr, ræktuðum garði með palli og potti, að auki eru nokkur rými sem eru ekki inn í fermetratölu hússins (sólskáli, sjónvarpsherbergi og ris yfir annari hæð). Húsið er vel staðsett í litlum botnlanga, örstutt frá sjávarsíðunni. Neðri hæð: Eldhús, borðstofa, stofa, sólskáli, gestasalerni og innbyggður bílskúr. Efri hæð: Sjónvarpsherbergi,5 svefnherbergi, baðherbergi, fataherbergi/geymsla. Ris yfir efri hæð sem nýtist sem vinnuherbergi eða geymsla.


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdisemax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdisemax.is










## Gvendargeisli 30

210 Garðabær

**Frábær staðsetning**

**Verð: Tilboð**
Stærð: 315 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2004
Bílskúr: 31,4 fm

Glæsilegt einbýli í byggingu í Grafarholti. Húsið er á einni hæð og millilofti með innbyggðum bílskúr. Möguleiki á 6 svefnherbergjum. Húsið er afhent steinað að utan og fokhelt að innan og því auðvelt að breyta skipulagi hússins. Fokhelt að innan, að auki er ofnakerfi komið, öll inntök fyrir rafmagn og þak einangrað og plastað
Frábær staðsetning, örustutt í golfvöllinn og óspillta náttúru.


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdisemax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdisemax.is










## Haukalind 25

210 Garðabær

**Frábært útsýni**

**Verð: 43.800.000**
Stærð: 184,8 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 25 millj.
Bílskúr: 32 fm. (innifalinn í stærð hússins)

Fallegt raðhús á 2 hæðum með 4 svefnherbergjum og bílskúr.
Neðri hæð: 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymsla
Efri hæð: 1 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa með frábæru útsýni.
Pallur fyrir framan hús og afgirtur garður fyrir aftan hús.
Frábær staðsetning, örstutt í grunnskólann, leikskólann, Salalaug, heilsugæslu, Smáralind og aðra þjónustu


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdisemax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdisemax.is










## Sunnuflöt 48

210 Garðabær

**Ein besta staðsetningin á Flötunum**

**Verð: 54.800.000**
Stærð: 264 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1970
Brunabótamat: 28,5 millj.
Bílskúr: 63 fm (innifalið í stærð íbúðar)

Ein besta staðsetningin á Flötunum í Garðabæ. Einbýlishús á einni hæð með tvöföldum innbyggðum bílskúr. 2 forstofur, innangengt í bílskúr frá annarri þeirra. Endurnýjað eldhús með vönduðum tækjum. Sjónvarpshol og 2 samliggjandi stofur, útgengt í stóran ræktaðan garð með tjörn. 5 svefnherbergi og fataherbergi. Rúmgott baðherbergi með baðkari, sturtuklefa og innréttingu. Mjög vel staðsett hús innst í botnlanga, sem býður upp á gífurlega möguleika og auðvelt að breyta eftir sínu höfði og gera að sínu.


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdisemax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdisemax.is



**www.remax.is**

# Launajafnrétti á einu ári

UMRÆÐAN
LAUNAMUNUR KYNJANNA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Í sambandi við 30 ára afmæli kvennafrídagsins hefur verið bent á að sorglega lítið hafi miðað í baráttunni fyrir auknu launajafnrétti. Mikill munur sé enn á launum karla og kvenna enda þótt skýrt standi í lögum að laun eigi að vera jöfn fyrir sambærilega vinnu. Fulltrúar kvenna sögðu fyrir 30 ára afmæli kvennafrídagsins, að heildaratvinnutekjur kvenna á Íslandi væru í dag aðeins 64,5 prósent af heildaratvinnutekjum karla.Og að kynbundinn launamunur væri 14-18 prósent. Hvernig má þetta vera, þegar það er lögbundið að laun kvenna eigi að vera jöfn launum karla, þegar um sömu vinnu er að ræða?

Það var upplýst nú rétt fyrir 30 ára afmæli kvennafrídagsins, að meira segja í jafnréttisráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu væru laun kvenna lægri en laun karla fyrir sambærileg störf. Félagsmálaráðherra ætlaði að ganga í málið og leiðrétta misréttið í hans eigin ráðuneyti. En það þurfti nýjan kvennafrídag til þess að jafnréttismálaráðherrann rumskaði í þessu efni. Og hvað þá með önnur ráðuneyti og ríkisstofnanir? Ljóst er að aðgerðarleysi stjórnvalda á stóran þátt í því að launajafnrétti hefur ekki komist á. Konur hafa bent á að launaleynd eigi stóran þátt í launamisréttinu. Rétt væri því að setja lög sem skylda atvinnurekendur til þess að aflétta launaleyndinni og upplýsa hver laun karla og kvenna eru í hverju fyrirtæki svo sjá megi muninn og leiðrétta hann. Síðan þarf að íhuga hvaða leiðir á að fara til þess að stöðva brot atvinnurekenda á launajafnréttislögunum. Sennilega þarf að fá Vinnueftirliti ríkisins víðtækt vald til þess að fylgjast með launum í fyrirtækjum og líklega verður að taka upp há viðurlög við því að lög um launajafnrétti séu brotin. Á meðan stjórnvöld horfa aðgerðarlaus á launamuninn þá gera atvinnurekendur ekkert til þess að leiðrétta hann.

Nú er komið að því að stjórnvöld framkvæmi lögin í landinu um launajafnrétti kynjanna. Allir flokkar segjast vilja launajafnrétti. Það ætti því að vera auðvelt að setja strax lög sem afnema launaleynd. Og síðan þarf að taka einstök fyrirtæki og athuga hvort mismunað er í launum eftir kynjum, þegar um sambærilega vinnu er að ræða. Með þessum aðferðum ætti ekki að taka nema eitt ár að koma algeru launajafnrétti á. En að sjálfsögðu verður almenningur, fólkið í landinu, að standa með stjórnvöldum í málinu. Það þarf einnig viðhorfsbreytingu í janfréttismálum. ■






## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.986 **+3,83%** **Fjöldi viðskipta:** 784 **Velta:** 33.685 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **KB banki** | 8,33% | **SÍF** | -2,54% |
| **Atorka** | 7,21% | **Dagsbrún** | -0,59% |
| **Jarðboranir** | 2,26% | **HB Grandi** | -0,54% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ACTAVIS 45,30 +1,30%** ... Bakkavör 45,40 +0,70% ... FL Group 15,10 +2,00% ... Flaga 4,25 +1,20% ... HB Grandi 9,30 -0,50% ... Íslandsbanki 15,90 +1,30% ... Jarðboranir 22,60 +2,30% ... KB banki 650,00 +8,30% ... Kögun 55,20 +0,00% ... Landsbankinn 24,00 +2,10% ... Marel 64,00 +0,00% ... SÍF 4,22 -2,50% ... Straumur-Burðarás 15,60 +0,70% ... Össur 99,50 +0,50%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

### Mogginn skúbbaður

Frétt Markaðarins um fyrirhugaðar breytingar á hluthafahópi Árvakurs vakti ekki mikla athygli í gær. Morgunblaðið hafði seinni partinn ekki séð neina ástæðu til að grennslast fyrir um málið enda voru engar fréttir um málið á vefriti Morgunblaðsins. Þykir það sæta nokkrum tíðindum að svo stór viðskipti séu ekki ástæða til umfjöllunar á vefritinu en þegar skortur er á upplýsingum, hefur það verið látið nægja að vísa í aðra fjölmiðla. Annað er um hljóðvarp Ríkisútvarpsins að segja sem sagði frétt um málið en án þess að ræða við fulltrúa Árvakurs og án þess að vísa í aðra fjölmiðla. Margir furðuðu sig á litlum áhuga á þessum stórviðskiptum en aðrir sögðu skýringarnar þær að vænta mætti stærri tilkynningar í Morgunblaðinu í dag.



### Líflegir markaðir

Líflegt var á hlutabréfamarkaði innanlands í gær en það er ekki á hverjum degi sem viðskipti í einu og sama félaginu eiga sér stað fyrir rúma 20 milljarða sem raunin varð með bréf í KB banka í gær. Verðbréfamiðlarar leituðu skýringa á viðskiptunum og sitt sýndist hverjum. Einhverjir töldu að tilkynning frá bankanum hefði óvart lekið út en aðrir sögðu að Jón Helgi Guðmundsson í Byko væri augljóslega að bæta við sig hlut í bankanum. Engar innherjatilkynningar höfðu borist í Kauphöllina þegar markaðir lokuðu og fylgjast miðlararnir spenntir með markaðnum í dag.

### > Markaðspunktar

Jarðboranir hafa gert samning við ítalska fyrirtækið Drillmec S.p.A. um kaup á bor af félaginu. Heildarkaupverð borsins er um 800 milljónir íslenskra króna og ætla forsvarsmenn Jarðborana að hann verði kominn til landsins í maí 2006.

Jóhannes Kristinsson hefur tekið sæti í stjórn sænska lággjaldaflugfélagsins FlyMe. Félagið er meðal annars í eigu Fons og Burðaráss.

Hlutur Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, í finnska fjarskiptafyrirtækinu Elisa er nú um 10,1 prósent. Elisa er næststærsta fjarskiptafyrirtæki Finnlands.



GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON

# Industria semur á Írlandi

Íslenska fyrirtækið Industria ehf. hefur gert samning um uppbyggingu á stafrænu dreifikerfi á Írlandi.

Industria hefur gert samning við Magnet Networks um að byggja upp dreifikerfi fyrir síma og sjónvarp og netsamskipti sem byggist á nýrri tækni. Samningurinn er metinn á um 3,6 milljarða króna eða um 50 milljónir evra eftir því sem fram kemur í frétt á heimasíðu Industria.

Magnet Networks er dótturfélag CVC á Íslandi ehf., félags í eigu Kenneths Petersonar, fyrrum forstjóra Norðuráls en Industria er meðal annars í eigu Guðjóns Más Guðjónssonar. Báðir komu þeir að starfsemi Íslandssíma. **- hb**

# Eignast meirhluta í Jarðborunum

**MP verðbréf sópuðu upp bréfum rétt fyrir tilkynningu og skoðar Kauphöllin viðskiptin eins og ávallt þegar óvenjuleg breyting verður.**

Atorka Group keypti í gær 12,4 prósenta hlut í Jarðborunum og á eftir kaupin 56,25 prósenta hlutafé í félaginu. Atorka hyggst gera öðrum hluthöfum í Jarðborunum yfirtökutilboð og afskrá félagið úr Kauphöllinni.

Viðskiptin með bréf í Jarðborunum fóru fram á genginu 25 og var greitt fyrir hlutina með hlutabréfum í Atorku á genginu 6. Samhliða viðskiptunum var tilkynnt um sölu á eigin bréfum Atorku til að greiða fyrir hluta af kaupunum á hlutnum í Jarðborunum. Þau viðskipti fóru fram á genginu 6 en Atorka keypti eigin bréf á markaði daginn áður á genginu 5,65 og nemur gengishagnaður af þeim viðskiptum rúmlega 10 milljónum króna á einum degi.

Rétt áður en viðskipti voru stöðvuð með hlutabréf í Atorku og Jarðborunum sópaði MP verðbréf upp öll bréf sem til voru í báðum félögum. Fjórtán viðskipti voru gerð með bréf í Atorku kl. 12.11 fyrir 20,3 milljónir og fjögur viðskipti með bréf í Jarðborunum kl. 12.12 fyrir 7,6 milljónir. Í öllum tilfellum voru það MP verðbréf sem keyptu bréfin. Lokað var svo fyrir viðskipti með bréf í Atorku kl. 12.23 og í Jarðborunum kl. 12.24. Hækkuðu bréf í Atorku um 4,51prósent frá opnun og í Jarðborunum um 1,81 prósent. Stjórnarformaður MP verðbréfa er Margeir Pétursson sem var áður stjórnarformaður Jarðborana. Hann er erlendis og svaraði ekki skilaboðum Fréttablaðsins. Guðmundur Karl Guðmundsson, forstöðumaður hjá MP fjárfestingarbanka, vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið.

Þegar markaðir opnuðu svo aftur hækkuðu bréf Atorku enn og nam hækkunin 6,31 prósent frá opnun markaða um morguninn.

Þórður Friðjónsson, framkvæmdastjóri Kauphallar Íslands, segir að viðskiptin séu til athugunar hjá Kauphöllinni. „Hlutir eins og þessir fara eftir ákveðnu verklagi og við skoðum þetta og leitum eftir skýringum," segir hann.

Þá var tilkynnt að Magnús Jónsson, starfandi stjórnarformaður Atorku, tæki við sem forstjóri félagsins og viki tímabundið úr stjórn. Þorsteinn Vilhelmsson tekur við sem starfandi stjórnarformaður Atorku. **- hb**



**JARÐBORANIR KEYPTAR** Atorka jók við hlut sinn í Jarðborunum og þar með myndaðist yfirtökuskylda í félaginu.




# Kögun umfram væntingar

Kögun hagnaðist um 211 milljónir á þriðja ársfjórðungi sem er langt umfram spár viðskiptabankanna sem reiknuðu með 84 milljóna króna hagnaði. Hagnaður á þriðja ársfjórðungi, sem er að jafnaði slakastur á árinu, er hærri en á bæði þeim fyrsta og öðrum. Frá áramótum hefur samstæðan hagnast um 434 milljónir.

Að hluta til skýrist afkoman af því að fjármagnsliðir eru jákvæðir vegna mikillar gengisstyrkingar krónunnar. Þeir voru jákvæðir um tæpar fjörutíu milljónir króna á þriðja ársfjórðungi en neikvæðir um samtals 265 milljónir á fyrri hluta ársins.

Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA) lækkar milli annars og þriðja fjórðungs. Framlegðarhlutfallið er um 7,9 prósent sem er svipað og á fyrri hluta ársins.

Sem fyrr skilar hugbúnaðarhlutinn mestum hluta hagnaðarins, og er vel umfram áætlanir stjórnendanna, en vélbúnaðarhlutinn er undir áætlunum þótt hann skili ekki tapi. Enn eru töluverðir erfiðleikar í rekstri samstæðunnar á Norðurlöndum, einkum í Svíþjóð þar sem 55 milljóna króna tap varð á rekstri félagsins fyrstu níu mánuði ársins. ■

**HAGNAÐUR** á þriðja ársfjórðungi

| | millj. kr. |
|---|---|
| **Hagnaður** | **211** |
| Spá Íslandsbanka | 119 |
| Spá KB banka | 76 |
| Spá Landsbankans | 56 |
| Meðaltalsspá | 84 |



**GUNNLAUGUR SIGMUNDSSON** Forstjóri Kögunar.

# Landsbankinn rétt að byrja

**Stjórnendur Landsbankans hafa verið að skoða kaup á banka á Írlandi.**

„Við erum bara rétt að byrja,“ sagði Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, í gær þegar hann kynnti kaupin á írska verðbréfafyrirtækinu Merrion Capital fyrir starfsmönnum fjármálafyrirtækja á Íslandi. Frekari kaup bankans á erlendum fyrirtækjum eru boðuð.

Halldór J. Kristjánsson, sem einnig er bankastjóri Landsbankans, sagði í samtali við Fréttablaðið að stefnt væri að því að kaupa banka í Evrópu meðal annars með það að markmiði að tryggja betur tekjuflæðið. Lágmarka ætti alla áhættu um leið og umsvif Landsbankans ykjust. Tekjur verðbréfafyrirtækja gætu verið sveiflukenndar, en Landsbankinn hefur keypt þrjú slík erlend fyrirtæki það sem af er þessu ári.

Halldór tók þó fram að þeir væru ekkert sérstaklega að horfa á írska markaðinn í þessu samhengi heldur Evrópu alla.

Írskir fjölmiðlar gerðu kaup Landsbankans á Merrion að umtalsefni á fréttasíðum í gær. Í Irish Independent var greint frá því að Landsbankinn hefði fyrr á þessu ári verið í viðræðum við National Australia bank um hugsanleg kaup á National Irish Bank og Northern Bank. Haft er eftir Halldóri að Landsbankinn hefði skoðað þetta af alvöru.

Í Irish Time kemur fram að sjö stjórnendur í Merrion fái að lágmarki 31 milljón evra fyrir að selja hlut sinn í félaginu til Landsbankans. Það eru um 2,2 milljarðar íslenskra króna. Í Irish Independent segir að John Conroy, forstjóri og einn af stofnendum Merrion, eigi á milli 10 og 15 prósent í félaginu.

- bg



Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason fyrir utan skrifstofur Merrion Capital í Dyflinni á Írlandi í fyrradag.

## Kaupa fjögur línuveiðiskip

Brim hf., útgerðarfélagið Tjaldur og KG-fiskverkun hafa ákveðið að láta smíða fjögur ný línuveiðiskip. Áætlað er að þau verði tekin í notkun á fyrri hluta árs 2007. Nú gera félögin samtals út fimm togskip og tvö línuveiðiskip. Kaupin eru liður í stefnumarkandi ákvörðun félaganna um að auka vægi línuveiða í rekstrinum og minnka að sama skapi hlut togveiðiskipa. Að því er fram kemur á heimasíðu Brims koma áherslubreytingarnar til af tvennu. Félögin leggja enn meiri áherslu en áður á gæði hráefnisins og ferskleika vörunnar og útgerð línuveiðiskipa er hagkvæmt rekstrarform. ■

## Jón Helgi kaupir í KB banka

Einkahlutafélagið Norvest hefur keypt hálfa milljón hluta í KB banka. Hlutur félagsins er orðinn 2,39 prósent af hlutafé bankans.

Eigandi Norvest er Straumborg sem er í eigu Jón Helga Guðmundssonar, stjórnarformanns Norvikur, sem er oftast kenndur við BYKO.

Kaupverðið er um 300 milljónir króna. Brynja Halldórsdóttir, stjórnarmaður í bankanum, er tengd félaginu en hún situr í varastjórn þess. ■


**FORSVARSMENN SÍF**
Áfram var tap hjá félaginu.

## Áfram tap

Tap SÍF á fyrsta ársfjórðungi reikningsársins nam 3.276 þúsundum evra sem er minna tap en spáð var. Það samsvarar að halli hafi verið upp á 240 milljónir króna. Meðaltalsspá greiningaraðila hljóðaði upp á 4.070 þúsunda evra tap.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam 2.345 milljónum evra sem eru um 170 milljónir króna og var framlegðarhlutfallið um tvö prósent. Sölutekjur SÍF voru um 116 milljónir evra og hafa aldrei verið meiri.

Rekstur SÍF hefur verið þungur frá því að afurðaverð á norskum laxi rauk upp í vor vegna verndartolla Evrópusambandsins sem nú hafa verið afnumdir. Verðið hefur hins vegar ekki gengið til baka og hráefnisverð var 30-40 prósentum hærra í ágúst og september en meðalverð síðustu ára.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30133 11/2005

Corolla Sedan á kostakjörum.

Betri notaðir Corolla Sedan eru bestu kaupin í nóvember og eru langt frá því að vera útkeyrðir. Sem fyrrverandi bílaleigubílar hafa þeir verið mikið dekraðir og undir stöðugu eftirliti. Ef þú vilt úthaldsmikinn bíl á hagstæðu verði fyrir veturinn þá er Corolla Sedan bíllinn fyrir þig.

Verð frá 1.250.000 kr.
Mánaðarleg greiðsla frá 18.486 kr.*

Glitnir

* m.v. 10% útborgun og 75 mánaða bílasamning hjá Glitni. Gildir aðeins út nóvember.

Opið laugardaga frá 12-16

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

**AUGUSTE RODIN (1840-1917) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ég finn ekkert upp, ég enduruppgötva.“*



*Auguste Rodin var franskur myndhöggvari. Hugsuðurinn er meðal frægustu verka hans.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 17. NÓVEMBER 1839

# *Fyrsta ópera Verdis frumsýnd*

Á þessum degi árið 1839 var fyrsta ópera ítalska tónskáldsins Giuseppe Verdi, Oberto, conte di San Bonifacio, frumsýnd í La Scala óperunni í Mílanó. Verkinu var vel tekið og Verdi var þá strax fenginn til að skrifa þrjár óperur til viðbótar fyrir La Scala. Þrjú ár liðu þó þar til næsta verk Verdis var flutt á fjölum óperunnar en það var Nabucco sem varð geysivinsælt. Fleiri óperur fylgdu í kjölfarið. Verk eins og Il Trovatore, La Traviata, Aída og Óþelló.

Verdi fæddist árið 1813 í Parma. Faðir hans rak öldurhús en Verdi sýndi snemma mikla hæfileika á tónlistarsviðinu. Átján ára að aldri fékk hann styrk til að nema í Mílanó. Þó að hann fengi ekki inni í aðaltónlistarskólanum þar vegna hás aldurs lærði Verdi tónsmíðar í einkatímum.

Síðustu verk Verdis voru óperurnar Óþelló sem hann lauk 73 ára aldri, og Falstaff sem frumsýnd var árið 1893 þegar Verdi var áttræður. Verdi lést í Mílanó árið 1901.



**GIUSEPPE VERDI**

## MERKISATBURÐIR

**1869** Suez-skurðurinn er opnaður.

**1913** Fyrstu íslensku fréttamyndirnar birtast í Morgunblaðinu.

**1938** Vikublaðið Vikan kemur út í fyrsta sinn.

**1940** Akureyrarkirkja er vígð.

**1983** Mikligarður, stærsta verslun Íslands, er opnuð í Reykjavík.

**1988** Linda Pétursdóttir er kosin Ungfrú heimur.

**2003** Arnold Schwarzenegger er svarinn í embætti ríkisstjóra Kaliforníu.

## AFMÆLI



**Anna Líndal** myndlistarmaður er 48 ára



**Kristín Jóhannesdóttir** kvikmyndagerðarmaður er 57 ára.



**Björn Davíðsson** þróunarstjóri Snerpu á Ísafirði er 42 ára






†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Gunnars Sigurgeirssonar**
Austurvegi 5, Grindavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Víðihlíðar.

**Sigurrós Benediktsdóttir**
**Hildur Gunnarsdóttir** **Ragnar Ragnarsson**
**Sigurrós Ragnarsdóttir**
**Gunnar Ólafur Ragnarsson**

†



*Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dagbjört Elíasdóttir**
Vogatungu 61,

sem lést að heimili sínu þann 8. nóvember, verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 18. nóvember kl. 13.00.

**Ágúst Bjarnason**
**Margrét Sigmundsdóttir**
**Sigrún Jónína Sigmundsdóttir** **Einar Sveinsson**
**Sigmundur Örn Sigmundsson**
**Dagbjört Erna Sigmundsdóttir** **Jóhann Grétarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Edda Eiríksdóttir**
frá Kristnesi,
Reykhúsum 4c, Eyjafjarðarsveit,

andaðist að morgni 11. nóvember á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 17. nóvember kl. 13.30. Jarðsett verður í Munkaþverárkirkjugarði. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

**Eiríkur Rafnsson** **Bryndís Snorradóttir**
**Helgi Rafnsson** **Hjördís Magnúsdóttir**
**Emilía Rafnsdóttir** **Gauja Rúnarsdóttir**
**ömmubörn og systkini**



**KONUR Í LYKILHLUTVERKUM** Stjórnarmenn Alfa deildar halda upp á áfangann. Marta Guðjónsdóttir, Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Herdís Egilsdóttir, Þóra Kristinsdóttir og Margrét G Schram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### DELTA KAPPA GAMMA Á ÍSLANDI: 30 ÁRA

# Konur í lykilhlutverkum

Um þessar mundir fagna Alfa-konur því að 30 ár eru liðin frá því að Delta Kappa Gamma samtökin hófu starfsemi á Íslandi. Delta Kappa Gamma eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru í Austin í Texas í Bandaríkjunum árið 1929 af tólf konum. Markmið þeirra var að bæta faglega menntun sína og annarra kvenna.

Árið 1975 stofnuðu svo íslenskar konur Alfa deild sem heyrir undir samtökin í Austin. Nú starfa 35 konur í deildinni og hafa ellefu þeirra starfað frá upphafi.

„Þetta er sem sagt alþjóðlegt félag kvenna í fræðslustörfum,“ segir Herdís Egilsdóttir, meðstjórnandi í Alfa deild. „Og það sem er kannski sérstakt við þetta félag fram yfir önnur félög er að saman í hverri deild er reynt að hafa kennara frá öllum skólastigum, allt frá leikskóla og upp í háskóla. Konur geta þó ekki bara gengið inn því að það er valinn inn í félagið fulltrúi fyrir hvert stig og stærstu deildirnar eiga aldrei að vera stærri en svo að þær komist ekki fyrir í heimahúsi,“ útskýrir Herdís.

Nú eru starfandi 140 þúsund konur í Delta Kappa Gamma deildum víðs vegar um heiminn. Svo eru haldin í Evrópuþing og jafnvel heimsþing þar sem kvenskörungarnir hittast. En hvernig láta þær svo til sín taka? „Til dæmis höfum við lesið þingsályktanatillögur um menntamál og komið með athugasemdir við þau atriði sem betur mega fara á framfæri við ráðherra, þingmenn og aðra sem málið varða,“ segir Herdís. „Svo höfum við skrifað nokkuð í blöðin um þessi málefni en það sem snýr að alþjóðlega starfinu, að þá veita samtökin í konum styrk víðs vegar um heim til framhaldsnáms. Sá styrkur kemur ekkert síður í hlut konu sem er ekki í félaginu. Okkur þykir vænt um þennan félagsskap og samneyti við þessar konur hefur reynst hverju okkar alveg ómetanlegt.“

Delta Kappa Gamma er heiti á þremur grískum stöfum sem skammstafa nafnið „Konur í lykilhlutverkum“ sem er hið eiginlega heiti samtakanna.

### Ný dögun – samtök um sorg og sorgarviðbrögð:

# Fósturmissir og andvana fæðingar

Guðný Bjarnadóttir ljósmóðir heldur fyrirlestur á vegum Nýrrar dögunar, samtaka um sorg og sorgarviðbrögð, í Fossvogskirkju í kvöld klukkan 20. Fyrirlesturinn nefnist Barnið sem ég kynntist ekki, og fjallar um fósturmissi og andvanafæðingar. Að sögn Auðar Ingu Einarsdóttur, talsmanns Nýrrar dögunar, hefur lítið verið fjallað um þetta málefni á vegum samtakanna og tími til kominn að beina sjónum að sorginni sem fylgir því að missa fóstur eða fæða andvana barn.

Samtökin Ný dögun voru stofnuð 1987 og stóðu hjónin Jóna Dóra Karlsdóttir og Guðmundur Árni Stefánsson, nú sendiherra, að stofnun þeirra ásamt fleira fólki. Í hverjum mánuði eru haldnir fyrirlestrar á vegum samtakanna um tiltekið efni sem tengist sorginni á einhvern hátt.

Í næsta mánuði verður sjónum beint að sorginni í tengslum við jólahátíðina en einmitt þá knýr sorgin víða dyra enda sækja minningarnar að á hátíð ljóss og friðar.



**DUFTREITUR Í FOSSVOGSKIRKJUGARÐI.**

## ANDLÁT

**Ágúst Guðbrandsson**, frá Stígshúsi, Stokkseyri, lést sunnudaginn 13. nóvember.

**Carla Pizarro Fernadez** lést sunnudaginn 13. nóvember.

**Erlendur Guðni Erlendsson**, frá Helgastöðum, Krummahólum 4, Reykjavík, lést sunnudaginn 30. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ingibjörg Jónsdóttir Kolka** er látin.

**Petra Mogensen**, Miðleiti 5, lést laugardaginn 12. nóvember.

**Róbert Þór Ragnarsson**, Hveralind 6, Kópavogi, lést mánudaginn 14. nóvember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Birgir Davíð Kornelíusson** verður jarðsunginn frá Hvítasunnukirkjunni, Hátúni 2.

13.30 **Edda Eiríksdóttir**, frá Kristnesi, Reykhúsum 4c, Eyjafjarðarsveit, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju en jarðsett verður í Munkaþverárkirkjugarði.






# Full búð af nýjum vörum





dare2be snowwear

CRAG HOPPERS

REGATTA GREAT OUTDOORS ™

le coq sportif





**Nýjar barnavörur á tilboðsverði -50%**

**Útivistarfatnaður**

**Sportfatnaður/skór**

**Skíða/Brettafatnaður**

**Gönguskór**

**Bakpokar ofl. ofl.**

**Nýtt kortatímabil**

**Opið**
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16

## ÚTIVIST&SPORT

*verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta*

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550 **Akureyri** Strandgata 3 S. 464-4450 **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

**Aðrir sölustaðir:** **Ísafjörður** Hafnarbúðin S. 456-3245. **Reyðarfjörður** Molinn S. 474-1400. **Höfn H.** Hafnarbraut 34 S. 478-2216










## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 9 | 2 | 3 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 8 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 |
| 3 | 6 | 2 | 4 | 1 | 5 | 8 | 7 | 9 |
| 5 | 9 | 8 | 7 | 2 | 3 | 4 | 1 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 2 |
| 2 | 8 | 4 | 3 | 9 | 7 | 6 | 5 | 1 |
| 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 2 | 7 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | 4 | 3 | 5 | | |
| | 6 | | 2 | 9 | | | 4 | |
| 4 | | | 6 | | | | | 7 |
| 7 | | | | 6 | | 4 | 1 | |
| 6 | 1 | | 5 | | 4 | | 7 | 9 |
| | 8 | 4 | | 7 | | | | 3 |
| 5 | | | | | 9 | | | 4 |
| | 9 | | | 2 | 6 | | 3 | |
| | | 6 | 8 | 1 | | 7 | | |

# STUÐ MILLI STRÍÐA Krónískt hungurverkfall

**ÞÓRARNI ÞÓRARINSSYNI** LEIÐIST AÐ BORÐA.



Heilbrigðisyfirvöld hafa af því umtalsverðar áhyggjur að Íslendingar séu að drepast úr spiki. Maður þarf auðvitað ekki annað en að opna augun á almannafæri og horfa í kringum sig til þess að skilja þessar áhyggjur.

Þjóðin ekur sér í spikinu upp og niður Laugaveginn, upp í Kringlu og inn í Smáralind. Treður sig út af skyndibitum á milli þess sem hún hleypur milli verslana og fyllir ísskápinn.

Unga fólkið sem á að erfa landið tútnar út fyrir framan tölvur og sjónvarpsskjái og þeir sem ætla að kafsigla þjóðarskútunni áður en litlu fitubollurnar taka til við að drekka fljótandi brauð sem ríkið hefur einkasölurétt á.

Þetta er ekki geðsleg heimsmynd enda er mör ekki geðslegur. Þvert á móti. Ég get auðvitað staðið á kassa á Lækjartorgi og bent á fitubollurnar og híað á þær vegna þess að ég fitna ekki. Ég er ekkert ofurmenni og stunda ekki heilsurækt svo heitið geti. Ég bara borða helst ekki og þegar ég geri það er það af lífsnauðsyn. Ekki af nautn eða ánægju.

Mér er því fyrirmunað að skilja fólk sem getur dundað sér við eldamennsku tímunum saman og eytt svo enn fleiri klukkustundum í að tína herlegheitin ofan í sig. Fyrir mér er þetta jafn gáfulegt og að leysa Sudokugátur. Væri ekki nær að fara mína leið. Éta þrjú Prins póló og tvær skyr.is dósir yfir daginn og drepast hægt og rólega úr hor og nota tímann til þess að láta annað fólk fara í taugarnar á sér og telja sig þess umkominn að vanda um fyrir því? Það getur auðvitað vel verið að næringarskorturinn sé að gera mig geðbilaðan og allt sé í lukkunnar velstandi hjá öllum nema sjálfum mér en ég held samt að mér líði best vel undir kjörþyngd á einhæfa skyndifæðinu mínu. Það mun í það minnsta ekki þurfa lyftara til að flytja líkkistuna mína.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





Út að borða
með fjölskylduna
um helgina
PEPSI
2 á 2200
Fjölskyldutilboð
Tvær miðstærðar pizzur með
tveimur áleggjum á kr. 2200
Ís fyrir alla krakka á 100 kr.
Gildir einungis í veitingasal 17-20 nóvember 2005
Fáðu þér ís!
Pizza Hut notar
einungis
100% íslenskan
Mossarella ost
Láttu sjá þig
Pizza Hut
Nordica • Sprengisandi • Smáralind
www.pizzahut.is • 533 2000

**Kl. 21.00**

*Hinn árlegi upplestur **Hins íslenska glæpafélags** verður haldinn á Grand Rokk í kvöld. Rithöfundarnir **Árni Þórarinsson, Jón Hallur Stefánsson, Reynir Traustason, Súsanna Svavarsdóttir, Viktor Arnar Ingólfsson, Þráinn Bertelsson** og **Ævar Örn Jósepsson** lesa þar upp úr nýútkomnum glæpasögum sínum. Seiðandi djasstónar leika um eyru gesta á undan upplestri, undir upplestri og að lestri loknum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Komið að þeirri áttundu



Rumon Gamba, aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hófst fyrir rúmlega tveimur árum handa við að stjórna flutningi hljómsveitarinnar á öllum sinfóníum rússneska tónskáldsins Dmitrí Sjostakovitsj. Alls samdi Sjostakovitsj fimmtán sinfóníur um ævina, en í kvöld er komið að því að Sinfóníuhljómsveitin flytji þá áttundu í röðinni á tónleikum sínum í Háskólabíói.

Sjostakovitsj samdi hana sumarið 1943, þegar seinni heimsstyrjöldin stóð sem hæst, og þurfti ekki nema tvo mánuði til verksins. Hann sagðist geta dregið heimspekilegt innihald hennar saman í þrjú orð: „Lífið er fallegt. Allt sem er dökkt og drungalegt mun hverfa, hið fagra mun sigra að lokum.“

Sinfónían var frumflutt í Moskvu í nóvember árið 1943, en var fljótlega sett á svarta listann í Sovétríkjunum og fékkst ekki flutt aftur fyrr en árið 1956, að Stalín föllnum.

Á dagskrá tónleikanna í kvöld er einnig verk eftir Benjamin Britten sem heitir Sinfonia de Requiem, eða Sálumessusinfónían, sem einnig var samin í skugga seinni heimsstyrjaldarinnar. Verkið þykir magnað og felur í sér kröftug andmæli gegn styrjöldum.

Á undan tónleikunum í Háskólabíói býður Vinafélag Sinfóníunnar til tónleikakynningar í Sunnusal Hótel Sögu, og hefst sú samkoma klukkan 18.00. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur fjallar þar um bæði verkin, kynnir sögu þeirra og útskýrir valda þætti úr tónlistinni.

### > Ekki missa af ...

... tónleikum þeirra **Kristjönu Stefánsdóttur** söngkonu og **Agnars Más Magnússonar** píanóleikara sem ferðast um landið á næstu dögum að kynna plötuna sína þar sem þau flytja sígild popplög í eigin djassútsetningum.

... tónleikum **Benna Hemm Hemm** í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

... sýningum þeirra **Jóns Laxdal, Kristins Hrafnssonar** og **Guðrúnar Hrannar Ragnarsdóttur** í Safni, Laugavegi 37.

## Syngur í Óperunni

Ragnheiður Gröndal heldur í kvöld útgáfutónleika í Íslensku óperunni ásamt 12 manna hljómsveit í tilefni útgáfu geisladisksins After the Rain sem 12 Tónar gefa út.

Þótt Ragnheiður Gröndal sé bara rúmlega tvítug að aldri hefur hún áður sent frá sér tvær sólóplötur og á síðasta ári var hún valin söngkona ársins. Plötur hennar hafa fallið í góðan jarðveg og selst gríðarlega vel enda frábær söngkona á ferðinni.

After The Rain er fyrsta plata Ragnheiðar þar sem hún stígur fram á sjónarsviðið með sitt eigið efni, sín eigin lög og texta. Platan, sem tekin var upp í sumar, er persónuleg og falleg poppplata. Lagið It´s Your Turn hefur fengið frábærar viðtökur og mikla spilun á útvarpsstöðvum.

Ásamt Ragnheiði koma fram á plötunni landsþekktir tónlistarmenn. Guðmundur Pétursson leikur á gítar, Kjartan Valdemarsson spilar á hljómborð og harmonikku, Róbert Þórhallsson sér um bassaleik, Einar Scheving leikur á trommur og sér um annan áslátt. Haukur Gröndal leikur á klarinett en hann sá einnig um útsetningar ásamt Ragnheiði. Gróa Margrét Valdimarsdóttir og Íma Þöll Jónsdóttir spila á fiðlur, Móeiður Anna Sigurðardóttir leikur á víólu og Júlía Mogensen á selló.

After The Rain var tekin upp í Sýrlandi Hafnarfirði og Reykjavík sem og Áttunni af Adda 800, Óskari Páli Sveinssyni og Haffa tempó. Diskurinn var síðan hljóðblandaður í Sýrlandi af Óskari Páli og tónjafnaður í Rainbow Studios í Noregi af Jan Erik Kongshaug. ■



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Heldur útgáfutónleika í Íslensku óperunni ásamt tólf manna hljómsveit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Jónas lifir á meðal vor

**Guðrún Helgadóttir rithöfundur hlaut í gær Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar, sem jafnan eru afhent ár hvert á degi íslenskrar tungu.**

„Ég vona bara að ég verðskuldi þetta,“ sagði Guðrún Helgadóttir um Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar sem hún hlaut í gær úr hendi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra. Afhendingin fór fram á hátíðardagskrá í sal Listasafns Reykjanesbæjar í Duus-húsum í Reykjanesbæ.

„Ég er afskaplega glöð og hreykin því það er ekki á hverjum degi sem maður fær viðurkenningu sem er tengd minningu Jónasar Hallgrímssonar.

Guðrún er stundum spurð að því hvernig henni hafi tekist að sameina vinnu við skáldskap og stjórnmál, og segir að við því sé til einfalt svar: „Spyrjið þið Jónas Hallgrímsson, því það eigum við þó sameiginlegt að hafa fengist við hvort tveggja, þótt hann hafi verið öllu merkari stjórnmálamaður en ég.“

Guðrún segir að Jónas hafi sjálfkrafa orðið fyrirmynd hennar. Hann hljóti að vera fyrirmynd hvers rithöfundar sem skrifar á íslensku.

„Íslensk tunga væri ekki söm án hans, það fer ekki á milli mála. Það er alveg dæmalaust að maður sem á aðeins tvö ár í að verða 200 ára skuli vera jafn ljóslifandi fyrir okkur í dag eins og hann hefur verið allan tímann. Hann er svo sannarlega enn á meðal vor.“

Í rökstuðningi ráðgjafarnefndar, sem ráðherra hafði sér til fulltingis við úthlutun verðlaunanna, segir að Guðrún skrifi til barna „á þann hátt að þau finna að þau eiga sér málsvara enda nýtur sjónarhorn barnsins sín einkar vel í bókum hennar“. Einnig segir að Guðrún hafi „einkar gott vald á íslenskri tungu og að þessu leyti gegna verk hennar mikilvægu uppeldishlutverki þegar kemur að því að efla málþroska barna, auðga orðaforða þeirra og gera þau meðvituð um mikilvægi ritaðs máls.“

Menntamálaráðherra veitti í gær einnig tvær aðrar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu. Önnur er veitt Lestrarmenningu í Reykjanesbæ og hina fékk Bókaútgáfan Bjartur. ■



**GUÐRÚN HELGADÓTTIR** Menntamálaráðherra veitti henni í gær Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar 2005. Jafnframt hlutu Lestrarmenning í Reykjanesbæ og Bókaútgáfan Bjartur viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskrar tungu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## Sögur af fantaskap

**Í kvöld er komið að hinum árlega upplestri Hins íslenska glæpafélags á Grand Rokk. Sjö höfundar íslenskra glæpasagna lesa þar úr bókum sínum og segja frá eiturlyfjum, fjöldamorðum, raðmorðum, einkamorðum, prívatmorðum og öðrum morðum og alls kyns fantaskap.**

„Þetta eru spennandi glæpasögujól,“ segir Kristinn Kristjánsson, foringi Hins íslenska glæpafélags, og víst er að vart tekur hann of stórt upp í sig með þessu því núna í ár koma út fleiri íslenskar glæpasögur en nokkru sinni fyrr.

„Við vorum bjartsýn í byrjun, en þótt við værum bjartsýn þá vorum við ekki alveg svona bjartsýn,“ segir Kristinn, sem stofnaði Hið íslenska glæpafélag árið 1999 ásamt fleiri áhugamönnum um íslenskar glæpasögur. Fyrir aðeins sex árum voru örfáir höfundar að stíga sín fyrstu skref í ritun glæpasagna, en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt og núna í ár koma út fleiri íslenskar glæpasögur en nokkru sinni fyrr.

„Þetta hefur gengið betur en nokkurn gat dreymt um. Eftir að þetta byrjaði 1996 hefur þetta verið að vaxa jafnt og þétt. Mér skilst að í ár séu þetta níu eða tíu manns núna, ég hef bara ekki ennþá náð að telja.“

Höfundarnir sem lesa upp úr bókum sínum á Grand Rokk í kvöld eru Árni Þórarinsson, Jón Hallur Stefánsson, Reynir Traustason, Súsanna Svavarsdóttir, Viktor Arnar Ingólfsson, Þráinn Bertelsson og Ævar Örn Jósepsson.

Á undan upplestri munu seiðandi djasstónar leika um eyru gesta sem verða staddir á hinni margfrægu menningarbúllu. Einnig verður leikinn djass undir upplestri höfunda og hljómsveitin leikur áfram að lestri loknum til að undirstrika ógnvænlegt andrúmsloft glæpanna. ■



**VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON** Hann er einn þeirra glæpasöguhöfunda sem lesa upp úr nýjum bókum sínum á árlegri uppskeruhátíð Hins íslenska glæpafélags. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## NÝJAR BÆKUR



Bókaútgáfan Hólar hefur sent frá sér bókina **Pétur Poppari** eftir Kristján Hreinsson, óborganlega bók um einstakan karakter sem var samnefnari fyrir allt það flippaðasta sem rokksaga Íslands hefur að geyma.



Mál og menning hefur gefið út Reykjavíkurþríleik Einars Más Guðmundssonar, **Riddara hringstigans, Vængjasláttt í þakrennum** og **Eftirmála regndropanna,** í einni bók undir heitinu **Goðheimar bernskunnar**. Þessar vinsælu skáldsögur komu út á Íslandi á árunum 1982 til 1986, hlutu frábærar móttökur og verðlaun og eru jafnan taldar hafa markað tímamót í íslenskri sagnagerð. Bækurnar komu á sínum tíma einnig út á öllum Norðurlöndunum, í Þýskalandi og Englandi og voru dómar þar mjög lofsamlegir.



**Afmörkuð stund** er mögnuð frásögn Ingólfs Margeirssonar, rithöfundar og blaðamanns, af alvarlegum veikindum og einstæðri baráttu úr faðmi dauðans til lífsins. Bókaútgáfan Skrudda gefur út.



**Eldhuginn - Sagan um Jörund hundadagakonung og byltingu hans á Íslandi**, nefnist ný söguleg skáldsaga eftir Ragnar Arnalds sem JPV útgáfa hefur sent frá sér. Bókin er fyrst og síðast saga óbilandi og kraftmikils draumóramanns sem lætur sér ekki segjast og gefst ekki upp fyrr en í fulla hnefana.



**Auður Eir - Sólin kemur alltaf upp á ný**, nefnist ævisaga Auðar Eir sem bókaútgáfan Veröld hefur sent frá sér. Edda Andrésdóttir ræðir við Auði Eir, sem hefur haft storminn í fangið um árabil.

allt tilboð
Alla föstudaga

# Námskeið um erfðarétt og kaupmála

***Hver er réttarstaða hjóna eða sambúðarfólks ef til skilnaðar kemur eða annað fellur frá? Anna Linda Bjarnadóttir hdl. heldur námskeið um þau efni síðdegis í dag í Háskólanum í Reykjavík.***

„Ég mun bera saman gildandi reglur um hjónaband annars vegar og óvígða sambúð hins vegar, kaupmála, samábyrgð hjóna á skötttum hvors annars, slit hjúskapar og óvígðrar sambúðar, setu í óskiptu búi og félagslega aðstoð við andlát maka.“ Þannig lýsir Anna Linda helstu umræðuefnum á námskeiðinu Hjónaband eða óvígð sambúð sem haldið verður í Háskólanum í Reykjavík í dag frá 16.15 til 19.15. Hún kveðst hafa haldið námskeið um þetta efni í Laugarneskirkju fyrir tveimur árum og salurinn hafi troðfyllst. Það sýni að þörf sé á fræðslu. Anna Linda segir mikinn mismun á stöðu fólks eftir því hvort um vígða eða óvígða sambúð er að ræða, sérstaklega hvað varðar erfðarétt. „Alltof mörg pör í óvígðri sambúð sleppa því að gera erfðaskrár sín á milli en jafnvel þótt báðir aðilar séu þinglýstir eigendur fasteigna þá er ekki gagnkvæmur erfðaréttur. Börnin eru lögerfingjar og fólk hefur lent í því að þurfa að borga börnunum sínum leigu. Fjölskyldumunstur eru líka orðin svo margbrotin og mikið um stjúpbörn í fjölskyldum. Það flækir málin enn frekar,“ bendir hún á. Spurð hvort hún komi öllu þessu mikilvæga efni að á þremur tímum brosir hún breitt og svarar: „Ég ætla að tæpa á helstu atriðunum og kenna svo fólki að afla sér nánari upplýsinga.“

Skráning á námskeiðið fer fram hjá Charlottu Karlsdóttur í síma 599-6258 eða á charlotta@ru.is



Fáir hugsa um vandamál við hjúskaparslit og dauðsföll meðan allt leikur í lyndi.




### Íslenskur hátækniiðnaður:

# Að vera eða fara - þarna er efinn!

**Samtök iðnaðarins efna til morgunverðarfundar til þess að ræða stöðu hátækniiðnaðar á Íslandi föstudaginn 18. nóvember frá kl. 8:30 til 10:00 á Hótel Nordica, sal i. Morgunverður í boði frá kl. 8:00.**

Tilefni fundarins er að út er komin skýrslan *Hátækniiðnaður, þróun og staða á Íslandi, staða og stefna á Norðurlöndum og Írlandi* og ritið *Hátækniiðnaður, framtíðarsýn og spá*.

Framtíð hátækniiðnaðar á Íslandi getur orðið mjög björt ef rétt er á spilum haldið. Það er mat Samtaka iðnaðarins. Hins vegar er engin trygging fyrir því að sú bjarta framtíð verði að veruleika. Hér skipta öllu máli þau starfsskilyrði sem hátæknifyrirtækjum eru búin í samanburði við erlenda keppinauta.

Nú berast þær fréttir að íslenskum hátæknifyrirtækjum bjóðist gull og grænir skógar erlendis. Er það rétt og hvernig getum við brugðist við?

**Dagskrá:**



Sveinn Hannesson | Hörður Arnarson | Jón Ágúst Þorsteinsson | Ingvar Kristinsson | Sigmar Guðbjörnsson | Vilmundur Jósefsson

8:30 ***Framtíðarsýn og spá Samtaka iðnaðarins tálsýn eða veruleiki?***
Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri

***Hvar vaxa íslensk fyrirtæki í framtíðinni?***
Hörður Arnarson, forstjóri Marels hf.

***Tilboð frá útlöndum - áhugaverður kostur?***
Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku hf. og formaður Samtaka sprotafyrirtækja

***Brotnar Þriðja stoðin?***
Ingvar Kristinsson, þróunarstjóri Landsteina Strengs hf.

***Ellefu ára barátta - hvað nú?***
Sigmar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Stjörnu-Odda ehf.

9:45 ***Fyrirspurnir og umræður***

**Fundarstjóri:**
Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 591 0100 eða með tölvupósti á netfangið skraning@si.is eigi síðar en kl. 16:00 fimmtudaginn 17. nóvember næstkomandi.

Aðgangur er ókeypis.

SI
Samtök iðnaðarins




# Morðrannsókn í víti

**BÆKUR**
**UMFJÖLLUN**

Ævar Örn Jósepsson stimplaði sig inn á sannfærandi hátt sem einn athyglisverðasti reyfarahöfundur landsins með frumraun sinni, Skítadjobb, fyrir nokkrum árum. Hann fylgdi þeirri bók eftir með Svörtum englum og nú er hann mættur til leiks í þriðja sinn með Blóðbergi. Þetta er hans langbesta bók til þessa og stendur við öll fyrirheit sem fyrri bækurnar gáfu og gott betur. Sagan er áhugaverð, mátulega flókin og það sem mestu skiptir er að persónurnar eru skemmtilegar, mannlegar og sannfærandi. Þá skrifar Ævar Örn litríkan, kjarnyrtan og tilgerðarlausan stíl sem fellur einstaklega vel að glæpasögunni.

### Velkomin til helvítis

Blóðberg hefst á því að sex menn farast er skriða fellur á þá við Kárahnjúka. Grunur um að hryðjuverk hafi verið framið vaknar strax og löggugengið úr fyrri bókum Ævars er sent á staðinn til að rannsaka málið. Hinn lífsreyndi og mjög svo geðþekki Stefán er sem fyrr í broddi fylkingar með grænu derhúfuna sína á hausnum. Hans nánasta samstarfsfólk, gauðið Árni og skörungurinn Katrín, fylgir foringja sínum að ógleymdum tuddanum Guðna sem er hreint út sagt dásamleg persóna.

Það eru ótal maðkar í mysunni á Kárahnjúkum en þar hefur myndast skuggalegt fjölþjóðlegt samfélag í kringum virkjunarbygginguna og yfir þessu öllu grúfir alíslenskur vetur með tilheyrandi myrkri, drunga og kulda. Velkomin til helvítis.

Löggurnar eru ekki búnar að vera lengi á staðnum þegar þær hafa komist á snoðir um vændi, eiturlyfjasölu og allan fjárann annan á staðnum. Þá hallast þau frekar að því að um morð en hryðjuverk hafi verið að ræða þegar skriðan féll þar sem í það minnsta þrjú fórnarlambanna höfðu óhreint mjöl í pokahorninu eða áttu eitthvað sókött við aðra á staðnum.

Það flækir svo málið og rannsóknina enn frekar þegar brú er sprengd en þar er greinilega um hryðjuverk að ræða. Þetta gefur vænisjúkum útsendurum yfirvalda tilefni til þess að fara hamförum, senda víkingasveit gráa fyrir járnum á svæðið og handtaka alla sem vekja minnsta grun. Þessar aðgerðir eru vitaskuld gæðablóðinu Stefáni ekki að skapi enda kallast þær á við vitleysisganginn sem átt hefur sér stað í stríðinu gegn hryðjuverkum í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þegar aðferðir Bush og Blairs eru heimfærðar á lítið örsamfélag eins og Kárahnjúka kemur berlega í ljós hversu bjánalegt allt þetta umstang er.

### Sterkar persónur og kjarnyrtur stíll

Það er því nóg um að vera í Blóðbergi. Fjöldi grunaðra er þó nokkur og lögreglumennirnir sem rannsaka málið eru óvenjumargir. Þá teygir Ævar anga sögunnar út um hvippinn og hvappinn en tengir þetta svo allt saman í sannfærandi heild í lokauppgjörinu. Ævari tekst vel að afvegaleiða lesandann á þessum fjögur hundruð blaðsíðum og lausnin kemur á óvart en það er auðvitað algjört frumskilyrði í bókum af þessu tagi.

Sú hætta er auðvitað alltaf fyrir hendi í jafn langri bók með jafn mörgum persónum og nöfnum að sagan renni út í þvælda loðmullu og lesandinn týni sér. Maður er hins vegar í öruggum höndum hjá Ævari, sem vindur söguna áfram af öryggi og kveikir reglulega nýjan grun eða vekur forvitni þannig að það er óhjákvæmilegt annað en að halda áfram að lesa.

Styrkur sögunnar liggur þó fyrst og fremst í stílnum og persónunum. Tungutak Ævars var harðsoðið í Skítadjobbi og þegar hann náði bestu flugi bergmálaði hann af meitluðum stíl Raymonds Chandler. Hann hefur slípað stílinn töluvert, hann er jafnari og rennur enn betur.

Ævar skrifar íslenskt nútímamannamál þannig að textinn er löðrandi í slettum og engilsaxneskum blótsyrðum eins og „fökking kræst“ og þar fram eftir götum. Svona talar fólk hvort sem málvöndum líkar betur eða verr og ef einhver kann að skrifa sannfærandi og eðlileg samtöl þá er það Ævar Örn.

Kjafthátturinn og orðbragðið eru einnig veigamikill þáttur í persónusköpun Ævars og ensk blótsyrði með íslenskri stafsetningu renna hvergi betur en úr kjaftinum á löggunni Guðna. Þessi alíslenski, rasíski, drykkfelldi ruddi er dásamlegasta persóna Ævars og fullkominn senuþjófur. Það hafa allir hitt Guðna í einhverri mynd og í honum sameinast allt það versta í fari íslenskrar þjóðarsálar en samt er hann ekki alslæmur þó hann drekki eins og svín, sé karlremba og eigi haug af klámspólum heima hjá sér. Toppmaður, hann Guðni.

### Fyrsta flokks krimmi

Val Ævars á glæpavettvangi er skothelt og ég efast um að hægt sé að finna betri umgjörð utan um íslenska sakamálasögu en virkjunarsvæðið við Kárahnjúka. Möguleikarnir eru endalausir og þessi litli míkrókosmos er svo lifandi að þjóðfélagsádeila Ævars ristir dýpra en í nokkrum öðrum íslenskum reyfara í þeirri skriðu sem nú dynur á bókamarkaðnum. Hafi Ævar verið efnilegur í Skítadjobbi þá er hann fullnuma í Blóðbergi. Með þessari bók er hann orðinn einn af aðal sakamálasöguhöfundum landsins, ef ekki sá besti.

**Þórarinn Þórarinsson**




**BLÓÐBERG**
Höf: ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON
**ÚTG:** Mál og menning

**Niðurstaða:** Hafi Ævar verið efnilegur í Skítadjobbi þá er hann fullnuma í Blóðbergi. Með þessari bók er hann orðinn einn af aðal sakamálasöguhöfundum landsins, ef ekki sá besti.




Stóra svið

**Salka Valka**
Í kvöld kl. 20 | Fi 24/11 kl. 20
Fö 25/11 kl. 20 | Su 4/12 kl. 20
Su 11/12 kl. 20

**Woyzeck**
Fö 18/11 kl. 20 | Lau 19/11 kl. 20
Lau 26/11 kl. 21 | Su 27/11 kl. 21
Þr 29/11 kl. 20 UPPS | Fi 1/12 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 | Fi 8/12 kl. 20

**Kalli á þakinu**
Su 20/11 kl. 14 UPPS | L au 26/11 kl. 14
Su 27/11 kl. 14 | Su 4/12 kl. 14
Su 11/12 kl. 14 | Má 26/12 kl. 14

**Id - HAUST**
Wonderland, Critic ´s Choice? og Pocket Ocean
Su 20/11 kl. 20 | Mi 23/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar!

Nýja svið/Litla svið

**Lífsins tré**
Fö 18/11 kl. 20 | Lau 19/11 kl. 20
Fö 25/11 kl. 20 | Lau 26/11 kl. 20
Lau 3/12 kl. 20

**Alveg brilljant skilnaður**
Su 20/11 kl. 20 UPPSELT
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 UPPSELT
Su 4/12 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar!

**Manntafl**
Í kvöld kl. 20 | Fi 24/11 kl. 20
Mi 30/11 kl. 20

**GJAFAKORT**
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Í kvöld fim. 17/11, fös. 18/11 nokkur sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus, fim. 24/11, fös. 25/11, lau. 26/11. Aðeins sýnt í nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 örfá sæti laus.
Síðustu sýningar fyrir jól.

EDITH PIAF
Sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning.
Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

BRIM
Í kvöld fim. 17/11 uppselt, sun. 20/11 örfá sæti laus, mið 23/11 nokkur sæti laus, mið. 30/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Í kvöld fim. 17/11 uppselt, lau. 19/11, mið. 23/11 uppselt, fim 24/11 uppselt, lau. 26/11, mið. 30/11. Aðeins sýnt í nóvember.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN

LEITIN AÐ JÓLUNUM
Frumsýning lau. 26/11 kl. 14:00 uppselt, sun. 4/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 11/12 kl. 14:00 og kl. 16:00, sun. 18/12 kl. 14:00 og kl. 16:00.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld fim. 17/11 kl. 22:30 Tónleikar Benni Hemm Hemm.
Lau. 19/11 kl. 22:30 Tangódansleikur “Milonga”.
Sun. 20/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans. Útgáfutónleikar “Ég um þig”.
Agnar Már Magnússon og Kristjana Stefánsdóttir.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.
















Von, dansverk eftir Láru Stefánsdóttur, framleitt af Pars Pro Toto & Áróra Bórealis, brot úr nýju verki á gömlum merg, framleitt af Borealis Ensemble.
Laugardaginn 19. nóv. kl. 20 & Sunnudaginn 20. nóv. kl. 17
Miðaverð kr. 2.000.- Ath! Aðeins þessar tvær sýningar
„Ástir og örvænting” - Hádegistónleikar 29. nóv. kl. 12.15
HLín Petursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó
Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




# Bretar keppast um bækur Yrsu



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR** Bresk bókaforlög hafa sýnt bókum hennar slíkan áhuga að efna þurfti til uppboðs um útgáfusamninginn.

Stærstu bókaforlög Bretlands hafa barist um útgáfuréttinn á tveimur bókum Yrsu Sigurðardóttur rithöfundar, bæði Þriðja tákninu sem er rétt nýkomin út og einnig á næstu skáldsögu Yrsu sem enn er óskrifuð.

„Þessi tíðindi eru miklu stærri en maður þorir að segja,“ segir Pétur Már Ólafsson hjá forlaginu Veröld sem er útgefandi Yrsu hér á landi. „Fyrst voru þetta sjö forlög og síðan þrjú sem buðu hvert í kapp við annað, fyrst í eina bók hennar og svo í tvær bækur. Venjulega hafa menn bara gert sig ánægðan með að fá útgefanda og þegið það.“

Veröld hefur nú gengið frá samningum við Hodder Headline, næststærstu bókaútgáfu Bretlands, um útgáfu á bæði spennusögunni Þriðja tákninu og einnig á næstu bók Yrsu. Samningurinn gildir um útgáfu bókarinnar í öllu breska samveldinu, og þar með hefur verið samið um útgáfu á bókinni á tólf tungumálum.

Vegna þess hve ákafi bresku forlaganna var mikill urðu forsvarsmenn Veraldar að efna til uppboðs á Þriðja tákninu milli þeirra og stóð það í viku. Ekki eru þekkt dæmi um slík uppboð í Bretlandi þegar um íslenska höfunda er að ræða.

Í upphafi vildu sjö breskar bókaútgáfur kaupa réttinn á glæpasögu Yrsu þegar Veröld kynnti bókina fyrir forlögum á Bretlandseyjum. Eftir því sem útgáfurétturinn hækkaði í verði heltust forlögin smám saman úr lestinni og loks stóðu þrjú eftir sem buðu hvert í kapp við annað í Þriðja táknið og næstu bók frá Yrsu.

Pétur Már segist ekki hafa neina skýringu á velgengi Yrsu aðra en þá sem höfð er eftir útgáfustjóra Hodder Headline, sem segir að „eitthvað alveg sérstakt“ sé við bækur Yrsu.

Áður en breski samningurinn var staðfestur hafði verið gengið frá samningum um útgáfu á skáldsögu Yrsu Sigurðardóttur á ellefu tungumálum, á þýsku, hollensku, frönsku, ítölsku, spænsku, norsku, sænsku, dönsku, finnsku, grísku og litháísku, með útgáfu- og sölurétti til yfir 30 landa. Nú bætist tólfta tungumálið, enska, við og útgáfa og sala í um 70 löndum. Bókin er því væntanleg á markað í ríkjum Evrópu, Suður-Ameríku, Afríku, Asíu og Eyjaálfu. Meðal fjölmennra markaða utan Evrópu, sem samningurinn við Hodder tekur til, má nefna Suður-Afríku, Ástralíu, Singapore, Pakistan og Indland.







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

14 15 16 **17** 18 19 20

**Fimmtudagur**

**TÓNLEIKAR**

☐ 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** flytur Sinfonia de Requiem eftir Benjamin Britten og áttundu sinfóníu Sjostakovitsj á tónleikum sínum í Háskólabíói. Stjórnandi er **Rumon Gamba**.

☐ 20.00 **Ragnheiður Gröndal** heldur útgáfutónleika í Íslensku óperunni ásamt tólf manna hljómsveit í tilefni útgáfu geisladisksins After the Rain sem 12 Tónar gefa út.

☐ 20.30 **Kristjana Stefánsdóttir** og **Agnar Már Magnússon** flytja sígild popplög í eigin djassútsetningum á tónleikum, sem þau halda í Nýja safnaðarheimilinu á Hellu í tengslum við útgáfu nýrrar geislaplötu sem nefnist Ég um þig. Auk þeirra koma fram **Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson** bassaleikari og **Scott McLemore** trommuleikari.

☐ 22.00 **Benni Hemm Hemm** heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum ásamt hljómsveit sinni. Nýútkomin plata sveitarinnar hefur fengið frábæra dóma í dagblöðum og á netmiðlum.

**BÆKUR**

☐ 20.00 Rithöfundarnir **Reynir Traustason, Guðrún Eva Mínervudóttir, Óttar M. Norðfjörð** og **Hreinn Vilhjálmsson** lesa úr nýjum bókum sínum á Súfistanum við Laugaveg.

☐ 21.00 **Árni Þórarinsson, Jón Hallur Stefánsson, Reynir Traustason, Súsanna Svavarsdóttir, Viktor Arnar Ingólfsson, Þráinn Bertelsson** og **Ævar Örn Jósepsson** lesa upp úr nýútkomnum glæpasögum sínum á árlegum upplestri Hins íslenska glæpafélags á Grand Rokk. Seiðandi djasstónar leika um eyru gesta á undan upplestri, undir upplestri og að lestri loknum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**allt bílar**
Alla laugardaga



Næstu sýningar:
fim. 17.11 kl. 20 uppselt
fös. 18.11 kl. 20 ósóttir miðar í sölu
lau. 19.11 kl. 20 uppselt
sun. 20.11 kl. 20 ósóttir miðar í sölu
Ath. ósóttar pantanir seldar viku f. sýn.
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar. Landsbankinn





*Oh the things I do for England*

James Bond þurfti að leggja ýmislegt á sig fyrir krúnuna en þarna var hann um það bil að fara að njóta ásta með Helgu Brandt.

# bíó

bio@frettabladid.is

# *Braust undan nafni frændans*

Þegar Nicolas Coppola dreymdi um að verða kvikmyndastjarna varð hann að gera upp við sig hvort það yrði á kostnað frændans, Francis Ford Coppola, eða að hann myndi brjóta sér leið til metorða á eigin forsendum. Nicolas lék þó í sínum fyrstu myndum undir föðurnafninu og kom meðal annars fram undir Coppola-nafninu í Fast Times at Ridgemont High. Það nýttist honum vissulega að frændi var einn af stórlöxunum í Hollywood, en hann hafði í hyggju að koma sér á framfæri upp á eigin spýtur.

Hann breytti nafni sínu í Nicolas Cage þegar hann tók að sér hlutverk í Rumble Fish enda var hún leikstýrð af frændanum fræga. Cage hélt þó áfram að vinna undir leiðsögn Coppola. Hann fór á kostum í Peggy Sue Got Married en þegar Cage lauk samstarfi sínu með frænda sýndi hann svo ekki varð um villst að hann gat vel staðið á eigin fótum. Raising Arizona og Moonstruck sönnuðu ótvíræða hæfileika hans.

Eitt af eftirminnilegustu hlutverkum Cage er þó án nokkurs vafa í kvikmynd David Lynch, Wild at Heart. Myndin gerði allt brjálað en Cage fór á kostum sem Elvis-aðdáandinn Sailor Ripley. Leikarinn varð gríðarlega vinsæll en því miður fylgdu nokkrar miðlungsmyndir í kjölfarið. Hann steig þó fram á sjónarsviðið sem heilsteyptur leikari þegar hann hreppti óskarinn fyrir Leaving Las Vegas.

Síðan hefur Cage getað valið sér hlutverk en hann hefur verið ötull við að taka að sér leik í vönduðum myndum til jafns við ekta Hollywood-framleiðslu á borð við The Rock, Con Air eða Face/Off. Þetta hefur reyndar verið tilhneigingin hjá flestum stórstjörnum Englaborgarinnar en fáum hefur tekist jafn vel upp og Cage.



**NICOLAS CAGE** Einn af allra skemmtilegustu leikurum kvikmyndaborgarinnar og hefur tekist að brúa bilið milli Hollywood-framleiðslunnar og „vandaðri" mynda.

Einkalíf leikarans hefur yfirleitt vakið mikla athygli en hann var um tíma giftur Lisu Marie Presley, dóttur Elvis Presley. Þar sem Cage er mikill Elvis-aðdáandi var haft á orði að Lisa væri bara enn einn safngripurinn sem Cage hefði komið höndum yfir.

## Ekki missa af...



A History of Violence með Viggo Mortensen og Ed Harris að ógleymdum William Hurt. Ótrúlega vægðarlausu ofbeldi blandað saman við fjölskyldudrama og ást. David Cronenberg sannar að hann getur gert myndir með venjulegum söguþræði þó að andi hans svífi yfir vötnum.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA



**Serenity**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 8,6 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 80% / Fersk |
| Metacritic.com | 9,3 / 10 |



**The Exorcism of Emily Rose**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 6,7 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 43% / Rotin |
| Metacritic.com | 7,1 / 10 |



**Lord of War**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 7,4 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 58% / Rotin |
| Metacritic.com | 7,2 / 10 |



**Waiting**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 7,0 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 32% / Rotin |
| Metacritic.com | 4,0 / 10 |

# Rottur á ruslahaugum?

**Getur djöfullinn tekið sér bólfestu í mannslíkamanum og eru til ill öfl sem sveima allt í kringum okkur? Alveg síðan Regan MacNeil var andsetin í The Exorcist hafa særingar verið kvikmyndagerðarmönnum hugleiknar og nú er komin mynd með nýju fórnarlambi. Freyr Gígja Gunnarsson kynnti sér hvort ótti við illa anda ætti sér einhverja stoð í veruleikanum.**

Slíkur var áhrifamáttur The Exorcist að margir unglingar á sínum tíma þorðu ekki að sofa með opinn glugga og vildu hafa ljósið kveikt. Tilfelli andsetninga keyrðu fram úr öllu hófi. Séra Merrin barðist hetjulega við djöfulinn með Biblíuna eina að vopni og enn þann dag í dag er myndin talin meðal bestu spennuhrollvekja sögunnar. Leikstjóranum William Friedkin tókst með einhverjum hætti að sannfæra almenning um að andsetningar gætu raunverulega átt sér stað og að til væru menn sem særðu burt djöfulinn.

### Saga Anneliese Michel

The Exorcism of Emily Rose er að hluta til byggð á sannsögulegri sögu Anneliese Michel en hún var venjuleg stúlka sem ólst upp í góðu yfirlæti hjá kaþólskum foreldrum sínum. Þegar Anneliese var sextán ára varð hún þess vör að líkaminn lét ekki að stjórn. Eftir því sem áhrifin urðu magnaðri var hún lögð inn á geðsjúkrahús þar sem kvillarnir ágerðust með degi hverjum. Smám saman sannfærðust foreldrarnir um að stúlkan væri andsetin. Raddir hinna illu anda sögðu að hún myndi brenna í helvíti og stúlkan neitaði að matast heldur drakk eigið þvag og nærðist á flugum og köngulóm. Þá svaf Michel ekki uppi í rúmi heldur lagðist til svefns á köldu gólfi geðsjúkrahússsins.

Sex árum eftir að Michel veiktist samþykkti kaþólska kirkjan í Þýskalandi að framkvæmd skyldi særing og hún fyrirskipuð af Josef Stangl, biskupnum í Würzburg. Séra Arnold Renz og sóknarprestur Michel, Ernst Alt, voru fengnir til að framkvæma hina miklu særingu samkvæmt „Rituale Romanum" en undirstöðurnar fyrir þeirri athöfn hafa verið við lýði síðan á 17. öld. Kaþólska kirkjan áleit að þar sem engar vísindalegar útskýringar hefðu fengist á atferli Anneliese hlyti hún að vera andsetin auk þess sem hefðbundnar geðlækningar bitu ekkert á hana. Var jafnvel talið að Adolf Hitler, Neró og Kain auk annarra smádjöfla hefðu sest að í líkama hennar. Árásir þessara djöfla voru svo kraftmiklar að þrír karlmenn þurftu að halda henni og stundum varð að tjóðra stúlkuna niður. Eftir nánast stanslausar særingar í tvö ár lést Anneliese. Fjölskylda hennar tók upp þessar athafnir og á þeim má stundum heyra „djöfullegar" samræður. Þrátt fyrir að prestunum tveimur hefði tekist að slá á einkennin voru þeir sóttir til saka í Klingenberg-réttarhöldunum sem vöktu mikla athygli. Þar voru þeir dæmdir fyrir vanrækslu en dánardómstjóri úrskurðaði að Anneliese hefði látist af völdum vannæringar.

### Bannað að hafa samband við andaheiminn

Að sögn Bjarna Randvers Sigurvinssonar, stundakennara við guðfræðideild Háskóla Íslands, er meðal kristinna manna sem persónugera ill öfl talað um að reka út illa anda. Innan kaþólsku kirkjunar sé hugtakið særing meira notað en þá þurfi sjúklingur að uppfylla mörg skilyrði til að geta talist andsetinn. „Kaþólska kirkjan er ekki andsnúin geðlækningum enda telur hún að leita eigi allra leiða til að lækna þann sjúka með öllum tiltækum ráðum áður en farið er út í særingar," útskýrir Bjarni. Hann segir þær byggjast á klassískri hugmynd um að til séu ill öfl sem séu persónuleg. „Flestar kenningar halda því fram að hér séu á ferðinni fyrrverandi englar Guðs sem hafi fallið og snúið baki við honum. Þó má finna kenningar þess efnis að þetta sé látið fólk eða vanþroska sálir sem eru án Guðs," útskýrir hann.



**THE EXORCIST** William Friedkin tókst að búa til einstaka mynd um það þegar djöfullinn sest að í líkama lítillar stúlku. Þótt myndin komist ekki í hálfkvisti við þann hrylling sem leyfður er í dag tókst Friedkin engu að síður að gera heila kynslóð hrædda við andsetningar.

Að sögn Bjarna kom mannfræðingurinn Charles H. Kraft með áhugaverðar áherslur í bókinni Defeating The Dark Angels. Hann kýs þar að líkja illum öndum við rottur sem lifi á ruslahaugum. „Hann taldi andana ekki vera vandamálið heldur ruslahaugana og til að losna við illu andana ætti fyrst að losa manneskjuna við ruslið," útskýrir Bjarni en höfundurinn vildi meina að særingar eða brottrekstur illra anda ættu að vera í formi sálgæslu.

Dæmi um andsetningar hafa átt sér stað í íslensku trúarlífi og í bókinni „Íslenskir kristniboðar segja frá" er meðal annars að finna frásögn séra Helga Hróbjartssonar frá Eþíópíu en þar rak hann út illan anda sem hægt var að tala við á norsku eða íslensku. „Ég veit um dæmi þess innan nokkurra trúfélaga að illir andar hafa verið reknir út úr fólki," bætir Bjarni við.

Manneskja sem er heil í sinni trú getur samkvæmt kristinni hefð sagt illum anda að þegja og rekið hann út í Jesú nafni. „Það sem skiptir mestu máli í þessum efnum er að fylgja leiðsögn Guðs en hefðbundin sjónarmið flestra kristinna vakningahreyfinga gera ráð fyrir því að illi andinn geti snúið aftur ef einstaklingurinn bætir ekki ráð sitt," segir Bjarni og bætir enn fremur við að rætur alls þessa sé að finna í varnaðarorðum Biblíunnar gegn því að hafa samband við andaheiminn en ekki Guð sjálfan. „Andsetningin í skáldsögunni The Exorcist eða Haldin illum anda er skýrð sem afleiðing andaglass. Hreyfingar eins og spíritismi hafa af sömu ástæðum verið litnar hornauga meðal vakningahreyfinga innan Þjóðkirkjunnar vegna þess að þar er verið að leita frétta af hinum framliðnu."

freyrgigja@frettabladid.is




Kæri Kópavogsbúi

Hvað finnst þér?

Íbúaþing í Lindaskóla, laugardaginn 19. nóvember
Líttu inn milli kl. 10-16
Sjá nánar um dagskrána á **www.kopavogur.is**

***Þín skoðun skiptir máli!***

KÓPAVOGSBÆR

MIXA • fít • 50988

# TYPPATAL

MEÐ AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



## NASA VIÐ AUSTURVÖLL

| | |
|---|---|
| **Fimmtudagur** | **24. nóvember – Uppselt** |
| Sunnudagur | 27. nóvember |
| Þriðjudagur | 29. nóvember |
| Miðvikudagur | 30. nóvember |
| Fimmtudagur | 1. desember |
| Sunnudagur | 4. desember |

FORSALA ER HAFIN Á ÖLLUM ÚTSÖLUSTÖÐUM midi.is



> **Ilmkerti frá L´occitane**

## Ilmkerti virka

*Þau skapa góða stemningu þegar vanillu-, rósa- eða hunangslykt fyllir vitin og framkalla rétta andrúmsloftið.*

**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON

# *Krókódíllinn var skrýtinn í fimm daga*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Það er ansi margt. En reglulega verð ég að fá rosalega gott kjöt. Mér finnst rosalega gott að fá mér góða nautasteik, en fjárhagsins vegna sætti ég mig við lamb. Góður fiskur verður líka að vera og ég er líka orðinn mikið fyrir kjúkling, sem ég var ekki.

**Fyrsta minningin um mat?**
Ég hef sennilega verið á öðru aldursári þegar ég man eftir að hafa séð krukku af eplamauki uppi í hillu hjá mömmu.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Það var réttur sem ég fékk á Vox á dögunum. Ég fékk að smakka hina og þessa rétti af matseðlinum og eins ótrúlega og það hljómar voru þeir hver öðrum betri.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég fúlsa ekki við neinu. Sjálfsagt er eitthvað út í heimi sem á ekki við mína bragðlauka en ég hef ekki lagt mér það til munns enn.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Já, ég luma á leyndarmáli en gæfi ég það upp væri það ekki leyndarmál.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Til að láta mér líða betur finnst mér gott að elda eitthvað og það er aðallega matseldin sem slík sem veitir mér vellíðan. Ég elda mjög mikið, kannski líður mér alltaf svona illa, hver veit. En ég ætlaði mér alltaf að verða kokkur.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Mjólk, egg, lýsi, ávexti og grænmeti. Ég er duglegur að uppfæra í ísskápnum.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?**
Ég myndi taka með mér kjúklingaréttinn hennar mömmu. Hann er geðveikur og líka svo góður daginn eftir.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Það er krókódílahamborgari sem ég fékk í Bandaríkunum. En það kom á daginn fimm dögum seinna að þetta var ekki krókódílakjöt, heldur eitthvert kjöt sem hafði verið barið í tægjur. En í fimm daga var krókódíllinn það skrítnasta sem ég hafði borðað.



## LA BELLE CREAM:

# Jólalíkjörinn í ár.

Koníaks- og rjómalíkjörinn franski La Belle Cream er 17% að styrkleika, framleiddur úr 100% koníaki. Hann er silkimjúkur, sætur en þurr með karamellu- og kaffibragði og djúpum koníakskeim. Fínleikinn vekur bragðlaukana. Léttur, fíngerður og ódýrari en aðrir rjómalíkjörar. Heillandi þægindi einkenna hann, hægt er að bera hann fram á hefðbundinn hátt á klaka, hressandi í kaffið hvort sem er í heitt kaffi eða svalandi ískalt expresso-Belle Cream. Og auðvitað í konfektið!
La Belle Cream kostar 1.990 krónur og fæst í flestum vínbúðum.




LA BELLE CREAM RJÓMALÍKJÖR

**LA BELLE CREAM BRÛLÉE:**
(Handa 6 manns)
500 g rjómi
6 eggjarauður
90 g sykur
1 vanillustöng
Börkur af einni appelsínu
4 g matarlím (2 blöð)
4 cl La Belle Cream líkjör
Hrásykur

Blandið sykri og eggjarauðum saman. Hitið rjómann að suðu með vanillustöng og appelsínuberki. Blandið saman við eggjarauðurnar án þess að þeyta. Bætið matarlími í og sigtið. Bætið La Belle Cream rjómalíkjörnum út í. Hellið í skálar og kælið í tvo til þrjá tíma. Sáldrið hrásykri á yfirborðið. Brennið undir vel heitu grillinu í ofninum eða með gasbrennara. Berið fram strax með glasi af La Belle Cream. Til að hafa enn meiri stemningu er hægt að bæta appelsínuberki og lichi-sorbet frá Sandholts bakaríi ofan á.
Uppskrift frá Ásgeiri Sandholt í Sandholts bakaríi.

ÞAKKARGJÖRÐAR-
KALKÚNN
Á HÓTEL CABIN
Í tilefni Þakkagjörðardagsins 24. nóvember 2005 bjóðum við upp á hina árlegu kalkúnaveislu að hætti Bandaríkjamanna.
Einungis þrjú skipti.
Í hádeginu fimmtudaginn 24. nóvember og föstudaginn 25. nóvember.
Nýjung í ár:
Kalkúnaveisla föstudagskvöldið 25. nóvember
Eftirréttur og kaffi að loknu kalkúnahlaðborði

Verð einungis
1.750 kr. í hádeginu
2.200 kr. föstudagskvöld (nýtt)
Borðapantanir í síma 511 6030
Ath! Í fyrra komust færri að en vildu. Pantið tímanlega.
Hótel Cabin
Borgartúni 32 • 105 Reykjavík

# Vínsýning í takt við tímann



„Þrautir, klúbbakeppni, eðalhorn, fræðsla og að sjálfsögðu smökkun á mat og víni. Þetta er svona í grunninn það sem verður í boði hjá okkur á Vínsýningunni 2005 í Smáralind um helgina. Markmið okkar er að allir áhugamenn um mat og vín geti fundið sitthvað við sitt hæfi á þessari viðamestu vínsýningu sem sett hefur verið upp hér á landi. Þarna mun fólk hafa einstakt tækifæri til að hafa aðgang að úrvali vína og fjölda sérfræðinga.“ segir Jóna Grétarsdóttir, sem situr í sýningarstjórn sýningarinnar. Hún hefur ásamt Dominique Plédel Jónsson staðið í ströngu undanfarnar vikur við að undirbúa sýninguna ásamt meðlimum Vínþjónasamtakanna og starfsfólki ÁTVR, en þessir tveir aðilar standa að sýningunni ásamt innflutningsaðilum. „Vín er orðið mun hversdagslegri þáttur í matarmenningu Íslendinga en áður var og jafnframt óhátíðlegri og óformlegri. Í samræmi við þessar breytingar verður sýningin afslöppuð og fólk þarf ekki að vita neitt um vín til að njóta hennar, bara hafa áhugann á að njóta góðra vína og vilja auka við þekkingu sína.“
Þó að sýningaraðilar taki sig ekki hátíðlega eru hátíðarvín hins vegar í forgrunni en um helgina hefjast hátíðardagar í Vínbúðum þar sem fjölmörg vín sem henta með matnum um komandi stórhátíðir verða í hávegum höfð og sum þeirra verða boðin á sérstöku kynningarverði. Innflutningsaðilar sem taka þátt í sýningunni munu kynna þessi vín og bjóða upp á smökkun á þeim og ráðgjöf um samsetningu víns og matar. „Það er gleðilegt að fólk hugsar sífellt meira um vín í samhengi við matinn og á sýningunni verða fleiri aðilar sem bjóða upp á mat en nokkru sinni fyrr. Einnig verður boðið upp á alls kyns „gourmet“ mat, kaffismakk og konfekt, osta og súkkulaði en það á eftir að bræða gesti sýningarinnar“, segir Dominique.

### Vandað glas á mann

„Allir gestir sýningarinnar fá vandað vínglas til eignar og ganga á milli sýningarbása og fá vín í glasið til smökkunar. Hver og einn fer í gegnum sýninguna á sínum hraða og við verðum með ýmislegt til skemmtunar annað en að gæða sér á góðu víni. Þeir sem vilja geta prófað að leysa nokkrar skemmtilegar þrautir og verða fjölbreytt verðlaun í boði. Þarna verða líka kynningar á ýmsum fylgihlutum svo sem upptökurum, glösum og karöflum og býðst sýningargestum afsláttur í útvöldum verslunum í Smáralind sem bjóða upp á slíkar vörur. Það er ótrúlega mikið sem fólk fær fyrir þúsundkallinn,“ segir Dominique og bætir við að fólk geti verið á sýningunni klukkutímum saman ef því er að skipta því fyrirlestrar verða á klukkutíma fresti og ýmislegt til sýnis. „Á bás Vínbúðanna verða sýndir margir gamlir hlutir sem tengjast sögu vínmenningar á Íslandi,“ segir Jóna. „Það er virklega gaman að sjá hvernig tíðarandinn hefur breyst, þarna getur fólk gluggað í gamlar skömmtunarbækur karla og kvenna, en hér áður fyrr fékk hver Íslendingur ákveðinn kvóta og þurfti að framvísa sérstökum skömmtunarbókum við vínkaup. Einnig þurfti fólk að kvitta undir sérútbúna yfirlýsingu ef það fékk flösku á borðið til sín á veitingastöðum.“

### Lyktarprófunarglös

Vínbúðirnar hafa breyst gríðarlega í takt við breytta tíma og á bás þeirra getur fólk kynnt sér ýmislegt skemmtilegt um nútímann ekki síður en fortíðina. „Vínsérfræðingar Vínbúðanna munu kynna sérstaklega fjórar þrúgur og fræða fólk um einkenni þeirra í gegnum lyktarskynið. Þannig fá gestir tækifæri til að þjálfa þefskynið með aðstoð „lyktarprófunarglasa“ og geta þeir borið ólíkan ilm saman við vínin. Þetta er afar skemmtileg leið til að veita manni innsýn í hvernig vínum er lýst. Eftir að hafa prófað þetta sjálf skildi ég miklu betur hvað við var átt þegar talað var um að vínin lyktuðu eins og súkkulaði, mold, tóbak, ananas eða vanilla. Vínbúðirnar leggja mikla áherslu á fræðslu og ábyrga umgengni og við hvetjum fólk til að taka leigubíl heim eftir góða smökkun ef þannig stendur á. Það er tuttugu ára aldurstakmark á sýninguna og þeir sem eru rétt um tvítugt mega eiga von á því að verða spurðir um skilríki,“ segir Jóna.
Á sunnudeginum verður einn af hápunktum sýningarinnar, spurningakeppni milli vínklúbba og mun enginn annar en konungur spyrlanna, Logi Bergmann Eiðsson, vera við stjórnvölinn. „Keppnin sló í gegn á sýningunni í fyrra, vínklúbbum er sífellt að fjölga hér á landi og það eru lygilega margir orðnir vel að sér um vínheiminn,“ segir Dominique, sem verður yfirdómari sem fyrr.

## Dagskrá Eðalhornsins á Vín 2005

Í Eðalhorninu á vínsýningunni munu menntaðir vínþjónar leiða fólk í gegnum smakkanir á gæðavínum og miðlað verður fróðleik um vínin og uppruna þeirra.
Haldin verða örnámskeið, um hálftími að lengd, og kostar 1.000 kr. inn. Smökkuð verða þrjú til fimm vín, sum dýr og vandfundin.

**Laugardagur:**
Kl. 14 Nýju svæðin á Spáni.
Umsjón: Stefán B. Guðjónsson.
Fyrir utan Rioja og Penedes er verulega margt spennandi að gerast á Spáni í dag. Fjallað um þessi nýju svæði og dæmigerð vín smökkuð.

**kl. 15 Slow Food-vín.**
Umsjón: Þorri Hringsson.
Gambero Rosso, innan Slow Food hreyfingarinnar, veitir á hverju ári þrjú glös fyrir bestu vínin, sem eru bestu tákn fyrir upprunasvæðin. Mjög athyglisvert örnámskeið um ítölsk vín.

**kl. 16 Syrah og Shiraz**
Umsjón: Stefán B. Guðjónsson.
Hvort tveggja sama þrúgan, en þó svo ólík eftir því hvernig nafnið hennar er skrifað - tákn um uppruna. Það verða stór vín úr þeim báðum.

**kl. 17 Kampavín fyrir hátíðarnar.**
Umsjón: Sævar Már Sveinsson.
Ekki er allt sem freyðir kampavín, en það er mjög sjaldgæft að hægt sé að bera saman mismunandi kampavínstegundir. Glæsileiki um hátíðarnar.

**Sunnudagur:**
kl. 14 Kampavín fyrir hátíðarnar.
Umsjón: Sævar Már Sveinsson.

**kl. 15 Roussillon og lífræn ræktun**
Umsjón: M. Pujol frá Frakklandi
Háttskrifað hérað í dag, þétt og merkileg vín - þar að auki úr lífrænt ræktuðum berjum. Stór og mikil vín, mjög forvitnilegt.

**kl. 16 Syrah og Shiraz.**
Umsjón: Stefán B. Guðjónsson.

**kl. 17 Bordeaux og hátíðamatur.**
Umsjón: Sævar Már Sveinsson.
Bordeaux verður alltaf viðmiðunin og stóru vínin þaðan svíkja aldrei. Einstakt tækifæri til að smakka ómissandi hátíðarvín.

# DELICATO: *Besta shiraz Kaliforníu fimmta árið í röð*

Delicato-fjölskyldan er einn af elstu vínframleiðendum í Kailiforníu. Sikileyingurinn Gasparé Indelicato stofnaði fyrirtækið Delicato í Kaliforníu árið 1935. Undir stjórn þriggja sona hans, Tony, Frank og Vince, hefur fyrirtækið tekið stórstígum framförum og vakið verðskuldaða athygli fyrir framleiðslu sína undanfarin ár. Fyrirtækinu hlotnaðist sá heiður að vera kosið vínframleiðandi ársins 2004 í Kaliforníu. Þetta er sérstakur heiður, þar sem framleiðendur Kaliforníu kjósa hann úr sínum röðum. Sömu aðilar völdu shiraz-vínið hið besta sinnar tegundar fimmta árið í röð. Eins má geta þess að hinn virti vínrýnir Robert Parker sá ástæðu til að taka sérstaklega fram að Delicato-vínin væru góð viðbót við gæðavínflóru Kaliforníu.

Delicato Shiraz hlaut nýverið viðurkenninguna „Gyllta glasið“ sem Vínþjónasamtök Íslands veittu en það voru keppendur á Norðurlandamóti vínþjóna sem völdu vínin og var Delicato eitt af tíu vínum í verðflokknum 1.200-1.500 kr. sem hlutu viðurkenninguna.




Vínið er dumbrautt, með angan af grænum pipar og lakkrís. Afar góð fylling. Það er með kraftmiklu bragði með keim af leðri og í löngu eftirbragðinu kemur fram bragð af bláberjum og vanillu. Vínið er kjörið með grillmat, sérstaklega grísakjöti, og piparsósa á eintaklega vel við það. Vínið er afar gott með þroskuðum ostum.

*Verð í Vínbúðum 1.220 kr.*




## VEITINGASTAÐURINN

**BABALÚ KAFFIHÚS**
**SKÓLAVÖRÐUSTÍG 22A, 101 REYKJAVÍK**



## *Bestu crepes í bænum*

**Hvernig er stemningin?** Eitt heimilislegasta og notalegasta kaffihús miðborgarinnar. Eigendurnir tóku gamalt íbúðarhúsnæði og innréttuðu upp á nýtt, en sumt úr gömlu innréttingunum fékk að halda sér. Húsgögnin eru sótt hingað og þangað, stólarnir til dæmis í Stýrimannaskólann, sem gefur staðnum gamaldags en jafnframt flottan blæ.

**Matseðillinn:** Óvíða má finna betri crepes, franskar pönnukökur, en á Babalú. Þær eru bornar fram með alls kyns ostum, skinku og eggjum og bókstaflega bráðna á tungunni. Auk þess státar staðurinn ávallt af nýbökuðu baguette ásamt hinu hefðbundna úrvali sem finna má á kaffihúsum.

**Vinsælast:** Frönsku pönnukökurnar og baguette-brauðin eru vinsælust á matseðlinum. Staðurinn er opnaður árla morguns og er opinn langt fram á kvöld og eru pönnukökurnar vinsælar hvort sem er að morgni eða þegar degi fer að halla. Þá er einnig hægt að fá sér sætar crepes með hunangi, sykri, súkkulaði eða rjóma en það kostar álíka mikið og kaffibolli.

**Réttur dagsins:** Stundum er boðið upp á súpu dagsins en yfirleitt er hinn hefðbundni matseðill látinn ráða. Pönnukökurnar kosta á bilinu 650 til 700 krónur og brauðin rétt innan við 600 krónur.




ÁSTARFLEYIÐ
FIMMTUDAGA KL. 21:00
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

PÍANÓ
af öllum stærðum og gerðum



YAMAHA
Yamaha píanó.
Yamaha píanó og flyglar
með og án SILENT búnaðar.
Veldu gæði – veldu Yamaha!

SAMICK
Samick píanó.
Mest seldu píanó á Íslandi!
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 357.000 kr.

Goodway píanó.
Fáanleg í svörtu, hnotu og mahoný.
Verð frá 238.000 kr.
15 mán. Vaxtalausar greiðslur.

ESTONIA
Estonia flyglar.
Handsmíðuð gæðahljóðfæri.

STEINWAY & SONS
Steinway & Sons
Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.
Til sýnis í verslun okkar.



Mesta úrval landsins á einum stað!

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Leifur Magnússon
Suðurlandsbraut 32 • 108 Reykjavík • 591 5350







**UNG, ÁSTFANGIN, BARNSHAFANDI OG MEÐ NÝJA SÓLÓPLÖTU Í FARTESKINU** Mannsöngvar geyma uppáhaldslög hennar með íslenskum sem erlendum listamönnum. Hansa fylgir plötunni eftir með útgáfutónleikum síðar í mánuðinum. LJÓSMYND/GÚNDI

# Ást við fyrstu sýn

Við stóran glervegg situr hún geislandi fögur með fagurmótaða kúlu undir svartri peysunni. Nýgift og hamingjusöm. Full eftirvæntingar yfir janúarkomu frumburðar síns og stolt af sólóplötunni Mannsöngvum, sem kom út um síðustu helgi. **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir** settist undir glervegginn með söng- og leikkonunni **Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur.**

*Hvort kom fyrst; söngurinn eða leiklistin?*
Söngkonan, en þó ekki opinberlega. Það var ekki fyrr en ég var orðin leikkona að ég fór að syngja fyrir aðra, en hafði eftir burtfararpróf í píanóleik og stúdentspróf farið í frönsku í háskólanum og þá ákveðið að prófa söngnám líka, þaðan sem ég lauk burtfararprófi eftir átta stiga nám hjá Tónlistarskólanum í Garðabæ.

*Vá! Þú ert fullnuma söngkona, píanisti og leikkona. Fékkstu mikla hvatningu til listnáms á bernskuárunum?*
Já, en reyndar höfðum við systkinin mikinn áhuga á listum. Ég lagði einnig stund á ballett því mamma var ballerína. Ég valdi svo píanóið fram yfir á endanum.

*Sumir hefðu látið duga að vera sprenglærðir söngvarar og píanóleikarar.*
Já, en áhugi minn á leiklist var brennandi. Sem barn var ég svo heppin að eiga frænku sem bauð mér mikið í leikhús og líka á fullorðinssýningar. Þó tók ég engan þátt í leiklistarlífinu í menntaskóla enda föst við píanóæfingar fimm tíma á dag. En þegar ég sá auglýsingu frá Leiklistarskólanum ákvað ég að sækja um meðan ég beið svars um frekara söngnám í útlöndum. Og eftir að ég komst inn var ekki aftur snúið.

*Þú hefur vart stoppað á sviðinu síðan. Hvað er skemmtilegast?*
Persónulega þykir mér mest ögrandi að taka þátt í söngleikjum því þeir eru erfiðir og margt sem þarf að hugsa um í einu. Það er söngur, leikur og dans, og maður er aldrei jafn búinn á því og eftir söngleiki, sem mér finnst eftirsóknarvert. Að koma af sviðinu í svitabaði.

*Þú ert auðvitað fræg fyrir að taka vel á því fyrir hlutverk og koma þér í undravert form á mettíma.*
Þá fer ég í ræktina út í eitt og tek mataræðið alvarlega, en dett öðru hvoru úr forminu líka. Það er gott að hafa svona gulrót og vita að eftir þrjá mánuði þarf maður að vera kominn í toppform, því þá er það leikur einn.

*Vildirðu svo eftir allt saman bara vera söngkona?*
Ég vil vera bæði. Ég gæti alls ekki lifað án söngsins, því í gegnum hann á ég auðveldast með að tjá mig og miðla tilfinningum.

*Þú stendur á tímamótum; ert nýgift og barnshafandi. Er platan hluti af þeirri sköpun?*
Það má kannski segja það, en þetta hefur verið draumur minn lengi. Það er hægt að draga lappirnar lengi og margir hvatt mig til að láta til skarar skríða. Nú var rétti tíminn; ég á rólegri daga og er ekki að æfa neitt á sviði vegna ófædda barnsins. Mér finnst ég rétt að byrja og langar að gefa út miklu fleiri.

*Hverjir eru Mannsöngvarnir?*
Diskurinn geymir uppáhaldslög sem sum hafa fylgt mér lengi. Það tók tíma að velja konsept því mig langar að gera þau svo mörg, en fljótlega sá ég að konseptið yrði lög eftir karlmenn og sem karlar hafa gert fræg. Þarna eru lög eftir Megas, Tom Waits, Nick Drake, Egil Ólafsson, Bizet og Lucio Dalla, en við tókum strax þann pól í hæðina að gera þau ekki nákvæmlega eins og fyrirmyndirnar, heldur ljá þeim okkar sérstaka stíl.

*Þar er komin skýringin á nafni disksins?*
Já, en Mannsöngvar er leikur að orðum. Mansöngvar með einu n-i eru ástarljóð og flest eru þessi um ástina og eiga sameiginlegt að vera einlæg og fjalla um ástina og þær tilfinningar sem fólk þarf að koma frá sér.

*Það passar vel við takt þíns eigin lífs þessa dagana.*
Já, lífið er yndislegt, en þó er ég þessi óþolinmóða týpa og eilítill vinnualki. Ég er vön að hafa mikið fyrir stafni og á því stundum dálítið erfitt, en reyni að njóta rólegheitanna til fulls. Það er hreint ótrúlega gaman að vera til og líf mitt er líkast draumi, en þessari stöðu hefði ég ekki getað trúað fyrir tveimur árum.

*Hver er sá heppni og hvar fannstu hann?*
Hann heitir Þorsteinn Guðbjörnsson og kemur norðan frá Dalvík. Það var Björn Ingi Hilmarsson



# Gargandi snilld og Apparat í Kaupmannahöfn

Á föstudagskvöldið var blásið til íslenskrar veislu í Kaupmannahöfn. Heimildarmyndin Gargandi snilld eftir Ara Alexander Magnússon var sýnd fyrir fullu húsi og hljómsveitin Apparat spilaði fyrir bíógesti á eftir. Viðburðurinn var hluti af heimildarmyndahátíðinni cph:dox sem staðið hefur yfir undanfarnar tvær vikur.
Það reyndi hins vegar á þolinmæði bíógesta því sýna þurfti myndina í þremur bútum vegna bilunar á DVD-diskum. Mátti heyra fuss og svei um allan sal enda margir pirraðir á viðvaningslegum vinnubrögðum starfsfólks. Aðrir gáfust upp og biðu á barnum eftir því að myndin kláraðist.
Meðlimum Apparat tókst hins vegar að hressa miskáta bíógesti við eftir myndina. Þessi íslenska veisla heppnaðist því ágætlega. Í það minnsta var ekki annað að sjá en að gestirnir, sem flestir voru íslenskir, væru ánægðir.

- KS



**ARI ALEXANDER ERGIS**
Gargandi snilld.



Hljómsveitin Apparat hélt uppi stuðinu í Köben.

leikari sem kom á kynnum okkar og það var ást við fyrstu sýn hjá mér. Ég skil hreint ekki í mér að hafa ekki leitað fyrr út fyrir bæjarmörkin (skellihlær).

*Sönn ást sem endaði í heilögu hjónabandi í sumar.*
Já, þetta er allt saman löglegt (bendir hlæjandi á bumbuna). Við vissum bara að við vildum alltaf vera saman; korteri eftir að við hittumst. Hann á tvö börn sem eru hjá okkur aðra hverja helgi og það er yndislega gaman. Mér finnst ég í fyrsta sinn vera tilbúin til að eignast barn núna og hlakka óstjórnlega til.

*Hvaða tónlist ertu að kynna fyrir hinu ófædda barni?*
Ég hlusta frekar lítið á tónlist heima, en þarf endilega að fara að skella Mahler á fóninn og kynna barninu menningarlega tónlist (hlær dátt).

*Það var Björn Ingi Hilmarsson leikari sem kom á kynnum okkar Þorsteins og það var ást við fyrstu sýn hjá mér. Ég skil hreint ekki í mér að hafa ekki leitað fyrr út fyrir bæjarmörkin.*

*Barnið fæðist á mörkum steingeitar og vatnsbera og þú ert tvíburi. Ertu dæmigerður tvíburi?*
Já, því ég er algjörlega tvískiptur karakter. Þannig get ég klætt mig eins og tvær gjörólíkar manneskjur; verið annars vegar hefðbundin og dömuleg, en hina stundina eins og íþróttaálfurinn. Þá er ég mikil öfgamanneskja og fer annað hvort sex sinnum í viku í ræktina, eða helli mér óskiptri í óhollustu og leti.

*Fyrir hvern er nýja platan?*
Hún er fyrir breiðan hóp hlustenda sem hafa smekk fyrir flottum lögum sem eru þægileg áheyrnar.

*Ertu ánægð með útkomuna?*
Já, og mjög stolt. Samt á ég alls ekki auðvelt með að hlusta á sjálfa mig syngja, en finnst það þó bærilegra „live“.

*Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér?*
Draumurinn er að halda áfram að leika og syngja, og vera áfram svo lánsöm að fá hlutverk sem eru krefjandi og þroska mann. Nú hef ég líka eignast líf fyrir utan leikhúsið og það er mér mikils virði. Áður gat ég ekki skilið hvernig kollegar mínir gátu hugsað um annað en leikhúsið, en verið með hugann heima, en nú skil ég það allt betur (brosmild).

*Hvað verður það fyrsta sem litla barnið fær að heyra með mömmu?*
Það verður einhver teiknimynd sem ég hef ljáð rödd mína. Ég á erfitt með að gera upp á milli þeirra, en vel einhverja með góðum boðskap.






**VORUÐ ÞIÐ BÚNIR AÐ HEYRA...** Björgólfur Guðmundsson deilir hér góðum brandara með þeim feðgum Jóni og Kristjáni.



**SJÁLFSTÆTT FÓLK?** Jón Ársæll Þórðarson var að vonum kampakátur með spúsu sinni, Steinunni Þórarinsdóttur, og Bjarna Degi enda var sjónvarpsþáttur hans Sjálfstætt fólk sigursæll á Edduhátíðinni.

# Útkomu Jónsbókar fagnað

Það hefur varla farið framhjá neinum að Jónsbók kom út nú á þriðjudaginn. Það er Einar Kárason sem skráir lífsferil þessa athafnamanns og hvergi er skafið utan af hlutunum. Það sveif þó léttur andi yfir Iðuhúsinu þegar vinir og velunnarar Jóns samglöddust honum á þessum tímamótum; líf hans væri nú skrásett heimild.



**HÖFÐINGJARNIR RÆÐA MÁLIN** Þeir Hallgrímur Helgason og Einar Kárason eru vafalaust að ræða hér ritsmíðar. Kannski Stefán Jón hafi í hyggju að láta annan hvorn þeirra skrá sína sögu.



**EIGINKONAN OG POPPDROTTNINGIN** Ragnhildur Gísladóttir mætti til að samgleðjast Jóni og er hér með eiginkonu hans, Helgu Hilmarsdóttur.



**SPEKINGSLEG OG FLOTT** Popparinn Helgi Björns var glaðbeittur ásamt ljósmyndaranum Páli Stefánssyni og Þóru Guðmundsdóttur.



**GÓÐUR ÞESSI...**Brandarinn sem Björólfur sagði var augljóslega svo góður að Jón gat ekki stillt sig um að skella uppúr.



**KANNSKI VAR ÞETTA HÖND GUÐS** Hvort þeir Jafet Ólafsson, Þröstur Ólafsson og Páll Magnússon hafi verið að gantast með tæknilega örðugleika Kastljóssins skal ósagt látið.



**ROKKARINN OG ATHAFNAMAÐURINN** Rúni Júl er einnig að gefa út ævisögu og því hafa hann og Jón væntanlega haft margt að ræða um. Kannski þeir gefi sameiginlega út næst?




# Hjálmar fengu gullplötu

Reggísveitin Hjálmar fékk afhenta gullplötu af útgefanda sínum Rúnari Júlíussyni fyrir sína fyrstu plötu, Hljóðlega af stað, sem kom út í fyrra.

Athöfnin fór fram eftir vel heppnaða útgáfutónleika Hjálma á Flúðum síðastliðinn föstudag.

Platan hefur selst í yfir sex þúsund eintökum en nýjasta plata Hjálma hefur þegar náð þrjú þúsund eintaka sölu. Hjálmar munu spila víða fram að jólum, meðal annars á Húsavík 2. desember, Sjallanum 10. desember og Nasa þann fimmtánda. ■



**MEÐ GULLPLÖTUNA** Reggísveitin Hjálmar fékk afhenta gullplötu á útgáfutónleikum sínum á Flúðum.








**MEÐ VATNIÐ SITT** Jón Ólafsson lét vatnið renna ljúflega niður á meðan Jakob Frímann Magnússon og Páll Valsson ræddu málin. FRÉTTABLAÐIÐ / VALGARÐ

















# Allt er þá þrennt er

Sagan endalausa heldur áfram að vaxa og dafna í breskum slúðurblöðum. Það er augljóst að Sienna Miller og Jude Law eiga í einhvers konar „haltu mér - slepptu mér“ sambandi. The Sun greinir frá því að Miller hafi viðurkennt að þau væru orðin par að nýju. „Er það ekki nokkuð augljóst,“ lýsti hún yfir við blaðamann og bætti við að þau væru að vinna í sínum málum en að hún álíti Jude sinn besta vin. „Við áttum okkar erfiðu tíma,“ útskýrði leikkonan.

Það er víst óhætt að taka undir þau orð leikkonunnar. Eftir að Law viðurkenndi opinberlega að hafa haldið framhjá Miller með barnfóstrunni fleygði hún honum út. Þau náðu síðan saman skömmu síðar en Adam var ekki lengi í paradís. Bresku blöðin komust fljótlega á snoðir um funheitt ástarsamband Miller og nýjasta Bond-leikarans, Daniels Craig, og þar með var ævintýrið úti. Nú á að reyna blása lífi í ástarsambandið í þriðja sinn. ■



**LAW OG MILLER** Ætla að reyna í þriðja sinn á skömmum tíma að tolla saman.

# Fyrsta sólóplata Garðars

Fyrsta sólóplata söngvarans Garðars Thórs Cortes er komin út. Platan, sem heitir Cortes, inniheldur íslenskar og erlendar söngperlur ásamt nokkrum nýjum lögum sem voru samin sérstaklega fyrir Garðar.

Á meðal laganna eru Caruso, Romanza, Nelle fantazia, Skýið, Bláu augun, Love is a miracle, Bæn og Lanterno. Þau tvö síðastnefndu eru eftir Einar Bárðarson og Friðrik Karlsson. Hinn ítalskættaði Leone Tinganelli samdi textann við Lanterno.

Garðar hefur sungið mikið erlendis undanfarin ár. Meðal annars hefur hann sungið í Royal Albert Hall í London og Carnegie Hall í New York. Á heimasíðu Garðars, cortes.is, er hægt að heyra brot úr nokkrum lögum af plötunni.



**GARÐAR CORTES** Söngvarinn Garðar Cortes gefur út sína fyrstu sólóplötu.




# Meira kjöt á beininu

**[ TÓNLIST ]**

**UMSÖGN**

Trúbadorinn Þórir, sem kallar sig nú My Summer as a Salvation Soldier, var óvæntasta uppgötvun síðasta árs.

Fyrsta plata hans, sem kom út fyrir jólin, var mjög góð þar sem brothætt rödd hans og naumhyggjulegur gítarleikurinn snertu streng í mörgum tónlistarunnendum.

Þórir er á svipuðum slóðum á þessari annarri plötu sinni en þó er aðeins meira kjöt komið á beinin. Kassagítarinn er vitaskuld enn til staðar en hér bætir hann til að mynda við sig smáum skammti af hljómborðsleik og raddtöktum í anda síðustu plötu Bjarkar.

Anarchists Are Hopeless Romantics er fín til að hlusta á í rólegheitum snemma á morgnana eða á köldum vetrarkvöldum. Textasmíðarnar eru raunsæjar og hnyttnar og sýna Þóri í glímu við hið daglega amstur, aðallega þó samband hans við hitt kynið.

Önnur plata Þóris er virkilega góð þar sem varla er veikan blett að finna. Hérna festir hann sig í sessi sem einn áhugaverðasti tónlistarmaður þjóðarinnar af ungu kynslóðinni.

**Freyr Bjarnason**



**ÞÓRIR**

ANARCHISTS ARE HOPELESS ROMANTICS

**Niðurstaða:** Með annarri plötu sinni festir Þórir sig í sessi sem einn áhugaverðasti tónlistarmaður þjóðarinnar af ungu kynslóðinni.

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**
*Framsækið nám á traustum grunni*

Grafísk hönnun
Hreyfimyndagerð
Þrívíddarteikning
Kvikmyndun
Eftirvinnsla
Vefsíðuhönnun

LÁNSHÆFT NÁM!

MARGMIÐLUNARSKÓLINN

Nám í Margmiðlunarskólanum er lánshæft hjá **LÍN**. Skólagjöld á vorönn 2006 eru um 32.000.- kr. Miðað er við að umsækjendur hafi lokið tveggja ára námi í upplýsinga-og fjölmiðlagreinum, hafi sveinspróf í bókagerðargreinum, hafi lokið námi af listnámsbrautum, tölvubrautum, stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

**Innritun stendur yfir.** Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað eru á vef Margmiðlunarskólans: **www.mms.is**

MARGMIÐLUNARSKÓLINN, IÐNSKÓLANUM Í REYKJAVÍK. SÍMI: **522 6500.**



HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




| ÁLFABAKKI | |
|---|---|
| ELIZABETH TOWN | KL. 5.30-8-10.30 |
| ELIZABETH TOWN VIP | KL. 8-10.30 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 4-6-8-10.10 |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 10.30 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 10.30 B.I. 12 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 4-6-8-10.10 B.I. 16 |
| FLIGHTPLAN | KL. 8.15 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4 B.I. 12 |
| | B.I. 14 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| DOOM | KL. 8 |
| PERFECT CATCH | KL. 8 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10 |
| FLIGHTPLAN | KL. 10 |
| MUST LOVE DOGS | KL. 8 |

| KRINGLAN | |
|---|---|
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 6-8-10.10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 |
| LORD OF WAR | SKJÁR 1 FORSÝNING KL. 8 B.I. 16 |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 8-10.30 B.I. 12 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 10.30 B.I. 16 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 • KRINGLAN 588 0800 • AKUREYRI 461 4666 • KEFLAVÍK 421 1170

| | |
|---|---|
| ELIZABETH TOWN | KL. 8-10.30 |
| LITLI KJÚLLINN | KL. 6 |
| WALLACE & GROMIT enskt tal | KL. 6 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 10 |
| FOUR BROTHERS | KL. 10 B.I. 16 |

| | |
|---|---|
| GUY-X | KL. 8 |
| DRABET | KL. 6-8 |
| HIP HIP HORA! | KL. 8 |
| THE ASSASSINATION OF RICHARD NIXON | KL. 6 |

| | | |
|---|---|---|
| CINECLUB - ALLIENCE FRANCAISE | TOUS LES MATINS DU MONDE | KL. 10.20 |

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI



Samkvæmt bandaríska blaðinu New York Post mun Christina Aguilera ganga í það heilaga á næstu dögum. Reiknar blaðið með að unnusti hennar, Jordan Bratman, dragi hring á fingur söngkonunnar um næstu helgi. Samkvæmt heimildum New York Post mun Aguilera klæðast brúðarkjól frá Christian Lacroix en brúðarmeyjarnar verða í fatnaði frá hönnuðinum Kai Milla, eiginkonu Stevie Wonder. Blaðið sagðist hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að brúðkaupið færi fram í Mexíkó.



New York Post greindi frá því á miðvikudaginn að Halle Berry yrði næsta andlit Versace. Mun hún taka við af Madonnu sem gegnt hefur „sendiherrastöðu“ tískurisans undanfarið ár. Blaðið greinir frá því að ljósmyndarinn Mario Testino hafi tekið myndir af leikkonunni í Los Angeles og að þær eigi að nota í næstu herferð Versace.



Keira Knightley er víst orðin örmagna af þreytu ef marka má fréttir contactmusic.com fréttavefsins. Hún er um þessar mundir stödd við tökur á framhaldsmyndunum tveimur af Pirates of the Caribbean og ætlar víst að taka sér langt frí að þeim loknum. Í samtali við fréttavefinn sagði leikkonan að hún hefði neyðst til að vinna 32 tíma samfleytt en helgina áður hefði sama verið uppi á teninginum. „Ég þarfnast virkilega hvíldar,“ sagði Knightley.

# Jakobínarína hitar upp

Hljómsveitin Jakobínarína mun hita upp fyrir tónleika rokkdúettsins The White Stripes í Laugardalshöll á sunnudaginn.

Meðlimir The White Stripes og aðstandendur sveitarinnar fengu tillögur að tíu íslenskum hljómsveitum til að hita upp og varð Jakobínarína fyrir valinu. Þess má geta að Jakobínarína, sem sló í gegn á Iceland Airwaves, mun á næstunni fara út og spila á tónleikahátíðinni South by Southwest í Texas.



**JAKOBÍNARÍNA** Hljómsveitin Jakobínarína mun hita upp fyrir The White Stripes.


Sími 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ -bara lúxus

FORSÝND Í KVÖLD KL. 22:00

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM




STRANGLEGA BÖNNUÐ YNGRI EN 16 ÁRA

-MIÐASALA OPNAR KL.17:30-

-TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA-



JÓLABLAÐIÐ 2005

Nú styttist í jólin og Fréttablaðið verður með veglegt jólablað 29. nóvember.

Efni blaðsins verður fjölbreytt og af ýmsum toga. Vönduð gjafaumfjöllun. Fagmenn jafnt sem leikmenn gefa góðar uppskriftir að jólamat og ljúffengum aðventuréttum. Þjóðkunnir einstaklingar rifja upp eftirminnileg jól og segja frá hefðum sinnar fjölskyldu.

Í stuttu máli verður blaðið skemmtilegt, líflegt og eigulegt!



107.000 EINTÖK MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Upplýsingar veita

Hinrik Fjeldsted • Sími 550 5837 • GSM 662 5829 • hinrik@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





## Áfall fyrir KA

Handknattleikslið KA varð fyrir enn einu áfallinu þegar í ljós kom að skyttan Ragnar Snær Njálsson verður frá keppni í að minnsta kosti þrjár vikur en hann er illa meiddur á hné. Séu meiðslin mjög slæm gæti hann verið frá í 6-8 vikur.

**sport**

sport@frettabladid.is

EVRÓPUKEPPNIN Í KÖRFUBOLTA: KARLALIÐ KEFLAVÍKUR OG KVENNALIÐ HAUKA VERÐA Í ELDLÍNUNNI Í KVÖLD

# *Getum vel unnið þá með 20 stiga mun*

Það ræðst í kvöld hvort framhald verður á þátttöku Keflvíkinga í Áskorendakeppni Evrópu í körfubolta þegar liðið mætir BK Riga í Lettlandi í Sláturhúsinu í Keflavík. Heimamenn þurfa á 20 stiga sigri að halda, til að vinna upp 19 stiga forskot Lettanna frá því í fyrri leiknum. Sverrir Þór Sverrisson, bakvörður Keflavíkur, sagði við Fréttablaðið í gær að svo stór sigur væri alls ekki ómögulegur en að jafnframt þyrfti allt að ganga upp hjá liðinu.

„Þetta er vel hægt en við þurfum að eiga okkar besta dag, með troðfullt hús á bak við okkur og hittnina í lagi. Ef allt helst í hendur getur allt gerst," segir Sverrir, en með liði Riga koma um 100 stuðningsmenn. Sá fjöldi er hins vegar eitthvað sem ber ekki að óttast því að sögn þeirra sem voru á staðnum í fyrri leiknum hefði mátt heyra saumnál detta í íþróttahöllinni á meðan leikurinn fór fram - svo lítil var stemningin á áhorfendapöllunum.



„Það var engin stemning og ég er sannfærður um að áhorfendurnir geti orðið okkar sjötti maður í kvöld. Riga hefur mjög öflugan miðherja sem náði fullt af sóknarfráköstum í fyrri hálfleiknum og svo eru þeir með mjög góðan bakvörð frá Bandaríkjunum sem stjórnar sóknarleiknum. Við þurfum að stöðva þessa tvo leikmenn."

Kvennalið Hauka verður einnig í eldlínunni í Evrópukeppninni í kvöld þegar það tekur á móti franska liðinu Pays D´Aix, sem óhætt er að fullyrða að sé líklega sterkasta félagslið sem komið hefur hingað til lands. Ljóst er að Haukastúlkur munu eiga við ramman reip að draga, en þær töpuðu með 40 stigum ytra fyrir þessu toppliði riðilsins sem varð einmitt Evrópumeistari árið 2003. Í Pays D´Aix er að finna fjölda landsliðskvenna og búast sérfræðingar við því að liðið nái mjög langt í keppninni í ár. Það er því um að gera fyrir þá sem hafa áhuga á því að sjá kvennalið í allra fremstu röð að skella sér á Ásvelli í kvöld.

## > Döpur byrjun

Golfkonan Ragnhildur Sigurðardóttir byrjaði ekki vel á úrtökumótinu fyrir evrópsku mótaröðina sem hófst á Spáni í gær. Ragnhildur lék fyrsta hringinn á áttatíu höggum, sjö höggum yfir pari. Ragnhildur fékk engan fugl á hringnum en nældi aftur á móti í fimm skolla og einn tvöfaldan skolla. Ragnhildur er einn 118 kylfinga sem leika tvo hringi í forkeppni mótsins en 44 komast áfram á lokastigið. Þá mætir Ólöf María Jónsdóttir til leiks en hún þurfti ekki að fara í forkeppnina.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

14 15 16 **17** 18 19 20

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.15 **Þór Ak.** og **Fylkir** mætast í DHL-deild karla í handbolta á Aukureyri.
- 19.15 **Haukar** og **Pays Diaix** mætast í Evrópukeppni kvenna í körfubolta á Ásvöllum.
- 19.15 **Keflavík** og **BK Riga** mætast í Evrópukeppni karla í körfubolta í Keflavík.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Sýnt fjórum sinnum til 09.00 og svo aftur kl. 15.25.
- 15.55 **Undankeppni HM 2006** á Sýn. Leikur Tékklands og Noregs frá því í gærkvöldi.
- 18.05 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 18.05 **Fifth Gear** á Sýn.
- 19.05 **X-Games** á Sýn.
- 20.00 **Sýn 10 ára** á Sýn. Afmælisveisla í sjónvarpssal þar sem margir bestu íþróttamenn landsins koma í heimsókn.
- 21.15 **Strákarnir í Celtic** á Sýn. Þáttur um íslensku leikmennina hjá Celtic í Skotlandi, þá Theódór Elmar Bjarnason og Kristján Henry Finnbogason.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.

# Sjö ára undrabarni boðið til Bolton og Barcelona

**Ástralar hafa eignast sína stærstu framtíðarstjörnu í knattspyrnunni. Þrátt fyrir ungan aldur eru stórlið Evrópu farin að bera víurnar í hann.**

**FÓTBOLTI** Það vakti athygli í síðustu viku þegar greint var frá því að Bolton hefði boðið sjö ára undrabarni í fótbolta, hinum grískættaða Ástrala Panos Armenakas, að koma til sín og vera við æfingar í nokkrar vikur á næstunni, en Armenakas þykir búa yfir ótrúlegri tækni og leikskilningi miðað við aldur. Það er ekki aðeins Bolton sem hefur áhuga á strák því að yfirmenn unglingastarfs Barcelona halda ekki vatni yfir honum og hafa boðið föður hans gull og græna skóga fari svo að hann bindi sig spænska stórveldinu til framtíðar.

„Við sáum það eiginlega um leið og hann snerti fótbolta í fyrsta sinn, þá ekki orðinn eins árs, að hann hefði óvenjulega hæfileika. Þegar hann var sex ára ákváðum við að gera DVD-disk sem við sendum til nokkurra félaga og þá fór boltinn að rúlla," segir faðir hans, John Armenakas, sem sér um öll þau mál sem koma á borð sonar síns, enda er Panos sjálfur rétt byrjaður að læra að lesa.

Umrædd myndbandsupptaka hefur verið í umferð á netinu í nokkurn tíma og hefur það verið til umræðu á nokkrum af helstu spjallsíðum ástralskrar knattspyrnu. Flestir netverjanna gapa yfir því sem þeir sjá á myndbandinu, enda sýnir Panos knatttækni sem þykir með ólíkindum og efast einhverjir um að upptakan sé ósvikin. „Ég hef séð myndband af Maradona að leika sér með bolta þegar hann var tíu ára. Panos toppar hann," segir á einum spjallþræðinum.



**UNDRABARN** Panos Armenakas hefur vakið mikla athygli í heimalandi sínu Ástralíu og hafa allir stærstu fjölmiðlarnir þar í landi fjallað um hæfileika hans og getu að undanförnu.

Faðirinn hefur legið undir nokkurri gagnrýni fyrir að vera strax byrjaður að huga að ferli fyrir son sinn þar sem hann ætti að geta hugsað um það eitt að þroskast og dafnast, svo ekki sé minnst á að leika sér eðlilega og í friði, eins og jafnaldrar hans í Ástralíu og víðar gera. „Að sjálfsögðu ætti hann að fá að gera það og hann gerir það. Hann verður ekkert var við áhuga þessara félaga heldur fær að stunda sinn skóla í friði og fer síðan út að leika með vinum sínum. En hann býr yfir eiginleikum sem gera hann einstakan og sem föður hans er mér skylt að gera sem mest úr þessum hæfileikum hans," segir John og ver sig með kjafti og klóm.

John segir þar að auki að möguleikar Panos til að rækta hæfileika sína séu af skornum skammti í Ástralíu þar sem knattspyrnuhefðin sé lítil. „Ég vil ekki þurfa að fara með son minn til Evrópu í framtíðinni en eins og staðan er í dag eru allir bestu þjálfararnir þar. Hér í Ástralíu er lítil sem engin aðstaða fyrir undrabörn eins og Panos."

Hvað sem verður er ljóst að Panos Armenakas er nafn sem fótboltaáhugamenn ættu að leggja á minnið, því eins og segir á einum spjallþræðinum: „Eftir fimmtíu ár verður þessi strákur löngu orðinn goðsögn."

**vignir@frettabladid.is**



**AFTUR Í SAFAMÝRINA** Ingólfur Axelsson sækir sína gömlu félaga í Fram heim í átta liða úrslitum SS-bikarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

SS-bikarkeppnin:

## Fylkir sækir Fram heim

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í átta liða úrslit í SS-bikarkeppninni. Karlarnir leika sína leiki 6. og 7. desember en kvennaleikirnir fara fram 17. og 18. janúar. Hjá körlunum vekur mesta athygli viðureign Fram og Fylkis í Safamýri en stórleikur átta liða úrslitanna hjá stelpunum er Hafnarfjarðarslagur FH og Hauka.

**SS-BIKAR KARLA:**

**HK-HAUKAR**
ÞÓR-STJARNAN
**FH-ÍBV**
FRAM-FYLKIR

**SS-BIKAR KVENNA:**

**VALUR-FRAM**
FH-HAUKAR
**HK-ÍBV**
STJARNAN-GRÓTTA

Tímamót hjá Sýn:

## Fagnar tíu ára afmæli

**ÍÞRÓTTIR** Sjónvarpsstöðin Sýn fagnar tíu ára afmæli. Sýn er fyrsta og eina alhliða íþróttastöð Íslands og margt skemmtilegt hefur gerst í íþróttaheiminum á þessum tíu árum. Í tilefni afmælisins verður í kvöld sendur út veglegur afmælisþáttur þar sem litið verður yfir farinn veg.

Arnar Björnsson íþróttastjóri mun taka á móti góðum gestum í sjónvarpssal og hann mun renna yfir eftirminnilegustu atriðin síðustu tíu árin ásamt gestunum. ■



**MICHAEL BALLACK** Hefur hug á því að reyna fyrir sér utan Þýskalands.

Franz Beckenbauer:

## Ballack ætti að fara til Real

**FÓTBOLTI** Franz Beckenbauer, ein helsta goðsögn þýskrar knattspyrnu, segir að það yrði afturför fyrir Michael Ballack að yfirgefa Bayern München til að ganga til liðs við AC Milan eða Manchester United. Ballack er sem kunnugt er samningslaus eftir tímabilið í ár og þykir afar líklegur til að róa á önnur mið.

„Þó ég vilji að hann verði áfram hjá Bayern býst ég við því að hann yfirgefi félagið," segir Beckenbauer. „En ef hann fer er það eina rétta í stöðunni hjá honum að fara til Real Madrid. Það er eini staðurinn sem túlka má sem skref upp á við. Með því að fara til Milan eða Manchester United væri hann að taka skref niður á við."

**- vig**

Þolinmæði enskra félagsliða farinn að aukast verulega með árunum:

# Enginn rekinn á fyrstu 100 dögunum

**FÓTBOLTI** Svo virðist sem þolinmæði stjórnenda enskra félagsliða sé að verða meiri en áður. Það eru um 100 dagar frá því tímabilið hófst á Englandi og enn hefur enginn stjóri fengið að fjúka í úrvalsdeildinni. Slíkt hefur ekki gerst í tíu ár en á leiktíðinni 1996-97 liðu 86 dagar þar til fyrsti stjórinn fékk að fjúka. Á síðustu tíu árum hafa liðið minnst tíu dagar og mest 52 dagar þar til fyrsti stjórinn í úrvalsdeildinni fékk að fjúka.

**Hver verður rekinn fyrstur?**

| | |
|---|---|
| 1. David O´Leary | Aston Villa |
| 2. Alain Perrin | Portsmouth |
| 3. Steve Bruce | Birmingham |
| 4. Mick McCarthy | Sunderland |
| 5. David Moyes | Everton |
| 6. Sir Alex Ferguson | Man. Utd. |
| 7. Bryan Robson | WBA |
| 8. Graeme Souness | Newcastle |
| 9. Chris Coleman | Fulham |

Leiktíðina 2001-02 voru Leicester, Derby og Southampton búin að skipta um stjóra á þessum tímapunkti. Nýtt viðmið var síðan sett í fyrra þegar Southampton rak Paul Sturrock eftir aðeins tíu daga af tímabilinu. Sir Bobby Robson fékk að fjúka viku síðar.

Samtök framkvæmdastjóra á Englandi hafa fagnað þessari auknu þolinmæði félagsliðanna sem kristallast í hegðun stjórnar Birmingham í garð Steve Bruce, stjóra liðsins.

Birmingham hefur byrjað leiktíðina afleitlega en stjórnarformaðurinn neitar að reka Bruce. „Það er frábært að sjá stuðninginn sem Bruce fær og hann á það skilið eftir að hafa unnið frábært starf hjá félaginu. Liðin verða að sýna biðlund og það er engin tilviljun að tveir sigursælustu stjórar deildarinnar - Sir Alex Ferguson og Arsene Wenger - hafa verið lengst í starfi," sagði Frank Clark hjá Samtökum framkvæmdastjóra. Engu að síður kemur alltaf af því að einhver verður rekinn og á töflunni sem fylgir fréttinni sést hvaða stjórar eru líklegastir til að missa starfið samkvæmt breskum veðbönkum.

**- hbg**



**TVEIR Í HÆTTU** Graeme Souness og David O´Leary eiga báðir á hættu að missa vinnuna í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sjálfstætt fólk

Besti þátturinn þriðja árið í röð!





EDDA 2005

## VIÐ ÞÖKKUM FYRIR OKKUR

**SJÁLFSTÆTT FÓLK**
Sjónvarpsþáttur ársins

**STELPURNAR**
Leikið sjónvarpsefni ársins

**ILMUR KRISTJÁNSDÓTTIR**
Leikari/leikkona í aðalhlutverki

**70 MÍNÚTUR VS. QUARASHI**
Crazy Bastard – tónlistarmyndband ársins





GOTT FÓLK McCANN

Jose Mourinho um Liverpool:

# Þetta er bara örvænting



RAFAEL BENITEZ Örvæntingarfullur kaupahéðinn að mati Jose Mourinho.

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, hinn málglaði knattspyrnustjóri Chelsea, kveðst hvorki skilja upp né niður í þeim ávana sem Rafael Benitez hafi tileinkað sér að kaupa leikmenn á allra síðustu stundu. Benitez reyndi allt hvað hann gat til að fá Michael Owen til Liverpool á síðustu dögum leikmannamarkaðarins í haust og segir Mourinho að svona örvænting sé aldrei til góðs.

„Ég skil ekki hvernig hægt er að vaða í svona örvæntingarfull kaup. Liverpool er nær alltaf á síðustu stundu með að ganga frá samningum við sína leikmenn og það bitnar á liðinu," segir Mourinho, sem um leið gerir sér grein fyrir því að hann sjálfur sé í sérstakri stöðu hjá Chelsea. „Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að fjárhagslegur styrkur Chelsea kemur félaginu í forgang hjá flestum leikmönnum," segir Mourinho. - vig




# Stöðugar breytingar eru lykillinn að árangri

**Spútniklið spænsku úrvalsdeildarinnar í ár, Osasuna, er ekkert að gefa eftir og hefur sett stefnuna á Evrópusæti. Lykillinn að hinu góða gengi er stöðugar mannabreytingar, að sögn þjálfara liðsins.**



BESTIR Leikmenn Osasuna hafa haft ærna ástæðu til þess að fagna í ár, enda trónir liðið á toppi spænsku úrvalsdeildarinnar eftir fyrstu ellefu leiki tímabilsins.

**FÓTBOLTI** Hin ótrúlega byrjun smáliðsins Osasuna í spænsku úrvalsdeildinni, sú besta hjá félaginu í níutíu ára sögu þess, hefur vakið óskipta athygli knattspyrnuáhugamanna um alla Evrópu. Osasuna trónir nú á toppi deildarinnar, tveimur stigum á undan Barcelona og þremur á undan Real Madrid, og er ekkert að gefa eftir eins og fjölmiðlar á Spáni hafa verið að bíða eftir enda virðist sem árangur liðsins í ár eigi ekkert skylt við heppni.

Osasuna, sem var spáð falli áður en tímabilið hófst, hefur líklega átt erfiðustu leikjatörnina af öllum liðum það sem af er og hefur liðið lagt að velli Celta, Villarreal, Sevilla og Deportivo sem raða sér í 4.-7. sæti deildarinnar í dag. Liðið tapaði fyrir Barcelona en í síðustu umferð vann liðið útisigur á Real Sociedad, í fyrsta skipti í sögunni. „Þetta er besta liðið sem við höfum mætt í ár," sagði Jose María Amorrortu, þjálfari Sociedad, eftir leikinn. „Osasuna leyfði okkur ekki að spila okkar leik. Við áttum aldrei möguleika," bætti hann við.



JAVIER AGUIRRE Engu máli skiptir hvernig lið hans stóð sig í síðasta leik, alltaf mun hann gera 4-6 breytingar á liðinu fyrir næsta leik - til að halda leikmönnum ferskum og óþreyttum. Eftir fyrstu sex leikina á tímabilinu höfðu allir í leikmannahópi liðsins komið við sögu í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ljóst er að hinn mexíkóski þjálfari Osasuna, Javier Aguirre, hefur unnið þrekvirki með liðið í ár. Sjálfur segir hann að velgengni liðsins felist í ferskleika og góðu formi leikmanna liðsins, sem fæst með því skiptikerfi sem Aguirre hefur stuðst við í haust. Osasuna hefur aldrei stillt upp sama liðinu tvo leiki í röð, aðeins tveir leikmenn hafa spilað 700 mínútur í fyrstu 11 leikjunum og að meðaltali hefur Aguirre gert sex breytingar á sínu liði eftir hvern leik. Meira að segja hafa markmenn liðsins verið að skipta leikjunum á milli sín. „Með þessu móti er enginn byrjunarmaður í liðinu, en jafnframt enginn varamaður heldur," segir Cesar Cruchaga, einn leikmanna liðsins.

Helsta stjarna liðsins, ef stjörnu má kalla, er serbneski framherjinn Savo Milosevic. Hann hefur komið víða við á sínum ferli en kveðst aldrei hafa upplifað aðra eins samstöðu og hjá Osasuna. „Viljinn er ótrúlegur hér. Leikmenn líta á sig sem bardagamenn. Við gefumst aldrei upp," segir hann.

Á meðan leikmenn liðsins hafa verið að setja markið hærra í kjölfar árangurins í ár er Aguirre sjálfur með fæturna á jörðinni. Leikmenn stefna á Evrópusæti en þjálfarinn stefnir fyrst og fremst á að forðast fall. „Við þurfum átján stig til viðbótar til að vera öruggir. Byrjum á að ná þeim stigafjölda - sjáum svo til með framhaldið," segir hann.

vignir@frettabladid.is

Ástralía komst á HM í Þýskalandi:

# Lagði Úrúgvæ eftir vítaspyrnukeppni



HETJA ÁSTRALA John Aloisi skoraði úr vítinu sem kom Ástralíu á HM næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Ástralía mun taka þátt í HM í fyrsta skipti síðan 1974 eftir að liðið tryggði sér farseðilinn til Þýskalands eftir sigur á Úrúgvæ í umspili. Úrúgvæ vann fyrri leikinn á heimavelli, 1-0, og sömu tölur voru eftir níutíu mínútna leik hjá liðunum í Ástralíu í gær. Varð því að grípa til framlengingar og að lokum vítaspyrnukeppni til að knýja fram úrslit.

Mark Schwarzer, markvörður Middlesbrough, varði tvær spyrnur frá leikmönnum Úrúgvæ og breytti engu fyrir Ástrala að Mark Viduka skyldi klúðra einni spyrnu. Það var að lokum John Aloisi sem skoraði úr vítinu sem skaut Áströlum til Þýskalands og ætlaði allt um koll að keyra í landinu í kjölfarið.

Þetta er aðeins í annað sinn sem Ástralir komast á HM en eins og áður sagði gerðist það fyrst árið 1974.

- hbg

Vinsælt að brjótast inn hjá útbrunnum knattspyrnumönnum:

# Brotist inn hjá Fish og Walker

**FÓTBOLTI** Það virðist ekki kunna góðri lukku að stýra að fara í MTV-þáttinn Cribs, en í þeim þætti sýnir frægt fólk heimili sín. Í tvígang hafa útbrunnar knattspyrnustjörnur sem komu fram í þættinum verið rændar.

Fyrst var það Ian Walker, fyrrum landsliðsmarkvörður Englands, og síðastliðinn föstudag var komið að Suður-Afríkumanninum Mark Fish, sem lék með Charlton og Bolton. Báðir eiga það sameiginlegt að brotist var inn hjá þeim innan við tveimur vikum eftir að þeir komu fram í Cribs.

„Konan mín var í herbergi strákanna okkar en ég einn í hjónarúminu því ég átti að fara í flug snemma um morguninn. Allt í einu stekkur einhver á bakið á mér og segir að mér sé hollast að hlýða sér. Síðan tróð hann sokk í munninn á mér og batt á mér hendurnar," sagði Fish, sem á tvo stráka. „Ég sagði hvar verðmætin væru að finna, þeir tóku þau og létu sig hverfa. Þetta var skelfileg lífsreynsla."

- hbg



MARK FISH Hættur í boltanum en vinnur fyrir knattspyrnusamband Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**Í STUÐI** Michael Owen hefur verið duglegur að skora að undanförnu.

Jose Mourinho:

## Koma Owens gerði mikið

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, stjóri Chelsea, segir að koma Michaels Owen til Newcastle hafi reynst félaginu gríðarlega vel og telur hann að félagið og leikmaðurinn séu í raun sniðin hvort að öðru.

„Owen var eftirsóttasti leikmaðurinn og Newcastle var liðið sem ætlaði að kaupa einhver stór nöfn. Newcastle vantaði markaskorara, fékk Owen og vegna þess að hann kom náði félagið að sannfæra Luque um að koma líka,“ segir Mourinho.

Lassana Diarra hjá Chelsea:

## Ánægður að hafa komið

**FÓTBOLTI** Franski miðjumaðurinn Lassana Diarra segir af og frá að hann sé ósáttur með lífið hjá Chelsea en hann kom til félagsins í sumar og hefur nánast engin tækifæri fengið. Hinn tuttugu ára gamli Diarra þykir einn allra efnilegasti leikmaður Frakka en hann spilar í svipaðri stöðu og Patrick Vieira og Claude Makelele og hefur Diarra einmitt sagt að sá síðarnefndi sé hans helsta fyrirmynd.

„Stjórinn hefur sagt mér að hann hafi mikla trú á mér og að ég eigi ekki að missa dampinn. Ég hef lagt mjög hart að mér síðan ég kom hingað og ætla einfaldlega að bíða eftir mínu tækifæri,“ segir Diarra. - vig

# KR æfir átta sinnum í viku

Teitur Þórðarson byrjar með látum í starfi sínu sem þjálfari KR og lætur lærisveina sína æfa á við atvinnumannalið á Norðurlöndunum.



**HARÐSTJÓRI** Teitur lætur lærisveina sína æfa mjög grimmt og ætlar sér að vera með það lið sem er í besta forminu á næstu leiktíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**FÓTBOLTI** „Þetta eru kannski einhver viðbrigði fyrir leikmennina en þetta er það sem ég þekki af reynslu minni sem þjálfari síðustu ár. Þetta er álag sem vissulega jafnast á við það sem er í Noregi en það er ekki hægt að geyma sig á bak við það að þeir séu atvinnumenn en við ekki. Það þarf þá bara að leggja aðeins meira á sig,“ segir Teitur Þórðarson, þjálfari KR, sem lætur sína menn æfa átta sinnum í viku - sem er álag sem hefur tæpast þekkst hér á landi á þessum árstíma. „Það er fullt af mönnum hérna sem dreymir um að komast út í atvinnumennskuna og ég ætla að hjálpa þeim til þess. Þetta er liður í því,“ segir Teitur.

Leikmenn KR eiga frí um helgar en þurfa að vera mættir á lyftingaæfingu strax kl. 6.30 á mánudagsmorgnum. Morgunæfingar eru einnig á þriðjudögum og fimmtudögum en síðan eru boltaæfingar síðdegis alla virka daga sem eru að lágmarki níutíu mínútna langar í hvert skipti.

Á þriðjudagsmorgnum bíður leikmannanna klukkustundarlangt útihlaup þar sem hlaupnir eru á bilinu 12-14 kílómetrar í hvert skipti en á fimmtudagsmorgnum eru lyftingar, rétt eins og á mánudögum.

Samkvæmt óvísindalegri könnun Fréttablaðsins er þetta helmingi meira æfingaálag en hjá öðrum félögum í efstu deild, en flest eru þau að æfa 4-5 sinnum í viku þar sem hlaup og fótbolti eru í fyrirrúmi. „Þetta var kannski erfitt í byrjun en þetta venst fljótt og mér finnst hugarfar leikmanna til fyrirmyndar,“ segir Teitur, sem áætlar að halda þessu álagi fram í miðjan febrúar, en þá er fyrirhugað að liðið fari í æfingaferð erlendis. Upp frá henni munu áherslurnar á æfingum síðan breytast.

Bjarnólfur Lárusson, einn af leikmönnum KR, segir að slíkt æfingaálag sé af hinu góða og að leikmenn séu almennt mjög ánægðir með störf Teits.

„Þetta er nú líklega mesta æfingaálag sem ég hef lent í hér á Íslandi en það er lítið mál að vakna aðeins fyrr þrisvar í viku,“ segir Bjarnólfur. „Teitur er gríðarlega fær þjálfari sem ætlar að koma okkur í mjög gott ástand fyrir næsta tímabil og ef hann telur að þetta sé ein aðferðin til þess þá er það hið besta mál. Við leikmennirnir treystum honum fullkomnlega.“

vignir@frettabladid.is



**STEVEN GERRARD** Einn besti leikmaður heims í dag efaðist um eigin getu fyrir rúmum áratug.

Steven Gerrard:

## Efaðist um eigin getu

**FÓTBOLTI** Steven Gerrard, hinn magnaði fyrirliði Liverpool, hefur greint frá því hvernig hann efaðist um það í æsku hvort hann gæti nokkurn tímann orðið atvinnumaður í knattspyrnu. Gerrard segist hafa verið seinþroska og smávaxnari en flestir jafnaldrar sínir og það hafi bitnað stórlega á sjálfstrausti hans.

„Ég var alltaf lítill og hafði alltaf áhyggjur af því að ég hefði ekki líkamsburði til að ná sem lengst í boltanum. Ég átti mjög erfitt upp yngri flokkana, var mikið meiddur og þegar ég tók vaxtarkipp var ég alltaf að drepast í hnjánum og í bakinu. Það voru dagar sem ég fór heim, lagðist í rúmið og var við það að gefast upp,“ sagði Gerrard og bætti því við að það hefðu verið faðir hans og bróðir sem héldu honum við efnið.

„Eldri bróðir minn vissi að ég hefði góða möguleika á að ná langt í fótbolta. Hann hvatti mig áfram.“ Þá kveðst Gerrard hafa verið slakur námsmaður. „Nám var aldrei mín sterkasta hlið svo að án fótbolta hefði ég líklega átt í erfiðleikum.“ - vig






**THIERRY HENRY** Henry er að íhuga hvort hann eigi að vera áfram hjá Arsenal að þessu tímabili loknu.

Gullit segir Henry á förum:

## Ætti að prófa aðra deild

**FÓTBOLTI** Hollenska knattspyrnugoðsögnin Ruud Gullit segist halda að franski landsliðsmaðurinn Thierry Henry muni yfirgefa herbúðir Arsenal eftir þessa leiktíð. „Mér finnst eins og Henry sé að bíða eftir rétta tækifærinu til þess að færa sig um set. Hann hefur verið þögull um stöðu sína hjá Arsenal. Það eru fáir leikmenn jafn góðir og Henry og þegar hann er í stuði, eins og hann var gegn Sparta Prag fyrir skömmu, þá er hann óstöðvandi. Hann hlýtur að vilja reyna sig í einhverri annarri deild þar sem hann á litla möguleika til þess að vinna Meistaradeild Evrópu með ungu liði Arsenal.“

Henry hefur átt í viðræðum við forráðamenn Arsenal um nýjan samning við félagið, en hann hyggst ekki að endurskoða stöðu sína fyrr en að þessu tímabili loknu. **- mh**

# Pálmar sá um Framara

Húsvíkingurinn Pálmar Pétursson sá til þess að Valur hefði betur gegn Fram í Laugardalshöllinni í gær. Þjálfari Fram var ósáttur við dómgæsluna.

**HANDBOLTI** Fyrsti stórleikur ársins í handboltanum fór fram í Laugardalshöll í gær þegar Valur tók á móti Fram. Fyrir fram var búist við jafnri og spennandi viðureign og sú varð raunin. Fram leiddi lengstum en missti dampinn á síðustu tíu mínútunum og Valur fagnaði sætum sigri, 27-24.

Jafnt var með liðunum lengstum í fyrri hálfleik en Valsmenn gátu þakkað markverði sínum, Pálmar Péturssyni, og hinum magnaða Fannari Friðgeirssyni að vera inni í leiknum þegar blásið var til leikhlés. Á meðan sóknarleikur Vals var tilviljanakenndur og kraftlaus léku sóknarmenn Fram við hvern sinn fingur en tókst ekki að yfirstíga síðustu hindrunina sem var Pálmar en hann varði þrettán skot í fyrri hálfleik.

Liðin héldust í hendur fyrstu tuttugu mínútur síðari hálfleiks en þó hafði Fram frumkvæðið allt þar til tíu mínútur lifðu leiks. Þá tóku Valsmenn völdin og með gríðarlegri baráttu og samstilltu átaki keyrðu þeir yfir Safamýrarpilta sem virtust verða bensínlausir og hreinlega ekki þola taugastríðið.



**FANNAR FRÁBÆR** Hinn stórefnilegi Fannar Friðgeirsson átti frábæran leik í gær og bar uppi sóknarleik Vals lengi vel. Hann skorar hér eitt sjö marka sinna í leiknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Valsmenn mega vel við una en þeir sýndu að það er allt hægt með óþrjótandi baráttu og frábærri markvörslu. Liðsandinn var frábær og leikmenn liðsins misstu aldrei trúna. Pálmar var stórkostlegur, Fannar hélt sóknarleiknum á floti lengi og framlag Baldvins undir lokin vó þungt.

Framarar geta sjálfum sér um kennt. Liðið hafði leikinn í höndum sér en brást á lokakaflanum þegar leikmenn liðsins misstu einbeitinguna og fóru að reyna sjálfir í stað þess að spila áfram sem lið. Slök markvarsla í fyrri hálfleik hafði líka sitt að segja. Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, var fjúkandi ósáttur við dómarana í leikslok.

„Fyrstu tíu mínútur síðari hálfleiks henda þeir okkur af velli fimm sinnum fyrir litlar sem engar sakir og það var einfadlega of mikið,“ sagði Guðmundur þungur á brún en hann hefur ekki góða reynslu af þeim Gísla Hlyni Jóhannssyni og Hafsteini Ingibergssyni í vetur. „Þeir dæmdu líka á móti KA og það var sami pakkinn og í dag. Þeir eru að dæma þvílíkt í hag með heimaliðinu. Það er óþolandi.“

Þeir Gísli og Hafsteinn voru vissulega ömurlegir í leiknum en þó hallaði jafnt á bæði lið lengstum. Fáranleg spjaldagleði þeirra undir lok leiks var þó punkturinn yfir i-ið en framganga þeirra var með ólíkindum og þá sérstaklega Gísla. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, var mun kátari en Guðmundur eins og búast mátti við.

„Þetta var engin dómaraskandall. Langt frá því. Þeir dæmdu gegn okkur í fyrri og þeim í seinni. Þetta var hörkuleikur eins og þeir eiga að vera í toppbaráttunni. Það var sterkt að klára þetta á endasprettinum þar sem Framarar hafa verið góðir að klára jafna leiki.“

**henry@frettabladid.is**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla:*

| VALUR-FRAM | 27-24 (12-13) |
|---|---|

**Mörk Vals:** Baldvin Þorsteinsson 9/5, Fannar Friðgeirsson 7, Hjalti Pálmason 4, Kristján Karlsson 2, Þórir Júlíusson 2, Ingvar Árnason 2, Mohamamdi Loutoufi 1.

**Varin skot:** Pálmar Pétursson 25/1.

**Mörk Fram:** Jóhann Gunnar Einarsson 4/1, Björgvin Björgvinsson 3, Sigfús Sigfússon 3, Stefán Baldvin Stefánsson 3, Sverrir Björnsson 2, Þorri Björn Gunnarsson 2, Sergey Serenko 2, Jón Björgvin Pétursson 2/1.

**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 13, Magnús Erlendsson 1/1.

| ÍBV-KA | 32-32 |
|---|---|

**Ekki barst** skýrsla frá Eyjum.

| HAUKAR-STJARNAN | 28-28 |
|---|---|

**Mörk Hauka:** Árni Þór Sigtryggsson 9, Jón Karl Björnsson 5, Gísli Jón Þórisson 4, Freyr Brynjarsson 3, Andri Stefan 3, Halldór Ingólfsson 3, Samúel Ívar Árnason 1.

**Mörk Stjörnunnar:** Tite Kalandadze 8, Kristján Kristjánsson 8, Patrekur Jóhannesson 4, Björn Friðriksson 2, Arnar Theodórsson 2, Björn Óli Guðmundsson 2, Gísli Björnsson 1, Þórólfur Nielsen 1.

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| VALUR | 9 | 7 | 0 | 2 | 272-247 | 14 |
| FRAM | 10 | 6 | 2 | 2 | 263-252 | 14 |
| ÍR | 9 | 5 | 1 | 3 | 313-285 | 11 |
| FYLKIR | 10 | 5 | 1 | 4 | 264-246 | 11 |
| HAUKAR | 7 | 5 | 1 | 1 | 211-187 | 10 |
| AFTURELD. | 10 | 4 | 2 | 4 | 259-258 | 10 |
| KA | 10 | 4 | 3 | 3 | 269-269 | 11 |
| ÞÓR AK. | 10 | 3 | 3 | 4 | 277-282 | 9 |
| STJARNAN | 9 | 3 | 2 | 4 | 240-231 | 7 |
| FH | 10 | 3 | 1 | 6 | 278-280 | 7 |
| SELFOSS | 9 | 3 | 1 | 5 | 256-285 | 7 |
| HK | 9 | 3 | 1 | 5 | 254-261 | 7 |
| ÍBV | 10 | 3 | 1 | 6 | 292-334 | 7 |
| VÍK/FJÖLN. | 10 | 2 | 1 | 7 | 260-291 | 5 |

*Umspil HM:*

| ÁSTRALÍA-ÚRÚGVÆ | 1-0 |
|---|---|

**1-0 Marco** Bresciano (35.).

**Ástralía vann** í vítakeppni og fór áfram.

| TÉKKLAND-NOREGUR | 1-0 |
|---|---|

**1-0 T.** Rosicky (35.) Tékkland komst áfram.

| TYRKLAND-SVISS | 4-2 |
|---|---|

**0-1 Frei,** víti (2.), 1-1 Tuncai (25.), 2-1 Tuncai (38.), 3-1 Ates (52.),3-2 M. Streller (83.), 4-2 Tugay (89.). Sviss tryggði sér sæti á HM.

| SLÓVAKÍA-SPÁNN | 1-1 |
|---|---|

**1-0 Holosko** (49.), 1-1 David Villa (70.).

**Spánn tryggði** sér sæti á HM.

| BAREIN-TRÍNIDAD & TÓBAGÓ | 0-1 |
|---|---|

**Lawrence (49.).** Trínidad komst áfram.

*Iceland Express-deild kvk:*

| KEFLAVÍK-ÍS | 74-66 |
|---|---|

Ótrúlegt myndband með brasilíska snillingnum Ronaldinho fer eins og eldur í sinu um internetið þessa dagana:

# Zlatan neitar að trúa því sem hann sér

**FÓTBOLTI** Zlatan Ibrahimovic, leikmaður Juventus og sænska landsliðsins, kveðst ekki trúa því sem hann sjái á myndbandi sem nú fer eins og stormsveipur um internetið þar sem brasilíski snillingurinn Ronaldinho sést leika listir sínar á æfingu með Barcelona.



**ZLATAN** Trúir ekki að Ronaldinho geti skotið í slána að vild af tuttugu metra færi. Hér sést hann í baráttu við Auðun Helgason í landsleik Íslands og Svíþjóðar fyrir skemmstu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Á myndbandinu sést Ronaldinho leika sér að halda boltanum á lofti í dágóða stund áður en hann tekur sér stöðu rétt utan vítateigs og þrumar boltanum viðstöðulaust í slána þaðan sem hann tekur aftur á móti boltanum án þess að hann snerti jörðina nokkru sinni. Þetta endurtekur hann þrívegis og heldur síðan áfram að halda boltanum á lofti á „eðlilegan“ hátt.

„Þetta er of gott til að vera satt. Ég get ekki trúað því að nokkur maður geti gert svona,“ sagði Ibrahimovic við sænska fjölmiðla í gær. Mikið hefur verið rætt um hvort myndbandið geti verið falsað og er ýmislegt sem bendir til þess, til dæmis þykir flæðið á boltanum þegar hann skoppar af slánni heldur óraunverulegt. Aðrir segja einfaldlega að ef Ronaldinho geti þetta þá ætti hann að geta skorað úr hverri einustu aukaspyrnu eða fría skoti sem hann fær. Og þótt Ronaldinho sé líklega sá leikmaður í heiminum sem kemst hvað næst því á hann það samt til að klikka úr tiltölulega góðum skotfærum.

„Ég hef séð þetta myndband og ég trúi því ekki. Þetta er falsað,“ segir Zlatan. Ronaldinho vísar fullyrðingum sænska sóknarmannsins til föðurhúsana. „Þetta er ekta. Ég geri þetta oft á æfingum,“ segir hann.

Samherji Zlatans hjá Juventus, franski varnarmaðurinn Lilian Thuram, er hins vegar ósammála félaga sínum og segir myndbandið vera ófalsað. „Ronaldinho er snillingur með boltann og þetta er hlutur sem hann hefur einfaldlega æft. Ég held að Zlatan sé bara öfundsjúkur,“ segir Thuram. **- vig**



**SNILLINGUR** Ef satt er sýnir myndbandið glögglega hversu gríðarlegt vald Ronaldinho hefur yfir boltanum.


Afreksíþróttir

café easy

Hádegisverðarfundur ÍSÍ

Hádegisverðarfundur

Föstudaginn 18. nóvember heldur Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hádegisverðarfund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Fundurinn hefst kl. 12:00 og mun standa til kl. 13:00. **Aðgangur er ókeypis.**

- **Hvað þarf til að ná árangri í íþróttum. Rannsókn á afreksfólki í íþróttum** – Viðar Halldórsson, lektor KHÍ
- **Afreksstefna ÍSÍ og sérsambanda** – Kristinn J. Reimarsson, sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ

Frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

Hægt er að kaupa hádegisverð hjá café **easy** sem staðsett er á jarðhæð Íþróttamiðstöðvarinnar


Gravesen segist ekki á förum frá Real Madrid:

## Fer ekki til Everton

**FÓTBOLTI** Danski landsliðsmaðurinn Thomas Gravesen segist ekki vera á leið til Everton á nýjan leik, þrátt fyrir þrálátan orðróm þess efnis. Gravesen hefur ekki verið í liði Real Madrid að undanförnu, en margir frábærir knattspyrnumenn eru á mála hjá félaginu. David Moyes, knattspyrnustjóri Everton, segist hafa mikinn áhuga á því að fá Gravesen til félagsins ef það er möguleiki.

„Ef ég fæ tækifæri til þess að fá Gravesen aftur til Everton mun ég nýta það. Hann er frábær leikmaður sem stóð sig vel þegar var hér síðast og ég er viss um að hann á eftir að standa sig vel hjá Real Madrid þegar hann fær tækifæri í liðinu á nýjan leik. En vitanlega veitir okkur ekki af liðstyrk þessa dagana,“ sagði Moyes við fjölmiðla í gær. Gravesen hefur verið einn af allra bestu leikmönnum danska landsliðsins og var einn af bestu leikmönnum Everton fyrri hluta tímabilsins í fyrra, áður en hann fór til Real Madrid um áramótin. **- mh**



**THOMAS GRAVESEN** Gravesen hefur ekki verið í liði Real Madrid að undanförnu.



**SCOTT PARKER** Hefur verið að finna sitt gamla form upp á síðkastið.

Scott Parker:

# Ég á að vera á miðjunni

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Scott Parker hjá Newcastle telur sig vera rétta manninn til að vera í stöðu aftasta miðjumanns hjá enska landsliðinu á HM á næsta ári. Parker hefur fundið sig einkar vel í þeirri stöðu hjá Newcastle að undanförnu en hjá landsliðinu er það varnarmaðurinn Ledley King sem er tekinn fram yfir hann.

„Flest lið þurfa á þessu akkeri að halda á miðjuna, rétt eins og Claude Makelele gerir hjá Chelsea. Mér líkar mjög vel að spila í þessari stöðu. Ég er að hjálpa varnarmönnunum og sóknarmönnunum og þarna getur maður stjórnað hraða leiksins,“ segir Parker, sem á ekki einu sinni sæti í enska landsliðshópnum þessa stundina.

- vig



**KRISTOFER HÆSTAD OG TOMAS ROSICKY** Rosicky skoraði fallegt mark fyrir Tékka í gær sem gulltryggði sæti þeirra í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í Þýskalandi.

# Noregur ekki á HM

## Umspilsleikjum fyrir sæti á HM í Þýskalandi lauk í gær. Norðmenn féllu úr keppni fyrir Tékkum.

**FÓTBOLTI** Norðmenn verða ekki með í heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi á næsta ári en Tékkland tryggði sér aftur á móti keppnisrétt á mótinu með því að leggja Noreg 1-0 í Prag, í fyrsta skipti í sögunni. Tékkland vann fyrri leikinn einnig 1-0, og því 2-0 samanlagt. Norðmenn börðust ágætlega, sérstaklega í seinni hálfleik, en Tékkar höfðu þó tögl og hagldir í leiknum og sigur þeirra var sanngjarn. Petr Cech varði oft meistaralega í marki Tékklands og kom í veg fyrir Norðmenn næðu að komast inn í leikinn.

Sviss tryggði sér keppnisrétt í miklum spennuleik gegn Tyrkjum sem höfðu sigur í leiknum, 4-2, en það dugði ekki til þar sem Sviss vann fyrri leikinn með tveimur mörkum gegn engu og tryggði sér með því rétt til þess að leika á meðal þeirra bestu á næsta ári.

Tyrkir sóttu nær linnulaust allan leikinn og voru komnir í ákjósanlega stöðu þegar Ates kom Tyrkjum 3-1 yfir á 52. mínútu og enn tæpar fjörutíu mínútur til leiksloka. Streller minnkaði svo muninn fyrir Svisslendinga þegar sjö mínútur voru til leiksloka og þá var ljóst að Tyrkir þurftu kraftaverk til þess að komast áfram, þar sem tvö tyrknesk mörk vantaði enn upp á.

Spánverjar voru svo gott sem búnir að tryggja sér sæti í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins eftir að hafa lagt Slóvaka 5-1 á heimavelli sínum og því var lítil spenna fyrir seinni leikinn sem fram fór í Slóvakíu.

Slóvakar mættu baráttuglaðir til leiks og náðu forystu með marki frá Holosko. David Villa jafnaði svo metin fyrir Spánverja og þar við sat. Spánverjar verða því með í úrslitakeppninni í Þýskalandi á næsta ári.

magnush@frettabladid.is

Albert Luque frá gegn Chelsea:

# Luque enn meiddur

**FÓTBOLTI** Spánverjinn Albert Luque verður frá vegna meiðslanna sem hann varð fyrir í leik fyrir um fimm vikum síðan, en vonast var eftir því að hann yrði í liði Newcastle sem tekur á móti Chelsea á Stamford Bridge um næstu helgi. „Því miður er ólíklegt að Luque verði með okkur gegn Chelsea. Hann þarf að hvíla lengur og við munum ekki taka neina áhættu með hann,“ sagði Graeme Souness í gær. Luque, sem keyptur var á 9,5 milljónir punda frá Deportivo La Coruna, hefur lítið getað leikið vegna meiðsla, en hann þykir einn af bestu ungu leikmönnum Spánar.

- mh



**ALBERT LUQUE** Luque er hér í öruggum höndum sjúkraþjálfara Newcastle.







www.lexus.is

## Ungir og sprækir ferðafélagar



**Lexus GS300**
F. skráð. 03/2001, ek. 49.000 km
**Vél:** 3000cc s.sk.
**Litur:** Silfurgrár
**Verð:** 3.000.000
**Tilboðsverð: 2.700.000 kr.**



**Lexus RX300 EXE**
F. skráð. 08/2004, ekinn 20.000 km
**Vél:** 3000cc s.sk.
**Litur:** Gylltur
**Verð:** 4.740.000 kr.



**Lexus LS430 President**
F. skráð. 01/2003, ekinn 27.000 km
**Vél:** 4300cc
**Litur:** Silfurgrár
**Verð:** 4.990.000 kr.
**Tilboðsverð: 4.290.000 kr.**



**Lexus LS430 President**
F. skráð. 05/2002, ekinn 101.000 km
**Vél:** 4300cc
**Litur:** Silkigrænn
**Verð:** 4.520.000 kr.
**Tilboðsverð: 3.990.000 kr.**



**Lexus IS200**
F. skráð. 10/2004, ekinn 13.000 km
**Vél:** 2000cc s.sk.
**Litur:** Silfurgrár
**Verð:** 2.500.000 kr.



**Lexus IS200**
F. skráð. 10/2003, ekinn 24.000 km
**Vél:** 2000cc s.sk.
**Litur:** Dökkgrár
**Verð:** 2.350.000 kr.



**Lexus GS300 EXE**
F. skráð. 09/2002, ekinn 33.000 km
**Vél:** 3000cc s.sk.
**Litur:** Gylltur
**Verð:** 3.250.000 kr.
**Tilboðsverð: 2.950.000 kr.**



**Lexus IS200 Sport**
F. skráð. 03/2003, ekinn 32.000 km
**Vél:** 2000cc s.sk.
**Litur:** Silfurgrár
**Verð:** 2.370.000 kr.

**Sjá nánar á www.lexus.is notaðir bílar.**

LEXUS
The pursuit of perfection

Áhyggjulaus og örugg bílaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð.
Skoðaðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.lexus.is eða hringdu í 570 5070.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm okay with being unimpressive, I sleep better."**

**Svar:** Mark úr kvikmyndinni Garden State frá árinu 2004

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞEGAR GRASRÓT VERÐUR AÐ SINU

**BERGSTEINI SIGURÐSSYNI** VARÐ DÁLÍTIÐ ÓMÓTT Á SUNNUDAGINN

Mér finnst sjálfsagt að kvikmynda- og sjónvarpsgerðarmenn haldi árlega uppskeruhátíð, klappi hver öðrum á bakið og hvetji hvern annan til dáða. Það er hreinlega nauðsynlegt, bara upp á móralinn og svona. Okkur sem heima sitjum var hins vegar lítill greiði gerður með því að sjónvarpa herlegheitunum. Og þó, þetta var jú dálítið afhjúpandi. Það var hálfsorglegt að horfa upp á rúðustrikaðan stofnanaþankaganginn sem virðist einkenna Íslensku sjónvarps- og kvikmyndaakademíuna (eins og titillinn sjálfur er skýrt dæmi um). Það kemur spánskt fyrir sjónir að kvikmyndagerðarmenn kjósi að líta á stofnun Kvikmyndasjóðs Íslands sem upphaf og orsök „kvikmyndavorsins" svokallaða, en ekki afleiðingu. Stuðningur ríkisins við innlenda kvikmyndagerðarmenn er vissulega mikilvægur, en hann er ekki frumforsenda kvikmyndagerðar. Sú hugsun hefur gert þennan geira (að minnsta kosti áhrifamikinn hluta hans) tannlausan.

Það var ekkert minna en pínlegt að horfa á kanónur í íslenskri kvikmyndagerð rísa á fætur, klappa saman lófum og fallast í faðma þegar menntamálaráðherra ákvað að gera kvöldið að sínu og tilkynna að ríkisstjórnin ætlaði að auka fjárframlög til greinarinnar. Hún lét vera að segja um hversu mikið, en miðað við þau viðbrögð sem áhorfendur heima í stofu fengu að sjá var engu líkara en andlegu sjálfstæði þjóðarinnar hefði verið bjargað.

Það var útlit fyrir flott sjónvarpskvöld á þriðjudag (sem yfirleitt er slappasta kvöld vikunnar). Þórhalli Gunnarssyni tókst vel upp í viðtalinu við Jón Ólafsson, sem dylgjaði af stakri list. Skuggabörn voru hins vegar vonbrigði. Svo ég slökkti á sjónvarpinu og las bók sem væri vel þess virði að kvikmynda.



**BORGARSTJÓRI OG SVEPPI** Hvar væri kvikmyndin stödd án stjórnmálamanna?



▶ 22.25 *Gaman*

SHAMELESS



▶ 20.00 *Gaman*

STRÁKARNIR



▶ 21.00 *Raunveruleiki*

ÁSTARFLEYIÐ



▶ 22.30 *Drama*

HOUSE



▶ 17.35 *Keppni*

STUMP THE SCHWAB

### SJÓNVARPIÐ

**16.35** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Latibær** e.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.25** **Nýgræðingar (85:93)** (Scrubs) Gamanþáttaröð.
**20.50** **Svona var það** (That 70's Show)
**21.15** **Launráð** (Alias IV) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.25** **Blygðunarleysi (7:7)** (Shameless) Breskur myndaflokkur um systkini sem alast upp að mestu á eigin vegum í bæjarblokk í Manchester. Meðal leikenda eru James McAvoy, Anne-Marie Duff, Gerard Kearns, Joseph Furnace, David Threlfall og Corin Redgrave. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Aðþrengdar eiginkonur (13:23) **0.00** Kastljós **0.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (5:145) **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Fresh Prince of Bel Air **13.25** Blue Collar TV **13.55** Wife Swap **14.40** Two and a Half Men **15.05** The Block 2 (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
▶ **20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Eldsnöggt með Jóa Fel (4:8)** Bakarameistarinn Jói Fel kann þá list betur en margir aðrir að búa til einfalda en girnilega rétti.
**21.00** **Footballer's Wives (4:9)** (Ástir í boltanum 4) Bönnuð börnum.
**21.50** **Afterlife (2:6)** (Framhaldslíf) Magnaður og ógnvekjandi spennumyndaflokkur með yfirnáttúrulegu ívafi.
**22.40** **Moving Target** (Í skotlínunni) Hörku bardagamynd úr smiðju B-myndakóngsins Rogers Corman. Bönnuð börnum.

**0.10** The 4400 (5:13) (Bönnuð börnum) **0.55** Six Feet Under (3:12) (Bönnuð börnum) **1.45** The Miracle (Bönnuð börnum) **3.20** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Fashion Television (3:34)**
**19.20** **Ástarfleyið (4:11)**
**20.00** **Friends 4 (21:24)** (Vinir)
**20.30** **Sirkus RVK** Ásgeir Kolbeins tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast í Sirkus Rvk.
▶ **21.00** **Ástarfleyið (5:11)** Sirkus er farinn af stað með stærsta verkefnið sitt í haust, veruleikaþáttinn Ástarfleyið. Þátturinn er gerður að erlendri fyrirmynd, Loveboat.
**21.40** **Weeds (7:10)** (Higher Education)
**22.15** **Girls Next Door (3:15)** (Happy Birthday Kendra)
**22.45** **So You Think You Can Dance (7:12)**

**23.55** Rescue Me (7:13) **0.40** David Letterman **1.25** Friends 4 (21:24)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 8. þáttaröð **18.20** Sirrý (e)

**19.20** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **Complete Savages (e)**
**20.00** **Íslenski bachelorinn** Íslendingar hafa fylgst grannt með bandarísku Bachelor-þáttaröðunum og nú er komið að því að gera íslenska útgáfu af þáttunum.
**21.00** **Will & Grace** Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen.
**21.30** **The King of Queens**
**22.00** **Sjáumst með Silvíu Nótt – NÝTT!** Frægasta frekjudós landsins snýr aftur.
▶ **22.30** **House** Splunkunýr vinkill á spennusögu þar sem hrappurinn er sjúkdómur og hetjan er óvenjulegur læknir sem engum treystir, og síst af öllu sjúklingum sínum.

**23.20** Jay Leno **0.05** America's Next Top Model IV (e) **1.00** Cheers – 8. þáttaröð (e) **1.25** Þak yfir höfuðið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN
besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**15.25** Olíssport **15.55** HM 2006 ▶ **17.35** Stump the Schwab **18.05** NFL-tilþrif

**18.35** **Fifth Gear** (Í fimmta gír)
**19.05** **X-Games 2005**
**20.00** **Sýn 10 ára** Í nóvember eru 10 ár síðan sjónvarpsstöðin Sýn fór í loftið. Af því tilefni verður haldin mikil afmælisveisla í sjónvarpssal þar sem margir bestu íþróttamenn landsins verða gestir og rifja upp síðustu 10 ár í íþróttasögunni.
**21.15** **Strákarnir í Celtic** Íslensku strákarnir í Celtic, Kjartan Henry og Theódór Elmar. Strákarnir hafa verið lykilmenn í Celtic U19 og hafa slegið í gegn hjá félaginu.
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
**22.30** **Noregur – Tékkland** Útsending frá undankeppni HM 2006.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Liar Liar **8.00** My Cousin Vinny **10.00** The Curse of the Pink Panther **12.00** Duplex **14.00** Liar Liar **16.00** My Cousin Vinny **18.00** The Curse of the Pink Panther **20.00** **Duplex** Frábær gamamynd. **22.00** **Eurotrip** Rómantísk gamanmynd þar sem allt getur gerst. **0.00** The Anniversary Party (Bönnuð börnum) **2.00** Bad City Blues (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Eurotrip (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** The Soup UK **14.00** Uncut **15.00** Uncut **16.00** What Hollywood Taught Us About Sex **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Fashion Police **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Craziest TV Moments **22.00** Child Stars Gone Bad **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Child Stars Gone Bad **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"** Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið. Þáttur í umsjón Böðvars Bergssonar.
**21.00** **Liverpool – West Ham frá 29.10** Leikur sem fór fram laugardaginn 29. október sl.
**23.00** Dagskrárlok


www.expressferdir.is

## STÓRSVEITIR Í STÓRBORGUM

**Nú bjóða Express Ferðir æðislegar tónleikaferðir á stórhljómsveitirnar Coldplay og Depeche Mode sem aðdáendur ættu alls ekki að missa af!**

**COLDPLAY Í LONDON**
**54.900 kr.**
Ferðin kostar 54.900 kr. á mann og innifalið er flug, gisting í 2 nætur með morgunverði og miði á tónleika Coldplay. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi og hægt er að lengja ferðina.

**Coldplay tónleikar í London í desember**

Hljómsveitin Coldplay hefur aldrei verið heitari og nú er tíminn til að sjá Chris Martin og félaga í Earls Court. Í boði eru miðar á þrenna tónleika sem haldnir verða 14.-16. desember.

**Depeche Mode í Kaupmannahöfn í febrúar**

Aðdáendur Depeche Mode eru margir. Við hjá Express Ferðum höfum tryggt okkur nokkra VIP-miða á tónleika hjómsveitarinnar í Parken laugardaginn 25. febrúar 2006. Drífðu þig til Köben og upplifðu þessa mögnuðu tónleika. Miðunum sem eru í Carlsberg-stúkunni fylgir einnig glæsilegur kvöldverður.

**DEPECHE MODE Í PARKEN**
**79.900 kr.**
Ferðin kostar 79.900 kr. á mann og innifalið er flug, gisting í 2 nætur með morgunverði á Skt. Petri hótelinu, glæsilegur kvöldmatur og miði á tónleika Depeche Mode. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi. Lítið mál er að lengja ferðina.

» Takmarkað sætaframboð.
» Hik er sama og tap!

Þú finnur ferð og verð við þitt hæfi á www.expressferdir.is

Express Ferðir
www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Sýn tíu ára** — Sýn **kl. 20.00**

## *Afmælishátíð*

Sýn fagnar um þessar mundir tíu ára afmæli sínu og verður veglegur afmælisþáttur sendur út í beinni útsendingu í kvöld. Farið verður yfir sögu íþróttastöðvarinnar og frækin og fyndin íþróttaafrek rifjuð upp. Þar má nefna þegar Tyson beit Holyfield, Eyjólfur jafnaði gegn Frökkum, Michael Jordan lék við hvern sinn fingur, Prinsinn dansaði í hringnum og fyrstu stórsigra Tigers í golfinu, svo fátt eitt sé nefnt. Arnar Björnsson íþróttafréttastjóri tekur á móti fjölda góðra gesta, sérfræðingum stöðvarinnar á hinum ýmsu sviðum íþróttanna; hnefaleikasérfræðingunum Bubba og Ómari, golfsérfræðingnum Úlfari Jónssyni, körfuboltasérfræðingnum Svala Björgvinssyni og fótboltasérfræðingunum Guðna Bergssyni, Loga Ólafssyni og Hermanni Gunnarssyni, svo nokkrir séu nefndir.

*Arnar Björnsson mun taka á móti góðum gestum í kvöld.*



## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Laufskálinn **9.40** Vor í dal: Úr örsögum Friðriks Þórs Friðrikssonar **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.24** Augl. **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Undarleg ósköp að vera kona: Nóra eftir að hún skildi

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með La Vela Purca **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Weightlifting: World Championship Doha **14.00** Football: World Cup Germany **15.00** Football: World Cup Germany **16.00** Skeleton: World Cup Lake Placid **17.00** Weightlifting: World Championship Doha **18.30** Football: World Cup Germany **20.30** Boxing **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Fight Sport: Fight Club **0.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Ever Decreasing Circles **12.30** Butterflies **13.00** Ballykissangel **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Monty the Dog **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** Bring It On **16.00** The Life Laundry **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Doctors **18.30** Eastenders **19.00** Last of the Summer Wine **19.30** 2 Point 4 Children **20.00** Top of the Pops **20.35** Cutting It **21.30** Strictly Come Dancing **22.30** Grumpy Old Women **23.00** Strictly Come Dancing:results Show **23.25** Dog Eat Dog **0.00** Wild Africa **1.00** Great Railway Journeys of the World

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Insects from Hell **13.30** Insects from Hell **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Bug Attack **16.00** Dangerous Encounters **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Evolution **19.00** Mosquito Hell **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Bug Attack **22.00** Dangerous Encounters **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Bug Attack **1.00** Evolution

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Weird Nature **14.30** Supernatural **15.00** Animal Cops Detroit **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Killing for a Living **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** K9 Boot Camp **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Killing for a Living

**DISCOVERY**
**12.05** Brainiac **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Lake Escapes **14.00** Leonardo's Dream Machines **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Wheeler Dealers **17.30** Wheeler Dealers **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Forensic Detectives **21.00** FBI Files **22.00** Addicted to Death **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**
**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** The Base Chart **19.00** Pimp MY Ride **19.30** Punk'd **20.00** Wonder Showzen **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Jamiroquai **22.00** Switched ON **23.00** Superock

**VH1**
**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** All Access **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Bands Reunited **1.00** Chill Out **1.30** VH1 Hits

**CLUB**
**11.50** Lofty Ideas **12.20** Insights **12.45** Girls Behaving Badly **13.10** Crimes of Fashion **13.35** Arresting Design **14.00** Fashion House **14.30** Weddings **15.00** Crimes of Fashion **15.25** Other People's Houses **16.10** The Roseanne Show **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** Hollywood One on One **18.15** Weddings **18.40** Men on Women **19.05** Matchmaker **19.30** Crimes of Fashion **20.00** Arresting Design **20.25** The Villa **21.15** Sextacy **22.10** Women Talk **22.35** Men on Women **23.00** Cheaters **0.00** Simply Indian **0.30** City Hospital **1.25** Crimes of Fashion **1.50** Backyard Pleasures

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Cow and Chicken **12.30** Sheep in the Big City **13.00** Dexter's Laboratory **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Pet Alien **14.30** Ed, Edd n Eddy **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** Battle B-Daman **16.00** Sabrina, The Animated Series **16.30** Atomic Betty **17.00** Foster's Home for Imaginary Friends **17.30** Looney Tunes **18.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **18.30** Charlie Brown Specials **19.00** What's New Scooby-Doo? **19.30** Tom and Jerry **20.00** The Flintstones **20.30** Looney Tunes **21.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **21.30** Scooby-Doo **22.00** Tom and Jerry **23.00** Dexter's Laboratory **23.30** The Powerpuff Girls **0.00** Johnny Bravo **0.30** Ed, Edd n Eddy **1.00** Skipper & Skeeto

**JETIX**
**11.50** Braceface **12.20** Jacob two-two **12.50** So Little Time **13.20** Goosebumps **13.50** Black Hole High **14.15** Spider-Man **14.40** Moville Mysteries **15.05** Digimon II **15.30** Totally Spies **16.00** W.I.T.C.H. **16.30** Sonic X

**MGM**
**12.40** From Noon Till Three **14.20** The Contemporary Gladiators **16.00** The Crook **18.00** Lady Against The Odds **19.35** Studs Lonigan **21.10** Below the Belt **22.45** To Be a Rose **0.20** The Rosary Murders

**TCM**
**20.00** Poltergeist **21.50** The Liquidator **23.35** Stay Away, Joe **1.20** Kings Row **3.30** A Night at the Opera

**HALLMARK**
**12.00** The Legend of Sleepy Hollow **13.45** Forbidden Territory: Stanley's Search for Livingstone **15.30** Dinotopia **17.00** Touched by an Angel **17.45** Annie's Point **19.15** Ford: The Man and the Machine **21.00** Fatal Error **22.30** Lonesome Dove: The Series **23.15** Gone But Not Forgotten **1.00** Fatal Error

**BBC FOOD**
**12.00** Chef at Home **12.30** Floyd's Fjord Fiesta **13.00** The Naked Chef **13.30** Street Cafe **14.00** Forever Summer With Nigella **14.30** Paradise Kitchen **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Galley Slaves **16.00** Delia's How to Cook **16.30** Ready Steady Cook **17.00** The Rankin Challenge **17.30** James Martin Sweet **18.00** Wild and Fresh **18.30** Ching's Kitchen **19.00** Secret Recipes **19.30** A Cook's Tour **20.00** Made to Order **20.30** United States of Reza **21.00** Off the Menu **21.30** Deck Dates **22.00** Soul Food **22.30** Ready Steady Cook

**SV1**
**11.05** Debatt **14.00** Packat & klart **14.30** Iggesundsgänget **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Karamelli **17.00** BoliBompa **17.01** Piggley Winks äventyr **17.30** Inför Junior Eurovision Song Contest 2005 **17.45** Lilla Aktuellt **18.00** Vice versa **18.30** Rapport **19.00** Mat/Tina **19.30** Utgrävarna **20.00** Naturfilm – Orangutangernas beskyddare **21.00** Hopp **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Örnen **0.20** Sändning från SVT24


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is




HVERNIG ÞÁTT MUNDIR ÞÚ BÚA TIL?

Sirkus leitar að fólki til að gera sjónvarpsþætti. Þú framleiðir efnið með þínum eigin tækjum, efnistökin eru alveg frjáls og engin hugmynd er útilokuð. Sendu inn þína tillögu og þú gætir verið á leiðinni í loftið!

**Skilafrestur rennur út á hádegi mánudaginn 28. nóvember.**
Sendið hugmyndir til: Sirkus - Hugmynd, Lynghálsi 5, 110 RVK
eða á sirkushugmynd@365.is

SIRKUS





## HRÓSIÐ

*... fær Jakob Frímann Magnússon og félagar í hljómsveitinni Rifsberja sem eru að koma saman til að rjúfa 32 ára þögn.*

**AÐ MÍNU SKAPI ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR, FORSETI NFVÍ**

# *Sigur Rós, Finnland og Harry Potter*

**TÓNLISTIN**: Um þessar mundir er ég að hlusta svolítið á The White Stripes og Sigur Rós, svona rétt til þess að búa mig undir tónleika hljómsveitanna núna í nóvember. Annars er ég nánast alæta á tónlist.

**BÓKIN**: Í haust byrjaði ég á bókinni Dýrðlegt fjöldasjálfsmorð eftir Finnann Arto Paasilinna. Svo hætti ég einhverra hluta vegna að lesa en ákvað að taka aftur upp þráðinn eftir að ég heimsótti Finnland fyrir nokkrum vikum. Þetta er stórskemmtileg og kaldhæðin bók. Svo eru það nú skólabækurnar sem þurfa að fara að taka völdin.

**BÍÓMYNDIN**: Ég verð bara að viðurkenna að ég bíð spennt eftir nýju Harry Potter-myndinni, enda mikill aðdáandi bókanna. Síðustu tvær myndir sem ég sá eru hins vegar The 40 Year Old Virgin, sem kom heilmikið á óvart og var bara nokkuð fyndin, og svo The Exorcism of Emily Rose sem mér þótti hundleiðinleg, enda er ég ekki mikið fyrir hryllingsmyndir.

**BORGIN**: Núna er það París, en mig langar mikið til að flytja þangað þegar ég klára skólann í vor. Þar ætla ég að reyna að læra frönsku almennilega og skemmta mér og vera menningarleg í leiðinni.

**BÚÐIN**: Mér finnst mjög gaman hvað mikið finnst af nýjum og fjölbreytilegri búðum núna, sérstaklega í miðbænum þar sem þörf er á upplífgun. Ég finn mér alltaf flotta skó í Kron, en svo er bara misjafnt hvort ég hef efni á að kaupa þá!

**VERKEFNIÐ**: Nemendafélagið er mitt stærsta verkefni þar til næsta vor. Annars er ég stjórnarmeðlimur í Hagsmunaráði íslenskra framhaldsskólanema og við stöndum í ströngu þessa dagana að skipuleggja mótmæli gegn styttingu náms til stúdentsprófs og samræmdum stúdentsprófum. Það er tími til kominn að fólk hætti að láta vaða yfir sig og þetta er mjög spennandi verkefni.





**LÁRÉTT 2** feikn **6** skammstöfun **8** þrá **9** óhreinindi **11** drykkur **12** krafsa **14** frárennsli **16** kringum **17** sigti **18** farvegur **20** frú **21** gagnsær.
**LÓÐRÉTT 1** hjólbarði **3** kusk **4** kynlíf **5** gerast **7** kragi **10** blundur **13** blóm **15** samstæða **16** sarg **19** sjó.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 glás, 6 eh, 8 ósk, 9 kám, 11 te, 12 klóra, 14 skólp, 16 um, 17 sía, 18 rás, 20 fr, 21 glær. **LÓÐRÉTT:** 1 dekk, 3 ló, 4 ástalíf, 5 ske, 7 hálsmál, 10 mók, 13 rós, 15 para, 16 urg, 19 sæ.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

1. Ibrahim Al-Jaafari.
2. Ólafur Jóhann Ólafsson og Straumur-Burðarás.
3. Glasgow Rangers.

SVÖR VIÐ SPURNINGUM Á SÍÐU 8

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR, félag laganema við Háskóla Íslands.

**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON:** SENDIR SIRKUS TÓNINN

# Óþolinmæði drap Kvöldþáttinn á Sirkus

Það er rúmur mánuður síðan Kvöldþáttur Guðmundar Steingrímssonar var tekinn af dagskrá hjá sjónvarpsstöðinni Sirkus. „Ég er bara að slaka á," sagði spjallþáttastjórnandinn fyrrverandi þegar hann var inntur eftir andlegri og líkamlegri líðan. „Jólin eru að koma, ég er að vinna í heimilinu og er að skrifa bók," bætti hann við og sagðist enn fremur vera að sökkva sér niður í jólabækurnar. „Var að klára Rokland eftir Hallgrím Helgason og finnst hún tær snilld," segir Guðmundur en vill sem minnst tala um eigin skriftir. „Þetta er ekki glæpasaga en ætli ég verði ekki skella inn eins og einu morði til að hún seljist," segir skáldið og skellir upp úr.

Guðmundur leynir ekki vonbrigðum sínum með að Kvöldþátturinn skyldi vera blásinn af. „Ég hefði verið til í að stjórna þættinum í fimm ár en hann var einmitt í þeim anda sem ég var spenntur fyrir," segir hann. Þátturinn hafi verið hispurslaus enda segist Guðmundur hafa lítinn áhuga á pólitískt rétthugsandi viðtölum. Guðmundur er enn fremur mjög ósáttur við þá óþolinmæði sem þættinum var sýnd. „Þeir hættu með þáttinn þegar hann var loksins að verða góður," útskýrir hann. „Það tekur síðan miklu lengri tíma en nokkra mánuði að festa svona þætti í sessi," bætir hann við. Þó að Guðmundur sé ósáttur með ákvörðunina segist hann ekki geta annað en verið feginn að losna frá sjónvarpsstöðinni úr því sem komið var án þess að hann sitt að troða illsakir við ráðamenn stöðvarinnar í framtíðinni." Ég er ekki að reyna að koma mönnum fyrir kattarnef með einhverjum vúdúdúkkum," segir hann og hlær.



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON** Segir síðustu ár ævi sinnar ekki hafa verið eintóma velgengni. Þátturinn sé kominn af dagskrá og síðasta bók hans hafi fengið einróma lélega dóma.

Guðmundur segist nýta lausa tímann í smá naflaskoðun. „Síðustu ár ævi minnar hafa ekki verið eintóm velgengni. Þátturinn er kominn af dagskrá og síðasta bókin mín fékk einróma lélega dóma," segir Guðmundur og hefur augljóslega húmor fyrir sjálfum sér. Spurður hvort það hafi komið honum á óvart að hann skyldi ekki vera tilnefndur til Edduverðlaunanna segir hann svo hreint ekki vera. „Ég er hins vegar ánægður með sigur Ágústu Evu vinkonu minnar," bætir hann við.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Bandarísku kvikmyndaleikstjórarnir **Quentin Tarantino** og **Eli Roth** héldu af landi brott í gær eftir að hafa snætt hádegisverð í boði **Ólafs Ragnars Grímssonar**, forseta Íslands, á Bessastöðum. Kapparnir yfirgáfu landið sælir og glaðir eftir vel heppnaða Íslandsheimsókn en þeir voru með allar ferðatöskur fullar af íslenskum kvikmyndum og íslensku skyri, en þeir ætla að halda víkingaveislu í stóra bíósalnum á heimili Tarantinos í Los Angeles í kvöld.



Heimsókn Tarantinos er enn ein rósin í hnappagat **Ísleifs B. Þórhallssonar** hjá Iceland Film Festival sem hefur verið öðrum iðnari við að laða stórstjörnur til landsins. Tarantino er líkt og Eli Roth kolfallinn fyrir landi og þjóð og það má því búast við því að hann birtist hér aftur von bráðar. Meðal þess sem Tarantino komst yfir að gera á Íslandi, fyrir utan að djamma, var að fara í snjósleðaferð þar sem hann gaf ekkert eftir og flaug af sleðanum auk þess sem Fjörugoðinn á Fjörukránni í Hafnarfirði vígði hann inn í víkingafélagsskap staðarins samkvæmt öllum reglum og hefðum.



Rokkbandið **Lights on the Highway** er á leið í tónleikaferðalag til Bretlands en fyrstu tónleikana ytra heldur sveitin í klúbbnum West 14 í London á fimmtudaginn. Sveitin þarf vitaskuld að hafa með sér gjaldeyri í ferðalagið og slær því upp þremur tónleikum um helgina og byrjar á Gauki á Stöng annað kvöld en heldur svo stuðinu áfram á Fjallabarnum í Breiðholti á föstudag og á Dillon á laugardag.



Aukin ökuréttindi
Fleiri réttindaflokkar / pallbílar



ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Nýir réttindaflokkar fyrir minni vöru- og hópbifreiðar
Kennum einnig á leigu- vöru- hópbifreið- eftirvagn
Næsta námskeið hefst 30. nóvember
Upplýsingar og innritun í síma:
567-0300
www.bilprof.is

# Bjargið okkur út í dag

„Þetta er enn ein „okkur"-bókin og ég er á svipuðum slóðum og í Forðist okkur," segir Hugleikur Dagsson myndasöguhöfundur, en í dag kemur nýjasta bók hans, Bjargið okkur, út.

Hér er á ferðinni nýtt efni að sögn Hugleiks, fyrir utan örfáar sögur sem hafa birst áður í DV. „Ég var ekki lengi að semja þessa bók, satt best að segja," segir hann. „Ég samdi margar sögurnar meðfram því sem ég var að undirbúa leikritið sem var gert eftir Forðist okkur." Það er óhætt að segja að margar af sögum Hugleiks séu á grensunni og viðkvæmar sálir gætu sopið hveljur yfir kolsvörtum gálgahúmornum. Hugleikur kveðst þó fráleitt rekinn áfram af þörf til að hneyksla. „Nei, og ég er alls ekki að reyna að toppa mig. Sá munur er helstur að sögurnar eru kannski orðnar súrrealískari og brandararnir langsóttari, en hvort mér takist betur upp en áður verða aðrir að dæma um en ég."



**HUGLEIKUR DAGSSON** Fólk af öllum stærðum og gerðum les bækur hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA

Fyrstu vikuna verður aðeins hægt að nálgast Bjargið okkur í Nexus við Hverfisgötu, en eftir það í almennum bókaverslunum. „Pétur í Nexus hefur verið langduglegastur að selja bækurnar mínar og reynst mér vel og þegar hann bað mig um þetta sagði ég bara já." Ef lesendur leggja leið sína í Nexus á föstudag milli klukkan 15 og 18.30 geta þeir fengið aukaglaðning, því þá mun Hugleikur árita bækur sínar. „Ég hef áritað tvisvar áður þarna og það hefur alltaf gengið ágætlega. Það er fínt að árita í Nexus, maður getur bara slappað af og lesið myndasögur."

Dyggustu lesendur Hugleiks eru oftar en ekki ungt fólk, en hann segist ekki reyna að höfða til eins hóps frekar en annars. „Fólk af öllum stærðum og gerðum hefur komið að máli við mig og sagst vera dyggir lesendur."

- bs


VETRAR
TILBOÐ
á meðan birgðir endast!
Á HREINLÆTISTÆKJUM!
Innbyggjanleg WC
Verð með öllu frá 29.900 stgr
Handlaugar
/Blöndunartæki
Mikið úrval
af gler- og postulínshandlaugum
ýmsir litir og mynstur
Speglaskápar
með ljósum og rofum
SIRIO
19x22x58
9.450 stgr.
VEDD
67x22x58
10.900 stgr.
LUNA
80x24x65
25.900 stgr.
MIZAR
78x16x58
10.450 stgr
ANTONIS
78x16x58
10.450 stgr
Baðinnréttingar
með postulínshandlaugum
og blöndunartækjum
Ljós, spegill,
blöndunartæki,
handlaug,
55x45
34.900 stgr
Kappi, ljós,
spegill,
blöndunartæki,
handlaug,
85x50
62.900 stgr
Kappi, ljós, spegill,
blöndunartæki, handlaug,
75x50 43.900 stgr
Spegla/gler hillur
72x60
Spegill m. ljósi
Hillur
8.700 stgr.
60x80
Spegill
Hillur
9.900 stgr.
20x20x80
3.900 stgr.
20x20x80
3.900 stgr.
25x80
3.900 stgr.
www.i-t.is
Ljós, spegill,
blöndunartæki,
handlaug,
55x50
34.900 stgr
INNRÉTTINGAR
& TÆKI
OPIÐ: Virka daga frá kl. 09-18
Laugardaga kl. 10 - 14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## Gagnrýni

Nú er ég búinn að skrifa Bakþanka hér í blaðið í rúmt ár. Ég hef oft verið gagnrýndur fyrir skrif mín. Sum gagnrýnin er af misskilningi sprottin og sumt er bara dónaskapur sem ekki er svara verður. En ég vil nota tækifærið og svara nokkrum atriðum.

**ÉG** var gagnrýndur harðlega fyrir grein sem ég skrifaði um þýðingu Biblíunnar. Þar sagði ég að hátíðlegt málfarið væri snobb og óþarfa þéringar. Það er víst rangt og um að ræða einhverja gamla íslenska málvenju sem ég skil ekki alveg. Ég biðst velvirðingar á því. Hér er menntunarleysi mínu og fljótfærni um að kenna. En mér finnst samt að það eigi að hætta að nota þetta málfar. Ég var líka gagnrýndur fyrir það, í upphafi, að notast of mikið við „maður“. „Maður er svona og hinsegin.“ Ég er búinn að laga það enda er það ljótur stíll.

**ÉG** hef líka verið gagnrýndur fyrir fullyrðingar mínar um læknisfræði og heilsu. Allt sem ég segi í þeim efnum, þar sem ég vísa ekki til beinna heimilda eða eigin innsæis, hef ég af doktor.is. Ég reyni að fara aldrei með staðlausa stafi.

**MEST** hef ég þó verið gagnrýndur fyrir að skrifa of mikið um trúmál. Mörgum leiðist það til lengdar og ég get vel skilið það. Ég ræð bara stundum ekki við mig. Ég er mikill aðdáandi Biblíunnar. Ég held að Biblíutal fari í taugarnar á mörgum vegna þess að þeir þekkja hana ekki nema í gegnum fordómana sem þeir hafa á henni. Ég held að fæstir hafi lesið hana. Mér hafa stundum borist kurteisisleg bréf þar sem ég er beðinn um að hætta þessu endalausa trúarvæli. Ég tek það til greina og reyni að stilla því í hóf. Ég vil ekki verða of einsleitur eða fyrirsjáanlegur. Konan mín er líka dugleg að benda mér á þegar ég er að breytast í trúarbrjálæðing.

**ÉG** reyni eftir fremsta megni að skrifa út frá hjartanu og skrifa skemmtilega. En gagnrýni er mjög góð og hefur hjálpað mér að verða betri og skemmtilegri pistlahöfundur. Ég bið afsökunar alla sem ég hef móðgað, þ.e.a.s. þá sem áttu það ekki skilið. Ég vona að ég hafi engan sært. Ég hvet alla sem vilja að senda mér línu, hrós eða gagnrýni á netfangið: jongnarr@frettabladid.is. Gagnrýni er að rýna til góðs.


Bækur sem klikka ekki

„**Erlendur klikkar ekki** ... Arnaldur Indriðason sækir í sig veðrið með hverri bók.“
*Þórarinn Þórarinsson, Fbl.*

„Vetrarborginni verður örugglega **víða fagnað**, og fer vísast í upplagi hátt í þrjátíu þúsund eintök mörgum til skemmtunar.“
*Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

„Fléttan í þessari sögu er ofin þráðum úr samfélaginu í ríkara mæli en hefðbundnum krimmum.“
*Ástráður Eysteinsson, Mbl.*

„**Fléttan er þétt og vandlega unnin** og heldur lesandanum vel við efnið ... Arnaldur sýnir hér mikla hæfni í sköpun andrúmslofts og stemmningar og **minnir Vetrarborgin að því leyti á Mýrina og Grafarþögn.**“
*Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bokmenntir.is*



Gullrýtingurinn 2005
Virtustu glæpasagnaverðlaun heims

Bækur Arnaldar koma út í 26 löndum




1. sæti
Allar bækur
Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM
9. – 15. nóv.




3. sæti
Allar bækur
Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM
9. – 15. nóv.

Fimm stjörnu bók – „Meistaralega vel sögð.“

„Hallgrímur Helgason er nístandi fyndinn og nastí við nútímalífið okkar í nýrri skáldsögu sem er **meistaralega vel sögð** ... þessi saga á brýnt erindi við stóran hóp lesenda.“
☆☆☆☆☆ *Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

„**Í Roklandi kraumar frásagnargleði og húmor**. Eldfjörugur söguþráðurinn er kryddaður með fjölmörgum frábærum persónulýsingum, drepfyndnum og eðlilegum samtölum og neyðarlegum uppákomum ... jafnmagnaðar lýsingar á brjálsemi hafa ekki sést síðan í *Englum alheimsins*.“
*Steinunn Inga Óttarsdóttir, Mbl.*

„Rokland er mikil skáldsaga, í senn **eftirminnileg persónusköpun og beitt úttekt** á mótsögnum samtímans.“
*Jón Yngvi Jóhannsson, Kastljós*

„**Stórskemmtileg** ... Hallgrímur fer á kostum í lestri sínum yfir samtíðinni.“
*Egill Helgason, Silfur Egils*

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA





Horizon/3000
VERÐ FRÁ KR.
~~299.400~~
254.490

15% AFSLÁTTUR

HORIZON/3000 – LÁRÉTT OG LÉTT
Ný hönnun frá HTH sem einkennist af fallegum ávölum gripköntum á skápum og skúffum. Innréttingarnar eru klæddar hvítri slitsterkri filmu og hönnunin undirstrikar fegurðina í einföldu samspili hvítra eininga og viðaráferðar.

**Nú er einstakt tækifæri að eignast þessa glæsilegu innréttingu með 15% AFSLÆTTI.**

**Aðeins 15 innréttingar í boði. Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
eldhús • bað • fataskápar • þvottahús

ORMSSON
ORMSSON · SMÁRALIND
Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18. Sími 530 2900